


**ÓÐINN PÁLL, MARTIN, PÁLL OG JÓN**

*Eru í hljómsveitinni Crazy Boys*

Börn Bílar Nám Ferðir Jólin koma

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

**FJÖLNIR ÞORGEIRSSON**

*Sannspár um samband Mel B og Eddies Murphy*

Það fetar enginn í fótspor íslenska draumsins

FÓLK 42







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. desember 2006 — 327. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Kristjáns Eldjárns minnst



Níutíu ár eru liðin frá fæðingu Kristjáns Eldjárns.

MENNING 74

### Fiskifélagshúsið eftir Guðjón Samúelsson



Eigandinn vill járnklæða húsið.

MENNING BLS 76

### Samfylkingin er tilbúin

„Ég tek líka eftir því að formaðurinn er að finna fjölina sína fyrir átökin framundan – og það er mjög mikilvægt að einmitt formaðurinn sé í stuði," segir Mörður Árnason.

UMRÆÐAN 26

### Hvað gerir Stefán Örn?



Framtíð Stefáns Arnar Arnarsonar hjá Keflavík er í óvissu. Honum stendur til boða að semja við liðið til eins árs.

ÍÞRÓTTIR 46

### VEÐRIÐ Í DAG




**ÁFRAM BJARTVIÐRI -** Í dag verða norðan 5-13 m/s, stífastur strengur með suðausturströndinni. Bjartviðri sunnan og vestan til en él á Norður- og Austur-landi. Hiti við frostmark með ströndum.

VEÐUR 4

# Geta ekki notað ný og betri lyf

**Krabbameinslæknar á Landspítalanum hafa farið fram á að taka í notkun ný og betri lyf, án árangurs. Heilbrigðisyfirvöldum hefur verið kynnt málið. Lyfin kosta um 350 milljónir á ári.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Krabbameinslæknar á Landspítalanum hafa óskað eftir að fá að nota fjögur ný krabbameinslyf en stjórnendur spítalans hafa ekki getað orðið við þeirri ósk. Stjórnendur spítalans hafa kynnt heilbrigðisyfirvöldum málið. Ef verða á við óskum krabbameinslækna um notkun lyfjanna myndu þau nýtast 60 til 80 einstaklingum og kostnaður er áætlaður á bilinu 300 til 350 milljónir króna á ári.

Magnús Pétursson, forstjóri LHS, segir að á borði stjórnenda liggi upplýsingar um að viss hluti krabbameinssjúklinga gæti notið nokkurs bata væri leyfð notkun á þessum nýju lyfjum. „Það eru upplýsingar um fjögur lyf sem liggja á okkar borðum hér, sem myndu kosta 300 til 350 milljónir króna á ári. Það eru 60 til 80 einstaklingar sem gætu hugsanlega nýtt sér þau."

Aðspurður hver taki ákvörðun um hvort lyfin séu tekin í notkun eða ekki, segir Magnús: „Á endanum er það lækningaforstjórans í samráði við mig. Mín afstaða byggist á fjárhagslegum ástæðum og lækningaforstjórans á faglegum ástæðum." Hann segir það ekkert launungarmál að á síðustu tveimur árum hafi verið stefnt að því að hafa hemil á kostnaði sjúkrahúslyfja.

Jóhannes Gunnarsson, lækningaforstjóri LSH, segir að lyfjum hafi ekki verið hafnað heldur þurfi að vera ljóst að nytsemi þeirra sé örugglega meiri en eldri lyfja. Slík sönnunarfærsla taki tíma og vanda verði til þeirra verka. „Ég held að þetta ferli á spítalanum sé mjög vandað og vel að þessu staðið." Jóhannes vildi einnig minna á að komið hafa upp aðstæður þar sem ný lyf eru notuð ef það er talið mjög líklegt að þau séu betri en þau sem fyrir eru. Þá sé ekki hikað við að leyfa notkun þeirra fyrr en ætlað var.

Steinunn Friðriksdóttir, formaður Styrks, samtaka krabbameinssjúklinga og aðstandenda þeirra, segir að ef læknar telji að ný lyf séu betri en þau sem fyrir eru þá eigi þeir að fá að nota þau. „Þeir eiga ekki að þurfa að skrifa öðrum til að nota lyfin, það er í raun hneyksli."

- shá



**MIKILVÆGT MARK EIÐS SMÁRA** Eiður Smári Guðjohnsen landsliðsfyrirliði skoraði annað mark Barcelona gegn þýska liðinu Werder Bremen í meistaradeildinni í gær. Börsungar unnu leikinn, 2-0, og komust þar með í 16-liða úrslit keppninnar. Eiður Smári lék með allan leikinn og hafði nærri skorað annað mark en boltinn hafnaði í stönginni eftir glæsileg tilþrif. Brasilíski snillingurinn Ronaldinho skoraði fyrra mark Barcelona og var arkitektinn á bak við mark Eiðs Smára. NORDIC PHOTOS/AFP

### > Markaðurinn

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG




Varð 65 prósent öryrki eftir brjóstastækkunaraðgerð:

# Konu dæmdar 23 milljónir í bætur vegna læknamistaka

**DÓMSMÁL** Tæplega þrítugri konu voru í gær dæmdar í Héraðsdómi Reykjavíkur skaðabætur upp á ríflega 23 milljónir króna vegna tjóns sem hún varð fyrir þegar hún fór í brjóstastækkunaraðgerð árið 2001. Tveimur læknum sem önnuðust aðgerðina var gert að greiða konunni ofangreinda upphæð óskipt, ásamt vöxtum.

Konan var 23 ára þegar hún fór í aðgerðina á stofu læknanna tveggja í Domus Medica. Nokkru eftir að aðgerð hófst fékk hún öndunar- og hjartastopp. Neyðarbíll kom á vettvang, læknir hans gaf konunni rafstuð og lifði hún af.



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Dæmdi konunni 23,2 milljónir í skaðabætur.

Hún hlaut alvarlegan heilaskaða, sem leitt hefur til skerts minnis, skertra skipulagshæfileika og persónuleikabreytingar, auk þess sem frumkvæði hennar og sjálfsöryggi hafa skaddast verulega. Varanleg örorka hennar var metin 65 prósent.

Í dómsniðurstöðu segir meðal annars ljóst að konan hafi orðið fyrir alvarlegum súrefnisskorti í svæfingu, sem ekki hefði átt að eiga sér stað ef rétt hefði verið staðið að vöktun og framkvæmd svæfingar. Líklegt sé að tjón hennar hefði orðið minna hefði rafstuði verið beitt fyrr í stað þess að beðið var eftir neyðarbílnum í að minnsta kosti sex mínútur, en hjartarafstuðtæki var tiltækt í grennd við skurðstofuna.



## SPURNING DAGSINS



*Þorsteinn, kanntu ekki að taka gríni?*

„Nei, en ég kann að halda á svíni.“

Þorsteini Guðmundssyni grínara var illa brugðið þegar þáttastjórnendur á Stöð 2 vildu fá hann til að svara fyrir illa innrætt-an mann sem hann lék í skemmtiþætti á degi rauða nefsins.

Búið er að bora 40 kílómetra löng göng frá Hálslóni að stöðinni í Fljótsdal:

# Síðasti borinn kominn í gegn

**FRAMKVÆMDIR** Síðasti borinn af þremur lauk hlutverki sínu við framkvæmdir vegna Kárahnjúkavirkjunar í gær. „Þetta eru mikil tímamót þar sem þarna var lokið við að bora þessi samfelldu 40 kílómetra löngu göng frá Hálslóni, undir Fljótsdalsheiði þvera og niður að stöðinni í Fljótsdal,“ segir Sigurður Arnalds, kynningarstjóri Kárahnjúkavirkjunar.

Næst tekur við umfangsmikil frágangsvinna í göngunum að sögn Sigurðar. „Það tekur nokkrar vikur að koma borunum út úr göngunum og mikil vinna er eftir við að ljúka bergstyrkingum og frágangi þar sem þess er þörf. Síðan þarf að undirbúa göngin fyrir næsta áfanga sem er að fylla þau af vatni. Áformað er að það geti hafist í vor.“

Upphaflega var áætlað að borunin myndi klárast um miðjan ágúst og verkið því töluvert á eftir áætlun. Sigurður segir að reiknað sé með að vinna það upp í frágangsvinnunni.

Upphaflega átti verkinu að ljúka á mánudaginn en dagsseinkun varð á því vegna bilana. „Þetta eru tveir rafmótorar sem ekki hafa bilað allan tímann en ákváðu að klára ekki síðasta metrann. Það hittist svo á að á mánudaginn var dagur heilagrar Barböru sem er verndardýrlingur námumanna. Og auðvitað var því kastað fram að heilagri Barböru hafi ekki þóknast að menn væru að vinna á þessum degi.“ - sdg



**BOR NÚMER ÞRJÚ** Verkinu var deilt á þrjá bora. Bor númer þrjú byrjaði fyrstur vorið 2004 og lauk núna síðastur í gær.

Rannsakendur Baugsmáls:

## Úrskurðað um vitnaskyldu

**DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur mun í dag ákveða hvort Jón H. B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar, og Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri skuli bera vitni fyrir dómnum vegna orða sem höfð eru eftir þeim á opinberum vettvangi vegna skattsrannsóknarinnar á Baugi.**

**Verjendur Baugsmanna hafa óskað eftir að tvímenningarnir gefi skýrslu fyrir dómi. Jón H. B. mótmælti því þar sem rekstur og rannsókn málsins er enn í gangi.** - sdg



**PERVEZ MUSHARRAF OG MANMOHAN SINGH** Forseti Pakistans og forsætisráðherra Indlands hittust á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Musharraf í viðtali:

## Vill semja um Kasmírhérað

**INDLAND, AP Pervez Musharraf, forseti Pakistans, sagðist í viðtali í gær í indversku sjónvarpi vera reiðubúinn til þess að gefa upp á bátinn kröfu Pakistans til yfirráða í Kasmír-héraði ef Indland samþykkir á móti að veita héraðinu víðtæk sjálfsstjórnarréttindi.**

**Skrifstofa Musharrafs í Pakistan sagði síðar að ummæli hans hefðu verið slitin úr samhengi, hann væri ekki að bjóða neitt einhliða heldur væri samkomulag háð því að Indverjar gerðu slíkt hið sama.**

**Kasmír hefur verið skipt á milli Indlands og Pakistans, og löndin hafa deilt harðlega um yfirráðin og nokkrum sinnum háð stríð vegna deilunnar.** - gb

# Segir Bandaríkjaher ekki á sigurbraut

**Bandarísk þingnefnd hóf í gær yfirheyrslur yfir Robert Gates, arftaka Donalds Rumsfeld í varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna. Gates segist reikna með því að bandarískt herlið verði um langa hríð í Írak, en miklu fáliðaðra en nú er.**

**WASHINGTON, AP** „Nei, herra,“ sagði Robert Gates, sem bráðlega tekur við af Donald Rumsfeld sem varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, þegar hann var spurður hvort hann teldi Bandaríkjaher vera að sigra í Írak.

Sá sem spurði var Carl Levin, leiðtogi minnihluta Demókrataflokksins í hermálanefnd öldungadeildarinnar. Nefndin hóf í gær hefðbundnar staðfestingaryfirheyrslur yfir Gates áður en hann tekur við embættinu.

„Það sem við erum að gera núna er ekki nægilega gott,“ sagði Gates um aðgerðir Bandaríkjanna í Írak. „Að mínu mati eru allir möguleikar á borðinu.“

Hann telur að komist stöðugleiki ekki á í Írak innan tveggja ára þá fari allt í bál og brand í þeim heimshluta.

Allt frá því þingkosningar fóru fram í Bandaríkjunum fyrir mánuði hefur stöðugur þrýstingur verið á George W. Bush forseta um að taka nýjan pól í hæðina í Írak, en Bush hefur ekki viljað gefa upp neinar ákveðnar hugmyndir í þeim efnum.

Bæði demókratar, sem hafa meirihluta á Bandaríkjaþingi þegar hann kemur saman á ný eftir áramótin, og sumir repúblikanar hafa lagt ríka áherslu á að 140 þúsund manna herlið Bandaríkjamanna í Írak verði kallað heim sem fyrst, þótt í áföngum verði.

Núna í þessari viku er búist við því að Íraksnefndin birti skýrslu sína, þar sem lagt verður mat á aðgerðir Bandaríkjamanna í Írak og nefndar hugmyndir um breytta stefnu. Ýmsir reikna einnig með því að málin skýrist þegar Robert Gates tekur við varnarmálaráðuneytinu.

Meðal þeirra hugmynda, sem nefndar hafa verið, er að Bandaríkjamenn reyni að fá nágrannaríki Íraks, svo sem Sýrland og Íran, í lið með sér til þess að hjálpa við að draga úr átökum í Írak.

Einnig er talið koma til greina að bandarískum hermönnum í Írak verði fjölgað tímabundið en síðan fækki þeim verulega og þá muni hlutverk þeirra jafnframt breytast, þannig að þeir hætti að standa í bardögum en einbeiti sér í staðinn að því að aðstoða Íraka við að byggja upp eigin her og lögreglu.

„Mér sýnist að Bandaríkjamenn muni verða í Írak í einhverri mynd um langa hríð,“ sagði Gates í gær, „en það gætu orðið verulega færri hermenn en eru þar í dag.“

gudsteinn@frettabladid.is



**ROBERT GATES Á TALI VIÐ JOHN WARNER OG CARL LEVIN** Verðandi varnarmálaráðherra Bandaríkjanna ásamt formanni hermálanefndar öldungadeildar Bandaríkjaþings, repúblikananum John Warner, og Carl Levin, leiðtoga minnihluta demókrata í nefndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**HÁSKÓLI ÍSLANDS** N r sameinaður skóli mun bera nafn hans.

Sameinuðum skóla HÍ og KHÍ:

## Verður skipt í nokkra skóla

**STJÓRNMÁL** Stefnt er að því að skipta sameinuðum skóla Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands í nokkra skóla eftir fræðasviðum.

Frumvarp um sameiningu HÍ og KHÍ hefur verið lagt fram á Alþingi en það gerir ráð fyrir að skólarnir sameinist sumarið 2008.

Við HÍ eru 878 fastráðnir starfsmenn í 765 starfsígildum en í KHÍ eru 211 starfsmenn og föst stöðugildi 196. Rekstrargjöld HÍ á síðasta ári námu rúmum sjö milljörðum og KHÍ um einum og hálfum milljarði. - bþs

Heiðurslaun listamanna:

## Þrír bætast við

**STJÓRNMÁL Þrjátíu listamenn njóta heiðurslauna listamanna frá og með næsta ári samkvæmt ákvörðun Alþingis.**

**Við meðferð fjárlaganefndar bættust þrír listamenn á heiðurslaunalistann, þau Guðmunda Elíasdóttir, Guðmundur Jónsson og Magnús Pálsson.**

**Heiðurslaunin nema rúmum 133 þúsund krónum á mánuði, 1.600 þúsund á ári. Samtals nema heiðurslaunin 48 milljónum króna á ári.** - bþs

### ÞAU HLJÓTA HEIÐURSLAUN

Atli Heimir Sveinsson
Ásgerður Búadóttir
Erró
Fríða Á. Sigurðardóttir
Guðbergur Bergsson
Guðmunda Elíasdóttir
Guðmundur Jónsson
Gunnar Eyjólfsson
Hannes Pétursson
Herdís Þorvaldsdóttir
Jóhann Hjálmarsson
Jón Nordal
Jón Sigurbjörnsson
Jón Þórarinsson
Jónas Ingimundarson
Jórunn Viðar
Kristbjörg Kjeld
Kristinn Hallsson
Kristján Davíðsson
Magnús Pálsson
Matthías Johannessen
Megas
Róbert Arnfinnsson
Thor Vilhjálmsson
Vigdís Grímsdóttir
Vilborg Dagbjartsdóttir
Þorbjörg Höskuldsdóttir
Þorsteinn frá Hamri
Þráinn Bertelsson
Þuríður Pálsdóttir

### HORNAFJÖRÐUR

**Ráðist á nýja íbúa**

Unglingshópur gekk í skrokk á tveimur mönnum á Höfn í Hornafirði um seinustu helgi. Mennirnir hafa lagt fram kæru. Þeir eru nýfluttir í bæinn og er ekki óalgengt að nýir íbúar fái óblíðar móttökur að sögn lögreglunnar sem hefur áður þurft að hafa afskipti af þessum hópi.

75.000 KR. GJAFABRÉF
FRÁ SMÁRALIND FYLGIR NÚNA ÖLLUM NOTUÐUM BÍLUM FRÁ INGVARI HELGASYNI




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.



**MYNDLIST** Í gær voru verk Matisse og fleiri brautryðjenda tekin upp úr kössunum í Listasafni Íslands fyrir s ninguna Frelsun litarins sem hefst þann 15. desember. Ólafur Ingi heldur á verki André Lhote „Dans le bois“ frá árinu 1908 en þau Lestable Sylvaine frá franska sendiráðinu og Ólafur Kvaran safnstjóri horfa á. FRETTABLAÐIÐ/ ANDRI BRINK

# Jólagleði



## CLARINS – HERRATASKA
Clarins dekurtaska fyrir herra á öllum aldri.

**4.590 kr.**



**7.200 kr.**

## BABYLISS - KLIPPISETT
Babyliss hár- og skeggsnyrtir með carbon- og titaniumblöðum.



**2.990 kr.**

## ZIRH – HERRAVÖRUR
Fullkomin tvenna fyrir herra á öllum aldri.
Hreinsisápa og uppbyggjandi rakakrem.



## DEEP HEAT
Eftir erfiðan dag.
Bath Tonic, milt freyðibað.
Hitakrem, gott á auma vöðva.

DEEP HEAT

**20% afsláttur**



**2.259 kr.**

## L'ORÉAL - MEN EXPERT
Hydra Energetic krem sem endurnýjar orku húðarinnar. Rakgel fyrir viðkvæma húð.
Hreinsigel og taska fylgja með sem kaupauki.



**3.995 kr.**

## CALVIN KLEIN – CK ONE
Nýr ferskur og spennandi ilmur fyrir bæði herra og dömur.



**3.479 kr.**

## VERSACE – GJAFASETT
Versace Eau Fraiche , nýr, ferskur og flottur herrailmur.



**1.590 kr.**

## HUGUR, LÍKAMI OG SÁL!
Hugleiðslu-, jóga-, reiki- og spatónlist í miklu úrvali.

Einnig úrval geisladiska frá SENU.

## GJAFAPOKI FYLGIR GJAFAVÖRUM
Komdu til okkar og skoðaðu frábært úrval af gjafasettum handa henni eða honum.



Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrókur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil

LYFJA STYÐUR LANDSLIÐ KVENNA Í HANDBOLTA

ÍSLENSKA/SIA.IS LYF 35133 11/06

## GENGIÐ 05.12.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 67,96 | 68,28 |
| Sterlingspund | 134,35 | 135,01 |
| Evra | 90,49 | 90,99 |
| Dönsk króna | 12,133 1 | 2,203 |
| Norsk króna | 11,110 | 11,176 |
| Sænsk króna | 9,991 | 10,049 |
| Japanskt jen | 0,5924 | 0,5958 |
| SDR | 103,04 | 103,66 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
123,7516

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fékk skilorðsbundinn dóm fyrir að reyna að aka niður fyrrverandi eiginkonu:

# Færði henni snöru í jólagjöf

**DÓMSMÁL** Maður á fimmtugsaldri var á þriðjudag dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa reynt að aka á fyrrverandi eiginkonu sína. Konan gaf sig fram við lögreglu eftir að maðurinn hafði fært henni jólapakka sem innihélt kaðal með hengingarhnút. Hún hafi í kjölfarið ákveðið að kæra hann fyrir að hafa reynt að keyra sig niður.

Atburðurinn átti sér stað við McDonalds á Smáratorgi í desember 2005. Konan kom þangað með börn sem þau eiga saman og hafði spennt annað þeirra í aftursæti á jeppabifreið hans. Því næst hafi hún gengið fram fyrir bifreiðina. Maðurinn keyrði þá yfir 10 sentimetra háan




**HÉRAÐSDÓMUR** Sagði manninn hafa stofnað lífi og heilsu konunnar í háska. Hann var dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi.

steypukant og reyndi að aka hana niður.

Fyrir dómi sagði konan að það hefði vakið flýtiviðbrögð hjá sér þegar hún heyrði manninn gefa kröftuglega inn og hún því forðað sér frá. Tilviljun hafi ráðið því að ekki fór verr. Vitni staðfesti frásögn konunnar.

Maðurinn neitaði því fyrir dómi að hafa ætlað að aka á fyrrverandi eiginkonu sína og sagði það hafa hentað sér betur að aka yfir kantinn en að bakka bifreiðinni út úr stæðinu sem hún stóð í. Hann viðurkenndi þó fyrir dómi að hafa verið þunglyndur á þessu tímabili og afar ósáttur við fyrrverandi eiginkonu sína, en þau höfðu slitið samvistum fyrr á árinu. - þsj

Mikið um hnupl í kringum jól:

# Fimmtugur stal hangikjötslæri

**LÖGREGLUMÁL Mikið er um búðahnupl um þessar mundir líkt og oft vill verða í aðdraganda jólanna. Lögreglumenn hafa meðal annars ítrekað verið kallaðir í verslunarmiðstöðvar þar sem fólk á ýmsum aldri hefur verið staðið að hnupli.**

**Meðal þeirra sem komust í kast við laganna verði á meðal þessum hætti var karlmaður á fimmtugsaldri sem tók hangikjötslæri ófrjálsri hendi, unglingstúlka sem reyndi að komast yfir peninga og kona um fertugt sem stal sokkabuxum og tösku.** - þsj

Dagur B. Eggertsson:

# Breitt yfir staðreyndir

**REYKJAVÍK** Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingar í borgarstjórn, segir Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson borgarstjóra hafa lagt langa lykkju á leið sína á blaðamannafundi í gær til breiða yfir staðreyndir um fjármál borgarinnar. Vilhjálmur hafi leitast við að breiða yfir að samkvæmt fjárhagsáætlun næsta árs aukist rekstrarútgjöld borgarinnar umfram skatttekjur og að mest hækki rekstur á skrifstofum í ráðhúsinu eða um 16 prósent. Einng að laun og annar rekstur hækki um 8 prósent, úr 43,5 milljörðum króna á þessu ári í 47 milljarða á næsta ári „Gjaldskrárhækkanir eru helsta fréttaefnið í fyrirliggjandi fjárhagsáætlun,“ bætir Dagur við. - gar



DAGUR B. EGGERTSSON

Norðurland eystra:

# Var með hass og stal bensíni

**DÓMSMÁL Akureyskur karlmaður var í gær dæmdur í 30 daga fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára, vegna fíkniefnabrota, gripdeilda og umferðarlagabrota. Dóminn kvað upp Héraðsdómur Norðurlands eystra. Maðurinn hafði verið með tóbaksblandað hass í fórum sínum þegar lögregla handtók hann í Reykjavík í júlí. Þá hafði hann dælt eldsneyti á bíl sinn í Reykjavík og síðan ekið á brott án þess að greiða fyrir það. Hann hafði verið sviptur ökuréttindum þegar það átti sér stað. Maðurinn á nokkurn brotaferil að baki.** - jss



VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON Borgarstjóri krefst þess að þeir sem starfa í hans umboði sýni ábyrga fjármálastjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Gert ráð fyrir 13,7 milljarða króna rekstrarafgangi

**Borgarstjórinn boðaði aga og skilvirkni í fjármálum borgarinnar þegar hann kynnti nýja fjárhagsáætlun Reykjavíkur. Hann segist stefna að því að skuldastaðan verði orðin ásættanleg fyrir lok kjörtímabilsins.**

**REYKJAVÍK** „Ég er mjög stoltur af því þrátt fyrir þröngа stöðu stígum við hér mjög mikilvægt skref í að snúa við blaðinu í rekstri borgarinnar,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri sem í gær lagði fyrir borgarstjórn fjárhagsáætlun Reykjavíkur fyrir árið 2007.

Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir 13,7 milljarða króna rekstrarafgangi af A-hluta borgarsjóðs á næsta ári. Afgangurinn skýrist að stærstu leyti vegna hagnaðar af sölu á hlut borgarinnar í Landsvirkjun. Á árinu sem nú er að líða stefnir í eins milljarðs króna halla.

Fram kemur í fjárhagsáætluninni að fasteignaskattar lækka um 10 prósent á næsta ári og síðan 5 prósent á ári þar til þeir hafa lækkað alls um 25 prósent. Þjónustugjöld hækka um 8,5 prósent sem sagt er vera í takt við almenna verðþróun.

Borgarstjóri boðar átak í byggingu þjónustuíbúða fyrir aldraða. Hann segir einnig að vegna mjög brýnnar þarfar verði byggðar eða keyptar 500 nýjar félagslegar íbúðir fram til ársins 2010 en ekki aðeins 250 íbúðir eins og til hafi staðið.

Borgarstjóri segist leggja gríðarmikla áherslu á ábyrgð í rekstri borgarinnar. Hann geri kröfu um árangur og að þeir sem fari með völd í hans umboði hugsi um að þeir beri ábyrgð á því sem þeir geri. „Það skiptir máli hver einasti dagur í fjármálastjórn borgarinnar,“ segir Vilhjálmur.

Að sögn Vilhjálms endurspeglar fjárhagsáætlunin aukna ábyrgð í fjármálastjórn og rekstri borgarinnar. „Á hverjum einasta degi allt þetta kjörtímabil verða menn að hafa í huga að hagræða og spara eins og kostur er án þess þó að við séum að skerða þá þjónustu sem við viljum halda uppi.“

Vilhjámur segir að staðan sé erfið en samt hafi verið hagrætt um 700 milljónir króna í sumar. „Á sama tíma höfum við verið að stíga skref sem lúta að því að efna kosningaloforð okkar. Svo er líka í gangi starfshópur sem ég skipaði til þess að fara yfir hvern einasta rekstrarþátt hjá borginni og ég vænti þess að hægt og bítandi takist okkur að ná því markmiði að rekstur aðalsjóðs verði í jafnvægi. En það er alveg útilokað að hægt sé að kippa þessu í liðinn á einni nóttu,“ segir borgarstjóri sem er bjartsýnn á að skuldir borgarinnar verði á endanum ásættanlegar:

„Það er okkar markmið í meirihlutanum að þetta komist í jafnvægi á þessu kjörtímabili.“

gar@frettabladid.is




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

HVAÐ GERIST Á SUNNUDAGINN?

Sé horft til helgarinnar er að sjá eina myndarlegustu lægð í langan tíma. Hvernig hún þróast í smáatriðum skýrist þegar nær dregur en fari sem horfir verður óveður víða um land aðfaranótt sunnudags með talsverðri úrkomu og vindi, um eða yfir 20 m/s. Fram að helgi verður hins vegar keimlíkt veður, norðlægar áttir með hita nálægt frostmarki. Bjart verður syðra en él norðan og austan ti.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG

Hæg norðaustlæg átt. Bjartviðri. Hiti við frostmark.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 12°C hálfskýjað | London | 12°C hálfskýjað | Alicante | 17°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 7°C skúrir | París | 11°C skúrir | Mallorca | 17°C rigning |
| Osló | 6°C skúrir | Frankfurt | 13°C hálfskýjað | Algarve | 19°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 10°C skúrir | Friedrichshafen | 9°C skúrir | Krít | 16°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 11°C skúrir | Berlín | 13°C skúrir | Las Palmas | 23°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




# Alvöru eftirréttir

*búnir til af færustu bökurum landsins*
*... að okkar mati*






Gott verð
**1.499kr**

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**KJÖRKASSINN**



*Bakar þú smákökur fyrir jólin?*

| | |
|---|---|
| Já | 56,4% |
| Nei | 43,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Þurfa Íslendingar að hafa áhyggjur af offitu barna?*

Segðu skoðun þína á visir.is visir

Fjórða valdaránið á Fiji-eyjum á innan við tveimur áratugum framið í fyrrinótt:

# Herforingi hrifsar til sín völd

**FIJI-EYJAR, AP** Maðurinn sem almennt er talinn eiga heiðurinn af því að síðasta valdarán á Fiji-eyjum endaði ekki með ósköpum, herforinginn Frank Bainimarama, hefur nú framið sitt eigið valdarán eftir að hafa hótað því vikum saman.

Hann lýsti því yfir í fyrrinótt að Laisena Qarase væri ekki lengur forsætisráðherra Fiji-eyja, og hafði þá látið herinn umkringja heimili Qarases og lokaði öllum leiðum til og frá höfuðborginni.

Þetta er fjórða valdaránið á eyjunum á innan við tveimur áratugum, og rétt eins og fyrri valdaránin þrjú má rekja þetta nýjasta til djúpstæðra deilna milli tveggja þjóðernishópa á eyjunum, annars vegar þeirra sem rekja ættir sínar til eyjarskeggja fyrri alda, sem eru rúmlega 50 prósent íbúanna, og hins vegar þeirra sem rekja ættir sínar til aðfluttra Indverja, en þeir eru litlu færri, eða um það bil 44 prósent íbúa eyjanna.

Bainimarama er innfæddur, en þegar innfæddir gerðu uppreisn árið 2000 gegn réttkjörinni stjórn indverska minnihlutans greip Bainimarama inn í með hervaldi. Baimarama hafði þá lofað valdaránsmönnum uppgjöf saka, en sneri síðar við blaðinu og þótti Qarase bæði sýna þeim of mikla linkind og spilling einkenna stjórnarhætti hans.

Óvíst er hvernig framhaldið verður og ekki ljóst hvort Bainimarama hefur nægan stuðning eyjarskeggja til þess að halda valdaráninu til streitu. - gb



**FORSETINN Á HEIMILI SÍNU** Laisena Qarasi situr þarna ásamt vinum sínum daginn eftir að honum var steypt af stóli. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP





BOÐEIND.IS
í 19 ár - Þar sem verð og gæði fara saman
Alvöru fartölva á jólagjafaverði



Almennt verð kr. 101.679,-
Staðgreiðsluverð
Kr. 94.900,-
Aðeins kr. 3.577,-
meðalgreiðsla í 36 mánuði hjá TM
Staðgreiðslulán fáanleg frá 3 til allt að 36 mánaða.

Fartölvutaska & USB mús fylgir frítt með ásamt hugbúnaðarpakka.
Allar fartölvur frá Boðeind koma með Microsoft XP Professional stýrikerfi
Allar fartölvur frá Boðeind eru Microsoft Vista tilbúnar.

Skjár: 15.4" WXGA (Glare type) háskerpuskjár
Örgjörvi: Intel Mobile Pentium 1.7GHz - 2MB cache
Skjákort: Nvidia Geforce Go 7300 256MB
Vinnsluminni: 1 GB DDR2 / Mest 2GB
Harður diskur: 100GB
Netkort: LAN 10/100/1000
Þráðlaust netkort: 802.11a/b/g
Geisladrif: 8x Dual layer DVD/CD brennari
Vefmyndavél: 1.3Mega Pixla m.hljóðnema
Stýrikerfi: Windows XP Professional
Rafhlaða: 8 Cells - Allt að 3,5 klst. ending
Ábyrgð: 2ja ára alþjóðleg ábyrgð

Þú færð jólagjöfina á www.bodeind.is
Boðeind ehf. - Mörkin 6 - 108 RVK - S: 588 2061
Opið alla virka daga frá kl. 10:00 - 18:00 - sala@bodeind.is
Boðeind býður upp á viðurkennda verkstæðisþjónustu - thjonusta@bodeind.is

REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG


# Keyrði bifreið inn á Keflavíkurflugvöll

**Karlmaður ók bifreið inn á flugverndarsvæði á Keflavíkurflugvelli í gær og reyndi að komast upp í nærliggjandi flugvél. Hann á við geðræn vandamál að stríða. Öryggismál á flugvellinum verða endurskoðuð vegna atburðarins.**

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður keyrði bifreið í gegnum öryggisgirðingu við flugstöð Leifs Eiríkssonar snemma í gærmorgun. Hann ók svo inn á flugverndarsvæði og alla leið upp að nærliggjandi flugvél. Þar stöðvaði hann bifreiðina og tók til fótanna og var kominn upp í stiga sem lá að nálægum landgangi þegar hann var stöðvaður af öryggisvörðum. Flugvélin sem lá að landganginum var mannlaus.

Lögreglan varð fyrst vör við manninn þar sem hann ók bifreið sinni á miklum hraða eftir Reykjanesbraut í átt að Keflavík. Hann sinnti ekki stöðvunarboðum lögreglu og mældist á tímabili á um 140 kílómetra hraða. Þegar mest var veittu fjórir lögreglubílar honum eftirför.

Við Rósaselstjarnir ók maðurinn öfugt inn í hringtorg og tók stefnuna á flugstöðina. Þar ók hann svo í gegnum öryggisgirðinguna með fyrrgreindum afleiðingum.

Maðurinn á að sögn varðstjóra hjá lögreglunni í Keflavík við geðræn vandamál að stríða. Hann var yfirheyrður en síðan komið undir læknishendur. Hann var auk þess sviptur ökuréttindum.

Að sögn Arngríms Guðmundssonar, deildarstjóra öryggissviðs flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli, eru svona atvik litin mjög alvarlegum augum. „Þetta gerir það að verkum að við þurfum að endurskoða þær áætlanir sem við erum með í gangi í dag. Flugvöllurinn er náttúrulega rekinn samkvæmt þeim öryggiskröfum sem gerðar eru til alþjóðlegra flugvalla. En þarna kemur upp nýr flötur sem kannski gerir það að verkum að við þurfum enn að bæta við það eftirlit sem er á vellinum í dag.“

Arngrímur segir að svona lagað hafi ekki gerst áður á Keflavíkurflugvelli. „Það hefur gerst á flugvöllum erlendis að menn hafi keyrt í gegnum girðingar og því eru þetta í sjálfu sér engin ný vísindi. En þetta er nýtt fyrir okkur og verður til þess að við munum í kjölfarið endurskoða okkar öryggismál í framhaldinu til að reyna að fyrirbyggja að svona lagað geti gerst aftur.“

Hann segir snarræði öryggisvarða hafa skipt miklu máli. „Það skapast alltaf hætta þegar svona lagað gerist. En sem betur fer sluppum við vegna þess að menn gátu gripið svona fljótt inn í þegar girðingin gaf sig.“

thordur@frettabladid.is



**FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR** Maðurinn keyrði niður öryggishlið brottfararmegin við flugstöðina og reyndi að komast upp í nærliggjandi flugvél.

Árásármenn réðust á hálfnakinn mann á heimili hans:

# Vopnaðir táragasi og eggvopni

**LÖGREGLUMÁL** Tveir karlmenn réðust inn á heimili við Kirkjuveg í Keflavík á sjöunda tímanum á mánudagskvöld vopnaðir táragasi og eggvopni.

Að sögn lögreglunnar í Keflavík var húsráðandi í sturtu þegar barið var að dyrum hjá honum. Hann fór fram á handklæðinu einu fata og opnaði fyrir árásarmönnunum. Þeir spurðu hann þá hvort að hann væri einn heima. Þegar hann játti því sprautuðu þeir táragasi í augun á honum til að blinda hann. Því næst réðust þeir að honum með eggvopni.

Manninum tókst að komast út á götu og kalla á hjálp en árásarmennirnir létu sig þá hverfa. Fórnarlamb mannanna náði þó númerinu á bifreið þeirra. Hann slasaðist töluvert í átökunum og þurfti meðal annars að sauma samtals sjö spor í bak hans. Auk þess skarst hann illa á hendi við að brjóta rúðu þegar hann reyndi að komast undan. Að sögn vakthafandi læknis á heilbrigðisstofnun Suðurnesja voru áverkar hans þó ekki taldir lífshættulegir.

Bifreiðin sem árásarmennirnir óku var stöðvuð í Reykjavík aðfaranótt þriðjudags og tveir menn sem voru í henni handteknir. Þeir eru grunaðir um að hafa staðið að árásinni. Tilefni hennar er enn sem komið er óljóst. Ekki var búið að yfirheyra mennina síðdegis í gær. - þsj



**LÖGREGLAN** Mennirnir tveir sem grunaðir eru um árásina voru handteknir stuttu eftir hana. Ekki var búið að yfirheyra þá síðdegis í gær.

Árborg:

# Þrír sem þiggja bæjarstjóralaun

**ÁRBORG Þrír einstaklingar fá nú greidd laun bæjarstjóra hjá Árborg. Einar Njálsson sem lét af starfi bæjarstjóra þegar nýr meirihluti var myndaður eftir kosningar í vor er enn á biðlaunum og og verður áfram til áramóta.**

**Stefanía Katrín Karlsdóttir sem er að yfirgefa bæjarstjórastólinn eftir að meirihlutasamstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks liðaðist í sundur á rétt á biðlaunum í heilt ár eftir aðeins hálft ár í starfi.**

**Nýr bæjarstjóri verður Ragnheiður Hergeirsdóttir sem eðli málsins samkvæmt mun einnig þiggja bæjarstjóralaun.**

- gar



**EINAR NJÁLSSON**



Síminn
Símajól 2006
ENNEMM / SIA / NM24750
Jólagjöfin í ár eru myndir af fyrstu jólunum ykkar saman sem þú getur sent beint úr farsímanum í Safnið
SONY ERICSSON K510i
4.900 kr.
Léttkaupsútborgun
1.250 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Verð aðeins 19.900 kr.
Með 1,3 MP myndavél styður MP3 hringitóna. Bluetooth heyrnartól fylgir.
SAMSUNG X820
5.900 kr.
Léttkaupsútborgun
2.000 kr. á mánuði í 12 mánuði.
Verð aðeins 29.900 kr.
Þynnsti sími í heimi með 2 MP myndavél og Bluetooth.
2.000 kr. auka jólaafsláttur fyrir þá sem eru í Betri leið eða versla á siminn.is
Þú finnur jólagjöfina í ár í næstu verslun Símans eða á vefversluninni á siminn.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Hvað heitir bók Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings sem kom út í síðustu viku?

2 Hvað heitir forseti Venesúela sem var endurkjörinn í kosningum um helgina?

3 Hvað heitir vegurinn á milli Reykjavíkur og Selfoss sem talið er brýnt að tvöfalda?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Bresku lögreglumennirnir komnir til Moskvu:

# Fá ekki að sjá um yfirheyrslur

**MOSKVA, AP** Rússnesk stjórnvöld munu ekki framselja neina Rússa sem hugsanlega verða grunaðir um aðild að því að eitra fyrir Alexander Litvinenko í London í síðasta mánuði. Þetta fullyrti Júrí Chaika, aðalsaksóknari Rússlands, í Moskvu í gær.

„Ef þeir vilja handtaka þá,“ sagði Chaika um bresku lögregluþjónana sem komnir eru til Moskvu til þess að rannsaka málið, „þá væri það ómögulegt, þeir eru rússneskir ríkisborgarar og rússneska stjórnarskráin gerir það ókleift.“

Hann sagðist ætla að sýna bresku lögregluþjónunum fulla samvinnu, en tók jafnframt fram að þeir fengju ekki að yfirheyra neina Rússa sjálfir heldur mættu þeir aðeins fylgjast með þegar rússneskir lögreglumenn yfirheyrðu þá.

„Það erum við sem sjáum um allar yfirheyrslurnar, þeir bara fylgjast með. Það getur ekki orðið öðru vísi,“ sagði hann.

Chaika sagði einnig að bresku lögreglumennirnir fengju ekki að yfirheyra Mikhaíl Trepashkín, fyrrverandi njósnara sem nú situr í fangelsi í Rússlandi, dæmdur til fjögurra ára vistar þar fyrir að hafa ljóstrað upp um ríkisleyndarmál. **- gb**



**MASSIMO D'ALEMA OG VLADIMÍR PÚTÍN** Pútín Rússlandsforseti var í gær á Ítalíu þar sem hann hitti meðal annars D'Alema utanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jón Magnússon lögmaður:

# Framkvæmdastjórastaða kom aldrei til greina

**STJÓRNMÁL Jón Magnússon segir að aldrei hafi komið til greina hjá sér að sækja um stöðu framkvæmdastjóra þingflokks Frjálslynda flokksins. „Það hefur aldrei komið inn í myndina hjá mér og enginn hefur boðið mér það, ég er nú þegar í starfi,“ sagði Jón, en hann vildi ekki svara því hvort hann gæti hugsað sér að taka við starfinu, stæði það til boða.**

**Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir að staðan verði auglýst laus til umsóknar. - kóp**









# Uppsafnaður lestur Fréttablaðsins eykst

**Meðallestur á öll dagblöðin þrjú minnkar, samkvæmt nýrri fjölmiðlakönnun. Fleiri segjast nú lesa Fréttablaðið eitthvað í skoðanavikunni, en færri segjast hafa lesið Blaðið og Morgunblaðið.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Fréttablaðið er stærsti miðill landsins, samkvæmt lestrarkönnun Capacent. 92,5 prósent segjast eitthvað hafa lesið Fréttablaðið í vikunni. Næststærsti miðillinn er þá Ríkissjónvarpið, en 91,6 prósent sögðust hafa horft eitthvað á Ríkissjónvarpið í könnunarvikunni þegar Capacent gerði sjónvarpskönnun sem birt var í síðasta mánuði.

70,2 prósent segjast eitthvað hafa lesið Blaðið í vikunni og er það í fyrsta sinn sem uppsafnaður lestur Morgunblaðsins fer niður fyrir Blaðið, en 68,8 prósent segjast eitthvað hafa lesið Morgunblaðið í vikunni. Uppsafnaður lestur Morgunblaðsins og Blaðsins dalar aðeins frá síðustu könnun, en eykst hjá Fréttablaðinu.

Ef skoðaður er meðallestur á hvert tölublað dagblaðanna dalar lestur allra blaða. Mestur er lestur Fréttablaðsins, 66,2 prósent og dalar úr 68,9 prósentum í ágúst. Lestur Fréttablaðsins dregst því saman um 3,9 prósent.

Næstflestir lesa Morgunblaðið að staðaldri, en meðallestur þess er nú 46,3 prósent og dalar um 6,7 prósent frá í ágúst þegar meðallestur var 49,6 prósent.

Lestur á Blaðinu dregst hlutfallslega jafnmikið saman og lestur Fréttablaðsins, um 3,7 prósent á milli kannana. Nú er meðallestur 43,9 prósent en var 45,6 prósent í könnun Capacent í ágúst.

Af tímaritunum er Birta mest lesna tímarit landsins með 48,0 prósenta lestur. Meðallestur á Birtu hefur þó dregist saman um 11,4 prósent frá því apríl. Af fylgiblöðum dagblaðanna lesa flestir Fasteignablað Morgunblaðsins, eða 35,4 prósent. Lestur á fasteignablaðinu hefur dregist saman um 20,3 prósent frá í apríl. Þá segjast nú aðeins fleiri lesa Markaðinn, fylgirit Fréttablaðsins um viðskipti, en Viðskiptablað Morgunblaðsins. Meðallestur á Markaðnum mælist nú 30,7 prósent og hefur lestur dregist saman um tæpt prósent. Meðallestur á Viðskiptablaði Morgunblaðsins mælist hins vegar 27,5 prósent og hefur dregist saman um 15,6 prósent frá því í apríl.

Af lífsstílstímaritum er Mannlíf mest lesið. 22,4 prósent lesa blaðið og hefur lestur aukist um rúm átta prósent frá síðustu könnun. Þá hefur Gestgjafinn 21,9 prósenta lestur.

Séð og heyrt hefur mestan lestur svokallaðra slúðurrita og segjast 23,2 prósent lesa blaðið nú. Þá lesa 16,8 prósent Hér og nú.

svanborg@frettabladid.is










# Öflugar tölvur með auknu öryggi

## Fáðu þér fartölvuna sem stendur undir öryggiskröfum þínum

Intel Centrino Duo — Dual-core. Do more.



Dell™ mælir með Windows® XP Professional

Fislétta Dell™ Latitude™ línan er byggð á Intel® Centrino® Duo Mobile Technology sem færir þér nýjungar sem auka meðfærileika og öryggi.



Dell™ Latitude™ D620 er hönnuð fyrir notendur sem gera kröfu um hraða og meðfærileika á vinnustað.

| Dell™ Latitude™ D620 |
|---|
| Intel® Centrino® Duo Mobile Technology með Intel® Core™2 Duo örgjörva T7200 (4MB L2 Cache, 2GHz 667MHz) |
| Intel® 3945 þráðlaust netkort 802,11 a/g |
| Microsoft™ Windows® XP Professional |
| 2GB 667MHz DDR2 vinnsluminni (2 x 1GB) |
| 100GB 7.200rpm SATA harður diskur |
| DVD-RW+/- geisladrif (skrifar DVD) |
| 14,1" WXGA+ skjár (1440 x 900) |
| Þyngd frá 2,12 kg (með 6 Cell rafhlöðu & DVD/CD-RW) |
| 32mm x 337mm x 238mm (H x B x D) |
| 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS |

**Tilboðsverð:**
**209.900 kr.**



Öfluga Dell™ Latitude™ D820 fartölvan er hönnuð fyrir notendur sem krefjast gæða, einfaldleika og langtíma verðgildis.

| Dell™ Latitude™ D820 |
|---|
| Intel® Centrino® Duo Mobile Technology með Intel® Core™ Duo örgjörva T2300 (2MB L2 Cache, 1,66GHz, 667MHz) |
| Intel® 3945 þráðlaust netkort 802,11 a/g |
| Microsoft™ Windows® XP Professional |
| 2GB 667MHz DDR2 vinnsluminni (2 x 1GB) |
| 100GB 7.200rpm SATA harður diskur |
| DVD-RW+/- geisladrif |
| 15,4" WSXGA+ skjár (1680 x 1050) |
| Þyngd frá 2,8 kg (með 6 Cell rafhlöðu & DVD/CD-RW) |
| 35,3mm x 361mm x 262,6mm (H x B x D) |
| 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS |

**Tilboðsverð:**
**234.900 kr.**

**Smart Security**
heimsækið www.dell.com/security fyrir frekari upplýsingar

**EJS er umboðsaðili Dell á Íslandi. Komdu til okkar á Grensásveg 10, Reykjavík eða Tryggvabraut 10 á Akureyri og við finnum réttu lausnina fyrir þig**

DELL™

©2006 Dell Computer Corporation. Þessi auglýsing er með fyrirvara um birgðastöðu, verð og prentvillur. Verð einstakra hluta gildir aðeins þegar varan er keypt í auglýstu pakkatilboði. Dell, Dell vörumerkið og Latitude eru annað hvort vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Dell Computer Corporation, Celeron, Celeron inside, Centrino, Centrino Logo, Core Inside, Intel, Intel Logo, Intel Core, Intel Inside, Intel Inside Logo, Intel Viiv, Intel vPro, Itanium, Itanium Inside, Pentium, Pentium Inside, Xeon og Xeon Inside eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og öðrum löndum. Önnur nöfn og vörumerki geta verið í eigu annara. Microsoft® og Windows® eru skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annara. Ákveðinn Microsoft® hugbúnaður meðfylgjandi þessari tölvu getur notað afritunarvarnartækni.

Í þeim tilvikum er ekki hægt að nota hugbúnaðinn nema hugbúnaðurinn sé sérstaklega virkjaður af notenda. Virkjun hugbúnaðarins og notkunarskilmálar Microsoft eru skýrð við fyrstu ræsingu hugbúnaðarins eða við endurinnsetningu eða ákveðnar breytingar sem gerðar eru á stillingum tölvunnar. Virkjun er hægt að framkvæma yfir internetið eða með því að hringja í þjónustunúmer Microsoft, 510 6920.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000



**MISSTU ÆTTINGJA** Þessar konur í Bagdad misstu dóttur og systur í árás á sjía í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þjóðskjalavörður um afhendingu gagna til Guðna Th. Jóhannessonar:

# Hugsanlega á svig við reglur

**SÍMHLERANIR** Þjóðskjalavörður útilokar ekki að farið hafi verið á svig við reglur þegar Guðna Th. Jóhannessyni var veittur sérstakur aðgangur að skjölum um símhleranir í kalda stríðinu. Þetta kemur fram í niðurstöðu þjóðskjalavarðar um beiðni Ólafs Hannibalssonar um aðgang að gögnum um símhleranir hjá Hannibal Valdimarssyni.

Í niðurstöðunni stendur: „Ekki er útilokað að farið hafi verið á svig við meginreglu um bann við aðgangi að þeim skjölum sem hér um ræðir í tilviki umrædds sagnfræðings.“ Ofar í niðurstöðu er téð meginregla sögð vera „bann við útláni eða afhendingu ljósrita úr Þjóðskjalasafni,“ eða að slíkt sé háð „verulegum takmörkunum,“ nema upplýsingalög nái til gagnanna.



ÓLAFUR ÁSGEIRSSON ÞJÓÐSKJALAVÖRÐUR

Í 3. grein laga um Þjóðskjalasafn stendur hins vegar: „Hlutverk Þjóðskjalasafns er söfnun og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda þjóðarsögunnar til notkunar fyrir stjórnvöld, stofnanir og einstaklinga.“

Þetta meginhlutverk safnsins, er aftur bundið af öðrum lögum, sem kunna að takmarka aðgang að gögnum, til að mynda lög um persónuvernd og lög sem fjalla um öryggismál ríkisins. Títtnefnd meginregla mun taka tillit til þeirra.

Síðan á fimmtudag hefur verið reynt að ná tali af Ólafi Ásgeirssyni þjóðskjalaverði en án árangurs. **- kóþ**

Margir þjófnaðir um helgina:

# Handlyftara og drykkjum stolið

**LÖGREGLUMÁL Fjölmargir þjófnaðir voru tilkynntir til lögreglunnar í Reykjavík um helgina. Meðal þess sem stolið var er handlyftari með nokkrum kössum af drykkjarvöru á göfflunum. Hann var staðsettur fyrir utan lagerhúsnæði í Reykjavík þegar hann var tekinn ófrjálsri hendi.**

**Auk þess var peningum stolið af viðskiptavini spilasalar í borginni, tölvu stolið í verslun, skartgripir teknir úr heimahúsi og í það minnsta þrír bensínþjófar voru á ferð. Þá var einhverju af greiðslukortum hnuplað auk þess sem lögreglu var tilkynnt um þjófnað á kerru.** **- þsj**




**DANMÖRK**

## Fimmtán handteknir

Danska lögreglan handtók fimmtán manns á sunnudagskvöld, grunaða um að hafa smyglað rúmu tonni af hassi inn í Noreg og Svíþjóð. Búast má við fleiri handtökum í tengslum við rannsókn málsins, sem hófst í maí.

**NOREGUR**

## Kökuárás dæmd

Norskur nemi var á mánudag dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir að kasta rjómatertu í höfuð þáverandi fjármálaráðherra Noregs, Kristin Halvorsen. Sagðist hann vera að mótmæla því að hún hefði fengið embætti ráðherra.

**EVRÓPUSAMBANDIÐ**

## Landamæraeftirlit

Evrópusambandið samþykkti í gær að afnema landamæraeftirlit með íbúum landanna tíu sem fengu inngöngu í ESB árið 2004. Breytingarnar taka í fyrsta lagi gildi í lok ársins 2007, eftir að gengið hefur verið úr skugga um að löndin hafi fengið inngöngu í Schengen-samstarfið.




# Margfalt fleiri börn of feit en fyrir 30 árum

**Íslensk börn fitnuðu á níunda áratugnum. Næringarfræðingur segir hreyfingarleysi orsök aukinnar þyngdar barna. Forstöðumaður segir félagslega þætti hugsanlega orsaka hverfisbundinn mun á offitu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Of þungum eða of feitum níu ára börnum hefur fjölgað um næstum 200 prósent í Reykjavík frá árinu 1978. Árið 1978 voru rúmlega 9 prósent níu ára gamalla reykvískra barna of þung eða of feit en í dag, árið 2006, er þessi tala komin upp í tæplega 25 prósent hjá stúlkum og tæplega 23 prósent hjá drengjum.

Brynhildur Briem næringarfræðingur safnaði saman gögnum um þyngd barna í Reykjavík frá árinu 1938 til 1998. Hún komst að þeirri niðurstöðu að börn í Reykjavík hafa þyngst mikið á síðustu tveimur áratugum tuttugustu aldarinnar. „Fyrstu áratugina voru afar fá börn of þung en smám saman þyngdust börn í borginni á tuttugustu öldinni. Um 1970 byrjuðu þau svo að þyngjast mjög hratt,“ segir Brynhildur. Ástæðurnar fyrir því að börnin byrjuðu að þyngjast á þessum tíma eru líklega minni hreyfing segir Brynhildur, því rannsóknir bendi ekki til að börn sem voru uppi á seinni hluta aldarinnar hafi borðað fleiri hitaeiningar en á fyrri hluta hennar.

Í dag er tala of þungra og of feitra barna á grunnskólaaldri frá 6 til 14 ára komin um og yfir þrjátíu prósent í einstökum skólum á höfuðborgarsvæðinu að sögn Ragnheiðar Óskar Erlendsdóttur, sviðsstjóra hjá Miðstöð heilsuverndar barna, til dæmis er þriðjungur barna í Fellaskóla of þungur eða of feitur. Í niðurstöðum Ragnheiðar á þyngd 16.000 skólabarna á höfuðborgarsvæðinu kemur fram greinilegur hverfisbundinn munur á tíðni offitu; hún er hærri í hverfum þar sem menntunarstig foreldra er lágt.



**RAGNHEIÐUR ÓSK ERLENDSDÓTTIR** Hefur unnið úr gögnum um þyngd 16.000 skólabarna í Reykjavík á aldrinum 6 til 14 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Geir Gunnlaugson, forstöðumaður hjá Miðstöð heilsuverndar barna, segir niðurstöðurnar sýna augljósan hverfisbundinn mun á tíðni offitu barna eftir hverfum. Á þessu stigi málsins segir hann að ómögulegt sé að segja hver ástæðan er fyrir þessum mun, en að efnahagslegir og félagslegir þættir gætu skipt þar máli eins og í öðrum löndum.

Geir segir að hægt sé að rannsaka af hverju offita er meiri í sumum hverfum en öðrum en að hingað til hafi slíkar rannsóknir ekki verið gerðar. „Þar til það verður gert vil ég vera mjög varkár í að túlka þessar niðurstöður. Við getum ekki gefið okkur að þetta þýði að fólk sem er verr menntað borði ekki eins góðan mat,“ segir Geir og bætir því við að ofþyngd barna á Íslandi sé eitt af stóru vandamálunum í lýðheilsu landsmanna í dag.

**ingifreyr@frettabladid.is**




KB BANKI ÚTNEFNDUR
BESTI BANKI ÁRSINS Á ÍSLANDI 2006
Hvatning til dáða!
The Banker
Bank of the Year 2006
Iceland
Alþjóðlega fjármálatímaritið The Banker hefur útnefnt KB banka sem besta banka ársins á Íslandi árið 2006. Þetta er þriðja árið í röð sem bankanum hlotnast þessi heiður. Valið er okkur hvatning til frekari dáða í daglegu samstarfi við stóran hóp traustra og kröfuharðra viðskiptavina. Frá þeim hópi fáum við þá viðurkenningu sem ávallt mun skipta okkur mestu máli og við erum þakklát fyrir þann mikla fjölda nýrra viðskiptavina sem leitað hefur til bankans á árinu sem brátt er að baki.
KB BANKI



**ÞRÍR LEIÐTOGAR** Jacques Chirac Frakklandsforseti, Angela Merkel Þýskalandskanslari og Lech Kaczynski Póllandsforseti hlýða á þjóðsöng eins landanna þriggja. Þau hittust í Þýskalandi í gær til þess að spjalla um samskipti ríkjanna þriggja og önnur heimsmál. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandarískur sjóliði dæmdur á Filippseyjum:

# Fjörutíu ár fyrir nauðgun

**FILIPPSEYJAR, AP** Bandarískur sjóliði, Daniel Smith, var á mánudag dæmdur í fjörutíu ára fangelsi á Filippseyjum fyrir nauðgun á þarlendri konu. Sögðu fréttaskýrendur dóminn vera sigur í nafni kvenréttinda og sjálfstæðis Filippseyja frá fyrrum nýlenduveldi sínu, Bandaríkjunum.

Þrír aðrir hermenn og filippseyskur bílstjóri þeirra voru sýknaðir af ákæru um samsekt.

Konan, sem er 23 ára, sagði Smith hafa nauðgað sér meðan hún var of drukkin til að geta varist í nóvember í fyrra, og sagði félaga hans hafa hvatt hann áfram á meðan. Hermaðurinn sagði konuna hafa samþykkt mökin, en læknir sagði hana hafa borið merki nauðgunar.

Ekki liggur fyrir hvort hermaðurinn muni sitja dóminn af sér í Filippseyjum, en lögmaður hans segir hann ætla að áfrýja dómnum.

Talsmaður Gloria Macapagal Arroyo, forseta Filippseyja, sagði dóminn ekki hafa áhrif á samskipti Filippseyja og Bandaríkjanna, því ekki væri um milliríkjamál að ræða, heldur framgang dóms og laga. - smk



**FUNDINN SEKUR** Bandaríski hermaðurinn Daniel Smith hefur verið dæmdur í 40 ára fangelsi fyrir nauðgun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Norðurland eystra:

## Dæmdir fyrir fölsun og dóp

**DÓMSMÁL** Þrír piltar voru í gær dæmdir fyrir peningafölsun í Héraðsdómi Norðurlands eystra. Einn þeirra var einnig dæmdur fyrir þjófnað og annar fyrir vörslu fíkniefna og til að sæta upptöku efnanna.

Piltarnir voru dæmdir fyrir að hafa borgað með fölsuðum 5.000 króna seðli. Einn piltanna, rúmlega tvítugur að aldri, var einnig ákærður fyrir fíkniefnalagabrot og dæmdur í þrjátíu daga fangelsi. Dómurinn ákvað að fresta refsingu hinna tveggja og skuli hún niður falla að tveim árum liðnum haldi þeir skilorð. -jss



**SJÁLFBOÐALIÐI** Sjálfboðaliðar taka sér ýmis verkefni fyrir hendur.

Sjalfbodalidi.is:

## Vefur fyrir sjálfboðaliða

**SJÁLFBOÐALIÐI Vinnumiðlun ungs fólks opnar í dag Sjálfboðamiðlun á netinu. Á sjálfbodalidi.is geta frjáls félagasamtök og sjálfboðaliðar á landinu öllu skráð sig inn á miðlunina, bæði til að bjóða fram krafta sína og eins til að leggja fram verkefni í miðluninni.**

**Miðlunin kemur á sambandi milli sjálfboðaliða og frjálsra félagasamtaka um allt land og auðveldar þannig fólki að láta gott af sér leiða.**

**Þeir sem skrá sig inn á sjalfbodalidi.is geta valið þau verkefni og félagasamtök sem hver og einn hefur áhuga á að leggja lið og hversu miklum tíma á að verja til sjálfboðastarfsins.** - hs

# Þingmenn fjölluðu um förgun fugla og þingflokka

**Lund þingmanna var létt við upphaf þingfundar í gær. Guðjón Ólafur Jónsson, þingmaður Framsóknarflokksins, ræddi um ræðu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur frá laugardag en Kolbrún Halldórsdóttir, þingmaður vinstri grænna, talaði um förgun fugla. Öllu var slegið saman og mikið hlegið.**

**STJÓRNMÁL** Guðjón Ólafur Jónsson í Framsóknarflokknum kvaddi sér hljóðs undir liðnum athugasemdir um störf þingsins til að ræða um ræðu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, formanns Samfylkingarinnar, sem hún flutti á flokksfundi í Keflavík á laugardag. Staldraði hann við orð Ingibjargar um lítið traust þjóðarinnar á þingflokki Samfylkingarinnar og sagði hana niðurlægja þingmenn sína.

Ingibjörg Sólrún svaraði fyrir sig með því að benda á að staða Framsóknarflokksins væri ekki þar glæsileg samkvæmt skoðanakönnunum. Fylgið væri við pilsnersmörk en Samfylkingin væri til alls líkleg á næstunni.

Því næst tók Kolbrún Halldórsdóttir VG til máls en ekki til að ræða um traust Samfylkingarinnar heldur um förgun 56 fugla í Húsdýragarðinum. Dró hún nauðsyn þeirra aðgerða í efa og gagnrýndi landbúnaðarráðherra fyrir að hafa ekki haft samráð við Eigenda- og ræktendafélag landnámshænsna.

Sjálfstæðismennirnir Sigurður Kári Kristjánsson og Guðlaugur Þór Þórðarson voru næstir á mælendaskrá en vildu lítið segja um fuglana en þeim mun meira um Samfylkinguna. Kvaðst Sigurður ekki sjá betur en að Ingibjörg Sólrún hefði hreinlega slegið þingflokkinn af með ummælum sínum. Sagði hann kveðjurnar kaldar og líkti við blauta tusku í andlit.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, Samfylkingunni, gaf lítið fyrir orð stjórnarliðanna þriggja og sagði þá eiga lítið erindi í pólitík. Þeirra helsta erindi væri að finna sér eitthvað skemmtilegt að tala um þegar þeir fengju sér espressó á morgnana.

Mörður Árnason tók næstur til máls og lýsti því yfir að yfirlýsingar og fréttir um meinta förgun þingmanna Samfylkingarinnar væru ýktar. Það vekti honum þó ekki furðu að orð Ingibjargar Sólrúnar hefðu komið sjálfstæðismönnum á óvart þar sem hreinskiptar umræður tíðkist ekki í þeirra flokki.

Gerði hann, líkt og Ingibjörg Sólrún, lítið úr fylgi Framsóknarflokksins og sagði að lokum að hann teldi tíma þingsins betur varið í að yfirheyra meintan morðingja 56 landnámshænsna í Húsdýragarðinum.

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra talaði bæði um Samfylkinguna og fuglana. Sagði hann það nú brennt á enni og brjóst flokksins að þjóðin treysti honum ekki. Um fuglana sagði hann hreina nauðsyn hafa borið til að farga þeim, um það hefðu helstu sérfræðingar sammælst. bjorn@frettabladid.is



**ÚR ÞINGSALNUM** Þar var hlegið hærra og meira í gærmorgun en venja stendur til og framíköllin voru einnig með mesta móti.


# HARÐIR PAKKAR FYRIR RATVÍSA

www.rs.is





**GSPmap 276C og 278**

Frábært tæki sem sameinar alla notkun, á hjólið, sleðann og í bílinn. Tækið er fyrirferðarlítið með skýrum skjá og mikilli upplausn og getur reiknað leið eftir vegum. GPSmap 278 er með götukorti af Evrópu innbyggðu og meira af aukahlutum fylgir með.

**FORERUNNER**

Forerunner hlaupatölvurnar hafa slegið í gegn og þú sérð vart hlaupara án Forerunner í dag. Kepptu við fyrri árangur eða hvert það viðmið sem þig lystir. Svo er hægt að skoða árangurinn á loftmynd á netinu.

**GPS 18**



Með GPS 18 er fartölvan virkjuð sem leiðsögutæki, bæði í jeppann og í utanlandsferðina! Tengist í UBS, einfaldara getur það ekki verið á verði sem hefur ekki sést áður. Vinsælasta kortaforritið í dag. (Fartölva ekki innif.)

**GPS KORT**

GPS kort er bæði Íslandskort í Garmin tæki og frábært kort í tölvuna. 40.000 örnefni, götukort af 99% bæjarfélaga, 4.000 viðskiptatengdir staðir, 20m hæðarlínur o.m.fl. Vegir eru leiðsöguhæfir í PC tölvu og völdum Garmin tækjum.

GARMIN

R. SIGMUNDSSON

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.garmin.is

**Umboðsmenn** **Akureyri:** Haftækni · **Blönduós:** Krákur · **Egilsstaðir:** Bílanaust · **Grundarfjörður:** Mareind · **Ísafjörður:** Bensínstöðin · **Reyðarfjörður:** Veiðiflugan **Selfoss:** Hársnyrtistofa Leifs · **Vestmannaeyjar:** Geisli · **Reykjavík:** Arctic Trucks, Bílanaust, Elko, Everest, Gísli Jónsson, Hlað, Intersport, Stormur, Toyota aukahlutir, Útilíf, Vesturröst, Yamaha · **Fríhöfnin**




**FRÁ REYKJANESBÆ** Félagsráðgjafi hjá Þroskahjálp á Suðurnesjum segir þróun búsetuúrræða fyrir þroskahamlaða á Suðurnesjum sorglega hæga.

Búsetumál þroskahamlaðra á Suðurnesjum:

# Bráð þörf á búsetuúrræðum fyrir fatlaða

**HEILBRIGÐISMÁL** Ófremdarástand ríkir í búsetumálum þroskahamlaðra á Suðurnesjum að mati Þórdísar Þormóðsdóttur, félagsráðgjafa og foreldraráðgjafa hjá Þroskahjálp á Suðurnesjum.

„Ég veit um fjölda einstaklinga sem bíða búsetuúrræðis og nokkrir hafa verið fluttir hreppaflutningum í önnur sveitarfélög þar sem þeir dvelja nú fjarri skyldmennum sínum.“



**ÞÓRDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR**

Þórdís segir að þeir einstaklingar sem bíði búsetuúrræða séu í mismikilli neyð og að þeir búi yfirleitt hjá foreldrum sínum. „Mest er þörfin fyrir búsetuúrræði sem býður upp á þjónustu allan sólarhringinn en nú eru slík úrræði til staðar fyrir fimmtán þroskahamlaða einstaklinga á Suðurnesjum en á svæðinu búa átján þúsund manns.“

Þórdís segir þróun búsetuúrræða fyrir þroskahamlaða á Suðurnesjum sorglega hæga og að bráð þörf sé á úrræði fyrir um það bil tuttugu manns til viðbótar sem fyrst. „Á Suðurnesjunum hefur ekki verið tiltakanlega mikið vandamál að fá fólk til starfa og því ætti mannekla ekki að vera fyrirstaða við uppbyggingu búseturúrræða.“

Guðmundur Páll Jónsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, treysti sér ekki til að svara til um hugsanlega uppbyggingu fyrir þroskahamlaða á Suðurnesjum að svo stöddu. - hs

*Íslenska ánægjuvogin 2006*



# Ánægðustu viðskiptavinirnir eru hjá SPRON!

Samkvæmt mælingum Íslensku ánægjuvogarinnar 2006 eru viðskiptavinir **SPRON** ánægðastir allra viðskiptavina hjá bönkum og sparisjóðum – ekki bara á höfuðborgarsvæðinu heldur á landinu öllu!

Við erum stolt og þakklát fyrir þessa viðurkenningu viðskiptavina okkar og er hún okkur mikil hvatning til að halda áfram á sömu braut.

Komdu í hóp landsins ánægðustu viðskiptavina!

spron



# Heimilislegar og vandaðar jólagjafir

## MERKIN OKKAR TRYGGJA GÆÐIN




Úrvals hnífar - vönduð matargerð.
Jólaverð kr.: 39.900. settið




Hágæða Espresso kaffivél.
Jólaverð kr.: 29.900.




Sítrus-pressa
af bestu gerð
- burstað stál
Jólaverð kr.: 13.900.




Brauðrist fyrir fagurkera - burstað stál
Jólaverð kr.: 7.990.




Traustur og sterkur
blandari - burstað stál
Jólaverð kr.: 10.900..




Mínútugrill fyrir alvöru matgæðinga.
Jólaverð kr.: 10.990.




Hraðsuðukanna. Hönnuð af snillingum.
Jólaverð kr.: 9.990.




REMINGTON Lock'n'Roll krullusett
NÝTT! Hitaðar í kassanum.
Jólaverð kr.: 4.990.




Klassísk og
vönduð kaffivél.
Jólaverð kr.: 2.990.




TEFAL straujárn
Jólaverð kr.: 4.790.

Brabantia strauborð
Jólaverð kr.: 6.490.




QONIX PRA2000
Prýðisútvarp sem fer vel alls staðar.
Jólaverð kr.: 6.990.




AEG RYKSUGUR
Jólaverð frá kr. 10.900.




FLOTT ÚRVAL AF RUSLAFÖTUM.
Hönnun á heimsmælikvarða.




SAMSUNG
Myndbandsupptökuvél.
Hágæða Digital vél með stórum skjá.
Jólaverð kr.: 39.990.




**VINSÆLASTA
JÓLAGJÖFIN Í ÁR!**
Ávaxta- og grænmetissafapressan
frá SOLIS.
Jólaverð kr.: 15.900.

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTARVILLUR OG MYNDBRENGL.




AEG KÆLI- OG FRYSTISKÁPAR
MIKIÐ ÚRVAL - VÖNDUÐ VARA.




AEG UPPÞVOTTAVÉL
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
Kr. 89.900 Stál · Kr. 79.900 Hvít






Lavamat 76820

Lavatherm 57820

AEG ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI · ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
Jólaverð kr. 175.000.

KVIKA

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 | SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800 | SMÁRALIND · SÍMI 530 2900 | AKUREYRI · SÍMI 461 5000 | KEFLAVÍK · SÍMI 421-1535



JÓLAGJAFIRNAR FÆRÐU HJÁ OKKUR!
Glæsilegt úrval gjafavara fyrir alla fjölskylduna
OLYMPUS
OLYMPUS MJU 725 SW
7.1 milljón pixlar. Vatnsheld. Höggþétt.
Jólaverð kr.: 38.900.
OLYMPUS
OLYMPUS sjónauki
Pottþéttur í ferðalagið.
Jólaverð kr.: 4.790.
SHARP
SHARP XL-MP10H
Skemmtileg hljómtækjastæða.
Jólaverð kr.: 12.900.
SAMSUNG
SAMSUNG MP3 spilari
1 Gb með útvarpi.
Litir: Svartur,
grár, silfur og bleikur.
Jólaverð kr.: 19.900.
Nintendo
NINTENDO DS Lite
Leikjatölvan vinsæla.
Frábært leikjasafn.
Jólaverð kr.: 16.900.
CELESTRON
CELELSTRON 60AZ
Stjörnusjónauki.
Jólaverð kr.: 9.900.
Pioneer
PIONEER DV393K
Vandaður DVD Spilari.
Jólaverð kr.: 11.900.
OLYMPUS
OLYMPUS mju 740
Stafræn myndavél. 7,1 milljón pixlar.
Jólaverð kr.: 33.900.
Pioneer
HEIMABÍÓ
Nýtt módel 2006/2007
Jólaverð kr.: 49.900.
Hér sérðu mestu gæðin!
Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU Í PLASMA-SJÓNVÖRPUM
PIONEER PDP-4270XD
42” PLASMA sjónvarp
Það flottasta á markaðnum!
Verð kr.: 359.900.
HD ready
QONIX
QONIX RDA-4730
Ferðatæki - útvarp, CD og segulband.
Jólaverð kr.: 5.990.
HD ready
LOEWE.
LOEWE Xelos SE
HÁGÆÐA 32” LCD SJÓNVARP
Jólaverð: 219.900.
SHARP
SHARP LC32GA9E
HÁGÆÐA 32” LCD SJÓNVARP
Verð kr.: 199.900.
HD ready
HD ready
SAMSUNG
SAMSUNG LE32M51BX
HÁGÆÐA 32” LCD SJÓNVARP
Jólaverð kr. 159.900.
HÁTÍÐ ER Í BÆ!
ORMSSON
WWW.ORMSSON.IS
ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI · SÍMI 456 4751
MODEL-AKRANESI · SÍMI 431 3333
ÁRVIRKINN-SELFOSSI · SÍMI 480 1160
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



**MÆÐGUR SYRGJA** Radhika Ganeshbala grætur sáran í Trincomalee á Srí Lanka eftir að hún missti eiginmann sinn, sem var skotinn á fjölfarinni götu í borginni. Í fangi hennar situr þriggja ára dóttir þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Framsókn í Norðaustur:

# 22 sækjast eftir sæti á listanum

**STJÓRNMÁL** Tuttugu og tveir sækjast eftir að skipa sæti á lista Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi í alþingiskosningunum í vor.

Valið verður á listann á tvöföldu kjördæmisþingi 13. janúar. Framsóknarflokkurinn fékk fjóra þingmenn kjörna í kjördæminu í síðustu kosningum, þau Valgerði Sverrisdóttur, Jón Kristjánsson, Dagnýju Jónsdóttur og Birki Jón Jónsson. Jón og Dagný sækjast ekki eftir endurkjöri.

Valgerður Sverrisdóttir sækist ein eftir fyrsta sætinu en nokkrir stefna á annað sætið, þar á meðal Birkir Jón. - bþs

**ÞAU GEFA KOST Á SÉR**

**1. sæti**
Valgerður Sverrisdóttir, Grýtubakkahreppi
**2. sæti**
Birkir Jón Jónsson, Siglufirði, Fjallabyggð
Logi Óttarsson, Eyjafjarðarsveit
**2.-3. sæti**
Huld Aðalbjarnardóttir, Kópaskeri, Norðurþ.
Jón Björn Hákonarson, Neskaupstað, Fjarðab.
**2.-5. sæti**
Viðir Benediktsson, Akureyri
**3. sæti**
Anna Kolbrún Árnadóttir, Akureyri
Hjörleifur Hallgríms, Akureyri
Höskuldur Þór Þórhallsson, Akureyri/Reykjav.



**JÓN OG DAGNÝ** láta af þingmennsku í vor.

**3.-4. sæti**
Ólafur Niels Eiríksson, Fáskrúðsfirði, Fjarðab.
Vigdís M. Sveinbjörnsd., Egilsst., Fljótsdalsh.
**4. sæti**
Sigfús Karlsson, Akureyri
**4.-5. sæti**
Gísli Þór Briem, Reyðarfirði, Fjarðabyggð
Húni Heiðar Hallsson, Akureyri
**5. sæti**
Alex Stefánsson, Akureyri
Kristján Þór Magnússon, Húsavík, Norðurþ.
Stefán Bogi Sveinsson, Egilsstaðir/Reykjavík
**5.-6. sæti**
Ragnar Bjarnason, Laugum Reykjad.l, Þing.
**5.-7. sæti**
Hermann Einarsson, Siglufirði, Fjallabyggð
**5.-8. sæti**
Hafliði Jósteinsson, Húsavík, Norðurþingi
**5.-10. sæti**
Borghildur Sverrisdóttir, Vopnafirði
**8. sæti**
Þórey Birna Jónsdóttir, Borgarfirði eystra



**BANTZ J. CRADDOCK** Tekur við af James L. Jones. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Atlantshafsbandalagið:

# Nýr yfirmaður er tekinn við

**STUTTGART, AP Bandaríski herforinginn Bantz J. Craddock tók á mánudag við stöðu yfirmanns Atlantshafsbandalagsins í Evrópu af öðrum bandarískum herforingja, James L. Jones. Jafnframt verður Craddock æðsti yfirmaður herafla bandalagsins.**

Craddock er fyrrverandi yfirmaður herstöðvar Bandaríkjanna við Guantanamo á Kúbu og bar sem slíkur ábyrgð á rekstri fangabúðanna þar. Hann var einnig hernaðarráðgjafi Donalds H. Rumsfeld, fráfarandi varnarmálaráðherra Bandaríkjanna.

Ísland mun, eins og önnur Natóríki, heyra undir hans stjórn. - gb

# Sænska leiðin reynist best

**Ekki liggur enn fyrir íslensk aðgerðaáætlun gegn mansali þó að ríkisstjórnin hafi skuldbundið sig til að samþykkja slíka áætlun fyrir árslok 2005. Dönsk baráttukona segir að Íslendingar geti sett lög gegn mansali og vændi. Hún segir reynast vel að gera kaup á vændi refsiverð líkt og gert hefur verið í Svíþjóð.**

**KYNFERÐISOFBELDI** „Íslendingar hafa möguleika á því að gera ekki sömu mistök og við höfum gert í Danmörku og hinum norrænu löndunum. Þegar Danir breyttu lögunum sínum árið 1999 höfðum við refsað konum í vændi í meira en fimm hundruð ár. Við héldum að við værum að gera rétt þegar við héldum því óbreyttu,“ segir Dorit Otzen, dönsk baráttukona gegn vændi.

Dorit var hér á landi á vegum Stígamóta í gær og fjallaði um reynsluna á hinum Norðurlöndunum í Norræna húsinu. Hún greindi frá rannsóknum sem gerðar hafa verið síðustu áratugi og talaði gegn útbreiðslu vændis. Hún fór líka í fyrradag á fund allsherjarnefndar Alþingis ásamt konum frá Stígamótum til að minna nefndina á að enn liggur ekki fyrir íslensk aðgerðaáætlun gegn mansali, en ríkisstjórnin skuldbatt sig til þess að samþykkja slíka áætlun fyrir árslok 2005.

Dorit hvetur Íslendinga til þess að læra af reynslu hinna norrænu þjóðanna og gera kaup á vændi refsiverð. Hún bendir á að Svíar hafi gert þetta með góðum árangri. „Þegar við Danir breyttum lögum okkar árið 1999 sáum við ekki inn í framtíðina og vissum ekki að landamæri myndu opnast. Við sáum ekki fyrir að þúsundir fátækra kvenna myndu fara í vændi í löndum okkar. Með því að loka augunum samþykktum við kynferðislegt þrælahald í þessum löndum,“ segir hún.



**BARÁTTUKONA GEGN VÆNDI** „Við sáum ekki fyrir að þúsundir fátækra kvenna myndu fara í vændi í löndum okkar,“ segir danska baráttukonan Dorit Otzen. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hvorki Danir né Norðmenn hafa gert vændiskaup refsiverð en í þessum löndum hefur vændi snaraukist síðustu árin. Svíar hafa hins vegar gert það og segir Dorit að ástandið sé miklu betra í Svíþjóð. Lagasetningin í Svíþjóð hafi svo haft góð áhrif í Finnlandi þar sem þeir sem stunda vændi fari einkum í gegnum Svíþjóð til að komast til Finnlands.

Dorit segir að vændiskonur séu yfirleitt erlendar. Í Danmörku og Noregi séu þær oftast afrískar, gjarnan frá Nígeríu. Hún segir að norrænar konur fari ekki í vændi því að þær hafi menntun og búi við allt aðrar aðstæður en erlendu konurnar sem standi yfirleitt verr að vígi.

„Ég veit að þið Íslendingar kallið súludans og aðra vændistengda starfsemi list en þetta er ekki list. Þetta er vændi. Íslendingar geta lýst því yfir að vændi sé ekki samþykkt hér. Þið getið sett lög gegn mansali og vændi ef þið hafið áhuga,“ segir hún og ráðleggur Íslendingum að fara í herferð gegn vændi og ræða hvers konar þjóðfélagi þeir vilji búa í. ghs@frettabladid.is


**Hvernig á að uppfæra í Windows Vista og Office System 2007?**

**Námsstefna TM Software**

**Holtasmára 1, Kópavogi**

**Fimmtudaginn 7. des. Kl. 15-17**

Windows Vista

Office

TM Software

Microsoft

Nýjustu afurðir Microsoft; Windows Vista og Office System 2007, koma senn á markað. Um er að ræða brautryðjandi nýjungar frá Microsoft, en Windows Vista er án nokkurs vafa byltingarkenndasta útgáfa stýrikerfisins síðan Windows 95 kom á markað. Gildir þá einu hvort um er að ræða öryggi eða upplýsingaleit. Með tilkomu Vista verður Windows notendavænna en nokkru sinni áður.

En Microsoft gjörbylti ekki aðeins stýrikerfi sínu því jafnframt kemur á sama tíma á markað ný og breytt útgáfa af Office hugbúnaðarvöndlinum; Office 2007, sem inniheldur nú að auki þær vörutegundir Microsoft sem merktar eru Office. Má þar nefna SharePoint, InfoPath og Office Communication Server.

**Hagsmunir fyrirtækjanna**
Það er afar mikilvægt að fyrirtæki hugi að ofangreindum nýjungum sem fyrst. Þess vegna stendur TM Software fyrir námsstefnu fimmtudaginn 7. desember frá kl. 15 til 17 í höfuðstöðvum sínum við Holtasmára 1 í Kópavogi.

Komdu á námsstefnu TM Software. Ráðgjafar okkar hafa kynnt sér Windows Vista og Office System 2007 afar ítarlega og á námsstefnunni munu þeir miðla sýn sinni á hvernig standa ber að uppfærslunni. Jafnframt munu fyrirlesarar frá TM Software og Microsoft Íslandi fjalla um þann ávinning sem að þeirra mati hlýst af innleiðingu nýju útgáfanna.

Aðgangur er ókeypis.

Ekki missa af þessu tækifæri. Komdu á námsstefnu TM Software.
**Sendu póst á info@tm-software.com**
Við hlökkum til að sjá þig.




**MENGUNARSKÝ** Borgarbúar urðu varir við mikla mengun í gær sem lagðist eins og gul slikja yfir borgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mikil mengun í Reykjavík:

# Gul slikja lá yfir Reykjavíkurborg

**MENGUN** Þessi sýnilega mengun stafaði aðallega af útblæstri bíla að sögn Lúðvíks Gústafssonar, deildarstjóra Mengunarvarna hjá umhverfissviði Reykjavíkurborgar. Svifryk er ósýnilegt nema í sérstaklega slæmum tilvikum.

Engin viðvörun var gefin út þar sem auknum vindi var spáð síðar um daginn. Fyrir stuttu gáfu Mengunarvarnir út viðvörun vegna mikils magns svifryks í andrúmsloftinu þegar það fór yfir 300 míkrógrömm á rúmmetra. Í gær fór magn svifryks í andrúmsloftinu mest í 240 míkrógrömm á rúmmetra að sögn Lúðvíks.

Lúðvík segir logn og þurrk helst orsaka sýnilega mengun á borð við þá sem varð í gær. - sdg

# HONDA
The Power of Dreams



# Skemmtilega **stór** Jazz
# á Honda-litlu verði

Miðað við bílasamning hjá SP-Fjármögnun í 84 mán. og 35% útborgun.







Honda Jazz 1,4 stiglaus sjálfskipting,
83 hestöfl, full búinn, verð aðeins:

**16.080** kr. á mánudi

**1.769.000** kr.

Honda Jazz 1,4 beinskiptur,
83 hestöfl, full búinn, verð aðeins:

**15.171** kr. á mánudi

**1.669.000** kr.

## Honda Jazz er fjölnotabíll með ríkulegan staðalbúnað

Honda Jazz er skemmtilega stór bíll sem býður upp á svo marga möguleika að það er alveg sama hvort þú ert að snattast í innkaupum, ferja fjölskylduna eða flytja vörur – Honda Jazz hentar frábærlega. Honda Jazz er glæsilega hannaður fjölnotabíll á verði smábíls. Honda Jazz býður ríkulegan staðalbúnað og lausnir t.d. töfrasæti, 5 gíra beinskiptingu eða 7 þrepa sjálfskiptingu, tölvustýrða loftkælingu, rafdrifnar rúður og spegla, upphitaða spegla og geislaspilara. Honda Jazz er einn sparneytnasti bíllinn á markaðnum en er engu að síður kraftmikill og snöggur. **En umfram allt, Honda Jazz er skemmtilega stór og áreiðanlegur fjölnotabíll á Honda-litlu verði.**

honda.is

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535



**LEITAR TVEGGJA DÆTRA** Miguel Reglos heitir þessi maður sem heldur á mynd af dætrum sínum tveimur, sem er saknað. Hann situr þarna ásamt öðru fólki sem missti ættingja sína í borginni Legazpi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Aurinn færði allt í kaf

**FILIPPSEYJAR, AP** Durian nefndist fellibylurinn sem reið yfir Filippseyjar á fimmtudaginn var. Óttast er að meira en þúsund manns hafi farist þegar aurskriður úr eldfjallinu Mayon færðu heilu þorpin í kaf.

Gloria Macapagal Arroyo, forseti landsins, kom til hamfarasvæðanna í gær og sagði að björgunarstarf yrði eflt til muna. Bæði verði leitað áfram að fórnarlömbum hamfaranna og einnig þurfi að huga að sjúkum og hungruðum sem safnast hafa saman á nokkrum stöðum.

Meira en milljón manns á austanverðum eyjunum urðu fyrir barðinu á hamförunum og eyðileggingin varð enn meiri þar sem fjölmargir skýstrokkar mynduðust nálægt miðju fellibylsins.

Kona nokkur sagði forsetanum frá því að hún hefði séð eiginmann sinn og son fjúka burt eftir að þeir féllu fram af þaki.

Á aðeins hálfum sólarhring varð rigningin 466 millimetrar og þetta gífurlega úrhelli leysti úr læðingi heilu tonnin af sandi og gjósku úr hlíðum eldfjallsins.

Nærri þriðjungur af kókostrjánum, sem eru aðaltekjulind fólksins á hamfarasvæðinu, eyðilögðust með öllu og þau tré sem eftir eru þurfa þrjú ár til þess að jafna sig.

Fernando Gonzales, ríkisstjóri í Albay, héraðinu sem varð einna verst úti, sagði hamfarirnar hafa komið fólki gjörsamlega á óvart því fólk hafi ekki reiknað með svona gífurlegum flóðum og aurskriðum. Þess vegna hafi fólk haldið sig heima við þangað til það var orðið of seint.

„Við munum í rauninni aldrei ná okkur eftir þetta,“ sagði hann. „Í hvert einasta skipti sem við höfum jafnað okkur, þá gerist nákvæmlega það sama aftur.“ **- gb**









**AURINN VALL YFIR ALLT** Biðskýli er þarna að mestu komið á kaf og aðeins lítill hluti af bogahliði stendur upp úr eðjunni sem færði þorpið Maipon í kaf. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**BJARGAÐI ÞVÍ SEM BJARGAÐ VARÐ** Þessi maður í Giunobatan flytur á vagni allt sem bjargaðist af eigum hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Vaxtalaus jólatilboð

## Öll húsgögn fást á vaxtalausum kjörum

Eingöngu fáanlegt í Smáralind og í heimilisvörudeild Hagkaupa Akureyri






### DINAMICA RÚM

| Rúmstærð | verð áður | verð nú | ÞÚ SPARAR |
|---|---|---|---|
| 90 x 200 | ~~31.080.-~~ | 25.900.- | 5.180.- |
| 120 x 200 | ~~43.080.-~~ | 35.900.- | 7.180.- |
| 150 x 200 | ~~55.080.-~~ | 45.900.- | 9.180.- |

### IMPERIAL RÚM

| Rúmstærð | verð áður | verð nú | ÞÚ SPARAR |
|---|---|---|---|
| 90 x 200 | ~~67.080.-~~ | 55.900.- | 11.180.- |
| 120 x 200 | ~~82.680.-~~ | 68.900.- | 13.780.- |
| 150 x 200 | ~~98.280.-~~ | 81.900.- | 16.380.- |
| 180 x 200 | ~~119.880.-~~ | 99.900.- | 19.980.- |

### ESTELLA RÚM

| Rúmstærð | verð áður | verð nú | ÞÚ SPARAR |
|---|---|---|---|
| 120 x 200 | ~~110.760.-~~ | 92.300.- | 18.460.- |
| 150 x 200 | ~~132.600.-~~ | 110.500.- | 22.100.- |
| 180 x 200 | ~~159.120.-~~ | 132.600.- | 26.520.- |




**Leðursófi** 3ja sæta 8065




**Leðursófi** 3ja sæta 8052




**Leðursófi** 3ja sæta 7251




**Púðahornsófi** 2+h+2 Paris




**Leðurhornsófi** 2+h+2 Roma




**Leðurhornsófi** 1+2+1 M75




**Bycast sófasett** 3+1+1 Roma




**Bycast sófasett** 3+1+1 Nice




**Leðursófasett** 3+1+1 3217

* Allt að 26.970.- sparnaður af stökum relax stólum

Gildir til 13. desember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## „ORÐRÉTT“

### *Gott að vera gamall*

**„Það er einhver misskilningur að rukkuð sé há leiga.“**

ÁSGEIR INGVASON, FRAMKVÆMDARSTJÓRI SJÓMANNADAGSRÁÐS, ÚTSKÝRIR HVERS VEGNA ÍBÚAR Á HRAFNISTU ÞURFA AÐ BORGA TÍU MILLJÓNIR FYRIR ÍBÚÐINA OG 100.000 KRÓNA MÁNAÐARLEIGU ÞAR AÐ AUKI.

**Blaðið, 5. desember**

### *Hollt að lesa*

**„Tíðni offitu er hærri í hverfum þar sem menntunarstig foreldra barna er lágt en í hverfum þar sem menntunarstig er hærra.“**

ÚR KÖNNUN RAGNHEIÐAR ÓSKAR ERLENDSDÓTTIR HJÚKRUNAFRÆÐINGS UM ÞYNGD ÍSLENSKRA BARNA.

**Fréttablaðið, 5. desember**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SIGTRYGGUR BALDURSSON MAJÓNESMEISTARI

## *Syngur um samkynhneigð jólatré*



„Ég er að flísaleggja gólfið í húsi í Kópavoginum sem ég og fjölskyldan fluttum inn í í vor,“ segir Sigtryggur Baldursson, trommari og kalýpsólistamaður, í spurðum fréttum. Hann gerir þó ýmislegt annað en að flísaleggja gólf, því hann hefur einnig flísað til kalypsósmelli frá Karíbahafinu sem Bogomil Font á plötunni „Bananalýðveldið.“ Nýjasta plata Bogomils nefnist Majónesjól og er nýkomin út. „Við erum að reyna að heiðra gömlu íslensku jólasveinana með prakkaraskap, þarna er til dæmis fyrsta samkynhneigða jólalagið sem fjallar um jólatré sem kemur út úr skápnum. Við höldum jólaveislu á Domo á laugardag klukkan 23 þar sem Bogomil og Sammi munu spila smekklaus jólalög og mögulega mun stórsveitin stíga á svið.“ Allir eru velkomnir og mun jafnvel hinn síupptekni Sigtryggur láta sjá sig. „Ég er að hljóðvinna stuttmyndina Fencing, sem fjallar um girðingu, og gera tónlist fyrir myndina Iceland's Favorite Places ásamt Ben Frost, en við spilum reglulega saman. Svo er ég að vinna að nýjum Steintryggsupptökum.“ En er ekki hætta á að hlutirnir ruglist saman í annríkinu, til dæmis að Bogomil verði sendur í flísalagnir? „Bogomil er svo mikil prímadonna, hann gerir ekkert án þess að vera með kampavínsglas í hönd,“ segir flísaleggjarinn Sigtryggur.

## FURÐULEG TUNGUMÁL

### ENGINN VEIT HVAÐAN FINNSKAN KEMUR



✦Finnska er náskyld eistnesku og fjarskyld ungversku. Til málaættarinnar teljast einnig Samatungumálin. Finnskar mállýskur eru talaðar í sumum héruðum Norður-Svíþjóðar og nefnast þar mienkieli (málið okkar) og í Norður-Noregi og nefnast þar kvenska. Enginn veit hvaðan Finnó-úgrísku málin koma, en þau eru líklega ættuð frá Úralfjöllum. Minnst notaða tungumál ættarinnar er lívónska, sem aðeins tíu manns tala.

## SJÓNARHÓLL

### ÚTLENDINGAR Á ÍSLANDI



**HELGI VILHJÁLMSSON**
Oft kenndur við Góu.

## *Forgangsröðunin skrítin*

Helgi Vilhjálmsson, oft kenndur við sælgætisgerðina Góu í Hafnarfirði, telur jákvætt að svo mikið erlent vinnuafl hafi komið til Íslands og segir margt af þessu fólki duglegt og margt af því að læra fyrir Íslendinga sem allir séu komnir með ístruna út í loftið.

Hann telur að málefnum útlendinga sé undarlega hagað og ekki sama hver er. Sér virðist til dæmis að íþróttahreyfingin sé á sérsamningi og megi flytja inn fólk hvaðan sem er á meðan aðrar og stífari reglur gilda um aðra.

Helga finnst synd að duglegum og góðum vinnukrafti sé vísað úr landi þó að þetta fólk sé búið að vera hér í eitt eða tvö ár og hafi reynst vel á þeim tíma og skilað sínum sköttum til samfélagsins. Ekki sé alltaf einfalt að fást við yfirvöld.

Helgi telur margt undarlegt vera í framkomu yfirvalda gagnvart útlendingum og honum finnst forgangsröðunin skrítin. Lögreglan sé kannski send af stað þó að það erindi sé til umfjöllunar hjá yfirmanni hennar, dómsmálaráðuneytinu, sem gæti framlengt dvalarleyfi fólksins í landinu.

# Afi var byltingarsinnaður rakari

**Anna Saari kennari í Brúarholtsskóla flutti til Íslands frá Bandaríkjunum þegar hún var þrettán ára. Hún átti gamla mynd af finnskum afa sínum, en amma hennar var ávallt fámál um hvað af honum hafði orðið. Á ferðalagi til Finnlands komst Anna á snoðir um fjölskyldusögu sem er í meira lagi viðburðarík.**

„Ég fór til Turku í Finnlandi fyrir 20 árum, og setti þá myndina af afa í bæjarblaðið þar. Nokkrum mánuðum síðar gaf maður að nafni Mauri Kivela sig fram og sagðist þekkja fólkið á myndinni. Amma mín, sem hét líka Anna, var ein tólf systkina, en Mauri var afkomandi þeirra sem urðu áfram í Finnlandi. Mauri fékk gríðarlegan áhuga á ættfræði, og lagðist í rannsóknarvinnu til að komast að því hvað hafði orðið af fjölskyldunni. Meðal annars skoðaði hann gamlar skipaskrár og kirkjubækur.“

Það kom á daginn að afi Önnu, Elis Saari, hafði farið í rakaranám til Bandaríkjanna árið 1910 og þar gerst sósíalisti. Eftir að hann sneri aftur heim braust borgarastríðið í Finnlandi út, og var rakarastofa



**FINNSKA BORGARASTRÍÐIÐ** Stóð í þrjá og hálfan mánuð og kostaði 37.000 manns lífið

hans notuð sem yfirskyn til að smygla inn vopnum frá Rússlandi. „Afi minn var rauðliði og vopnasmyglari,“ segir Anna og hlær.

Hvítliðar náðu yfirhöndinni í stríðinu þrátt fyrir bestu tilraunir Elisar og félaga hans, og svo fór að Elis var tekinn af lífi.

„Afa var stillt upp við vegg og amma þorði ekki að vera í Finnlandi lengur. Hún flúði til Bandaríkjanna ásamt tveggja ára syni sínum og meira og minna afneitaði uppruna sínum.“ Sum systkini ömmu Önnu flúðu til Kanada og Rússlands í stríðinu, en önnur urðu eftir í Finnlandi. Til þeirra sem flúðu til Rússlands hefur ekkert meira spurst.

Saari-fjölskyldan bjó um sig í Flórida, og svo fór að pabbi Önnu, Lëë Elis Roi Saari, gerðist flugmaður fyrir Pan-Am flugfélagið. „Í ferð til Íslands kynntist hann svo móðir minni, Rannveigu Steingrímsdóttir.“ Rannveig fluttist til Flórida, og eignuðust þau börnin Önnu og bróðir hennar Þór Saari, sem er nú hagfræðingur hjá Lánasýslu ríkisins. „Foreldrar okkar ákváðu í raun aldrei hvort við ættum að læra íslensku eða finnsku, þegar var rætt um einhver leyndarmál talaði pabbi finnsku og mamma íslensku.“ Hjónin skildu í lok sjöunda áratugsins og flutti þá Rannveig til Íslands með börnin og hóf að vinna hjá Tryggingu. Anna hét þá Beverly Ann Saari en þurfti að breyta um nafn. „Mér var sagt að ég þyrfti að breyta um eftirnafn líka, og tók þá út í bláinn Anna Berglind Sveinsdóttir, til að halda að minnsta kosti réttum upphafsstöfum. En á sama tíma kom Vladimir Azkhenazy til landsins og þeir breyttu lögunum fyrir hann. Ég heiti því Anna Beverly Saari í dag, og sumir kalla mig Bellu.“

Anna hefur einu sinni komið til Finnlands, og var það þá sem hún setti myndina í blaðið og kynntist frænda sínum Mauri. Erlendar rætur hennar búa þó enn í henni. „Ég er ekki nýbúi heldur fjölmenningarbúi,“ segir hún.



**ANNA SAARI KENNARI** Hefur búið á Íslandi síðan hún var 13 ára en er af finnskum byltingamannaættum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ELIS SAARI** Fór í rakaranám til Bandaríkjanna og kom aftur sósíalisti. Þetta er myndin sem var birt í finnsku bæjarblaði og leiddi til þess að Anna komst að því hvað varð um afa sinn.


# Morgunverður frá kl. 9:00 - 11:00

mánudaga - laugardaga



195,-

2 rúnstykki, 1 egg, skinka, ostur, smjör, sulta og heitur drykkur

IKEA

IKEA Restaurant & Café

Þú átt allt gott skilið!

© Inter IKEA Systems B.V. 2006


# Þjóðhátíðardagar Norðurlanda

Finnar eru um margt óheppnir með þjóðhátíðardag sinn, en þann 6. desember 1917 fengu þeir sjálfstæði frá Rússum. Ekki aðeins fylgdi blóðug borgarastyrjöld í kjölfarið, heldur er dagurinn á þeim árstíma að skrúðgönguhald er með öllu ómögulegt.

Af þessum ástæðum halda Finnar upp á þjóðhátíðardag sinn með öðrum hætti en við eigum að venjast. Blá og hvít kerti eru sett út í glugga, hinna föllnu er minnst, og svo setjast allir niður fyrir framan sjónvarpið og horfa á móttöku í forsetabústaðnum í beinni útsendingu. Þar kemur finnska elítan saman í sínu fínasta pússi og mikið er um það rætt næstu daga hver var í hverju og með hverjum, eins og um Óskarsverðlaunaafhendingu væri að ræða.

Íslendingar voru álíka óheppnir í fyrstu, lítið var um hátíðahöld þann 1. desember árið 1918 vegna veðurs og spænsku veikinnar. En nýr og betri hátíðardagur var fundinn á heppilegri og skrúðgönguvænni árstíma, þann 17. júní 1944, með sjálfstæðisyfirlýsingunni.

Norðmenn halda upp á sinn þjóðhátíðardag að vori til þann 17. maí, og hafa gert í næstum 200 ár, sem er afrek hjá þjóð sem hefur ekki verið sjálfstæð nema í 101 ár. Hátíðardagurinn miðast við það þegar Norðmenn fengu sjálfstæði frá Dönum og sína fyrstu stjórnarskrá árið 1814, en lentu jafnóðum undir Svíum, og við þá losnuðu þeir fyrst 7. júní 1905.



**NORÐMENN** Vegnar vel lausir undan oki Svía og Dana.

Þjóðhátíðardagur Svía er hins vegar 6. júní. Á þeim degir er þess minnst að Gústaf Vasa var valinn konungur árið 1523 og losnaði landið þá undan Dönum, en lítið er um hátíðarhöld og var dagurinn fyrst opinber frídagur á síðasta ári.

Danir hafa, með hléi árin 1940-45, verið sjálfstæðir svo langt aftur sem sögur þekkjast, og eru líklega með elsta þjóðfána í heimi. Þeir hafa ekki þjóðhátíðardag en halda upp á lýðræði sitt á stjórnarskárdaginn þann 5. júní. Fyrsta stjórnarskrá landsins tók gildi þann dag árið 1849 og var einveldinu þar með aflétt. Eru Danir því eina Norðurlandaþjóðin sem fagnar því að hafa fengið sjálfstæði frá sjálfri sér. **- vg**



Sambandshangikjötið er komið í Bónus - NÚ MEÐ 35% AFSLÆTTI
og ALI hamborgarhryggirnir - nú með 30% AFSLÆTTI!
HAMBORGARHRYGGUR m/beini
KÍLÓVERÐ NÚ:
1189 KR.
Merkt verð 1698KR.
ÚRBEINAÐUR HANGIFRAMPARTUR
KÍLÓVERÐ NÚ:
1136 KR.
Merkt verð 1748KR.
ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
KÍLÓVERÐ NÚ:
1396 KR.
Merkt verð 2148KR.
30% afsláttur við kassann
HAMBORGARHRYGGUR beinlaus
KÍLÓVERÐ NÚ:
1539 KR.
Merkt verð 2198KR.
Sambands Hangikjötið
35% afsláttur við kassann
Ali
Stemningin er í Bónus!
bonus.is
Svört/silfur Rustic kerti
Kerti svart/silfur
259 KR.
RUSTIC GÆÐI
Vinsælustu kertin í Bónus!
Blandaðir ávextir 370g
370g/500g
298 KR.
ÁVEXTIR Í TRÉKASSA
Gráfíkjur 500g
Lífsstíls konfekt
Ferskar og safaríkar döðlur
650g kassi
Saftige Dadler
Sjáðu verðið!
650g
259 KR.
FERSKAR DÖÐLUR
Sænsk jólapylsa
KÍLÓVERÐ NÚ:
599 KR.
Merkt verð 799KR.
Jóla pylsa
Hvítlauk síld
Marineruð síld
600g
259 KR.
Bónussíld
Sinneps síld
Krydd síld
FRAMPARTUR MEÐ BEINI
KÍLÓVERÐ NÚ:
679 KR.
Merkt verð 799KR.
LANGVINSÆLASTA hangikjötið í Bónus!
Frosin jarðarber 1 kg
Jarðarber 1 kíló
198 KR.
EURO SHOPPER
Bónus býður betur!
EKKERT BRUÐL
Úrbeinað hrossasaltkjöt
KÍLÓVERÐ NÚ:
441 KR.
Merkt verð 679KR.
35% afsláttur við kassann
Beinlaust hrossasaltkjöt
1 lítri trönuberjasafi
198 KR.
Florida
HÁLFT KÍLÓ AF LAKKRÍSKONFEKTI fylgir hverri Coca-Cola kippu!
Coca-Cola light
Með þér um jólin!
KAUPAUKI
MEÐ 2L KIPPU AF
PÓLSKAR PYLSUR
KÍLÓVERÐ NÚ:
719 KR.
Merkt verð 899KR.
Pólskar pylsur
Kaupauki!
www.bonus.is
BÓNUS

## Svona erum við

> Meðalþyngd stangveiddra laxa 2005




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** OFFITA

# *Það skiptir máli hvar fitan situr*



Offita er sívaxandi heilbrigðisvandamál. Í nýlegri könnun Ragnheiðar Óskar Erlendsdóttur sem var gerð á árunum 2004-2006 kom fram að um fimmtungur barna á grunnskólaaldri hér á landi er haldinn offitu.

**Hvað er offita?**
Alþjóðaheilbrigðisstofnunin skilgreinir offitu eftir svokölluðum líkamsþyngdarstaðli sem segir til um alvarleika umframþyngdar eftir líkum á fylgikvilla. Hann finnst með því að deila þyngd einstaklings í kílóum með líkamshæð hans í öðru veldi. Það er þyngd(kg)/hæð(m)2. Þegar útkoma þessarar jöfnu er yfir 30 þá telst viðkomandi þjást af offitu.

**Á þessi stuðull alltaf við?**
Líkamsþyngdarstuðullinn er áreiðanleg vísbending um heildarfitumagnið í líkamanum. Stuðullinn er gjaldgengur fyrir bæði karla og konur en hefur þó ákveðnar takmarkanir því hann getur til að mynda ofmetið fitumagnið í þeim sem hafa mikinn vöðvamassa. Að sama skapi getur hann vanmetið það í þeim sem hafa lítinn vöðvamassa, til dæmis eldra fólk.

**Eru aðrar leiðir til að mæla offitu?**
Einnig er hægt að mæla offitu með mittismáli. Þá er meginreglan sú að kviðfita eigi að vera undir 100 sentimetrum hjá körlum en 90 sentimetrum hjá konum.

**Hvaða hættur fylgja offitu?**
Það getur skipt máli hvar fitan situr við að ákvarða hversu hættuleg hún er. Það er mun hættulegra ef hún hleðst á kviðinn og brjóstkassann, heldur en ef hún situr á lærum og rassi. Því ofar sem fitan liggur þeim mun meiri hætta er á hjartasjúkdómum og sykursýki. Þó er er eðlilegt að þyngjast aðeins á fullorðinsaldri og er miðað við eitt til tvö kíló á tíu ára tímabili.

**Hvað er hægt að gera?**
Ef vægi fituforðans er of hátt ætti að draga úr honum til að létta líffærunum lífið og minnka líkurnar á fitutengdum sjúkdómum, til dæmis með aukinni hreyfingu eða breyttu mataræði.

**SPURT & SVARAÐ**
HJÁLPARSTARF

## *Mest að gera í desember*

Mikið er um að fyrirtæki og einstaklingar gefi til hjálparstarfs núna í jólamánuðinum og er Hjálparstarf kirkjunnar ein þeirra stofnana sem reiðir sig á framlög. Jónas Þórir Þórsson er framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar.



**JÓNAS ÞÓRIR ÞÓRISSON** Framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar.

**Hvernig er fé safnað?**
„Fé er fyrst og fremst safnað hjá almenning með frjálsum framlögum. Einnig hafa sóknir og kirkjur lagt okkur lið. Svo höfum við líka fengið fé frá stjórnvöldum til neyðaraðstoðar og þróunarverkefna."

**Hvenær er mest að gera?**
„Fólk kemur til okkar allan ársins hring en það koma flestir í desember. Við sinnum hjálparbeiðnum á öllu landinu. Hægt að leita til okkar í gegnum presta eða félagsmálayfirvöld sem leggja inn umsókn fyrir viðkomandi. En í desember er svo mikill fjöldi sem kemur að þá getur hver einstaklingur sótt um sjálfur. Hægt er að sækja um aðstoð þrisvar á ári."

Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

**Markaðs-rannsóknir í Asíu**

**Kynningarfundur**
Ferðamálastofa gengst fyrir kynningarfundum um markaðsrannsóknir og ferðahegðun í Asíu.
Fyrsti fundurinn verður um niðurstöður rannsókna á ferðamönnum frá í Kína.

Staður: Hótel Nordica
Stund: 8. desember
Tími: 9:00 - 11:00

**Dagskrá:**
- Ávarp Sturla Böðvarsson samgönguráðherra.
- Niðurstöður könnunar, Ársæll Harðarson forstöðumaður markaðssviðs Ferðamálastofu.
- Umræður og fyrirspurnir.
- Fundarstjóri, Magnús Oddsson ferðamálastjóri.

**Fundurinn er öllum opinn og er aðgangur ókeypis.**
**Gestir eru beðnir að skrá sig á**

www.ferdamalastofa.is

Lækjargata 3 | 101 Reykjavík | Sími 535 5500 | Fax 535 5501 | Netfang: upplysingar@icetourist.is
Strandgata 29 | 600 Akureyri | Sími 464 9990 | Fax 464 9991 | Netfang: upplysingar@icetourist.is

# Umhverfisvænni lausnir verði gerðar meira aðlaðandi

**Gróðurhúsaáhrifin hafa sífellt meiri áhrif, en forsjálir Íslendingar geta ef til vill lagt meira af mörkum en við nú gerum í baráttunni gegn vaxandi koltvísýringi í andrúmsloftinu, og það með hagnaði.**



**NICK CAMPBELL** Bráðnauðsynlegt er að gera umhverfisvænni lausnir í orkumálum meira aðlaðandi og efnahagslega FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eftirspurn eftir orku mun aukast um sextíu prósent milli áranna 2002 og 2030. Tveir þriðju hlutar þessarar eftirspurnar mun koma frá þróunarlöndunum og munu fjárfestar leggja allt að sextán billjónir Bandaríkjadala í það að mæta þessari áætluðu eftirspurn. Þetta kom fram í máli Nick Campbell, formanns umhverfisnefndar Evrópusamtaka atvinnulífsins, á morgunverðarfundi Samtaka atvinnulífsins á Grand Hóteli í Reykjavík í gær.

Þessar tölur undirstrika þörfina á því að allar þjóðir heims bregðist sem allra fyrst við sívaxandi gróðurhúsaáhrifum.

En þrátt fyrir góðan vilja gerist oft minna en æskilegt þætti í þessum málum og skemmst er þess að minnast að Bretinn Sir Nicholas Stern kynnti fyrir ráðamönnum heims skýrslu sína um að stórfellt efnahagslegt hrun vegna gróðurhúsaáhrifanna sé fyrirsjáanlegt, ef fram fer sem nú horfir.

Því miður virðist kostnaðurinn við umhverfisvænni orkulausnir oft standa í vegi fyrir fjárfestum og frumkvöðlum.

„Stjórnendur fyrirtækja eru of ragir við að fjárfesta í loftslagsverndun. Hún kostar peninga og hún kostar þá núna, en við munum ekki sjá hagnað af henni fyrr en eftir tuttugu til þrjátíu ár. En það er samt bráðnauðsynlegt að við setjum fé í þetta nú, því annars verður enginn hagnaður," sagði Campbell.

### Nýjar alþjóðlegar áætlanir

Samningurinn sem gerður var í Kyoto árið 1997 og tók gildi árið 2005 hefur reynst verr en vonast var til, þótt lönd Evrópusambandsins standi þar reyndar ágætlega að vígi, að sögn Campbells. En þeim samningi lýkur árið 2012 og er allsendis óvíst hvað við mun taka.

Campbell segist telja að ný áætlun verði gerð, sem mun ekki líkjast Kyoto.

„Þeir munu ef til vill nota sama nafnið, en Kyoto er orðið afar eitrað hvað varðar Bandaríkin. Hvað sem því líður, þá munum við væntanlega sjá miklar breytingar," sagði Campbell.

Hann telur að þessi nýi samningur muni innihalda hnattrænt markaðskerfi með losunarheimildir til langs tíma svo fyrirtæki verði viljugri til að leggja út í þær fjárfestingar sem krafist er í nýrri tækni. Jafnframt er hugsanlegt að reglurnar um losun verði ef til vill mismunandi eftir löndum eða svæðum.



**FRÁ FUNDI** Fólk hlustaði með athygli á ræðu Nick Campbells á fundi Samtaka atvinnulífsins um loftslagsbreytingar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Sérstaða Íslands

Þá verður jafnframt að gera umhverfisvænar orkulindir aðlaðandi fyrir þróunarlöndin.

„Evrópusambandið getur ekki leyst þennan vanda upp á eigin spýtur, þetta er vandi sem allar þjóðir heims verða að vinna að," sagði Campbell og bætti við að þróunarlöndin verði að taka þátt. „En ég get lofað ykkur því að ríkisstjórn Indlands mun ekki ákveða breytingar vegna vanda sem hún kennir Vesturlöndum um, nema hún sjái hag sinn í því. ... Við verðum að fá þróunarlöndin til að samþykkja áætlanir sem þau sjá efnahagslegt vit í og þá mun tæknin sem þau nota verða til þess að þau draga úr mengun."

Hér er nýtt samstarfsverkefni um jarðhita Íslendinga og Kínverja í Xianyang í Kína gott dæmi, að sögn Campbells. Helsti orkugjafi Kína er kol og afar ólíklegt má teljast að Kínverjar hætti að nota kol á næstu áratugum. En sjái Kínverjar að slík lausn sem jarðhiti er sé bæði hentug og fjárhagslega hagkvæm, munu þeir auðvitað leita eftir fleiri slíkum lausnum.

Hátt hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa hér á landi gefur Íslendingum sérstöðu sem þeir geta deilt með öðrum þjóðum, en auk þess telur Campbell að Íslendingar geti nýtt þekkingu sína á ýmsum öðrum sviðum þegar kemur að þessum málum.

Hann tók húsbyggingar og einangrun sem dæmi, en sem gefur að skilja dregur góð einangrun úr þörf á orku til að hita húsin.

„Ísland er kalt land, og þið hafið lært að einangra hús ykkar vel. Þetta er eitthvað sem þið getið deilt með öðrum þjóðum," sagði Campbell.

### Heiður þeim sem heiður ber

Á sama tíma geta fyrirtæki og iðnaður almennt verið stolt af því sem þau hafa lagt fram hingað til, og nefndi Campbell þar neyslugrennri bíla og flugvélar, og minni mengun frá stórum efnaverksmiðjum.

„Maður heyrir oft að fyrirtæki og iðnaður geri ekkert til þess að draga úr gróðurhúsavandanum, en það er algjör þvæla. Í raun eru fyrirtæki og iðnaður sá aðili sem gerir einna mest til að draga úr gróðurhúsaáhrifunum," sagði formaður umhverfisnefndar Evrópusamtaka atvinnulífsins.



FRÉTTASKÝRING
**SIGRÚN MARÍA KRISTINSDÓTTIR**
smk@frettabladid.is


Arctic Trucks jeppamiðstöð
Jólagjafir fyrir ferðafólk!
VIAIR
Loftdælur
margar gerðir
verð frá kr. 10.900
Álbox margar gerðir
verð frá kr. 9.600
Jeppa- og vélsleðahanskar
margar gerðir verð frá kr. 2.690
Jeppa- og
vélsleðagalli
kr. 21.900
Spil og spilvörur
ARCTIC
TRUCKS
Ljóskastarasett margar gerðir
verð frá kr. 14.900
Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | www.arctictrucks.is
ARCTIC
TRUCKS
Renndu til okkar á bílasölusvæðið Kletthálsi

06-0054 KC




43% afsláttur

**1.704** kr/stk. áður 2.990 kr/stk.
Kossar, knús og málið er dautt




43% afsláttur

**2.730** kr/stk. áður 4.790 kr/stk.
Samsæri gegn Bandaríkjunum




43% afsláttur

**3.409** kr/stk. áður 5.980 kr/stk.
Ólafía




43% afsláttur

**2.554** kr/stk. áður 4.480 kr/stk.
Hringur Tankados




43% afsláttur

**2.269** kr/stk. áður 3.980 kr/stk.
Fánýtur fróðleikur um fótbolta




43% afsláttur

**3.414** kr/stk. áður 5.990 kr/stk.
Rikki




43% afsláttur

**6.829** kr/stk. áður 11.980 kr/stk.
Ísland í aldanna rás - 19 - öldin




43% afsláttur

**3.124** kr/stk. áður 5.480 kr/stk.
Út að aka




43% afsláttur

**3.409** kr/stk. áður 5.980 kr/stk.
Skáldalíf




43% afsláttur

**2.155** kr/stk. áður 3.780 kr/stk.
Eragon - Öldungurinn




43% afsláttur

**1.704** kr/stk. áður 2.990 kr/stk.
Burt með draslið




43% afsláttur

**1.134** kr/stk. áður 1.990 kr/stk.
Hollt og ódýrt




43% afsláttur

**1.134** kr/stk. áður 1.990 kr/stk.
Hollt og fljótlegt




43% afsláttur

**1.419** kr/stk. áður 2.490 kr/stk.
Nonnikonni og kúlurnar

H:N markaðssamskipti / SÍA

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 6. desember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is




**1.999** kr/pk áður 2.999 kr/pk.
Esprit dömutoppar




**1.999** kr/pk áður 2.999 kr/pk.
Esprit náttbuxur




Jólaseríur




Jólapappír 6 metrar

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Prinsipp ofar pólitískum metnaði:

## Vilji kvenna

JÓN KALDAL SKRIFAR

Forval Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs á höfuðborgarsvæðinu um síðustu helgi kom lítið á óvart og hefði helst lifað í minningunni vegna dræmrar þátttöku kjósenda, ef ekki hefði komið til athyglisvert útspil Gests Svavarssonar þegar niðurstöður lágu fyrir.

Gestur tók sig sem sagt til og afþakkaði pent en skorinort að vera lyft upp um sæti á framboðslista á kostnað konu, svo hægt verði að uppfylla skilyrði forvalsins um að jafnmargir frambjóðendur af hvoru kyni skipi efstu sæti vinstri grænna fyrir næstu alþingiskosningar.

*Það þarf ekki að rýna mikið í skoðanakannanir til að sjá að konur halla sér frekar að flokkum þar sem kynsystur þeirra eru í áberandi hlutverkum. Sömu heimildir gefa líka vísbendingar um að konur kjósa á öðrum forsendum en karlar.*

Færði Gestur þau rök fyrir afstöðu sinni að ekki veiti af að styrkja stöðu kvenna, ekki síst í ljósi útkomu þeirra í öðrum prófkjörum og uppstillingum annarra flokka.

Erfitt er að leggja út af afstöðu Gests á annan hátt en að hún sé fyllilega eðlileg því lítill vafi leikur á því að reglur VG um fléttulista voru ekki settar til að jafna stöðu kynjanna á framboðslistum flokksins heldur beinlínis til að tryggja að ekki halli þar á konur.

Yfirlýsing Gests er engu að síður ansi röggsöm því með henni hafnar hann sæti sem myndi væntanlega duga til að fleyta honum inn á Alþingi í vor.

Það er alltaf gaman að sjá þegar menn láta ekki persónulegan metnað í pólitík flækjast fyrir sér þegar kemur að prinsippmálum og mættu margir á þeim vettvangi taka Gest sér til fyrirmyndar í þeim efnum. Hann mun örugglega uppskera síðar.

En það er líka önnur hlið á útspili Gests.

Það þarf ekki að rýna mikið í skoðanakannanir til að sjá að konur halla sér frekar að flokkum þar sem kynsystur þeirra eru í áberandi hlutverkum. Sömu heimildir gefa líka vísbendingar um að konur kjósi á öðrum forsendum en karlar. Konum er almennt meira umhugað um umhverfisvernd, málefni fjölskyldunnar og að jafnvægi ríki milli heimilis og vinnu. Reynslan sýnir að þessi svokölluðu mjúku mál fá aukna vigt þegar efnahagsástand er gott og lítil óvissa framundan. Ekki er því óvarlegt að ætla að úrslit kosninganna ráðist að stórum hluta af því hvernig flokkunum tekst að höfða til kvenna.

Yfirlýsing Gests er því klókt mál fyrir vinstri græn svo lengi sem hún verður til að fjölga konum í framvarðasveit flokksins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Afdrifaríkar ræður

Keflavíkurræða Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur um helgina vekur ekki síður athygli en Borgarnesræðan fræga sem hún hélt í aðdraganda síðustu alþingiskosninga. Nú eins og þá er mikilvægt fyrir formann Samfylkingarinnar að ekki sé snúið út úr ræðunni. Við upphaf þingfundar í gær notuðu þingmenn stjórnarflokkanna, Guðjón Ólafur, Sigurður Kári og Guðlaugur Þór tækifærið og sögðu einsdæmi að formaður stjórnmálaflokks héldi því fram að þingflokkurinn nyti ekki trausts. „Ég veit ekki hvort það eigi að hlæja eða gráta,“ sagði Sigurður Kári Kristjánsson. Ingibjörg hefur sjálf lagt áherslu á að þingflokknum sé treystandi, verkefnið nú sé að sannfæra kjósendur um það.



### Útiloka ekki íhaldið

Ingibjörg sat fyrir svörum Svavars Halldórssonar í Silfri Egils á sunnudag. Sagði hún persónur vissulega skipta máli þegar kæmi að stjórnarmyndun. Hún nyti trausts hinna stjórnarandstöðuflokkanna þrátt fyrir eftirmála R-listasamstarfsins. Hún gæti líka fyllilega hugsað sér að starfa með Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur og Geir H. Haarde í ríkisstjórn. Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, sagði í ræðu á flokksstjórnarfundinum að ekki mætti útiloka neinn flokk. „Samstarf við Sjálfstæðisflokkinn getur komið til greina náist fram málefnaleg samstaða og ef viðræður núverandi stjórnarandstöðu leiða ekki til ásættanlegrar niðurstöðu. Þetta þarf að heyrast.“

### Kristín gengin út



Kristín Pétursdóttir, sem hefur stýrt samþættingu Kaupþings og Singer & Friedlander í London, er hætt sem aðstoðarforstjóri þar ytra. Hefur þetta verið tilkynnt starfsfólki bankans. Kristín sóttist eftir að verða forstjóri Kaupþings á Íslandi þegar Ingólfur Helgason var ráðinn í september 2005. Sumarið 2005 seldi Kristín meirihluta hlutabréfa sinna í Kaupþing og fór mánuði síðar til London til að sinna störfum þar. Ármann Þorvaldsson var svo ráðinn forstjóri en hún aðstoðarforstjóri 1. febrúar sl. Kristín hafði starfað hjá bankanum síðan 1997.

bjorgvin@frettabladid.is

# Aðgerðir gegn ofbeldi



MAGNÚS STEFÁNSSON

**Í DAG** | Félagsmálaráðherra skrifar um heimilisofbeldi og aðgerðir ríkisstjórnar.

Í viku hverri berast okkur fréttir af því að ofbeldi hafi verið beitt í samskiptum fólks. Oft tengjast fréttirnar skemmtunum og ofbeldið á sér þá gjarnan stað fyrir opnum tjöldum. Enda þótt ekkert réttlæti beitingu ofbeldis við þær kringumstæður leyfi ég mér að halda því fram að það sé enn alvarlegra þegar ofbeldi á sér stað innan fjölskyldna í skjóli friðhelgi einkalífs. Hér á ég bæði við kynferðisofbeldi og annað ofbeldi sem virðist viðgangast í flestum samfélögum innan fjölskyldna og inni á heimilum. Það er sorglegt en því miður beinist slíkt ofbeldi oftast að konum og börnum.

**Aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar**

Ríkisstjórnin hefur samþykkt ítarlega aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis fyrir tímabilið 2006 – 2011. Hún byggist á margvíslegum aðgerðum sem stjórnvöld munu beita sér fyrir til að sporna gegn ofbeldi á heimilum og kynferðisbrotum sem beinast gegn börnum auk aðgerða til að koma þeim til aðstoðar sem orðið hafa fyrir þess háttar ofbeldi. Frjáls félagasamtök hafa unnið ómetanlegt starf á þessu sviði og segja má að aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar sé að verulegu leyti byggð á fyrirmyndum sem fulltrúar þeirra hafa kynnt fyrir stjórnvöldum. Áætlunin var unnin á vettvangi samráðsnefndar félagsmálaráðuneytis, dóms- og kirkjumálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Ríkisstjórnin hefur samþykkt ítarlega aðgerðaáætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis fyrir tímabilið 2006 – 2011. Hún byggist á margvíslegum aðgerðum sem stjórnvöld munu beita sér fyrir til að sporna gegn ofbeldi á heimilum og kynferðisbrotum sem beinast gegn börnum auk aðgerða til að koma þeim til aðstoðar sem orðið hafa fyrir áðurnefndu ofbeldi.*

**Meginmarkmið áætlunarinnar**

Sett eru fram fjögur meginmarkmið í aðgerðaáætluninni. Tilgreindir eru ábyrgðaraðilar við hverja aðgerð og aðrir sem koma að framkvæmd þeirra. Verklok og tímarammi aðgerða eru tilgreind. Eftirfarandi markmið eru höfð að leiðarljósi:

- Að auka fyrirbyggjandi aðgerðir sem stuðla að viðhorfsbreytingu í þjóðfélaginu og opinni umræðu um ofbeldi gegn börnum og um kynbundið ofbeldi.
- Að styrkja starfsfólk stofnana í því að koma auga á einkenni ofbeldis hjá börnum og kynbundins ofbeldis og koma þolendum til aðstoðar.
- Að tryggja einstaklingum sem eru þolendur ofbeldis á heimili eða kynbundins ofbeldis viðeigandi aðstoð.
- Að rjúfa vítahring ofbeldis með því að styrkja meðferðarúrræði fyrir gerendur.

Um er að ræða efnismikla aðgerðaáætlun sem felur í sér 37 aðgerðir. Þær byggjast á samhæfingu, fræðslu, þjálfun og viðeigandi meðferð eða öðrum nauðsynlegum viðbrögðum. Hverri aðgerð er lýst sérstaklega ásamt tilgangi hennar. Einstökum ráðuneytum hefur verið falin ábyrgð á framkvæmd sérhverrar aðgerðar ásamt því að tilgreindur er tiltekinn tímarammi um framkvæmdina. Ég hvet almenning til að kynna sér áætlunina í heild á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins á vefslóðinni www.felagsmalaraduneyti.is.

**Við viljum árangur**

Ég ítreka það að félagasamtök hér á landi hafa unnið ómetanlegt starf gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi. Þá hafa einstaklingar sem hafa verið beittir slíku ofbeldi gengið fram fyrir skjöldu og greint frá reynslu sinni. Með því hafa þeir opnað umræðuna og aukið skilning samfélagsins á alvarleika ofbeldisins og afleiðingum þess. Fyrir það vil ég þakka.

Ég vil jafnframt undirstrika að þeir sem beita ofbeldi geti leitað sér aðstoðar. Verkefninu „Karlar til ábyrgðar“ sem félagsmálaráðuneytið stendur að er meðal annars ætlað að ráðast að rótum vandans og rjúfa þann vítahring sem beiting ofbeldis getur verið.

Ég legg ríka áherslu á að þeirri aðgerðaáætlun sem nú hefur verið samþykkt verði fylgt eftir og að árangur af henni verði metinn eftir því sem verkefnum og aðgerðum vindur fram. Þeir sem hafa orðið fyrir ofbeldi eiga það svo sannarlega skilið að sem flestir komi þeim til hjálpar. Við viljum sjá árangur og við viljum sjá breytingar.

# Samfylkingin er tilbúin

**UMRÆÐAN**
Stjórnmál



MÖRÐUR ÁRNASON

Yfirlýsing Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur á laugardaginn um að Samfylkingin sé tilbúin – í kosningarnar og í ríkisstjórn að þeim loknum – vekur verðskuldaða athygli. Það eru að vísu aðallega ummæli hennar um þingflokkinn sem gleðja fjölmiðlamenn og stjórnarsinna. Með þeim viðurkenndi formaður Samfylkingarinnar hreinskilnislega að forysta flokksins hefur átt í ýmsum vanda undanfarin ár gagnvart kjósendum. Það var gott hjá Ingibjörgu Sólrúnu að bera þá stöðu okkar saman við erlenda flokka í svipaðri vegferð, bandaríska demókrata að undanförnu, breska Verkamannaflokkinn í hálfan annan áratug fyrir sigurinn 1997, borgarflokkana í Svíþjóð. Stöðug stjórnarandstaða er erfið fyrir stóran flokk og hafi hún sett um of mark sitt á liðsmenn hans getur orðið snúið að ná því trausti kjósenda sem þarf.

Vel má vera að formaðurinn minn þurfi að fá sér betri yfirlesara. Ýmsir hafa nefnilega viljað skilja ræðu Ingibjargar Sólrúnar á þann veg að hún hafi, sjálf og persónulega, verið að lýsa vantrausti á þingflokk Samfylkingarinnar. Hvað það er fráleit túlkun sést í fyrsta lagi á því að Ingibjörg Sólrún er auðvitað hluti af þessum þingflokki, formlega frá sumri 2005, í raun frá áramótum 2003, og í öðru lagi á því að 13 af 20 mönnum í þingflokknum hafa nú breyst í frambjóðendur undir forystu forsætisráðherraefnis flokksins, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur.

Hinsvegar má alveg skilja formanninn svo að þingflokkur og flokksforysta eigi við sjálfan sig góðan hluta af slöku gengi í könnunum. Það er bara mátulegt að verkstjórinn sameini skammir og hvatningu í ræðu sinni yfir okkur fimm mánuðum fyrir kosningar.

Ég tel eins og formaðurinn að við eigum að taka mark á könnunum og leita skýringa hjá okkur sjálfum ekki síður en í ytri aðstæðum. Ég tel eins og formaðurinn að við höfum dregið lærdóma af skilaboðunum. Bæði við stefnumótunina, samanber umhverfisstefnu okkar – Fagra Ísland, og í starfsskipulagi okkar, samanber nýjan þingflokksformann. Ég tek líka eftir því að formaðurinn er að finna fjölina sína fyrir átökin framundan – og það er mjög mikilvægt að einmitt formaðurinn sé í stuði. Við höfum verið að vinna, greina vandann, leysa málin. Við erum tilbúin.

*Höfundur er þingmaður Samfylkingarinnar.*

# Alúð við fólk og fræði

**UMRÆÐAN**
Menntamál

Í Fréttablaðinu 29. nóvember síðastliðinn birtist frétt með fyrirsögninni „Nám KHÍ á menntaskólastigi“. Þar gagnrýnir Eggert Briem, prófessor í stærðfræði við Háskóla Íslands, fyrirhugaða sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Hann bendir réttilega á að tæpur fjórðungur nýnema við KHÍ hafi ekki lokið stúdentsprófi. Það finnst honum ótækt því að HÍ leyfi engar slíkar undantekningar. Eggert virðist þó ekki taka með í reikninginn að stúdentspróf er ekki eini gildi mælikvarðinn á hæfni fólks til háskólanáms þótt það sé vissulega góður og æskilegur undirbúningur. Það er ekki auðvelt að komast inn í KHÍ. Árið 2005 bárust 1.084 umsóknir um nám í grunndeild en 447 voru teknir inn. Umsækjendur sem ekki hafa lokið stúdentsprófi hafa flestir lokið einhverju námi í framhaldsskóla auk þess að hafa starfsreynslu, en það skiptir ekki minna máli í því námi sem fer fram í KHÍ.

Þá segir Eggert: „Þá eru flestir nýnemar KHÍ sem lokið hafa stúdentsprófi af félagsfræðibraut í framhaldsskóla en þar hefur nám í stærðfræði verið skorið niður í nánast ekki neitt. KHÍ hefur engar ráðstafanir gert til að mæta þessu, til dæmis með því að gera lágmarkskröfur um stærðfræðinám eða annað raungreinanám.“ Þessi krafa Eggerts finnst mér skrýtin. Að mínu mati er það eðlilegast fyrir þann sem stefnir að námi í KHÍ, hvort sem það er á grunnskóla-, leikskóla- eða þroskaþjálfabraut, að velja félagsfræðibraut í framhaldsskóla. Þannig fær viðkomandi góðan grunn í greinum eins og sálar-, félags- og uppeldisfræði. Og sá grunnur mun tvímælalaust koma að góðum notum í KHÍ. Það er rétt að það er ekki skylda að taka meira en sex einingar í stærðfræði á félagsfræðibraut í framhaldsskóla. Sé dæminu snúið við má segja að stúdentar af náttúrufræðibraut séu ekki nógu vel undirbúnir fyrir nám í KHÍ þar sem það er einnig bara skylda hjá þeim að taka sex einingar í sálar- og félagsfræði. KHÍ setur þó ekki kröfur um meira nám í félagsvísindum en það.


KOLBRÚN GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR

Eggert segir einnig að nám í kennslugreinum utan kennslufræða nái ekki lengra en í góðum framhaldsskóla. Það er afskaplega ósanngjörn fullyrðing. Til dæmis eru námskeið á stærðfræði-, náttúrufræði- og íslenskukjörsviði grunnskólabrautar á margan hátt sambærileg við námskeið í HÍ þó að nálgunin sé öðruvísi, enda miðast hún við kennslu og nám grunnskólabarnanna.

Einkunnarorð KHÍ eru Alúð við fólk og fræði. Þau endurspeglast í náminu þar sem og inntökuskilyrðum nýnema. Ekki er einblínt á stúdentspróf og raungreinakunnáttu, þótt hvorutveggja skipti vissulega máli, heldur stundar þar nám mjög fjölbreyttur hópur nema með margs konar reynslu og menntun.

*Eggert segir einnig að nám í kennslugreinum utan kennslufræða nái ekki lengra en í góðum framhaldsskóla. Það er afskaplega ósanngjörn fullyrðing.*

Ekki er lagt mat á hvort það sé betra að vera góður í stærðfræði eða mannlegum samskiptum heldur er gengið út frá því að allir séu góðir í einhverju, hæfileikar fólks liggi á mismunandi sviðum og reynt er að nýta þá og láta þá njóta sín. Slík fjölbreytni og mannauður er ómetanlegur í því námi sem stundað er í KHÍ og skilar sér út til samfélagsins með þeim grunnskólakennurum, leikskólakennurum og þroskaþjálfum sem þaðan útskrifast.

*Höfundur er stúdent af félagsfræðibraut Kvennaskólans í Reykjavík og nemi á 3. ári grunnskólabrautar Kennaraháskóla Íslands.*

**AF NETINU**

## Botnvörpubann

**Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra bregst við skrifum í bandaríska dagblaðinu Washington Post.**

Það er alveg ljóst að ákveðin ríki og félagasamtök hafa viljað nýta sér þörfina á að vernda viðkvæm vistkerfi til þess að koma á algeru banni við notkun botnvörpu. Þetta er ekki mjög burðugur málflutningur, enda alveg ljóst að markmiðunum er hægt að ná með öðrum hætti. Það höfum við Íslendingar gert með góðum árangri. Við þekkjum að hér hefur verið efnt til mikillar verndunar á hafsvæðum og strangar reglur eru í gildi sem banna tiltekin veiðarfæri á veiðislóð. Nú er til meðferðar Alþingis, frumvarp sem felur í sér frekari heimildir til banns við veiðum, með það að tilgangi að vernda hafsbotn.

Þess vegna er það aldeilis fráleitt að stilla málum þannig upp, eins og Washington Post gerir, að við Íslendingar séum að vinna gegn verndun á úthöfunum.

**Af www.ekg.is.**


# LITALEIKUR
## Viking og Hagkaupa






VIKING
Guaranteed waterproof footwear
GORE-TEX


7.999 kr
Kuldaskór
st. 28-39


7.999 kr
Kuldaskór
st. 28-39

**Litaleikur VIKING og HAGKAUPA**

Litið myndina vandlega og skilið inn til einhverra af verslunum HAGKAUPA fyrir 14. desember 2006.

Dregið verður úr innsendum teikningum og vinningshafar látnir vita fyrir 21. desember.

Samtals 10 vinningar, VIKING goretex skór, hver vinningur að verðmæti allt að 7.999.-

*Nafn* ______________________
*Sími* ______________________
*Netfang* ______________________

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Nýja SKÁTABÚÐIN
- FERÐAVERSLUN -
Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727

SNJÓBRETTIN KOMIN!
Tilboðsverð!
BARNAPAKKI: 22.995
UNGLINGAPAKKI: 25.995
FULLORÐINSPAKKI: 29.995

Einnig mikið úrval af vetrarfatnaði á frábæru verði



# Á hagfræði við þegar fjallað er um heilsu og heilbrigðismál?

**UMRÆÐAN**
Heilsuhagfræði

Á dögunum var til mín leitað með fullyrðingu um að hagfræði ætti ekki við þegar viðfangsefnið væri heilsa og heilbrigði. Að mínu mati er þetta rangt og vil ég útskýra af hverju.

Fólk er almennt sammála um mikilvægi heilsunnar fyrir einstaklinga og samfélag. Jafnframt sammælast flestir Íslendingar um að allir einstaklingar eigi að hafa aðgengi að góðri heilbrigðisþjónustu. Af þessum sökum telja líklega einhverjir að sjónarmið hagfræðinnar gangi á móti þeim grundvallarhugmyndum sem að framan er getið. Ég tel þó að hafna beri fullyrðingunni og tel hana byggja á ranghugmynd um fræðigreinina hagfræði. Þess vegna er mikilvægt að útskýra í stuttu máli viðfangsefni og forsendur fræðasviðsins.

Mannfólkið er þannig gert að það vill meiri gæði frekar en minni. Vandi liggur hins vegar í því að auðlindir samfélagsins eru ekki óþrjótandi. Hagfræði er vísindagrein sem fjallar um leiðir til að ráðstafa takmörkuðum auðlindum samfélaga. Orðið HAGfræði er lýsandi hugtak því hagfræðingar fjalla um hvernig hagsæld samfélagsins sé hámörkuð. Fræðigreinin skiptist í margar undirgreinar. Heilsuhagfræði fjallar t.d. um ýmsa þætti er varða heilsu. Grunnspurningar hagfræðinnar – hvað skal framleiða, í hvaða magni, fyrir hvern og af hverjum – til þess að hámarka hagsæld samfélagsins, eru ekki síður mikilvægar varðandi heilsu en aðra þætti.

Heilsa er fólki mikilvæg en er þó ekki það eina sem gefur því velferð. Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að markmiðið sé einungis að samfélagsþegnarnir séu sem hraustastir og ekki er alltaf víst að áunnin heilsa sé fórnanna virði. Merki þessa sjáum við oft í hegðun fólks sem kýs sjálft að fórna heilbrigðum lífsháttum fyrir önnur gæði. Dæmi um þetta er óhollt mataræði, hættuleg störf eða lítil líkamshreyfing sem meðal annars kemur fram í ofnotkun á ökutækjum. Sá einstaklingur sem fer fótgangandi til vinnu sinnar, svo dæmi sé tekið, er fyrir þær sakir í betra líkamlegu ástandi og getur vænst lengri og betri lífdaga. En af hverju ganga ekki allir til vinnu sinnar? Jú, ástæðan hlýtur að vera sú að önnur markmið ráði ferðinni; t.d. fleiri stundir í vinnu, þar með auknar tekjur og aukin neysla þeirra gæða sem þarf að greiða fyrir. Einstaklingurinn fórnar þá heilbrigði fyrir ýmis önnur lífsgæði. Tími er hér dæmi um takmarkaða auðlind og einstaklingurinn er sjálfur ekki tilbúinn til þess að fórna þeim tækifærum sem tíminn getur skapað honum á öðrum vettvangi fyrir heilsuna.


TINNA LAUFEY ÁSGEIRSDÓTTIR

Heilsa er treyst með heilbrigðisþjónustu, sem er eitt viðfangsefni heilsuhagfræðinga. Þess er almennt krafist að heilbrigðisþjónusta sé ekki einungis árangursrík, heldur að sem mest fáist fyrir þau verðmæti sem til hennar er varið. Þetta er einmitt ástæða þess að heilsuhagfræði er mikilvæg við ákvarðanatöku í heilbrigðisgeiranum. Hér má t.d. nefna til sögunnar rannsóknir á fjármögnun heilbrigðiskerfisins og heilbrigðistryggingа, rannsóknir á eftirspurn eftir heilbrigðisþjónustu, rannsóknir á markaðsaðstæðum og markaðsbrestum er varða þessa þjónustu, hagkvæmasta magni bólusetninga fyrir samfélagið, muninn á einkareknum og ríkisreknum heilbrigðiskerfum, stærðarhagkvæmni sjúkrahúsa, áhrifum breyttrar aldurssamsetningar þjóða á heilbrigðisútgjöld og svona mætti lengi telja.

Heilsa fólks veltur þó ekki einungis á gæðum heilbrigðisþjónustu. Þess vegna skoða heilsuhagfræðingar einnig aðra þætti á borð við samfélagslega áhrifavalda heilbrigðis. Um þessar mundir beinist mikið af rannsóknum heilsuhagfræðinga að offitu, orsökum hennar og afleiðingum, t.d. á vinnumarkað, lífeyrisjóðsmál og tryggingarmál. Ýmis áhættuhegðun hefur einnig verið heilsuhagfræðingum hugleikin á umliðnum árum. Mikilvægt er t.d. hvað varðar forvarnir í fíkniefnamálum að kunna góð skil á því hvernig einstaklingar bregðast við breyttu umhverfi og hvers konar opinberar ráðstafanir eru líklegastar til þess að hafa áhrif á hegðun einstaklinga.

Viðfangsefnin eru fjölbreytt og krefjast ólíkra úrlausna. Ef bjarga á ákveðnum fjölda lífára má gera það með ýmsum hætti: Ættum við að moka tröppurnar hjá öldruðum í hvert skipti sem snjóar, setja vegrið á helstu umferðaræðar eða skima eftir leghálskrabbameini, svo nokkur dæmi séu tekin? Heilsuhagfræðin hefur leiðir til að svara hvaða aðferð skilar mestum árangri miðað við fyrirliggjandi verðmæti.

Heilsuhagfræði er ung grein á Íslandi og hefur almennt fengið litla umfjöllun hér á landi. Sérfræðinga vantar en viðfangsefnin eru óþrjótandi. Sjálf reyni ég daglega á eigin skinni að þörfin er mikil og óunnin verkefni mörg. Engum blöðum er um það að fletta að hagfræði á svo sannarlega erindi þegar heilsa og heilbrigði eru á dagskrá. Vonandi mun faginu vaxa fiskur um hrygg nú þegar hægt er að læra heilsuhagfræði til meistaragráðu við Háskóla Íslands og sækja námskeið í heilsuhagfræði í gegnum Endurmenntun HÍ. Viðfangsefni í heilbrigðisþjónustu krefjast slíkrar sérmenntunar.

*Höfundur er doktor í heilsuhagfræði og starfar sem sérfræðingur við Hagfræðistofnun H.Í.*

# Hvalir, ernir og jafnvægið á sjó og landi

**UMRÆÐAN**
Lífríkið


ARNÞÓR GARÐARSSON

Hr. ritstjóri. Að undanförnu hafa nokkrum sinnum birst staðhæfingar í blaði yðar sem eru einkennilega öfugsnúnar og varða samskipti manna við aðrar lífverur á landi og í sjó. Ekki skal réttur fjölmiðla til að birta öfugmæli og fréttir af rugludöllum hvers konar dreginn í efa, en mörgum kann að þykja það lágmarkskrafa að blaðamenn geri a.m.k. tilraun til þess að rökstyðja hæpnar fullyrðingar sem þeir birta.

Sem dæmi um ankannalegar skoðanir Fréttablaðsins er nærtækt að benda á leiðara frá 19. október 2006, en þar er því haldið fram að skýr vísindaleg rök séu fyrir því að til sé jafnvægi í lífríki sjávar og þetta jafnvægi sé í hættu ef Íslendingar veiði ekki hvali. Það má vel vera að menn geti fundið einhver pólitísk og sérhagsmunaleg rök fyrir því að Íslendingum megi haldast uppi að veiða hvali, þvert á ríkjandi skoðanir í nágrannalöndum okkar, og þvert á það sjónarmið að hvers kyns útgerð eigi að skila ágóða, og þvert á það sjónarmið að vafasamt sé að stunda starfsemi sem hefur í för með sér áhættu eða tap fyrir aðra atvinnuvegi. Um þetta geta pilsfaldamenn og framsóknarmenn hvers konar haft sínar pólitísku skoðanir (en eins og a.m.k. einn ráðherra benti á, þarf pólitísk ákvörðun ekki að vera rökstudd). Á hinn bóginn er farið út fyrir réttinn til að hafa skoðun, þegar fullyrt er um vísindaleg málefni án þess að slík fullyrðing sé undirbyggð af tilvísunum í einhvers konar rannsóknir þar sem finna má lykil að faglegri umfjöllun um málið. Ritstjóri almennings fréttablaðs getur ekki leyft sér að teygja pólitíska skoðun á þennan hátt. Einhvern veginn á ég ekki von á því að leiðarahöfundur geti fundið gild rök fyrir hugmynd sinni um jafnvægið í sjónum og ætti hann að öðrum kosti að sjá sóma sinn í því að birta leiðréttingu.

Þrátt fyrir fyrrgreindan leiðara, nennti ég ekki að elta ólar við vitleysuna fyrr en í dag að Fréttablaðið birtir smágrein á bls. 20 þar sem vitnað er í bónda austur á Fjörðum undir þremur fyrirsögnum með jafnmörgum leturgerðum: HVAÐ SEGIR ANNA? FUGLALÍF Öfugsnúin fuglavernd. Í þeirri umfjöllun er vitnað meira og minna á ská í viðtal við bónda þennan. Staðhæfingar sem blaðið hefur eftir bóndanum má skilja þannig að

*Á hinn bóginn er farið út fyrir réttinn til að hafa skoðun, þegar fullyrt er um vísindaleg málefni án þess að slík fullyrðing sé undirbyggð af tilvísunum í einhvers konar rannsóknir þar sem finna má lykil að faglegri umfjöllun um málið.*

tvær algengar smáfuglategundir, steindepill og þúfutittlingur, séu nú horfnar með öllu. Hvarf þetta er skýrt þannig að smáfuglarnir hafi týnt tölunni við friðun „arnarins, fálkans og smyrilsins.“ Loks eru tíunduð nokkur baráttumál gegn ýmsum vörgum og látin í ljós einlæg ósk um að „útrýma erninum eða allavega halda honum í skefjum. Það á að hætta að láta örninn unga út.“ Hér er lýst eindreginni skoðun sem hverjum er frjálst að hafa, þótt hún gangi þvert á landslög. Eða er þessi litla frétt kannski eitthvað í ætt við leiðarann frá 19. október?

Reykjavík, 29. nóvember 2006

*Höfundur er prófessor í dýrafræði.*

# Leyndartilburðum hnekkt

**UMRÆÐAN**
Orkuverð

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál komst 10. nóvember sl. að þeirri niðurstöðu að Seyðisfjarðarkaupstað væri skylt að veita undirituðum aðgang að samningum sínum við Íslenska orkuvirkjun vegna virkjunar Fjarðarár. Áður hafði ég ásamt fleirum kært til umhverfisráðherra þá niðurstöðu Skipulagsstofnunar 18. ágúst 2005 að virkjunin þyrfti ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum en án árangurs. Ég er þeirrar skoðunar að ríkar ástæður þurfi að vera fyrir því að undanþiggja framkvæmd sem þessa mati og tel niðurstöðu Skipulagsstofnunar og umhverfisráðherra hafa verið bæði efnislega og lagalega ranga. Þegar síðan var hafnað beiðni minni um að fá í hendur samninga sem gerðir höfðu verið milli kaupstaðarins og virkjunaraðilans um vatnsréttindi og landnot ákvað ég að láta á þá ákvörðun reyna og naut við það traustrar aðstoðar Atla Gíslasonar lögmanns.

**Krafa samningsaðila um leynd**

Rök sveitarfélagsins fyrir synjun voru þau helst að Íslensk orkuvirkjun bannaði að samningarnir yrðu birtir þar eð í þeim væru fjölmörg atriði sem varði fjárhags- og viðskiptahagsmuni fyrirtækisins. Kjörnir bæjarfulltrúar fengu aðeins að lesa samninginn yfir á fundi þar sem lokaafstaða var tekin af hálfu sveitarfélagsins. Í umsögn sinni til úrskurðarnefndar vísuðu lögmenn Íslenskrar orkuvirkjunar ehf. til 5. greinar upplýsingalaga nr. 50/1996 sem mæli svo fyrir að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum er varða mikilvæga fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækja og annarra lögaðila. Aðgangur almennings að framangreindum samningum „myndi gefa samkeppnisaðilum greiðan aðgang að viðskiptaaðferðum og fjárhagsupplýsingum sem hann [Íslensk orkuvirkjun] hefur aflað sér með rannsóknum og fjárfestingum í starfsemi sinni. … “ Jafnframt staðhæfðu lögmenn virkjunaraðilans að eftir tilkomu samkeppnismarkaðar með setningu raforkulaga nr. 65/2003 „verða allar upplýsingar um verð, aðferðir við fyrirkomulag virkjana og sölu og dreifingu raforku mikilvæg viðskipta- og atvinnuleyndarmál“.


HJÖRLEIFUR GUTTORMSSON

**Úrskurðarnefndin vísar til almannahagsmuna**

Úrskurðarnefndin reyndist á allt annarri skoðun. Hún segir m.a. í niðurstöðu sinni að með hliðsjón af markmiðum upplýsingalaga beri að skýra undantekningar frá meginreglunni um upplýsingarétt almennings þröngt. Í samningi nefndra aðila sé því lýst með hvaða hætti skuli greitt fyrir vatnsréttindi og landnot og um greiðslufyrirkomulag komi til framsals. „Að mati nefndarinnar geta upplýsingar af þeim toga sem fram koma í nefndum samningsákvæðum varðað fjárhags- eða viðskiptahagsmuni fyrirtækjanna. Þegar hins vegar er tekið mið af því sem að framan er rakið, einkum þeim ríku almannahagsmunum sem eru tengdir því að almenningur eigi kost á að fá upplýsingar um ráðstöfun opinberra eigna, er það niðurstaða nefndarinnar að ekki sé eðlilegt að þessar upplýsingar fari leynt. – Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða úrskurðarnefndarinnar að veita beri kæranda aðgang að umræddum samningum í heild sinni.“

**Helstu ákvæði samninganna**

Samninga þessa hef ég nú fengið í hendur frá Seyðisfjarðarkaupstað. Með þeim er Íslenskri orkuvirkjun veittur einkaréttur til að virkja Fjarðará og reka Bjólfs- og Gúlsvirkjun í 50 ár, forgangsréttur til áframhaldandi afnota af landi og til nýtingar á vatnsréttindum og heimild til framsals að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Greiðslur fyrir nauðsynleg vatnsréttindi/virkjunarrétt og landnot skulu vera stighækkandi hlutdeild af brúttótekjum Íslenskrar orkuvirkjunar af rekstri nefndra virkjana: 2,5% fyrir fyrstu 10 heilu rekstrarárin og síðan stighækkandi tvívegis í 5% og 7,5% næstu 10 ár, en 10% frá og með 21. rekstrarári. Þá eru ákvæði um forkaupsrétt Seyðisfjarðar að virkjununum ef Íslensk orkuvirkjun ákveður að leggja starfsemi þeirra niður og að kaupverð skuli þá taka mið af stofnverði að teknu tilliti til afskrifta. Taki enginn við rekstri skal Íslensk orkuvirkjun greiða kaupstaðnum 10 milljónir króna verðbættar. Kveðið er á um bráðabirgðaúrræði vegna vatnsveitu en nú er neysluvatn Seyðfirðinga tekið úr Fjarðará.

*Við lestur samninganna vekur undrun sú áhersla sem samningsaðilar lögðu á að halda ákvæðum þeirra leyndum fyrir almenningi. Efni og ákvæði samninganna eru í litlu sem engu samræmi við rökstuðning aðila fyrir úrskurðarnefndinni og sem vitnað er til hér að ofan.*

**Almenn tilhneiging til leyndar**

Við lestur samninganna vekur undrun sú áhersla sem samningsaðilar lögðu á að halda ákvæðum þeirra leyndum fyrir almenningi. Efni og ákvæði samninganna eru í litlu sem engu samræmi við rökstuðning aðila fyrir úrskurðarnefndinni og sem vitnað er til hér að ofan. Viðleitnin til að halda leynd yfir þessum samningum sýnist öðru fremur í ætt við þá ríku og vaxandi tilhneigingu stjórnvalda og fyrirtækja að veita sem minnstar upplýsingar til almennings í skjóli kröfunnar um viðskiptaleynd. Úrskurðarnefndin hefur gert þessa tilteknu tilraun að engu með skýrum rökstuðningi og í niðurstöðu hennar er gefið fordæmi sem á að geta dugað í hliðstæðum eða skyldum málum framvegis.

**Náttúrufarsröskun og fébætur**

Greiðsla og fyrirkomulag greiðslu fyrir vatnsréttindi í Fjarðará og landnot á virkjunarsvæðinu, 2,5–10% af brúttótekjum á samningstímabilinu, skilar að mínu mati ekki hárri upphæð, en bæjarstjórinn á Seyðisfirði virðist ánægður með reiknaða útkomu sem hann telur að geti gefið kaupstaðnum á 50 árum samtals um 900 milljónir króna reiknað til núvirðis, en hlutfallslega mun lægri greiðslur fengjust á fyrri hluta samningstímans. Forsendur áætlaðra tekna af rekstri virkjunarinnar koma ekki fram í þessum samningum en eru samkvæmt eðli máls margvíslegri óvissu háðar. Orkuna hefur virkjunaraðili þegar selt til Hitaveitu Suðurnesja sem safnar nú víða í sarpinn til áformaðrar álbræðslu í Helguvík. Sé gengið út frá staðhæfingu bæjarstjórans væru þetta jafnaðarlega 18 milljónir króna á ári í hlut Seyðisfjarðar sem er í raun lítið miðað við þau verðmæti sem látin eru í té. Hin hlið málsins er það mikla tjón sem unnið verður á náttúru Seyðisfjarðar, Fjarðará og umhverfi, með þeim framkvæmdum sem nú eru hafnar.

*Höfundur er fyrrverandi alþingismaður.*

**FRAMANDI HEIMUR FÆREYJA**
Davíð Samúelsson er hálfur Færeyingur sem sækir reglulega heimahagana ásamt fríðu föruneyti íslenskra ferðamanna
FERÐIR 4



**HUGMYNDAFLUG Í BORG ENGLANNA**
Fjöldi hugmyndabíla var kynntur til leiks á árlegri bílasýningu í Los Angeles
BÍLAR 2



# allt



## ALLT HITT

**[ BÍLAR FERÐIR BÖRN JÓLIN KOMA ]**

**Ferðamálastofa** boðar til kynningarfunda um markaðsrannsóknir í Asíu. Fyrsti fundurinn verður um niðurstöður rannsókna í Kína og haldinn föstudaginn 8. desember kl 9.00 á Nordica Hótel. Fundurinn er öllum opinn og aðgangur ókeypis. www.ferdamalastofa.is

**Skemmtikrafturinn** og þáttastjórnandinn Jay Leno er mikill bílaáhugamaður og bílasafnari. Á heimasíðunni www.jaylenosgarage.com er hægt að skoða safnið þar sem mörgum flottum bílum ægir saman.



**Barn** sem er undir 150 cm á hæð má ekki vera farþegi í framsæti bifreiðar sem er búin uppblásanlegum öryggispúða fyrir framan sætið. www.us.is

**Miðað** við að jólin séu haldin frá 1. desember til 6. janúar þá eyðum við næstum 10% af ævinni við jólahald. Ef við náum 80 ára aldri eru það næstum 8 ár af ævi okkar. www.jolahusid.com

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 6. desember, 340. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.58 | 13.19 | 15.39 |
| Akureyri | 11.08 | 13.03 | 14.58 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Crasy Boys frá vinstri: Martin spilar á gítar, Páll á hljómborð, Jón á trommur og Óðinn gítar. Félagarnir leggja mikinn metnað í spilamennskuna, sem sést meðal annars af frumsömdu efni.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Búnir að safna fyrir trommu í settið

***Óðinn Páll Arnarsson, 11 ára, er ásamt félögum sínum í hljómsveitinni Crazy Boys að safna fyrir trommusetti.***

„Við erum búnir að æfa í hálft til eitt ár,“ segir Óðinn og bætir við að Crazy Boys sé fyrsta bandið sem þeir félagarnir og bekkjarbræðurnir leika í, enda frekar ungir að árum, velflestir ellefu ára eða á ellefta aldursári.

Óðinn segir hugmyndina að hljómsveitinni hafa kviknað þegar tveir meðlimanna, Jón og Martin, hugðust stofna band. „Þeir leituðu síðan til okkar Palla, þar sem þeir gátu ekki stofnað tveggja manna hljómsveit en með okkur innanborðs var hún orðin fullskipuð.“

Þótt drengirnir séu ungir að árum er metnaðurinn mikill, sem sést meðal annars á því að þeir hafa samið eigin lög, með grípandi titlum eins og „101 Reykjavík“, „Skólinn“ og „Eins og það er“, og hyggjast gefa þau út á diski einhvern tímann á næstunni.

Hljóðfæraskortur setti reyndar tímabundið babb í bátinn en piltarnir létu það ekki slá sig út af laginu heldur hófu fjáröflun fyrir trommusetti og hafa þegar fest kaup á einni, myndarlegri trommu. „Við söfnuðum peningum með bílsskúrssölu og svo var búðareigandinn svo vænn að gefa okkur góðan afslátt af trommunni,“ útskýrir Óðinn.

Crazy Boys hafa að sögn Óðins þegar spilað fyrir bekkjarfélaga sína með ágætis útkomu og er stefnan sett á að spila fyrir skólann þegar bandið verður orðið þéttara.

*roald@frettabladid.is*



Skoda Octavia var söluhæsti bíll nóvembermánaðar.

# Octavia vinsælastur

SKODA OCTAVIA VAR MEST SELDI BÍLLINN Á ÍSLANDI Í NÓVEMBERMÁNÐI.

63 nýir Skoda Octavia voru afhentir í mánuðinum. Næst mest seldi bíllinn var Suzuki Liana með 40 bíla, svo kom Subaru Legacy með 34 bíla, svo Honda CR-V með 34, og þar á eftir komu Toyota RAV4 og Hyundai Santa Fe með 30 eintök. Athygli vekur að nýliðinn Chevrolet Captiva seldist í 23 eintökum og er greinilegt að íslendingar kunna að meta þessa nýjung frá hinum kóreska armi Chevrolet-samsteypunnar. *-tg*



**Bílastæðin** virðast alltaf af skornum skammti í desember þar sem allir eru á ferðinni. Bílstjórar ættu að vanda sig við að leggja svo þeir taki ekki fleiri en eitt stæði og umfram allt að leggja ekki undir nokkrum kringumstæðum í bílastæði fatlaðra.



Acura Advance Sedan hugmyndabíllinn hefur kraftmikið ytra útlit en endurspeglar samt sem áður mikinn munað. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hugmyndabílar á stórsýningu í borg englanna

***Fjöldi hugmyndabíla var kynntur til leiks á árlegri bílasýningu í Los Angeles.***

„The Greater Los Angeles“ bílasýningin er árleg sýning sem fram fer í ráðstefnumiðstöð borgarinnar. Sýningin hefur verið haldin árlega í nærri hundrað ár en sú fyrsta fór fram árið 1907 við skautasvell Morley í miðbæ Los Angeles.

Sýningin var ávallt haldin í byrjun janúar en nú var breytt út af venjunni og verður hún héðan í frá í byrjun desember. Er þetta gert til að hún stangist ekki á við alþjóðlega bílasýningu Norður-Ameríku sem haldin er í byrjun árs.

Bílasýningin í Los Angeles er viðurkennd af Samtökum alþjóðlegra bílaframleiðenda. Hún fer ört stækkandi og æ fleiri bílaframleiðendur leitast við að kynna nýjar gerðir bíla og hugmyndabíla á sýningunni. Í þetta sinn vakti athygli hve margir umhverfisvænir bílar voru kynntir til leiks.

*- sg*


Chrysler Sebring blæjubíllinn er að mörgu leyti sérstakur. Í honum er MyFIF multimedia ...information center..., glasahaldarar sem annaðhvort geta verið heitir eða kaldir og pláss fyrir tvo golfpoka í skottinu. Blæjan sem gerð er úr hörðu plasti hverfur á augabragði sé ýtt á takka.


Rafmagnshurðir opnast upp á við. Hönnuðurinn Fabrizio Giugiaro hannaði þennan Mustang hugmyndabíl en þak hans er úr gleri.


Honda Remix afhjúpaður. Hann er hannaður af verksmiðju Honda í Suður-Kaliforníu. Hann minnir í mörgu á orustuflugvél.


Hyundai Hellion hugmyndabíllinn er ekki bundinn við að nota vegi enda er hugmyndin að honum komin frá torfærubílum, eyðimerkurkappakstursbílum og herbílum.


BMW Hydrogen 7 notar bæði vetni og bensín til að knýja vélina áfram. Bílstjórinn getur, með því að ýta á takka, skipt milli þess að nota vetni eða bensín.

BÍLAPARTAR
TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR
GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

ALLT Á EINUM STAÐ
• SUMARDEKK • HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
• HEILSÁRSDEKK • RAFGEYMAÞJÓNUSTA
• OLÍS SMURSTÖÐ • BREMSUKLOSSAR
• BÓN OG ÞVOTTUR • PÚSTÞJÓNUSTA
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

Langendorf malarvagnar
Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvað við getum gert fyrir þitt fyrirtæki.
STURLAUGUR & CO
Fiskislóð 14, 101 Reykjavík, Sími. 551 4680, www.sturlaugur.is

MAX GRIP
ísnaglar fyrir mótorhjól
auðveld ísetning
JÖTUNN VÉLAR ehf.
Jötunn Vélar hf - Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Sími: 480 0400 - Fax: 482 4108 - www.jotunn.is

Sendum frítt um land allt!
Jeppadekk
Úrval af stærðum upp í 33"
31" heilsársdekk verð frá kr. 12.900
Við míkróskerum og neglum!
TRIANGLE
GT RADIAL
Opið á laugardögum 9-13
ALORKA
www.alorka.is Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080



Kia Cee'd er hannaður og framleiddur í Evrópu, enda sérstaklega ætlaður fyrir Evrópumarkað.

# Nýr bíll frá KIA með sjö ára ábyrgð

***KIA frumsýndi á bílasýningunni í Genf nýjan KIA cee'd. Bíllinn var kynntur blaðamönnum í síðustu viku og vakti sjö ára ábyrgðin sem honum fylgir mikla athygli.***

Bíllinn er í svokölluðum C-flokki og er ætlað að keppa við aðra hlaðbaka eins og Ford Focus, VW Golf og Toyota Corolla. Bíllinn kemur bæði með dísil- og bensínvélum og í ýmsum útgáfum. Hekla, sem er umboðsaðili KIA á Íslandi, hefur pantað nokkra 1,6 lítra dísilbíla og koma þeir til landsins í janúar. Fleiri útgáfur eru væntanlegar síðar.

Bíllinn verður mjög sambærilegur helstu keppinautum sínum en greinilegt er að KIA ætlar sjö ára ábyrgðinni að draga að marga kaupendur. Fimm ár ábyrgðarinnar eru svokölluð „stuðara til stuðara"-ábyrgð þar sem allt er í ábyrgð en síðustu tvö árin eru aflreinaábyrgð. Sú ábyrgð nær til vélar, gírkassa og drifbúnaðar.

Bíllinn er ætlaður fyrir Evrópumarkað en hann er framleiddur í nýrri verksmiðju KIA í Slóvakíu. Öll hönnun bílsins og smíði ber vott af stórum framtíðarhugmyndum KIA, en bíllinn á að vera í fararbroddi evrópskrar innrásar þeirra. -tg



KIA lofar vönduðum innréttingum í Cee'd.



Ducati 1089 er 160 hestöfl.

# Ducati 1089 fallegast

DUCATI 1089 VAR VALIÐ FALLEGASTA MÓTORHJÓLIÐ Á EICMA MÓTORHJÓLASÝNINGUNNI SEM FRAM FÓR Í MÍLANÓ.

Hjólið hlaut 30 prósent atkvæða 24.000 gesta sýningarinnar og sigraði kosninguna með yfirburðum.

Hjólið er ekki bara fallegt heldur einnig mjög kraftmikið. Í hjólinu er kraftmesta tveggja sílindra vél sem fjöldaframleidd er. Hún skilar 160 hestöflum og það í hjóli sem aðeins vegur 171 kg. Umboðsaðili Ducati á Íslandi er bílaumboðið SAGA en það tók nýlega við umboði fyrir Ducati. Meðal fleiri merkja umboðsins eru FIAT og Alfa Romeo. -tg

# Golf GTI 30 ára

***Volkswagen Golf GTI er 30 ára. Í tilefni afmælisins verður gefin út sérstök afmælisútgáfa sem hlýtur eitt hestafl í gjöf fyrir hvert ár.***



Golf 30 Edition kemur hingað til land í febrúar.

Bíllinn verður 230 hestöfl og er eftirspurnin eftir honum erlendis þegar orðin mikil. Tilraunaeintak var kynnt í Gelsenkirchen í Þýskalandi í maí síðastliðnum og upp frá því streymdu tilboðin inn til Volkswagen.

Megin útlitseinkenni afmælisútgáfunnar eru 18 tommu Detroit-álfelgur sem eru mattlakkaðar í svörtu. „Viðskiptavinir geta líka valið 18" títansilfurlakkaðar Rockingham-felgur án þess að verðið hækki," segir Jón Trausti Ólafsson, markaðsstjóri Heklu, en hann á von á bílnum til landsins í febrúar á næsta ári. - tg

SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA FYRIR
Jeep
CHRYSLER
DODGE
BÍLJÖFUR
BIFREIÐAVERKSTÆÐI
Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar



Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

# Honda-bílar standast tímans tönn

***Honda-bifreiðir koma vel út í rannsókn á bilanatíðni bíla.***

Honda Accord og Honda Jazz eru þær gerðir bíla sem bila minnst, að því er fram kemur í þýska tímaritinu Auto Zeitung.

Tímaritið stóð fyrir bilanaprófi á bílum frá öllum helstu bílaframleiðendum veraldar. Var það framkvæmt á nokkurra ára fresti með fyrrgreindum niðurstöðum í flokki millistórra bíla og smábíla.

Honda Accord reyndist vera með minnstu bilanatíðni í flokki millistórra bíla, með stuðulinn 2,1 eftir eins til þriggja ára notkun. Saab 9-3 kom þar á eftir með bilanastuðulinn 3,9. Mercedes C-Klasse var í þriðja sæti með bilanastuðulinn 6,6.

Bilanatíðni reyndist enn minnst hjá Honda Accord eftir fjögurra til fimm ára notkun eða 8,3. Jaguar X-Type kom þar næst með bilanastuðulinn 12.6. Loks Toyota Avensis með 14,1 bilanastuðull. Bíllinn sem bilaði mest var með bilanastuðulinn 43,9.

Þá leiddi bilanaprófið í ljós að stuðullinn fyrir bilanatíðni í Honda Jazz var einungis 3,9, á eins til þriggja ára gömlum bílum. Næstur var Hyundai Accent með stuðulinn 5,3. Loks Audi A2 með 5,5. Bíllinn sem hafði mestu bilanatíðnina í flokki eins til þriggja ára smábíla fékk hins vegar stuðulinn 20,9.

Í flokki fjögurra til fimm ára smábíla var Honda Jazz með minnsta bilanastuðulinn eða 5,8. Toyota Yaris/Verso kom þar á eftir með bilanastuðulinn 10,4. Síðan Audi A2 15,9. Sá bíll sem hafði mestu bilanatíðnina hjá fjögurra til fimm ára gömlum smábílum var aftur á móti með bilanastuðulinn 37,6. -rve

Honda Accord kom vel út í bilanaprófi sem þýska tímaritið Auto Zeitung lét framkvæma.



TERRA-MOTO
Komið og skoðið flottustu leikhjól á landinu. TERRA-MOTO hjólin eru komin í Nítró.
Verð: 170.000 kr.-
Vélarupplýsingar:
- 125cc Fjórgengis
- 10 hp / 8,6 NM / 5500r / min
- Stillanlegur afturdempari
- Sérhannaðir ál pedalar
- Ryðfrítt ál pústkerfi



NITRO
Nítró // Bíldshöfði 9 // 110 RVK // S. 557-4848 // www.nitro.is



**Jólaferð** um bæinn getur verið skemmtileg í desember. Skoðið jólaljósin og njósnið inn í garða. Skemmtileg útivist en einnig má þvælast um í bílnum ef kuldinn er skelfilegur.



Kalkúnninn er ómissandi á ameríska jólahlaðborðið.

## Jólastemning á Hótel Freyju

HÓTEL FREYJA Í MINNI-MÁSTUNGU Í GNÚPVERJAHREPPI BÝÐUR UPP Á AMERÍSKT HLAÐBORÐ Á AÐVENTUNNI OG JÓLABÚIN HERBERGI.

Starfsfólk Hótel Freyju efnir til jólahlaðborðs að amerískum hætti á aðventunni og hafa þar með skapað ákveðna sérstöðu. Einnig er hótelið þekkt að því að bjóða uppá árstíðartengdar skreytingar og að sjálfsögðu er verulega jólalegt þar um þennan tíma. Hvert og eitt herbergi er í jólabúningi og þó engin tvö eins og einnig er hægt að leigja bústaði á vegum hótelsins. Lúxusdýnur eru í rúmum og sturtur á hverju herbergi, ásamt sjónvarpi. Þá má geta þess að kaffi og te er í boði hússins.

KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

4thfloorhotel
Laugarvegur 101 • 4thfloorhotel.is
Vetrartilboð
1. nóvember - 1. maí
1 manns herbergi kr. 5.900
2ja manna herbergi kr. 7.900
Hópar 10+ kr. 5.000 á mann
Helgarferð kr. 14.000 2 nætur í hjónaherbergi
Útvegum miða á leiksýningar og jólahlaðborð
4th floor hotel
Laugarvegur 101
Reykjavík
Sími 511 3030
Fax 511 3033
4thfloorhotel.is



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board
Hefur þú leyfi til þess að selja ferðir?
Ferðaskrifstofa
Ferðaskipuleggjandi
Ert þú að skipuleggja ferðir innanlands eða utan t.d. borgarferðir, golfferðir, verslunarferðir, sælkeraferðir, flúðasiglingar, hvalaskoðun, kajakferðir, bátaferðir, útsýnisflug, hestaferðir, snjósleðaferðir, gönguferðir, hjólreiðaferðir, köfun, dorgveiði, skotveiði, hundasleðaferðir, pakkaferðir, eða ráðstefnur og fundi?
**Ef svo er þá er líklegt að þú þurfir ferðaskrifstofuleyfi eða ferðaskipuleggjandaleyfi.**
Leitaðu þér upplýsinga á vef Ferðamálastofu
www.ferdamalastofa.is
Lækjargata 3 | 101 Reykjavík | Sími 535 5500 | Fax 535 5501 | Netfang: upplysingar@icetourist.is
Strandgata 29 | 600 Akureyri | Sími 464 9990 | Fax 464 9991 | Netfang: upplysingar@icetourist.is



Gengið um fjöllin á Austurey. Séð ofan í Fuglafjörð og óhætt að segja að náttúrufegurðin heilli.

# Framandi heimur Færeyja

***Davíð Samúelsson er hálfur Færeyingur og alinn upp í Færeyjum. Hann er búsettur á Íslandi en sækir reglulega heimahagana ásamt fríðu föruneyti íslenskra ferðamanna.***

Færeyingurinn Davíð Samúelsson hefur unnið lengi við ferðaþjónustu. Hann er í samstarfi við Atlantic Airways í að kynna og markaðssetja ferðir til Færeyja. „Ég ákvað að helga mig þessu og þetta er orðin full vinna hjá mér,“ segir Davíð. „Ég legg mikið upp úr menningarlegri afþreyingu í ferðunum. Ég hef mikinn áhuga á þjóðfræði og mannlífinu og hef gaman af allri upplifun með fólki.“

Davíð segir Íslendinga vera yfir sig hrifna af eyjunum hans og komi mörgum á óvart sá framandi menningarheimur sem þar leynist. „Íslendingum finnast eyjarnar vera spennandi og öðruvísi. Enda hefur fólk aldrei upplifað að dansa færeyskan dans eða borða færeyskan mat. Og þegar við setjumst niður til að borða þá er hópurinn leiddur í gegnum matinn svo fólk viti hvað það er að borða og hver hefðin er á bakvið réttinn. Svo drekkum við færeyskan bjór og þar sem ég þekki nú vel til fólksins í Færeyjum þá nýti ég mér það. Fékk til dæmis frænku mína, sem er trúbador, til að spila fyrir einn hópinn færeysk lög og hún sló alveg í gegn. Ég hef svo gaman af þessu starfi og það er þetta óvænta sem gefur fólki svo mikið.“

Ferðirnar hans Davíðs eru ákaflega fjölbreyttar enda munar öllu að vera lóðsaður um Færeyjar af heimamanni. „Ég legg mikið upp úr hreyfingu í ferðunum. Við förum í göngur um Þórshöfn og



Innan úr Stokkastovunni sem talin er vera frá 11. öld og er við Kirkjubæ.



Boðið er upp á skútusiglingar á milli eyjanna yfir sumartímann.



Við Tinganes í Þórshöfn.

nánasta umhverfi og við tökum einnig hús á Færeyingum. Þá fáum við færeyskan mat á færeysku heimili og þeirri upplifun fylgir ekta færeysk stemning. Við stígum líka færeyskan dans og förum í ferðir út á land þar sem meginmarkmiðið er að hitta Færeyinga,“ segir Davíð og heimþráin



Davíð Samúelsson leiðsögumaður lifir fyrir að ferðast með Íslendinga í heimahagana í Færeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

leynir sér ekki í rödd hans. „Ég ólst þarna upp og ég reyni að koma til skila í minni leiðsögn hvað það er að vera í Færeyjum. Það hef líka farið með fólk í skútusiglingar á sumrin og í skipulagðar gönguferðir um eyjarnar. Það er líka hægt að fara í þyrluflug sem er mjög skemmtilegt. Við förum á handverks- og listasýningar, ég hef farið með hóp að fylgjast með og staðið fyrir kappróðri og í raun fylgjumst við bara með mannlífinu eins og það kemur fyrir. Ég til dæmis fer alltaf í kirkju á sunnudögum og þeim sem vilja er velkomið að koma með mér í kirkjuna. Það er gaman að upplifa að fara í messu í Færeyjum, guðsþjónustan er öðruvísi og í flestum kirkjum hangir skúta efst í rjáfrum sem er tákn fyrir sjómannasamfélagið. Það er líka svo skemmtilegt við Færeyinga hvað þeir eru í tengslum við náttúruna og lífið. Á góðum degi eru allir einhvers staðar að sýsla, það er verið að mála húsin, sinna fénu, laga girðingar eða farið út á sjó að dorga.“

Flestum kæmi svo á óvart hversu hentugt er að versla í Færeyjum. Verðlagið er mun lægra en á Íslandi auk þess sem hægt er að fá virðisaukann greiddan til baka. „Ég kaupi öll mín föt í Færeyjum,“ segir Davíð og getur blaðamaður fullyrt að hann er flottur og fínn í tauinu. „Þórshöfn er skemmtileg borg sem iðar öll af lífi. Næturlífið minnir svolítið á skemmtanahaldið hérna heima fyrir svona tíu til fimmtán árum og má finna marga skemmtistaði sem svipar til þeirrar stemningar.“

Davíð hefur mest lagt upp úr árshátíðarferðum og hvataferðum en hefur einnig farið í ferðir með saumaklúbbum og karlahópum. „Ég fór á annan tug ferða á þessu ári og hef fundið að Íslendingar eru mjög hrifnir af Færeyjaferðunum. Upplifunin er svo sterk og minningin lifir lengi.“

Nánari upplýsingar um ferðirnar má finna á www.faereyjaferdir.is. *johannas@frettabladid.is*



Íslenskir ferðamenn skemmta sér í kappróðri í Skálafirði.

# Ferðir Kínverja kortlagðar

***Niðurstöður rannsóknar á ferðamynstri Kínverja verða kynntar á opnum fundi 8. desember á Nordica Hóteli klukkan níu.***

Ferðamálastofa, í samstarfi við skrifstofu ferðamálaráðs Norðurlanda í Asíu, lét fyrr á þessu ári vinna viðamestu markaðsrannsóknir á ferðamynstri Asíubúa sem gerðar hafa verið. Rannsóknir þessar eru hluti af ferðamálaáætlun fyrir 2006-2015 sem samþykkt var síðastliðinn vetur.

Nú hefur Ferðamálastofa boðað til kynningarfunda um þessar rannsóknir. Sá fyrsti verður föstudaginn 8. desember kl. 9 á Nordica Hóteli og fjallar hann um niðurstöður rannsókna í Kína. Fullyrða má að efnið sé áhugavert fyrir íslenska ferðaþjónustu.

Fundurinn er öllum opinn endurgjaldslaust. Hann hefst með ávarpi Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra og síðan kynnir Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs Ferðamálastofu, niðurstöðurnar.



Kínverjum finnst upplifun að komast á skíði. MYND/GETTY IMAGE



Hvert skyldi þessi ætla í dag? MYND/GETTY IMAGE



Í Angkor er hægt að eyða mörgum dögum í að skoða ótrúlegar hofarústir. NORDICPHOTO/GETTY IMAGES

# Rétti tíminn í Asíu

***Á meðan Evrópa hverfur undir snjóbreiðu og íbúar hennar leggjast undir feld er sumarið í algleymingi í Suðaustur-Asíu.***

Sumartíminn hjá okkur er monsúntímabil í Suðaustur-Asíu. Þá rignir látlaust í marga mánuði og sóldýrkendur verða fyrir vonbrigðum með sólarleysi. Vetrarmánuðirnir, og sérstaklega desember, eru hins vegar afar sólríkir og ljúfir mánuðir enda vinsælt meðal nágranna okkar að fara til landa eins og Taílands yfir jólin.

Það kann að vera dýrt að fljúga til Taílands en þegar þangað er komið þarf varla að taka upp veskið. Hægt er að lifa vel á þröngum kosti og ef þú vilt búa í lúxus kostar það lítið. Hægt er að fá fínasta hótelherbergi, með stóru baði og eldhúsi, á hóteli við ströndina fyrir 800 krónur. Engin takmörk eru fyrir því hversu margir geta gist í herberginu.

Nágrannar Taílands eru líka merkilegir áfangastaðir. Víetnam er ægifagurt land og í einungis 40 mínútna fjarlægð með flugi er Angkor í Kambódíu með sínar ótrúlegu hofarústir og menningarverðmæti.

*- tg*




Gistibæklinginn má nálgast á helstu ferðamannastöðum innanlands og upplýsingamiðstöðvum.

# ÁNING komin út

GISTIBÆKLINGURINN ÁNING ER NÚ KOMINN ÚT ÞRETTÁNDA ÁRIÐ Í RÖÐ.

Kominn er út gistibæklingurinn ÁNING. Þetta er þrettánda árið í röð sem bæklingurinn er gefinn út og að þessu sinni kemur hann út í 55 þúsund eintökum á þremur tungumálum, íslensku, ensku og þýsku.

Í bæklingnum má finna upplýsingar um næstum því þrjú hundruð gististaði, tæplega hundrað tjaldsvæði og yfir áttatíu sundlaugar ásamt staðsetningu þeirra um land allt.

ÁNINGU er dreift á alla helstu ferðamannastaði innanlands, á upplýsingamiðstöðvar, hótel, gistiheimili og víðar. Auk þess er ÁNINGU dreift um borð í Norrænu og á meginlandi Evrópu frá skrifstofu Ferðamálastofu í Frankfurt og frá dreifingarmiðstöð þeirra í Frakklandi. Þá er ÁNINGU einnig dreift um borð í Norrænu.

Netútgáfu bæklingsins er að finna á www.heimur.is/world og www.icelandreview.com

*- jóa*

GOLFJÓL





HÚS Á E-Z- GO GOLFBÍLA
20% AFSLÁTTUR TIL 18. DES.
MEÐAN BIRÐIR ENDAST

GOLFKERRUR
3JA HJÓLA
20 % AFSLÁTTUR
MEÐAN BIRÐIR ENDAST





AUKAHLUTIR Á GOLFBÍLA 20% AFSLÁTTUR

TROMBONE GOLFKERRUR
2JA HJÓLA TILBOÐ 10.900

STÖNG, FLAGG OG BOLLI
TILVALIÐ FYRIR SUMARBÚSTAÐINN EÐA GARÐINN.
VERÐ FRÁ 4.900 KR

LEXA

Opið til 20. desember
Opnum aftur 8. desember
Gleðileg Jól

Lexa ehf • Lyngás 11 í porti • Sími 5652000 • Gsm 8971100 • www.lexa.ws • lexa@lexa.is

Vika í Evrópu

Ítalía
16.600
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

Spánn
13.200
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

Holland
19.400
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

Bretland
17.900
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

Danmörk
24.200
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

Bókaðu bílinn heima - og fáðu 500 Vildarpunkta

Hertz
Sími: 50 50 600 • www.hertz.is



**Jólin** eru hátíð barnanna. Leggið aukalega á ykkur til að gera mánuðinn skemmtilegan fyrir þau. Verkið verður launað margfalt seinna meir.





STÚLKUR & STÆLGÆJAR
BARNAFATAVERSLUN
Jólafötin komin!
Falleg föt á flotta krakka
1 mán til 9 ára
STÚLKUR & STÆLGÆJAR - HVERAFOLD 1-3
112 REYKJAVÍK - S: 566-5010




Katrín Theodórsdóttir lögfræðingur, Guðlaug Jóhannsdóttir, Laufey Ólafsdóttir formaður, Þorleif Lúthersdóttir og Oktavía Guðmundsdóttir félagsráðgjafi eru í stjórn Félags einstæðra foreldra. MYND FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Félag einstæðra foreldra boðar til hátíðar

***Félag einstæðra foreldra býður til opnunar nýrrar skrifstofu í dag við hátíðlega athöfn. Ný stjórn er tekin við og stendur fyrir spennandi nýjungum í starfseminni sem verða kynntar í dag.***

Félagið var stofnað árið 1969 af Jóhönnu Kristjónsdóttur, blaðamanni og rithöfundi, sem er heiðursgestur samkomunnar. Laufey Ólafsdóttir, formaður félagsins, segir sífellt fleiri leita til félagsins og finnst ánægjulegt að geta boðið eflda þjónustu.

Stjórnin vinnur sitt starf mestmegnis í sjálfboðavinnu og það er af mörgu að taka. Flestir sem leita til félagsins eru einstæðar mæður og forsjárlausir foreldrar vegna félags- og fjárhagserfiðleika, en einnig út af umgengni.

„Það er erfitt að láta enda ná saman fyrir einstætt foreldri í láglaunastarfi,“ segir Oktavía Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi félagsins. Félagið á neyðarhúsnæði þar sem átta íbúðir eru í boði til skemmri tíma. Þörfin er mikil og það er alltaf biðlisti. Margir foreldrar hafa samband út af umgengnismálum eða þegar stefnir í skilnað.

„Við ætlum að bjóða ráðgjöf fyrir foreldra sem eru að fara að skilja eða eru skilin og bjóða nýjum mökum eftir atvikum,“ segir Katrín Theodórsdóttir, lögfræðingur félagsins. Katrín segir markmiðið að leysa málin áður en þau fara fyrir dóm. Þessi ráðgjöf er endurgjaldslaus fyrir félagsmenn enda þörfin mikil. Einnig ætlar Oktavía að bjóða upp á fræðslunámskeið fyrir ungar verðandi mæður í samráði við ljósmóður og hjúkrunarfræðing á næstunni.

Félagið hefur mestmegnis verið til staðar á höfuðborgarsvæðinu en símaráðgjöf félagsráðgjafa og lögfræðings á miðvikudögum frá kl. 12.00 er þó í boði fyrir allt landið.

Rauði kross Íslands hefur veitt félaginu námsstyrk fyrir einstæða foreldra. „Við erum Rauða krossinum mjög þakklát, en þetta starf þarf að efla til að allir hafi sama rétt,“ segir Laufey, formaður félagsins. Dæmi séu um mikla fátækt meðal einstæðra foreldra í dag og þar séum við nokkrum skrefum á eftir Norðurlöndunum, sem Íslendingar miði sig gjarnan við. „Fæðingarorlof einstæðra foreldra er aðeins sex mánuðir á meðan foreldrar í sambandi fá níu mánuði skipt á milli sín,“ nefnir Laufey sem dæmi.

Félagið býður félagsmönnum að sækja um tómstundastyrk fyrir börn enda mikil þörf á. „Það er náttúrlega hrikalegt að geta ekki veitt öllum börnum á Íslandi jafna möguleika til íþróttaiðkunar og tónlistarnáms út af fjárhag,“ segir Katrín.

Laufey segir einstæða foreldra af erlendum uppruna töluvert leita til félagsins og hefur því fengið aðstoð frá Alþjóðahúsinu vegna túlkunar. Enn sem komið er fær félagið ekki nægilegt fjármagn og vonar að stjórnvöld taki við sér. Félagið býður til opnunar nýrrar skrifstofu í dag, 6. des. frá kl. 16.00, í Aðalstræti 2, 2. hæð. Nánar: www.fef.is Sími: 5511822

*rh@frettabladid.is*






# Jólahlaðborð barna í Húsdýragarðinum

***Fyrir jólin fara margir fullorðnir á jólahlaðborð en oft gleymist að börnin hafa líka gaman af því að borða góðan mat. Því stendur Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn fyrir jólahlaðborði fyrir alla fjölskylduna.***

Jólahlaðborð Fjölskyldu- og húsdýragarðsins verður næstu tvær helgar, 9. og 10. desember og 16. og 17. desember frá klukkan 11.30 til 13. Matseðillinn er fjölbreyttur og veislustjórar eru Grýla og jólasveinarnir. Ókeypis er á jólahlaðborðið fyrir börn fjögurra ára og yngri, 1.200 krónur kostar fyrir fimm til tólf ára og fullorðnir borga 2.400 krónur.

Margt fleira skemmtilegt verður um að vera í Húsdýragarðinum fram að jólum og má þar nefna hestvagnaferðir allar helgar á milli kl. 14 og 15, húslestur í fjósinu alla virka daga klukkan 10.45 þar sem jólasagan er lesin og heimsóknir jólasveinanna alla daga klukkan 14 frá 12. desember.



Það eru líka jól hjá dýrunum í Húsdýragarðinum.




## Uppáhalds barnabókin

### Dulbúin ástarsaga

„Besta barnabók sem ég hef lesið er ekki endilega barnabók,“ segir Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur þegar hún er krafin sagna um sína eftirlætisbarnabók. Hún heldur áfram. „Það er Litli prinsinn eftir Saint-Exupéry, franska flugmanninn og rithöfundinn. Af því það er allt í henni sem segja þarf, af því hún er allt í senn; fyndin,dapurleg,frumleg. Og yfirmáta falleg – enda dulbúin ástarsaga.“



Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur.

# Barnasýning í Borgarleikhúsinu

***Borgarbörn, nýtt barna- og unglingaleikhús Borgarleikhússins og Sönglistar, sýna söngleikinn Réttu leiðina eftir Erlu Ruth Harðardóttur og Hrefnu Hallgrímsdóttur í Borgarleikhúsinu fram að jólum.***

Rétta leiðin fjallar um Heiðrúnu Birtu mannabarn sem hefur alist upp í Jólalandi. Þar sem mannfólkið er hætt að trúa á nokkuð nema sjálft sig eru Heiðrún Birta og Kuggur jólaálfur send til mannheima til þess að reyna að vekja jólaandann aftur.

Alls taka tuttugu og tvö börn og unglingar á aldrinum átta til átján ára þátt í uppsetningunni og í tengslum við sýninguna verður tekið við jólagjöfum sem Borgarbörn munu færa Rauða krossinum, Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstofnun kirkjunnar fyrir jólin.

*- eö*



Rétta leiðin er sannkölluð fjölskyldusýning og ættu allir sem sjá hana að finna fyrir hinum sanna anda jólanna.



Um eitt þúsund listaverk eftir börn eru til í safni Gerðubergs.

# Listaverk eftir börn

***Í Gerðubergi stendur yfir sýningin Brot af því besta.***

Verkin á sýningunni voru unnin á árunum 1988 til 2004 af börnum í listasmiðjunni Gagn og gaman sem starfrækt er í Gerðubergi á hverju sumri. Um eitt þúsund listaverk eftir börn eru til í safni Gerðubergs og voru starfandi listamenn fengnir til þess að velja verk í það. Allt safnið hefur verið skráð, flokkað, ljósmyndað og sett upp í gagnagrunn og er það því orðið mjög aðgengilegt. Fyrirtæki og stofnanir geta leigt verk úr safninu til lengri eða skemmri tíma og fengið aðstoð við val á verkum. Nú þegar hafa til dæmis verið settar saman sýningar fyrir Barnaspítala Hringsins, Umboðsmann barna og Miðstöð heilsuverndar barna með verkum úr safninu.

*- eö*



Safnið hefur allt verið skráð, flokkað, ljósmyndað og sett upp í gagnagrunn.



Starfandi listamenn völdu verk í safnið og stjórnaðist valið af uppbyggingu, formi og litanotkun í verkunum.




**Sjónvarpið** getur haft gríðarlegt aðdráttarafl meðan á próflestri stendur. Ekki bugast, kæru námsmenn. Prófatíðin tekur enda eins og alltaf.



# *Ógnuðu þeir öryggi ríkisins?*

***Opinn umræðufundur um hleranir íslenskra stjórnvalda á tímum kalda stríðsins í tilefni útgáfu bókarinnar Óvinir ríkisins eftir Guðna Th. Jóhannesson.***

Ógnuðu þeir öryggi ríkisins? er yfirskrift umræðufundar sem haldinn verður í náttúrufræðihúsinu Öskju í dag.

Hleranir íslenskra stjórnvalda á tímum kalda stríðsins hefur verið ofarlega á baugi í umræðunni. Starfrækt var öryggisþjónusta innan lögreglunnar, heimilað var að hlera síma þingmanna, ritstjóra dagblaða, verkalýðsforkólfa og ýmissa vinstri manna er töldust ógna öryggi ríkisins á þeim tíma. Haldnar voru spjaldskrár yfir þá sömu með upplýsingum sem a.m.k. að hluta voru afhentar bandaríska sendiráðinu.

Bók Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings, Óvinir ríkisins, sem kom út í síðustu viku fjallar um þessar hleranir og upplýsingasöfnun og sama gerði Þór White-head prófessor í grein í Þjóðmálum fyrr í vetur. Hvað réttlætti slík inngrip í friðhelgi einkalífs þessara manna? Voru þeir slík ógn við öryggi íslenska ríkisins að þessi inngrip væru eðlileg? Var þetta misnotkun á valdi í pólitískum tilgangi eða nauðsynlegur þáttur í öryggisgæslu stjórnvalda á þessum tíma?

Þessar spurningar munu ræða þeir Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur, Einar Kr. Guðfinnsson, alþingismaður og ráðherra, og Jón Baldvin Hannibalsson, fv. ráðherra og gestakennari við stjórnmálafræðiskor HÍ, á opnum hádegisfundi stjórnmálafræðiskorar HÍ og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála í dag og hefst hann klukkan 12.00. Nánar á www.hi.is



Fundurinn er haldinn í tilefni af úgáfu bókarinnar Óvinir ríkisins.

# Líðan grunnskólanema

***Niðurstöður könnunar á líðan grunnskólabarna í 8., 9. og 10. bekk í Reykjavík verða kynntar á fimmtudag.***

Aðilar frá Rannsókn og greiningu kynna nýútkomna skýrslu sem ber heitið Ungt fólk í Reykjavík 2006. Í skýrslunni eru niðurstöður könnunar á högum og líðan grunnskólanema í 8., 9. og 10. bekk.

Þetta er í níunda skipti sem upplýsingar af þessu tagi eru unnar af starfsmönnum Rannsóknar og greiningar fyrir Reykjavíkurborg.

Í þetta sinn er horft til neyslu ungmenna á tóbaki, áfengi og ólöglegum vímuefnum og þær niðurstöður bornar saman við ungmenni sem búa utan Reykjavíkur. Markmiðið er að kanna hversu algeng vímuefnaneysla er meðal þessa aldurshóps. Einnig er greint frá niðurstöðum sem snerta félagslegt umhverfi ungmenna í Reykjavík og samanburður gerður við ungmenni annars staðar af landinu. Fundurinn verður haldinn á Velferðarsviði við Tryggvagötu klukkan 15, á morgun, 7. desember.



Horft er til neyslu ungmenna á tóbaki, áfengi og ólöglegum vímuefnum.

**Þau hafa lengt sinn sólarhring!**

"Ekki eingöngu les ég hraðar.
Ég les með ...margfalt meiri skilning."
**Inger, 24 ára Sjúkraliði og nemi.**
"...held ég sé á góðri leið með að ná inntökuprófinu í læknadeild í vor."
**Bergþóra Þorgeirsdóttir, 18 ára næstum því stúdent.**
"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**
Frábært, markvisst, hnitmiðað, æviábyrgð, nytsamlegt, krefjandi, skemmtilegt, mjög gott, skipulagning, einbeiting, jákvæðni, mikil aðstoð, góður kennari, spennandi, árangursríkt, hvetjandi, góð þjónusta.

**TILBOÐ!!** KB Námsmenn og Mastercard korthafar
**NÝTT!!** 3 vikna hraðnámskeið **7. des.**

**Skráning á hraðlestrarnámskeið er hafin**
á **www.h.is** og í **síma 586-9400**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.



Ásdís segir viðhorf og framkomu kennara ótvírætt hafa mikil áhrif á líðan og námsárangur nemenda. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nemendur vilja mildi, virðingu og aga

***Meiri kurteisi, meira bros er yfirskrift meistararitgerðar Ásdísar Haraldsdóttur kennara sem fjallar um hugmyndir 10 og 14 ára nemenda um góðan kennara.***

Titilinn á ritgerðinni segir Ásdís kominn beint frá einum af þeim 161 nemanda sem hún lagði spurningar fyrir. „Ég spurði þá í fyrsta lagi hvað einkenndi góða kennara og í öðru lagi hvað þeim líkaði verst í fari kennara. Síðan voru þeir spurðir hvort þeir vildu taka eitthvað fram að lokum og einn svaraði: „Já, það er stutt og einfalt. Meiri kurteisi, meira bros."

Ásdís hefur verið kennari í 20 ár og lauk meistaragráðu í kennslufræði við Háskóla Íslands í október síðastliðnum. Leiðbeinandi hennar þar var Sigrún Aðalbjarnardóttir prófessor. Rannsókn sína gerði Ásdís í tveimur grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu og greindi svörin eftir kyni, aldri og skólum. Tilganginn segir hún þann að auka skilning á þörfum nemenda og efla með því góð samskipti í skólastarfinu. „Það er mikilvægt fyrir okkur kennarana að átta okkur á því að viðhorf okkar og framkoma hafa mikil áhrif á líðan og árangur nemenda. Vald kennarans er svo mikið – bæði til að byggja upp og brjóta niður," bendir hún á. En hvað skyldi helst hafa komið henni á óvart í könnuninni?

„Kannski helst það hvað krakkarnir hafa ákveðnar skoðanir á því hvernig skólinn eigi að vera og hvað þeir hafa margt gott til málanna að leggja. Þeir voru mjög einlægir og tilbúnir til að tjá sig." Niðurstöðurnar segir hún þær í stuttu máli að nemendur vilji bæði mildi og virðingu af hálfu kennara en þeir vilji líka aga. Þá kenningu að kennari megi ekki brosa fyrir jól fyrsta veturinn sinn með nýjum nemendum segir hún út í hött. „Ég blæs á hana," segir hún. „Mér finnst að fólk eigi að brosa hvað til annars frá fyrsta degi. Það er miklu vænni og árangursríkari leið til að skapa gagnkvæmt traust en að kennarinn fái nemendur til að sýna sér óttablandna virðingu. Kennari má heldur aldrei gefast upp á nemendum hversu mikið sem gengur á. Það er alltaf von."

Hún telur sjálfsagt að kennarar hafi væntingar til nemenda og geri kröfur til þeirra en vænlegt sé líka að slá stundum á létta strengi. Þar vitnar hún aftur í einn 14 ára sem tók þátt í könnuninni. „Maður vill fara út úr tíma þannig að maður hafi lært en samt haft gaman."

*gun@frettabladid.is*

# Blindir og sjónskertir styrktir til náms

NÝR STRYKTARSJÓÐUR VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS, ÞÓRSTEINSSJÓÐUR, VERÐUR STOFNAÐUR Í DAG.

Þórsteinssjóður er fyrsti styrktarsjóður Háskóla Íslands til styrktar blindum og sjónskertum. Hann er stofnaður af Blindravinafélagi Íslands en talið er að tilkoma hans gerbreyti möguleikum blindra og sjónskertra til að helga sig háskólanámi.

Sjóðurinn er til minningar um Þórstein Bjarnason sem stofnaði Blindravinafélag Íslands 24. janúar 1932. Var það fyrsti vísir að félagi til hjálpar fötluðum á Íslandi. Þórsteinn helgaði líf sitt blindum og sjónskertum á Íslandi á 20. öld án þess að taka nokkru sinni laun fyrir heldur lagði félaginu til fé úr eigin vasa.



Tilgangur Þórsteinssjóðs er að styrkja blinda og sjónskerta til náms við Háskóla Íslands. Enn fremur er sjóðnum ætlað að efla rannsóknir á öllum fræðasviðum sem aukið geta þekkingu á blindu og skertri sýn og afleiðingum hennar, og ýta þannig undir tækifæri blindra og sjónskertra til að auðga og efla líf sitt.

Undirritun stofnskrár Þórsteinssjóðs fer fram í dag í fundarstofu háskólaráðs í Aðalbyggingu Háskóla Íslands kl. 11.00. Við undirritun tekur Kristín Ingólfsdóttir rektor við stofnfé sjóðsins að upphæð 30 milljónir króna.



Nýja viðbyggingin er teiknuð af Hjördísi Sigurgísladóttur og Dennis D. Jóhannessyni.

# Hátíð í Laugarnesskóla

***Ný viðbygging við Laugarnesskóla verður formlega tekin í notkun í dag klukkan 15.***

Framkvæmdir við nýja álmu Laugarnesskóla hafa staðið í tæp tvö ár. Hún verður opnuð í dag með viðhöfn klukkan 15. Nokkur ávörp verða flutt og nemendur skólans syngja og flytja frumsamin ljóð. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson mun klippa á borða við inngang að nýju byggingunni ásamt nemendum. Arkitektarnir Hjördís og Dennis teiknuðu viðbygginguna sem tengist þeirri eldri af nærgætni.

**Mandarínur** eru sérlega jólalegar. Bæði má skreyta með þeim og borða þær, jafnvel fara í mandarínuboltaleik til að stytta stundirnar fram að aðfangadegi.



# Milli bæja með brennivín

***Árni Björnsson er fróðastur Íslendinga um sögu jólanna. Nú er komin út bók eftir hann sem heitir einmitt Saga jólanna og er gefin út af Tindi.***

„Ég var bara beðinn um að skrifa þennan texta af útgefandanum. Það er rúmt ár síðan,“ svarar Árni af stöku tilgerðarleysi aðspurður hver hafi verið kveikjan að bókinni Sögu jólanna. „Ég hugsaði að þetta yrði líklega létt verk fyrir mig því ég hef skrifað svo mikið um þetta efni en þegar ég fór að vinna við bókina sá ég að það var ýmislegt sem ég hafði ekki tekið fyrir áður. Sérstaklega hafði 20. öldin orðið útundan fyrr en nú því hún var svo nálægt manni. Þegar ég byrjaði fyrst að skrifa um þetta efni var ég í háskólanum og það er hálf öld síðan. Þá byrjaði ég að fara aftur í aldir, eins langt og ég komst og þótti mest spennandi að grafast fyrir um það sem var elst. Þannig að sjálf 20. öldin með öllum sínum breytingum var dálítið óskrifuð. En nú er miðbik 20. aldar orðin „gamlir dagar“.“

Árni tekur dæmi um efni sem erfitt var að rekja. „Allir þekkja litlu jólin í skólum. Þegar til kom vissi enginn hvenær þau hefðu byrjað og það var hreint ekki auðvelt að finna það út. En rannsóknarvinnan leiddi í ljós að þessi siður hafði byrjað með Austurbæjarskólanum 1930. Smám saman tóku aðrir skólar þetta eftir, fyrst í Reykjavík og svo víðar. Austurbæjarskólinn var með margar nýjungar. Hann var á sínum tíma einhver nútímalegasti skóli á Norðurlöndunum með eigin sundlaug og eigin kvikmyndasal. Fyrsti skólastjóri hans var Sigurður Thorlachius, faðir Örnólfs skólameistara og þeirra systkina.“

Hvað skyldi Árna svo hafa þótt skemmtilegast að skrifa um, var það Grýla? „Nei, það liggur við að ég sé orðinn leiður á Grýlu því hún var með því fyrsta sem ég tók að skrifa um. Eitt af því sem ég vil nefna er að við höfum öll heyrt talað um að það hafi ekki mátt spila á aðfangadagskvöld og ekki skemmta sér. En þegar ég var að vinna að þessari bók á Landsbókasafninu var Gunnar F. Guðmundsson sagnfræðingur þar að lesa dagbækur Sveins Þórarinssonar, föður Nonna, barnabókahöfundar, skrifaðar um miðja 19. öld. Þar lýsir hann því hvað hann og aðrir ungir menn eru að skemmta sér við á aðfangadagskvöld. Þeir fara á milli bæja með brennivín að heilsa upp á fólk. Seinna þegar Sveinn er orðinn skrifari hjá amtmanninum segir hann frá því að fólk sé að dansa við harmónikuundirleik og spila á spil hinn 24. desember. Þannig að það gerist eitthvað hjá þjóðinni eftir það því ekki er hægt að vefengja þessar dagbækur. Manni dettur í hug að sú mikla andakt sem foreldrar manns innprentuðu manni hafi komið til í kringum aldamótin 1900. Þetta sýnir að jólin eru svo margbreytileg hátíð að það er lengi hægt að uppgötva eitthvað nýtt í sambandi við þau.“

*gun@frettabladid.is*



Nemendur og kennarar dansa í kringum jólatré í Laugarnesskóla. Jól 1954. Mynd. Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Bls. 195 í Sögu jólanna.

## Á jóladöfinni }

### 6. DESEMBER

**Í dag eru 90 ár liðin frá fæðingu dr. Kristjáns Eldjárn**, fyrrv. þjóðminjavarðar og forseta Íslands. Í tilefni af því er efnt til hátíðardagskrár í Þjóðminjasafni Íslands sem hefst klukkan 12 í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins og opið hús verður í Setbergi, nýju húsi Þjóðminjasafnsins að Suðurgötu 43.

**Aðventuhátíð Óperukórs Hafnarfjarðar** verður haldin í Víðistaðakirkju klukkan 20. Stjórnandi er Elín Ósk Óskarsdóttir.



**Jóla- og aðventutónleikar Kammerkórs Hafnarfjarðar verða** haldnir í Hásölum í kvöld og hefjast þeir klukkan 20. Á tónleikunum verður flutt jólatónlist og önnur hátíðleg tónlist. Að vanda verður tónleikagestum boðið upp á kaffi og konfekt í hléi. Gestir kórsins verða Gissur Páll Gissurarson tenór og Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari.

**Sigrún Hjálmtýsdóttir og blásarakvintett** flytja hefðbundna jólatónlist og verk eftir Mozart á aðventuvöku í Mosfellskirkju sem hefst klukkan 20.30.

## Jólaskrautið }

# Einn fallegur fugl á grein

ÚRVAL ÞÝSKRA GLERFUGLA MÁ FÁ Í JÓLAHÚSINU VIÐ SKÓLAVÖRÐUSTÍG.

Sá siður að setja upp jólatré er afar forn og á eflaust upptök sín í heiðinni frjósemisdýrkun þar sem hið sígræna tré er talið tákna sigur lífsins yfir dauðanum og ljóssins yfir myrkrinu. Jólatrén voru skreytt með ýmsu móti á þessum tímum, þá gjarna með fórnargjöfum svo sem mat eða öðru verðmæti. Nútíma jólatré var fyrst sett upp í Þýskalandi á sextándu öld og skreytt með mat, ljósum og ýmsum fallegum hlutum. Í Suður-Þýskalandi var jólatrésskraut blásið í tré og þar hefur skrautið verið munnblásið og handmálað í meira en heila öld. Innblástur að glerblæstrinum var sóttur til hversdagslífsins og náttúrunnar og hafði allt sína merkingu. Fugl á grein táknar hamingju og gleði og þessi fallegi fugl fæst í Jólahúsinu við Skólavörðustíg en þar má líka finna úrval þýskra glerfugla.



Fugl á grein táknar hamingju og gleði.

# Fyrstu jólaauglýsingarnar

ÚR SÖGU JÓLANNA EFTIR ÁRNA BJÖRNSSON

Eftir að föst verslun komst á í nokkrum kaupstöðum og leyft var að flytja inn vörur frá öllum löndum, fóru jólavörur smám saman að sjást í búðum. Lengi vel sjást þær samt ekki auglýstar. Fyrsta jólaauglýsinging birtist árið 1866, lítt áberandi og ekkert annað en Nýja testamentið í boði. Hún sýnir samt ótvírætt að þá eru jólagjafir farnar að stinga sér niður. Jólagjafir sjást annars ekki beinlínis nefndar í auglýsingu fyrr en árið 1878, en eftir 1880 fjölgar mjög auglýsingum um alls konar jólavarning og ýmsar verslanir setja upp svonefnda jólabasara eða jólaborð með ýmsum vörum á niðursettu verði. Fram til aldamóta má nefna leikföng eins og lúðra, barnaúr, dúkkur, skopparakringlur og smíðatól handa drengjum. Handa fullorðnum eru bæði auglýstir búshlutir og fatnaður, vasaúr, stundaklukkur, úrfestar, loftvogir, stækkunargler, kíkjar, saumavélar, skuggamyndavélar, tóbaksdósir, sælgæti, öl, vín og vindlar.



Árni Björnsson, þjóðháttafræðingur hefur grafið margt upp um jólin sem er skrítið og skemmtilegt.




## Að höggva eigið tré

SKÓGRÆKTARFÉLAG REYKJAVÍKUR BÝÐUR ÖLLUM AÐ KOMA Í HEIÐMÖRK OG SÆKJA SÉR JÓLATRÉ



Skógurinn í Heiðmörk er allur opinn en þar vex stafafura sem er barrheldið og fallegt tré sem ilmar vel. Fólk velur sér sitt eigið tré sem passar í stofuna og er sama verð á trjánum óháð stærð. Jólaskógurinn er opinn helgina 9. og 10. desember en þá er tekið á móti fólki við Hjallabraut en helgina 16. og 17. desember verður tekið á móti fólki í Hjalladal. www.heidmork.is




Jólakjólar

Glæsilegt úrval af jólakjólum

stuttir og síðir

FLASH
Laugavegi 54, sími 552 5201

HÖNNUNARHÚSIÐ 2004/11



Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár

Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.

- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Truflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting

550 9800
www.skatar.is

Sölustaður:
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123



Bandalag íslenskra skáta

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 6. desember 2006 – 47. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir




SPV og SPH sameinaðir

Öflugir á höfuðborgarsvæðinu

8



Fjármálalæsi

Tæki sem nýtist í lífinu

10-11

Pfaff

Snýr aftur til uppruna síns



14

## Bresk jólasala bíður hnekki

Jólasmásala í Bretlandi gæti orðið sú versta í aldarfjórðung að mati breskra greinenda. Bresku smásölusamtökin (BRC) hafa jafnframt varað við jólasölunni í ár. Mánaðarleg úttekt sem samtökin unnu í samstarfi við ráðgjafarfyrirtækið KPMG sýnir að sala á fötum og skóm dróst verulega saman í nóvember í ár miðað við í fyrra. Milt veður og lágstemmdar væntingar neytenda eru meðal þess sem talið er hafa áhrif á dræma sölu.

Samdrátturinn gæti komið sér illa fyrir Baug sem er stórtækur á breskum verslunargötum. Verslunarkeðjan Woolworths, sem Baugur á tíu prósenta hlut í, gaf í gær frá sér afkomuviðvörun vegna slakrar sölu undanfarna tvo mánuði og lítilla væntinga til jólasölunnar. Þá eru margar tískuverslanir, þar á meðal House of Fraser, þegar farnar að selja vörur sínar á afslætti sem er afar óvanalegt í aðdraganda jólanna. - hhs

## Karl kaupir ilmvatnskeðju

Karl Wernersson, fjárfestir og meirihlutaeigandi í breska heildsölufyrirtækinu Per Sent, hefur ásamt Sanjay Vadera, forstjóra fyrirtækisins, keypt bresku verslanakeðjuna The Fragrance Shop ásamt tveimur öðrum fjárfestum. Glitnir banki fjármagnar kaupin sem nema á bilinu 10 til 14 milljónum punda eða 1,3 til 1,9 milljörðum íslenskra króna.

Hann segir verslanir The Fragrance Shop ríma vel við rekstur Per Scent, sem sérhæfi sig í heildsölu og dreifingu á ilmvötnum.

Sanjay Vadera verður forstóri ilmvatnskeðjunnar ásamt Bill Currie, sem stofnaði The Fragrance Shop fyrir 11 árum en seldi hana fyrir tveimur árum. Verslanakeðjan er þannig komin aftur til föðurhúsa en undir hana heyra 92 verslanir. Stefnt er að sameiningu félaganna og munu verslanirnar verða rúmlega 100 talsins, að sögn Karls. - jab

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Nærri yfirtöku** | Fons, eignarhaldsfélag Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, á nú 29,2 prósent í Ticket og stendur því nærri þrjátíu prósenta yfirtökumörkum sem gilda á sænska markaðnum.

**Eignast helmingshlut** | M-Invest, félag í eigu Baugs og Birgis Þórs Bieltvedt, hefur eignast helmingshlut í danska fyrirtækinu Day Birger et Mikkelsen. Vörumerkið er selt í yfir eitt þúsund verslunum í nítján löndum.

**Talsvert tap** | Dagsbrún skilaði 3,2 milljarða króna tapi á þriðja ársfjórðungi. Tap félagsins nam tæpum 4,7 milljörðum króna á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við 554 milljóna króna hagnað á sama tíma í fyrra.



**Viðamiklar aðgerðir** | Félögin sem urðu til við uppstokkun Dagsbrúnar, 365 og Teymi, ætla að ráðast í viðamiklar aðgerðir. Teymi selur fasteignir, skuldbreytir lánum og selur nýtt hlutafé. 365 selur hluti í Wyndeham og Hands.

**Kaupa Abrika** | Actavis keypti bandaríska lyfjafyrirtækið Abrika Pharmaceuticals Inc. sem sérhæft er í framleiðslu og þróun forðalyfja. Kaupverðið nam 16,5 milljörðum króna, þar af er helmingur árangurstengdur.

**Sameinaðir sparisjóðir** | Stofnfjáreigendur Sparisjóðs Hafnarfjarðar og Sparisjóðs vélstjóra samþykktu einróma á stofnfjáreigendafundum að sameina sparisjóðina frá og með fyrsta janúar 2006.

**Fær meira** | Kaupþing hefur safnað 7,4 milljörðum króna til viðbótar við þá 49,5 milljarða króna sem fengust við sölu nýs hlutafjár til alþjóðlegra fjárfesta á dögunum.

# Hafa kallað eftir upplýsingum frá bóksölum

**Samkeppniseftirlitið hefur kallað eftir rekstrarupplýsingum frá verslunum sem selja bækur og ritföng. Smærri bóksalar telja sumir samkeppni skerta vegna ráðandi stöðu Pennans.**

Óli Kristján Ármannsson
skrifar

Rekstrarumhverfi verslana sem selja bækur og ritföng er til sérstakrar skoðunar hjá Samkeppniseftirlitinu sem kallað hefur eftir rekstrarupplýsingum frá verslunum í þeim geira um land allt, jafnt smáum sem stórum. Á markaðnum eru verslanir í sömu eigu mjög ráðandi og hafa smærri verslanir stundum haft á orði að samkeppnisstaða þeirra sé skert af þeim sökum.

„Hjá mér kallaði Samkeppniseftirlitið eftir söluupplýsingum og öðru slíku sem maður náttúrlega afhendir fúslega,“ segir Arndís Björg Sigurgeirsdóttir, eigandi bóka- og gjafavöruverslunarinnar Iðu í Lækjargötu í Reykjavík og telur ekki skrýtið þótt könnuð sé samkeppnisstaða í þessum geira. „Umhverfið sem við búum við er þannig að Penninn á nánast allar búðir, ætli hann sé ekki með hátt í 80 prósent af markaðnum. Þar undir eru náttúrlega bæði Eymundsson og Mál og menning, fyrir utan svo verslanir sem þeir hafa eignast úti á landi. Svo er ég hér ein á milli tveggja stórra búða og sami eigandinn að þeim báðum. Þetta er náttúrlega ekki eðlilegt viðskiptaumhverfi, langt því frá,“ segir hún og bendir á að þar fyrir utan eigi eigendur Pennans, Griffils, Máls og menningar og Eymundsson líka Dreifingarmiðstöðina sem sjái um bókadreifingu í verslanir og séu enn fremur með innflutning og dreifingu erlendra tímarita á sínum snærum.

Arndís segir að það hljóti að skjóta skökku við að hún sé með næststærstu bókaverslunina í fermetrum talið á eftir Pennabúðunum. Þá veitir Pennanum einnig samkeppni Bóksala stúdenta, sem auk almennrar bóksölu sér háskólanemum og hluta framhaldsskólanna fyrir kennslubókum.

Á Arndísi er að skilja að samkeppnisstaða smærri fyrirtækja sé á margan hátt skert, ekki bara í sölu, því í krafti stærðar sinnar geti Penninn náð betri kjörum. „Við gerum okkar besta í að fylgja eftir risunum í afsláttarmálum, en samningsstaða mín er náttúrlega ekki jafnsterk og ef ég hefði fjölda verslana á mínum snærum.“

Kristinn Vilbergsson, forstjóri Pennans, segist hafa verið í samskiptum við Samkeppnisstofnun vegna skila á samrunaskýrslum tengdum kaupum Pennans á bókaverslunum á Ísafirði og Akranesi. „Og reyndar líka fyrr á árinu vegna kaupa á bókabúð í Keflavík. Í kaupsamningum var gerður fyrirvari um samþykki samkeppnisyfirvalda og við höfum svarað þeim í tengslum við það,“ segir hann og kveðst engar spurnir hafa af umfangsmeiri rannsókn á markaðnum. „En þetta er töluvert sem við þurfum að skila inn og gera grein fyrir, þótt kaupin séu út af fyrir sig ekki stór.“

Kristinn áréttar hins vegar að umfang bóksölu í landinu kunni að vera annað en birtist í fjölda smásöluverslana og vísar til þess að trúlega sé bókaútgáfan Edda stærsti bóksali landsins þegar kemur að innlendum bókum í gegnum klúbba, símsölu og annað, fyrir svo utan samkeppni frá netverslun bæði innan lands og utan. „Svo er er á ritfangamarkaði gríðarlega hörð samkeppni. Þar eru líka á fleygiferð stórir aðilar á borð við Odda og Office One.“

# Glitnir opnar fyrstur í Asíu

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra klippti á borða ásamt Bjarna Ármannssyni forstjóra og Einari Sveinssyni, stjórnarformanni Glitnis, við opnun skrifstofu Glitnis í Sjanghæ í gær.

Íslenskur banki hefur ekki áður sett upp skrifstofu í Asíu en fjölmörg íslensk fyrirtæki eru með starfsemi þar. Opnun skrifstofu Glitnis er liður í stefnu bankans að sinna afmörkuðum starfsgreinum á alþjóðamarkaði. Bankinn hefur um nokkurt skeið mótað sér stefnu í að þjónusta fyrirtæki í framleiðslu sjávarafurða og orkufyrirtæki sem sérhæfa sig í endurnýjanlegri orku.

Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, sagði við opnunina að fjölmörg tækifæri væru fyrir þessar syllur bankans í Suðaustur-Asíu. Glitnir hefur þegar tekið þátt í verkefnum í hitaveituframkvæmdum og í matvælageiranum. Í hitaveitunni er bankinn í samstarfi við Enex i Xian Yang, en Glitnir er einnig eigandi að matvælafyrirtæki með Bakkavör, en Bakkavör hefur gefið út að fyrirtækið stefni að uppbyggingu í þessum heimshluta.

- hh/ sjá síðu 4


120 1886 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

ISK 13,1%*

GBP 5,2%*

USD 6,3%*

EUR 4,2%*

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. nóvember - 1. desember 2006.

GOTT FÓLK McCANN

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| 365 | -2% | -40% |
| Actavis | -1% | 33% |
| Alfesca | 1% | 26% |
| Atlantic Petroleum | -7% | 26% |
| Atorka Group | 1% | 0% |
| Bakkavör | 3% | 21% |
| FL Group | 3% | 23% |
| Glitnir | 5% | 31% |
| Hf. Eimskipafélagið | -1% | -32% |
| KB banki | 2% | 9% |
| Landsbankinn | 0% | 4% |
| Marel | -1% | 20% |
| Mosaic Fashions | -1% | -11% |
| Straumur | 0% | 9% |
| Össur | -1% | -1% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Erlendir fjárfestar stórir í Icelandair

Erlendir fjárfestar keyptu 43 prósent þeirra 110 milljóna hluta sem fagfjárfestum stóðu til boða í útboði Icelandair Group Holding hf. sem lauk á mánudagskvöld. Eiga þeir nú sem nemur 4,7 prósentum í félaginu. „Áhugi erlendra fjárfesta kom skemmtilega á óvart,“ segir Jón Karl Ólafsson, forstjóri Icelandair. Alls óskuðu fagfjárfestar eftir að kaupa þrjú hundruð milljónir hluta. Nam umframeftirspurn þeirra því 173 prósentum. „Við fórum eina ferð til Noregs og Svíþjóðar, kynntum okkur fyrir fagfjárfestum og fengum mjög jákvæðar viðtökur. Nú erum við komin með breiðari grunn fjárfesta sem hefur mikla trú á félaginu. Það styrkir stoðirnar undir það að verðmyndun á fyrirtækinu muni eflast.“

Í heildina stóðu fagfjárfestum, almenningi og starfsmönnum Icelandair 185 milljónir hluta til boða á verðinu 27 krónur á hlut. Nemur það 18,5 prósentum af hlutafé félagsins. Samanlagt óskuðu fjárfestar eftir að kaupa 380 milljónir hluta og var umframeftirspurn því 105 prósent.

Eftir útboðið er fjórðungur allra 2.700 starfsmanna Icelandair orðinn hluthafi í félaginu. Alls keyptu 669 starfsmenn bréf og eiga nú stjórnendur og starfsmenn sex prósent í félaginu. Í útboði til almennings bárust áskriftir fyrir 1.935 milljónir króna. Stóð þeim til boða að kaupa fyrir 1.080 milljónir og var því áttatíu prósenta umframeftirspurn. Var því beitt niðurskurði á áskriftir sem leiddi til þess að fjárfestar fá 55,8 prósent þeirrar fjárhæðar sem þeir óskuðu eftir.

Eftir uppboðið uppfyllir Icelandair öll skilyrði um dreifingu og fjölda hluthafa sem þarf fyrir skráningu í Kauphöll Íslands. Áætlað er að viðskipti með hluti félagsins muni hefjast fimmtudaginn 14. desember. - hhs



**JÓN KARL ÓLAFSSON, FORSTJÓRI ICELANDAIR** Mikil umframeftirspurn var í hlutafjárútboði Icelandair Group sem lauk á mánudagskvöld.

# FL kaupir grimmt

## Félagið er meðal tíu stærstu í níu fyrirtækjum.

FL Group hefur haldið uppteknum hætti og keypt grimmt á innlendum hlutabréfamarkaði í nóvember.

Nú er svo komið að félagið er meðal tíu stærstu hluthafa í níu fyrirtækjum en að undanförnu hefur það verið að bæta við hlut sinn í Atorku og Landsbankanum.

Þá er hlutur FL í Actavis um 1,2 prósent eða um 2,7 milljarðar króna að markaðsvirði. FL er þó ekki meðal tíu stærstu í Actavis.

Meðal þessara níu félaga eru 365 og Teymi sem áður voru Dagsbrún. FL fer með 7,5 prósent í hvoru félagi fyrir sig.

Sem fyrr liggja stærstu eignarhlutir FL í Glitni og Straumi-Burðarási þar sem félagið er meðal kjölfestufjárfesta. Hlutur FL í Landsbankanum er kominn í tæp tvö prósent en ekki liggur fyrir hver eignarhlutur-inn er í Kauphþingi. Samanlagt verðmæti hlutabréfa FL í Glitni, Landsbankanum og Straumi er metinn á 147 milljarða króna. - eþa

**NOKKRAR HLUTABRÉFASTÖÐUR FL GROUP Á INNANLANDSMARKAÐI**

| Félag | Eignarhlutur | Virði* |
|---|---|---|
| Glitnir | 29,3% | 93,6 |
| Straumur-Burðarás | 26,6% | 47,6 |
| Landsbankinn | 1,8% | 5,3 |
| Actavis | 1,2% | 2,7 |
| Mosaic | 4,7% | 2,3 |
| Össur | 3,8% | 1,6 |
| Alfesca | 4,2% | 1,3 |
| 365 hf. | 7,5% | 0,87 |
| Teymi | 7,5% | 0,87 |
| Atorka Group | 3,2% | 0,68 |

** Markaðsvirði í milljörðum króna*

# Gildi besti lífeyrissjóðurinn

## Annað árið í röð sem IPE velur Gildi.

Gildi lífeyrissjóður var valinn besti lífeyrissjóður Íslands árið 2006 af IPE, fagtímariti um lífeyrismál. Þetta er annað árið í röð sem Gildi hlýtur þennan heiður.

„Það er mjög ánægjulegt að fá þessa viðurkenningu tvö ár í röð og hlýtur að sýna að við erum að gera rétta hluti,“ segir Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis lífeyrissjóðs.

Í umfjöllun IPE kemur fram að Gildi hafi sýnt framúrskarandi ávöxtun á árinu 2005 og undanfarin ár og hljóti verðlaunin meðal annars fyrir eignastýringu.

Meðal þeirra tækja sem stjórnendur Gildis hafa beitt með góðum árangri eru gjaldeyrisvarnir til þess að verja erlenda eignastöðu sjóðsins fyrir gengistapi. Það hefur haft í för með sér betri ávöxtun og minni sveiflur. - eþa



**GILDI BESTI LÍFEYRISSJÓÐURINN** Tryggvi Tryggvason, forstöðumaður eignastýringar hjá Gildi, tekur við verðlaunum úr hendi Anthony Biddulph frá BlackRock.

# MP stærsti stofnfjáreigandinn í nýjum sparisjóði

## Þrír fara með yfir fimm prósent í SPV eftir sameiningu við SPH. Stefnt er að því að auka stofnfé um allt að fjóra milljarða króna fyrir árslok.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Þrír stofnfjáreigendur eiga yfir fimm prósenta hlut í Sparisjóði vélstjóra (SPV) eftir að sparisjóðurinn og Sparisjóður Hafnarfjarðar (SPH) runnu saman í eitt. Stærsti stofnfjáreigandinn er MP Fjárfestingarbanki sem á yfir átta prósenta hlut, en Guðmundur A. Birgisson á Núpum og Fleða, félag í eigu Ásgeirs Þórs Árnasonar lögmanns, fara einnig með yfir fimm prósent stofnfjár. Hámarksatkvæðisréttur í sparisjóði miðast við fimm prósenta eignarhlut.

Þótt stofnfjáreigendur í SPV hafi fengið 61 prósent í sinn hlut við sameininguna þá eru það stofnfjáreigendur í SPH sem eru áberandi á lista yfir tuttugu stærstu eigendurna í SPV. Það skýrist einkum af því að fáir áttu stofnféð í SPH – rétt rúmlega þrjátíu aðilar. Til viðbótar áttu nokkur félög, svo sem MP, Glitnir, Saxhóll og SPK, stofnfé í báðum sparisjóðunum.

Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður nýja sparisjóðsins, segir að með sameiningunni sé stórum áfanga náð í sparisjóðakerfinu sem kunni að marka ákveðin tímamót. Tveir sparisjóðir vegi nú um sjötíu prósent af kerfinu. „Sparisjóðirnir voru 24 í byrjun árs og eru nú orðnir 22. Það er alveg ljóst að þeir verða ekki 22 eftir þrjú ár.“ Jón Þorsteinn tekur það þó fram að engin áform séu uppi um að sameinast öðrum sparisjóðum, enda hafi nýr sjóður mikið bolmagn til vaxtar á eigin forsendum.

Á stjórnarfundi í upphafi vikunnar var ákveðið að ganga til stofnfjáraukningar og nýta heimild sparisjóðsins til útgáfu nýs stofnfjár. Ætlunin er að selja allt að fjóra milljarða króna fyrir áramót. Jón Þorsteinn telur að verði heimild til stofnfjáraukningar nýtt að fullu geti eigið fé sparisjóðsins legið á bilinu sextán til sautján milljarða króna í árslok. Til samanburðar hafi eigið fé SPH og SPV numið samtals 10,7 milljörðum króna um mitt þetta ár.

**20 STÆRSTU STOFNFJÁREIGENDURNIR Í SPV/SPH**

| | Eignarhlutur | Tengdir aðilar |
|---|---|---|
| MP-fjárfestingarbanki | 8,1% | |
| Guðmundur A. Birgisson | 6,9% | |
| Fleða ehf. | 5,8% | Ásgeir Þór Árnason |
| Sólstafir ehf. | 4,1% | Þorsteinn M. Jónsson |
| Saxhóll ehf. | 3,6% | Jón Þorsteinn Jónsson og systkini |
| Glitnir | 2,5% | |
| Sparisjóður Kópavogs | 2,1% | |
| Fjárfestingafélagið Primus | 2,1% | Hannes Smárason |
| Myllan-brauð ehf. | 1,7% | Egill Ágústsson |
| Bygg ehf. | 1,7% | Gunnar og Gylfi |
| Fons ehf. | 1,7% | Pálmi Haraldsson |
| Glitnir Eignarhaldsfélag | 1,7% | |
| Hagar ehf. | 1,7% | Baugur 70% |
| Karen Millen | 1,7% | |
| Kevin Stanford | 1,7% | |
| LL-Eignir ehf. | 1,7% | Sigurður G. Guðjónsson |
| Sigurður Bollason ehf. | 1,7% | |
| Sjóvá-Almennar | 1,7% | |
| Skarðshyrna ehf. | 1,7% | Björn Þorri Viktorsson |
| Ziltis Inc. | 1,7% | Jón Ásgeir Jóhannesson |
| **Alls 20 stærstu** | **55,6%** | |

„Þá er þetta orðið alvöru fyrirtæki,“ segir stjórnarformaðurinn.

Bréf í SPV hafa skipt um hendur á genginu sjötíu um nokkra hríð. Miðað við verðmiðann er markaðsverðmæti sparisjóðsins 15,1 milljarður króna.


LÍTUR VEL ÚT
Santa Fe

**Bíll ársins 2007 í flokki jeppa og jepplinga**

Hyundai kynnir nýja kynslóð **stærri sportjeppa**, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið.

**Verð frá kr. 3.460.000**
Hlaðinn staðalbúnaði
Upplifðu bíl ársins 2006
Komdu í reynsluakstur

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2007 BÍLABLAÐAMANNA

Með bílinn handa þér



Bíll á mynd: Santa Fe GLS lux, 2,2 dísel - 7 manna.

HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Himinn og haf / SÍA – 9061024

# Í magnaðri sveiflu




Það er ekkert lát á uppsveiflunni hjá SPRON Verðbréfum, því eins og sjá má af þessum nótum voru SPRON Verðbréf með langhæstu ávöxtun sambærilegra sjóða á markaði eða **15,11%.***

Um er að ræða **Peningamarkaðssjóð SPRON.** Markmið sjóðsins er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hentar hann því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en fá samt stöðuga ávöxtun. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er laus samdægurs.

Kynntu þér málið nánar á **www.spronverdbref.is**

spron
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 1. september til 1. desember 2006 á ársgrundvelli.

Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa www.spronverdbref.is.

Athygli er vakin á að fjárfestingasjóðir eru áhættumeiri fjárfestingakostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

# Verð á laxi hækkar

Verð á laxi hækkaði á alþjóðamörkuðum í síðustu viku. Laxaverð fór hratt lækkandi í haust eftir að hafa verið í hæstu hæðum um nokkurt skeið, stórkaupendum á laxi til mikils ama. Meðal þeirra er Alfesca en dótturfélög þess, Labeyrie, Delpierre og Vensy, nota lax í miklu magni í framleiðslu sinni.



Í Morgunkorni Glitnis segir að þrátt fyrir hækkunina í síðustu viku sé verðið enn 33 prósentum undir því sem var í sumar þegar það stóð sem hæst. Flest bendi jafnframt til þess að framboð muni aukast frá framleiðendum á næsta ári sem ætti að öðru óbreyttu að þrýsta á verðið til lækkunar. Þó er tekið fram að eftirspurn á mikilvægustu mörkuðum hafi verið mikil að undanförnu. - hhs

# Fyrirtækjaútgáfa Windows Vista komin út

Sala hófst á heimsvísu á fimmtudag í síðustu viku á fyrirtækjaútgáfu nýjasta stýrikerfisins frá Microsoft, Windows Vista. Þetta er nýjasta stýrikerfi Microsoft síðan Windows XP kom á markað fyrir fimm árum en tíu þúsund manns eru sagðir hafa komið að verkinu.

Stýrikerfið kemur út í sex útgáfum en útgáfan fyrir heimilistölvur og einstaklinga kemur ekki á markað fyrr en í lok janúar á næsta ári.

Samhliða útgáfunni mun Microsoft setja á markað nýjan hugbúnaðarvöndul sem heitir því víðeigandi nafni Office 2007.

Halldór Jörgensson, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi, segir viðtökurnar hérlendis góðar. „Við höfum orðið vör við töluverða söluaukningu á fyrirtækjaútgáfu stýrikerfisins, m.a. vegna hugbúnaðarsamninga sem veitir fyrirtækjum rétt til að uppfæra stýrikerfi sitt. Svo hafa menn verið að endurnýja samningana í tengslum við útgáfu Windows Vista," segir hann og bætir við að fjölmargir nýir aðilar hafi tryggt sér uppfærslu á stýrikerfi vegna útgáfunnar. Þetta á sömuleiðis við um einstaklinga, sem hafa hug á að eignast stýrikerfið. Þeir geta nú þegar tryggt sér uppfærslurétt fyrir Windows Vista, sem þó verður ekki virkur fyrr en eftir tæpa tvo mánuði þegar kerfið kemur út.

Íslensk þýðing á einstaklingsútgáfu Windows Vista og Office 2007 er komin á fullt skrið en horft er til þess að setja hana á markað um tveimur mánuðum eftir að hún kemur út á heimsvísu, að sögn Halldórs. - jab



**WINDOWS VISTA** Darren Huston, framkvæmdastjóri Microsoft í Japan, kynnti Windows Vista í Tókýó á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Fjölgun nema á Suðurlandi

Gistinóttum fjölgaði í öllum landshlutum milli októbermánaða 2005 og 2006 nema á Suðurlandi þar sem þeim fækkaði um sautján prósent, úr ellefu þúsund í 9.100. Þetta sýna nýjar tölur Hagstofunnar. Fjölgunin er hlutfallslega mest á Norðurlandi þar sem gistinætur fóru úr 4.100 í 6.400 milli ára.

Í heild fjölgaði gistinóttum á hótelum um þrettán prósent milli októbermánaðanna. Gistinætur á hótelum voru 97.600 í október í ár en 86.600 í sama mánuði í fyrra. Er þá eingöngu átt við hótel sem opin eru allt árið um kring.

Gistirými á hótelum jókst líka eða um níu prósent milli ára. Fór fjöldi herbergja úr 3.670 í 3.996 og fjöldi rúma úr 7.452 í 8.107.

Fjölgun varð á gistinóttum á öllum landsvæðum fyrstu tíu mánuði ársins. Fjölgaði þeim um ellefu prósent frá fyrra ári og fóru úr 935.300 í 1.039.800. Hlutfallslega varð fjölgunin mest á samanlögðu svæði Suðurnesja, Vesturlands og Vestfjarða, þar sem gistinóttum fjölgaði um 23 prósent. Á Norðurlandi nam fjölgunin sextán prósentum, á Austurlandi ellefu prósentum, höfuðborgarsvæðinu tíu prósentum og á Suðurlandi fimm prósentum. - hhs

# Landsbankinn mælir með Atorku

Landsbankinn mælir með kaupum á hlutabréfum í fjárfestingafélaginu Atorku Group í nýlegri greiningu. Virði Atorku er metið á rúma 20,8 milljarða króna sem gefur verðmatsgengið 6,79 krónur á hlut og væntir Landsbankinn þess að gengi félagsins verði komið í 7,72 eftir tólf mánuði. Miðað við núverandi matsgengi er innra virði (V/I-gildi) Atorku 0,93, eða undir upplausnarvirði.

Hluturinn í Atorku kostaði 6,4 krónur við lokun markaða á mánudaginn.

„Viðskiptamódel Atorku er mjög áhugavert og möguleikar miklir. Helsta áhættan sem við sjáum í rekstri félagsins á þessum tímapunkti er takmörkuð reynsla í því að ljúka fyrirtækjaverkefnum og þar með innleysa hagnað sem þegar hefur verið bókfærður," segir í greiningunni.

Enn fremur mælir Landsbankinn líka með að fjárfestar yfirvegi bréf í Atorku í vel dreifðu hlutabréfasafni á innlenda markaðnum. - eþa



**FRÁ OPNUN HITAVEITU Í KÍNA** Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis, fulltrúar kínverska orkufyrirtækisins, Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra og fulltrúar frá Enex við vígslu hitaveitu í Xian Yang um helgina. MARKAÐURINN/HAFLIÐI HELGASON

# Búist við tuttuguogfimmföldun fyrir 2010

## Enex, Glitnir og kínverskir fjárfestar vígðu um helgina hitaveitu í Xian Yang. Verulegir vaxtarmöguleikar eru í hitaveitu á svæðinu sem gæti leyst kolakyndingu af hólmi.

**Hafliði Helgason**
skrifar

Ný hitaveita í borginni Xian Yang var tekin í notkun um helgina. Heildarfjárfesting hitaveitunnar sem vermir nú háskóla í borginni nam tvö hundruð milljónum króna. Hitaveitan nú er einungis brot af möguleikum svæðisins til að hverfa frá miklli kolanotkun og nýta heitt vatn úr jörðu þess í stað.

Það sá ekki til sólar í Xian Yang vegna mengunar þegar Valgerður Sverrisdóttir vígði nýja hitaveitu á svæðinu. Hitaveitan mun leysa af hólmi kolakyndingu fyrir háskóla bæjarins. Að hitaveitunni standa Enex, sem er í eigu orkufyrirtækja, verkfræðistofa og Glitnis, og kínverska fyrirtækið Shaanxi Green Energy Development Corporation. „Þetta er fyrsta hitaveituverkefni í samvinnu Kínverja og erlendra aðila," segir Bian Jun Jiang, stjórnarformaður SGEDO. „Þessi hitaveita markar tímamót fyrir íbúa á svæðinu sem munu með tíð og tíma horfa á bak kolakyndingu."

Bjarni Ármannsson segir mikla möguleika liggja í þessu verkefni. „Niðurstöðurnar af borunum voru betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Hitaveitan nú hitar rými sem svarar til húshitunar á Sauðárkróki." Í Xian Yang búa um fimm milljónir manna og er þegar unnið að hitaveitu sem hita mun upp hús í hverfi sem verður byggt á næstunni. Bjarni segir að jákvæð niðurstaða þessa verkefnis muni auka áhuga á frekari verkefnum og möguleikarnir séu nánast endalausir. „Áætlanir gera ráð fyrir því að fyrir 2010 verði búið að 25 falda hitaveitu hér á svæðinu."

Íslendingarnir sem stóðu að verkefninu telja mikla framtíðarmöguleika liggja í því samstarfi sem komið er á. Langan tíma tók að ná samningum við Kínverja um verkefnið og þurftu Íslendingarnir að glíma við vantrú á verkefninu. Framkvæmdir gengu hins vegar vel og kínverskir ráðamenn afar ánægðir með útkomuna. Segja fulltrúar Enex að velviljinn sem verkefnið hafi skapað opni möguleika á framkvæmdum víðar í Kína sem glímir við mikla notkun jarðefnaeldsneytis með tilheyrandi mengun.


**SJÓÐUR 10**
ÚRVAL INNLENDRA HLUTABRÉFA

**39,9%**

Nafnávöxtun síðustu 12 mánuði m.v. 30.09.2006*

BESTA ÁVÖXTUN SAMBÆRILEGRA SJÓÐA SÍÐUSTU 24 MÁNUÐI**

Markmið sjóðsins er að ná hærri ávöxtun en úrvalsvísitala Kauphallar Íslands.

**KOSTIR VERÐBRÉFASJÓÐA GLITNIS:**

- **Mikil áhættudreifing og góð ávöxtun**
- **Eignastýring í höndum sérfræðinga**
- **Ávallt innleysanlegir**

Þú getur fjárfest í áskrift eða keypt fyrir staka upphæð. Farðu á **www.glitnir.is** og kláraðu málið.

Sjóður 10 er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Glitnir Sjóðir hf. Útboðslýsingu og útdrátt úr útboðslýsingum má nálgast í útibúum Glitnis eða á **www.glitnir.is/sjodir.**

* Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð

** Sjá ávöxtun innlendra hlutabréfasjóða á www.sjodir.is



GLITNIR


GOTT FÓLK McCANN
FYRIRTÆKIÐ VAKTAÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
Firmavörn er beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112, þar sem starfsfólk okkar er ávallt í viðbragðsstöðu. Lykilbúnaður Firmavarnar miðast við mismunandi þarfir hvers fyrirtækis og er settur saman svo vörn fyrirtækisins gegn reyk-, vatns-, eða innbrotstjóni verði sem öflugust.
Securitas býður einnig uppá margvíslegar öryggisvarnir s.s
innbrotakerfi, aðgangsstýrikerfi, öryggismyndavélar, mannaða gæslu, öryggishnapp, vöruverndarhlið, slökkvitæki, brunaviðvörunarkerfi, sjálfvirk slökkvikerfi, verðmætaflutning, farandgæslu, hússtjórnarkerfi, rýrnunareftirlit.
Öryggisráðgjafar Securitas í síma 580 7000 benda þér á þær lausnir sem best henta þínu fyrirtæki.
SECURITAS
FIRMAVÖRN

## Nintendo með forskot á PS3

Japanski leikjatölvuframleiðandinn Nintendo seldi rúmlega 600.000 eintök af nýjustu tölvu fyrirtækisins, Nintendo Wii, rúmri viku eftir að tölvan kom á markað í Bandaríkjunum 19. nóvember síðastliðinn.

Þetta er um þrefalt meira en Sony seldi vestanhafs af PlayStation 3 leikjatölvunni á sama tíma.

Wii leikjatölvan frá Nintendo kostar um 250 dali eða rúmar 17.000 krónur í Bandaríkjunum, sem er um helmingi lægra verð en unnendur leikjatölva þurfa að reiða fram fyrir nýju tölvuna frá Sony.



**ÚR VERSLUN** Einn af fyrstu bandarísku leikjatölvuunnendunum er hann eignaðist Wii-leikjatölvu frá Nintendo. MARKAÐURINN/AFP

Mikil eftirspurn mun vera eftir leikjatölvum fyrirtækisins fyrir jólin og ætlar fyrirtækið að senda fjórar milljónir leikjatölva frá Japan og vestur um haf fyrir lok árs samanborið við eina milljón leikjatölva, sem Sony ætlar að selja í vesturheimi. - jab

## Rússar ráðast gegn ræningjum á netinu

Susan Schwab, viðskiptafulltrúi bandarískra stjórnvalda, og German Gref, viðskiptaráðherra Rússlands, undirrituðu viljayfirlýsingu á fundi þeirra í Víetnam í síðasta mánuði þess efnis að Rússar skeri upp herör gegn sjóræningastarfsemi í Rússlandi. Í kjölfarið hefur verið ákveðið að loka netveitunni Allofmp3.com, sem selur tónlist á netinu.

Bandaríkjamenn telja starfsemi netveitunnar brjóta í bága við höfundarréttarlög auk þess sem hún geti staðið í vegi fyrir því að Rússar fái aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.





**FRÁ FUNDI FULLTRÚANNA** Stjórnvöld í Bandaríkjunum og Rússlandi hafa samið um að ráðast gegn netsjóræningjastarfsemi. MARKAÐURINN/AFP

Þá ætla yfirvöld í Rússlandi enn fremur að höfða mál gegn forsvarsmönnum netveitunnar og sambærilegum fyrirtækjum með það fyrir augum að skrúfa fyrir sjóræningjastarfsemi sem viðgengst í landinu, að þeirra mati.

Forsvarsmenn Allofmp3.com halda því hins vegar fram að starfsemin sé í fullu samræmi við höfundarréttarlög enda greiði fyrirtækið tónlistarmönnum tilskild gjöld.

Allofmp3.com hefur notið mikilla vinsælda í netheimum enda eru lögin sem netveitan býður upp á allt að fimm sinnum ódýrari en tónlist hjá sambærilegum netveitum. - jab

# Vísindastofnun ESB ýtt úr vör

Evrópuþingið hefur gefið grænt ljós á stofnun Vísindastofnunar Evrópusambandsins og ákveðið að veita 54 milljörðum evra til verkefnisins sem á að efla vísinda- og frumkvöðlastarf innan Evrópusambandsins.

Stærstur hluti fjárveitingarinnar, 9,1 milljarður evra, eða tæplega 820 milljarðar íslenskra króna, rennur til upplýsingatækni en minni fjárhæðir renna til annarra málaflokka á borð við rannsókna á loftslagsbreytingum, til orkurannsókna, samgöngumála, heilbrigðisrannsókna og nanótækni en það felur meðal annars í sér þróun á örþunnum tölvuskjám sem hægt er að rúlla upp líkt og dagblaði.

Vísindaverkefnið verður í gangi á árabilinu 2007 til 2013.

Janez Potocnik, framkvæmdastjóri vísinda- og þróunarsviðs ESB, sagðist ánægður með niðurstöðuna á blaðamannafundi í lok síðustu viku enda sé horft til þess að efla samkeppnishæfni ESB á hinum ýmsu sviðum og gera álfuna að þekkingarsamfélagi heimsins, líkt og hann orðaði það

**FRAMLAG TIL VÍSINDASTOFNUNAR ESB***

| | |
|---|---|
| Upplýsingatækni | 820 |
| Heilbrigðismál | 540 |
| Samgöngur | 360 |
| Nanótækni | 270 |
| Orkumál | 180 |
| Umhverfismál | 162 |

** í milljörðum króna*

Potocnik benti jafnframt á að í samanburði við Bandaríkin og stærstu Asíuríkin, sér í lagi Kína, hafi Evrópuríkin dregist aftur úr hvað vísinda- og frumkvöðlastarf varðaði og hefði tillaga um fjárveitingar til vísindastofnunarinnar verið felldar hefði verið hætta á að vísindamenn og frumkvöðlar hefðu leitað út fyrir álfuna til að sinna starfi sínu. - jab

# Fjárfestingar stóraukast í Kína

### Fjárfestingar Kínverja til rannsókna- og þróunarverkefna hafa áttfaldast á rúmum áratugi.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Ef heldur sem horfir munu Kínverjar verja sem svarar til rúmra 136 milljarða bandaríkjadala, eða ríflega 9.200 milljarða íslenskra króna, til rannsóknar- og þróunarverkefna á þessu ári. Þetta er áttfalt hærri upphæð en fyrir áratug og meira en flest ríki í heiminum leggja til málaflokksins, að mati Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Þá er þetta í fyrsta sinn sem Kínverjar fara fram úr nágrönnum sínum í Japan í geiranum. Einungis Bandaríkjamenn verja meiru í þennan málaflokk, að sögn stofnunarinnar.

Ef upphæðin er borin saman við hlutfall af landsframleiðslu þá hefur hún tvöfaldast á síðastliðnum tíu árum. Hlutfallið nam 0,6 prósentum árið 1995 en nam árið 2004 1,2 prósentum.

Árið 1995 fjárfestu Kínverjar fyrir 17 milljarða dali eða um 1.150 milljarða króna í rannsókna- og þróunarverkefnum í landinu. Áratug síðar námu fjárfestingarnar hins vegar 95 milljörðum dala eða rúmlega 6.450 milljörðum króna. Í ár stefnir svo í að þær nemi 136 milljörðum dala, sem er áttföldun á rúmum áratugi. Þetta er sömuleiðis talsvert umfram hagvöxt í Kína, sem aukist hefur um 9 til 10 prósent að meðaltali á ári hverju.

Þá bendir OECD jafnframt á að þótt Kínverjar hafi tekið stórt stökk á árinu þá sé þetta tvöfalt minna en fjárveitingar Bandaríkjamanna, sem





**FRÁ KÍNA** Kínverjar hafa aukið fjárfestingar til rannsókna- og þróunarverkefna mikið síðastliðinn áratug. MARKAÐURINN/GETTYIMAGES

verja um 330 milljörðum bandaríkjadala eða rúmlega 22.400 milljörðum króna á árinu.

Til samanburðar er reiknað með að Evrópusambandslöndin verji rétt rúmum 230 milljörðum dala eða eða 15.600 milljörðum íslenskra króna til rannsóknar- og þróunarstarfa á sama tíma.

Dirk Pilat, forstöðumaður vísinda- og tæknisviðs OECD, segir fjárveitingar Kínverja hafa stóraukist á síðastliðnum áratug. Enda sé um mikilvægan málaflokk að ræða því það eykur samkeppnishæfni þjóða, að hans sögn.

# Kerkorian selur helmingshlut í GM

Bandaríski auðkýfingurinn Kirk Kerkorian hefur selt helmingshlut sinn í bandaríska bílaframleiðandanum General Motors. Fjárfestingafélag Kerkorians, Tracinda Corp., átti lengi vel um 9,9 prósenta hlut. Þetta er í annað sinn sem hann selur stóra hluti í GM og á nú um 4,9 prósent.

Kerkorian átti frumkvæðið að samstarfsviðræðum GM, Nissan Motors og franska bílaframleiðandans Renault í sumar og var bjartsýnn á samstarf enda reiknað með að hagur bílaframleiðandans myndi batna með samstarfinu. Þegar upp úr slitnaði á haustdögum lýsti Kerkorian hins vegar yfir sárum vonbrigðum með niðurstöðuna og greindi frá því að hann myndi selja hluti sína í GM.

Kerkorian hefur auk þess ákveðið að auka við hlut sinn í hótel- og spilavítakeðjunni MGM Mirage, sem á fasteignir í Las Vegas og Atlantic City.





**HÖFUÐSTÖÐVAR GM Í DETROIT** Gengi bréfa í General Motors lækkaði eftir að bandaríski auðjöfurinn Kirk Kerkorian seldi helming bréfa sinna í bílaframleiðandanum í síðustu viku. MARKAÐURINN/AFP

Kerkorian seldi um 14 milljón hluti í GM í síðustu viku og tók gengi bréfa í bílaframleiðandanum talsverða dýfu við það. Hann seldi svipað magn á ný í síðustu viku og á nú eftir 4,9 prósent í fyrirtækinu.

Gengi bréfa í GM lækkaði um tæpt prósent í vikulokin vegna fréttanna. - jab

## Peningamálastefna Simbabve í skoðun

Fulltrúar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eru nú staddir í Afríkuríkinu Simbabve en þeir ætla að verja tíu dögum til að kanna fjármál landsins og vinna að skýrslu um peningamálastefnu Roberts Mugabe forseta og stjórnvalda þar í landi.

Í Simbabve er óðaverðbólga, rúm 1.200 prósent, sem er ein sú mesta í heimi auk þess sem atvinnuleysi mælist um 80 prósent og hefur fátækt aukist gríðarlega síðustu ár.



**ROBERT MUGABE** Fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru nú að skoða peningamálastefnu Simbabve, en þar er 1.200 prósenta verðbólga og 80 prósenta atvinnuleysi. MARKAÐURINN/REUTERS

Stjórnvöld hafa tekið fjölda lána hjá hinum ýmsu stofnunum víða um heim með það fyrir augum að blása lífi í dapran efnahag landsins. En greiðslur hafa dregist von úr viti og hafa heimildir Afríkuríkisins verið takmarkaðar á margan hátt. Þá hefur verið ýtt á stjórnvöld, að þau dragi úr ríkisrekstri, einungis þannig muni efnahagslífið taka við sér, að sögn forsvarsmanna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Ríkisstjórn Mugabes skuldar Alþjóða-gjaldeyrissjóðnum 125 milljarða bandaríkjadali, eða 8,5 milljarða íslenskra króna, en skrúfað var fyrir frekari lántökur stjórnvalda fyrir sex árum.

Stjórnvöld hafa gripið til ýmissa ráða til að koma skikkan á fjármál landsins. Eitt af ráðunum er aukin prentun peninga hjá seðlabanka Simbabve, en það hefur gert lítið annað en að ýta verðbólgunni enn frekar upp. - jab








Humarhúsið

*Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is*



# Skrefinu framar með Sony

## Upplifðu það besta

Sony LX2 flatskjárinn tryggir þér bestu mögulegu myndgæðin með nýjustu LCD og Bravia tækninni. Fjöldi tengimöguleika veita þessum skjá sérstöðu. Hann hentar jafnt á heimilum og fyrirtækjum.



## Tryggðu þínu fyrirtæki alla möguleika

Í þessum skjá er möguleiki á innbyggðu auglýsingakerfi sem fyrirtæki geta nýtt sér - með lágmarksfyrirhöfn. Einungis þarf rafmagn að skjánum og lágmarks tölvukunnáttu til að geta nýtt sér þessa frábæru tækni. Nauðsynlegur hugbúnaður fylgir frítt með.

**Verð: kr. 69.900**



## Sony LX2

40" eða 32" / HD samhæfður (1080p) / Upplausn: 1366x768 / Sjónarhorn: 178°x178° / Svartími: 8ms / Hljóð: 2x7W SRS WOW, BBE digital / Inngangar: 2x HDMI, Component, S-video, Video, VGA tölvuinngangur, hljóð / Stýrimöguleikar: RS232, Control-S

**Litir:** Svartur eða Silfur

**40" skjár kr. 249.900**

**32" skjár kr. 159.900**

SONY

NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

# Öflugir á höfuðborgarsvæðinu

## Ellefu mánuðir liðu frá því óformlegar viðræður hófust um sameiningu SPH og SPV þar til að stofnfjáreigendur gáfu grænt ljós fyrir sitt leyti. Stjórnendur nýja sjóðsins segja að hann anni mun meira umfangi miðað við stöðu auk þess sem nýting fjármagns verði betri og lánskjör batni. Eggert Þór Aðalsteinsson kynnti sér málið.

Sparisjóður Hafnarfjarðar og Sparisjóðir vélstjóra, annar og þriðji stærstu sparisjóðir landsins, runnu saman á fullveldisdaginn eftir að stofnfjáreigendur beggja sparisjóða samþykktu samrunatillögur stjórna. Samruninn er gerður með fyrirvara um blessun Fjármálaeftirlitsins (FME). Þetta er stærsti sparisjóðasamruni Íslandssögunnar en ólíkt öðrum sameiningum, sem hafa nær oftast byggst á fjárhagslegri endurskipulagningu, er hér um að ræða samruna á viðskiptalegum forsendum.

Stjórnendur nýja sparisjóðsins eru þess fullvissir að með sameiningu þessara tveggja rótgrónu sparisjóða losni miklir kraftar úr læðingi. „SPV og SPH hafa átt náið og gott samstarf til margra ára. Fram til þessa hafa sparisjóðirnir ekki keppt um viðskipti á sama markaði en með sameiningunni verður til eitt öflugt markaðssvæði hér á höfuðborgarsvæðinu," sagði Ragnar Z. Guðjónsson, sparisjóðsstjóri SPV, á fundi stofnfjáreigenda í SPV hinn fyrsta desember.

Nýr sparisjóður er með heildareignir upp á tæpa eitt hundrað milljarða króna. Til samanburðar nema heildareignir SPRON, stærsta sparisjóðsins, 166 milljörðum króna, og SPKEF, sem er í þriðja sæti, 38 milljörðum um mitt ár. Ætla má að heildareignir SPRON annars vegar og SPV hins vegar nemi um 70 prósent af heildareignum sparisjóðakerfisins.

### ÁFRAM UNNIÐ EFTIR ÞREMUR VÖRUMERKJUM

SPV er stærri sparisjóðurinn í þessum samruna þar sem hann er metinn á 61 prósent við samrunann en SPH á 39 prósent. SPV er skilgreindur sem yfirtökusparisjóður við sameininguna en SPH sem hinn yfirtekni. Yfirtakan er þó meira í orði en á borði til þess að auðvelda sameininguna og komast hjá því að stofna nýjan sparisjóð. Vörumerkin þrjú, SPH, SPV og S24, verða áfram í notkun, en fastlega er búist við að nýi sparisjóðurinn fái nýtt nafn. Ragnar Z. og Magnús Ægir Magnússon, sem stýrði SPH, verða sparisjóðsstjórar hins nýja sjóðs.

Við skiptihlutföllin voru ýmsir þættir hafðir til hliðsjónar, svo sem eigið fé, heildareignir, rekstrarniðurstöður áranna 2003-2005 og samsetning lánasafna, hlutabréfaeignar og vaxtamöguleika. Stofnfé SPV var aukið um 84 milljónir króna til að mæta samrunanum og var hækkunin innt af hendi til stofnfjáreigenda í SPH sem gagngjald fyrir stofnfjárhluti þeirra. Eftir sameininguna, sem tekur gildi frá og með fyrsta janúar 2006, er stofnféð rúmar 216 milljónir króna.

Í greinargerð frá stjórn SPV, sem lögð var fyrir fundinn, voru reifaðar þær umræður sem áttu sér stað innan hennar um framtíðarsýn sparisjóðsins; hvernig hægt væri að hagræða í rekstri og auka umfang starfseminnar þannig að samkeppnishæfni hans yrði aukin.

„Í langflestum tilvikum leiðir aukin stærð fjármálafyrirtækis til forskots í samkeppni. Einkum lýtur það að tækifærum til öflunar ódýrara lánsfjármagns og þjónustu við stærri lántakendur og samstæður. Þrengt hefur að minni fjármálastofnunum og sparisjóðirnir hafa átt undir högg að sækja í þessari þróun meðan stærri fjármálafyrirtæki hafa vaxið," sagði Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður SPV.



**SAMRUNI SPH OG SPV VAR SAMÞYKKTUR AF STOFNFJÁREIGENDUM Á FULLVELDISDAGINN** Ragnar Z. Guðjónsson, sem situr fyrir miðju, verður sparisjóðsstjóri nýja sparisjóðsins ásamt Magnúsi Ægi Magnússyni. Jón Þorsteinn Jónsson, sem situr honum á vinstri hönd, er formaður stjórnar. Við hlið Ragnars situr Þórir Ólafsson, löggiltur endurskoðandi frá PwC. MARKAÐURINN/VILHELM

### STERKIR Á MÖRGUM SVIÐUM

Til þess að styrkja stöðu sparisjóðsins þótti nærtækasta leiðin sú að sameinast öðrum sparisjóðum. Lengi var vitað um áhuga stjórnenda SPV að ganga til viðræðna við aðra sparisjóða eins og hafði komið fram í fjölmiðlum. Lá þar beinast við að leita til SPH eftir að miklar breytingar urðu á stofnfjáreigendahópnum í Hafnarfirði og stjórn sparisjóðsins.

Sú könnun, sem stýrt var af hendi Árna Tómassonar hjá IMG Gallup, sýndi að hægt var að ná verulegri hagræðingu með því að sameina sparisjóðina og auka umsvif þeirra án aukins rekstrarkostnaðar. „Starfsmannafjöldi, aðstaða og tæknibúnaður sparisjóðanna annar mun meira umfangi en nú er sinnt af sjóðunum. Arðsemi sameinaðs sparisjóðs á því að vaxa," sagði Jón Þorsteinn ennfremur.

Hann benti á að í miðju samrunaferlinu hafi sparisjóðirnir verið farnir að njóta góðs af fyrirhuguðum samruna. Viljayfirlýsing um samruna hafði mikið um að segja að nokkrir evrópskir bankar veittu sambankalán í júlí fyrir sextíu milljónir evra (5,5 milljarða króna) á góðum kjörum þótt enn væri um tvo sparisjóði að ræða.

Þá telja stjórnendur hins nýja sparisjóðs að ólík samsetning þeirra verði mikill styrkur fyrir nýja sjóðinn. SPV hefur fjárfest mikið í hlutdeildarfélögum eins og í MP Fjárfestingarbanka og Fjárfestingarfélagi sparisjóðanna, en rekur ekki netbanka og verðbréfaþjónustu eins og er að finna hjá SPH. Þá á SPH 80 prósent í Allianz á Íslandi. Allar þessar fjárfestingar ættu að nýtast betur, skila auknum umsvifum með óverulegum tilkostnaði. Sameiginlega er fyrirtækið með sterka markaðsstöðu í nær öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, bæði í norður - og suðurhlutanum.

Stefnt er að því að hnýta lausa enda fyrir áramót en stjórnendur sparisjóðsins líta á næsta ár sem stóra árið í framþróun sparisjóðsins þar sem tekjustoðir verði efldar. Með útgáfu á nýju stofnfé, eins og greint er frá í fréttakafla Markaðarins í dag, eykst eigið fé SPV í sextán til sautján milljarða króna.

**HELSTU STÆRÐIR OG EIGNIR NÝJA SPARISJÓÐSINS**

| | |
|---|---|
| Vörumerki: | SPH, SPV og S24 |
| Áætlaðar heildareignir um næstu áramót: | 100-110 miljarðar |
| Áætlað eigið fé um næstu áramót: | 16-17 milljarðar |
| Hagnaður á fyrri hluta ársins: | 881 milljónir |
| Fjöldi útibúa og afgreiðslna: | 8 |
| Helstu eignarhlutir: | |
| Icebank | 28,7% |
| SP Fjármögnun | 31,9% |
| Allianz | 80% |
| MP Fjárfestingabanki | 14% |
| Fjárfestingafélag sparisjóðanna | 21,2% |
| Verðbréfaþjónusta sparisjóðanna | 37,8% |
| Sparisjóður Vestfirðinga | 17,0% |
| Kreditkort | 15% |
| Sparisjóður Kópavogs | 4% |

### LANGUR OG FLÓKINN FERILL

Samruni sparisjóða er síður en svo auðvelt viðfangsefni eins og sameiningarferli SPH og SPV bar með sér. Þar sem flestir búast við frekari sameiningum innan sparisjóðakerfisins er forvitnilegt að kynna sér þann feril sem forsvarsmenn SPH og SPV fóru í gegnum. Á fundi stofnfjáreigenda í SPV gerði Jón Þorsteinn grein fyrir margþættu og flóknu samrunaferli sem tók alls ellefu mánuði. Í janúar og febrúar áttu stjórnarformenn sparisjóðanna, nafnarnir Jón Þorsteinn og Jón Auðunn Jónsson, óformlegar viðræður sem leiddu til þess að þann 27. apríl sendu stjórnir sparisjóðanna frá sér tilkynningu um að ákveðið hefði verið að hefja formlegar sameiningarviðræður og tilgangur og markmið þeirra aðgerða kynnt fyrir eftirlitsaðilum og fjölmiðlum. Í kjölfarið var gerð kostgæfnisathugun og vinna við útreikninga og skiptihlutfalla.

Í maí var umgjörð nýs sparisjóðs mótuð í samvinnu við ráðgjafarfyrirtækið IMG og mánuði síðar lá fyrir skýrsla um skiptihlutföll sem var send til FME. Hluthafaskrá, Samkeppnisstofnun og FME fengu svo samrunaáætlun og stofnsamning efnahagsreiknings til sín. Í júlí fór fram frekari vinna við samrunann er sneri að stefnumótun og skipulagi og greinargerðir unnar við fjórða tug spurninga frá FME og í ágúst var lokið við að skýra FME ítarlega frá samrunanum í samvinnu við innri endurskoðendur, lögmenn og ráðgjafa frá PWC. Í kjölfarið hófst vinna við áreiðanleikakönnun á lánasafni sparisjóðanna sem lauk í september og var send til FME. Þá tók við vinna við lögfræðilega áreiðanleikakönnun sem skilað var til FME. Í október óskaði FME eftir viðbótarupplýsingum við þriðja tug spurninga og var þeim fyrirspurnum svarað um miðjan þann mánuð. Þá tóku við verkefni er sneru að samrunanum, meðal annars samruni bókhaldskerfa, verkefni á sviði fjárstýringar, gerð sameiginlegra rekstraráætlana, sameining upplýsinga og tölvukerfa og uppbyggingu dreifileiða.

### ÞAÐ SEM KOMA SKAL

Í byrjun nóvember var haldinn stofnfjáreigendafundur í SPH sem samþykkti að auka stofnfé sparisjóðsins til að mæta skiptihlutföllum. Stofnfjáreigendafundir í SPH og SPV voru síðan boðaðir þann fyrsta desember þar sem samruninn var samþykktur einróma með fyrirvara um endanlegt samþykki FME.

Þótt sameiningin hafi tekið fulllangan tíma að sumra mati telja þeir sem Markaðurinn ræddi við að eftir á að hyggja hafi FME virkilega viljað vanda til verka fyrir það sem koma skal. „Mér kæmi ekki á óvart þó að sameiningarnar yrðu fleiri á næstunni," sagði Jónas Fr. Jónsson, forstjóri FME, á aðalfundi stofnunarinnar í nóvember.




Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?
ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is
Microsoft CERTIFIED Partner
Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is
mentis HUGBÚNAÐUR

Meistarinn er fyrir alla fjölskylduna!



# MEISTARINN




## Meistaraspilið er komið í verslanir

Meistarinn er spil sem byggt er á samnefndum spurningaþætti Stöðvar 2. Spilið býður upp á fjölbreyttar spurningar þar sem keppendur geta sýnt snilli sína ásamt því að kalla fram hámarksspennu milli þeirra.

Hver verður meistarinn heima hjá þér?

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

GOTT FÓLK McCANN




**BÖRN Í BANKA** Viðmælendur Markaðarins voru á einu máli um nauðsyn þess að byrja snemma að kenna börnum meðhöndlun fjármuna og fjármálalæsi til að koma í veg fyrir að þau lendi í greiðsluerfiðleikum síðar á lífsleiðinni. MARKAÐURINN/GVA

# Fjármálalæsi er tæki sem nýti

**Það er mál manna að fjármálalæsi hér á landi er ábótavant. En hvað er til ráða? Skólar og sam fjármálalæsi unglinga til að koma í veg fyrir að næstu kynslóðir skilji eftir sig skuldaslóð. *Jón A* kynnti sér stöðu og kennslu í fjármálalæsi hér á landi og kannaði hvaða úrræða fólk getur leita**

Orðið fjármálalæsi hefur komið æ oftar upp í samræðum manna hér á landi síðastliðinn áratug eða svo, ekki síst vegna vakningar hinna ýmsu samtaka og stofnana samfélagsins sem ítrekað hamra á mikilvægi fjármála í daglegu lífi.

En þrátt fyrir aukna umræðu um fjármál, ýmsar sparnaðarleiðir, tal um yfirdrætti, hlutabréfakaup og ýmislegt tengt peningum virðist sem það skili sér ekki í auknum skilningi fólks á fjármálum.

### LÍTIL ÞEKKING Á FJÁRMÁLUM

Fjármálalæsi Íslendinga er í mörgu ábótavant og má telja landsmenn fremur til skuldara en hitt í samanburði við frændur okkar á Norðurlöndunum. Sumir spenna bogann hátt í viðleitni sinni til að fylgja tískustraumum en aðrir lenda í skuldasúpu af persónulegum ástæðum, svo sem vegna veikinda, í kjölfar skilnaðar og svo mætti lengi telja. Hvað sem því líður virðist meirihluti landsmanna líta á fjármuni sem tæki til að lifa frá degi til dags fremur en að leggja þá til hliðar fyrir mögru dagana.

Þessi tilhneiging byrjar snemma á lífsleiðinni líkt og Breki Karlsson komst að í lokaverkefni sínu við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík á síðasta ári. Breki sendi lista með 40 spurningum til 70 framhaldsskólanema í Reykjavík þar sem spurt var um helstu atriði í fjármálum þeirra. Niðurstöðurnar voru vægast sagt sláandi enda fengu nemendurnir meðaleinkunnina 4,6, sem jafngildir falleinkunn í fjármálalæsi.

Könnunin leiddi meðal annars í ljós að um 17,5 prósent framhaldsskólanema hafi að meðaltali um 146 þúsund króna yfirdrátt í bönkum Hæsti yfirdrátturinn nam 600 þúsundum króna en algengast var að framhaldsskólanemarnir væru með 50 þúsund króna yfirdrátt.

Þá greiddi tæplega fjórðungur framhaldsskólanemanna mánaðarlegar afborganir af lánum sínum og höfðu 13 prósent þeirra lent í vanskilum með afborganir.

### KENNSLA Í FJÁRMÁLALÆSI

Könnun Breka fékk mikla athygli. Glitnir, þá Íslandsbanki, efndi til ráðstefnu um fjármálalæsi og færni í fjármálum í sam-

## *Yngra fólk í greiðsluerfiðleikum*

Ásta Sigrún Helgadóttir, forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, segir þeim hafa fjölgað mikið í haust, sem leitað hafi ráða vegna greiðsluerfiðleika. Tíðnin sé sveiflukennd, desember sé rólegur en holskefla verði eftir áramótin þegar kreditkortareikningarnir koma inn um lúguna.

Ásta segir tímabundna fækkun hafa orðið hjá þeim sem hafi lent í greiðsluerfiðleikum þegar bankarnir komu inn á íbúðalánamarkaðinn. Margir hafi fengið úrlausn sinna mála innan bankakerfisins. En eftir því sem bankarnir hafi dregið úr íbúðalánum sínum hafi þeim fjölgað upp á síðkastið, sem hafi leitað til Ráðgjafarstofunnar.

Fram til síðasta árs var stærsti aldurshópurinn sem leitaði til Ráðgjafarstofunnar á aldrinum 30 til 40 ára. Í fyrra var stærsti hópurinn hins vegar á aldrinum 20 til 30 ára. „Við finnum fyrir því að á þessu ári er það yngra fólk sem skuldsetur sig mjög mikið og er komið í verulega greiðsluerfiðleika þegar það leitar til okkar,“ segir hún og bendir á að helsta ástæðan fyrir því að fólk lendir í skuldafeni sé sú að fólk taki of há lán miðað við tekjur auk þess sem ýmis áföll geti átt hlut að máli. „En því miður virðist sá hópur fara stækkandi sem einfaldlega eyðir of miklu. Svo kemur auðvitað alltaf að skuldadögum og þá stendur það frammi fyrir stóru vandamáli,“ segir Ásta og leggur áherslu á að það sé mjög ógnvekjandi þegar kornungt fólk sé komið með háar skuldbindingar, svo sem allt að milljón króna yfirdráttarheimildir sem það nýti að fullu.

Ásta segir óeðlilegt þegar fólk eyði sí og æ um efni fram og bendir á mikilvægi þess að fólk geri sér snemma grein fyrir því að í óefni geti stefnt í stað þess að sökkva sér í skuldir. Fólk geti ratað í miklar ógöngur vegna þessa. Það verði fast í vinnuklafa til að losna undan skuldbindingum, sem aftur getur hamlað framtíðarmöguleikum þess, svo sem námi og barneignum, svo eitthvað sé nefnt, að sögn hennar.



**ÁSTA SIGRÚN HELGADÓTTIR** Forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna segir mikilvægt að auka fræðslu um fjármál á grunnskólastigi. Það sé mjög ógnvekjandi þegar kornungt fólk sé með háar skuldbindingar. MARKAÐURINN/RÓSA

Ráðgjafarstofan hefur farið í grunn- og framhaldsskólana og frætt nemendur um fjármál í lífsleikninámskeiðunum og kennt um gerð bókhalds, hvað lántökur merki og hvaða afleiðingar rþað getur haft að lenda á vanskilaskrá. „Þarna finnur maður í raun hvað þekkingin er lítil og hversu mikil þörf er á aukinni fræðslu um fjármál. Því fyrr því betra,“ segir Ásta.



# ist í lífinu

## ntök hafa lagst á eitt að auka *Aðalsteinn Bergsveinsson* ð úr greiðsluerfiðleikum.

starfi við HR, sem sérstaklega var ætluð þeim sem miðla upplýsingum um fjármál til almennings. Þá rötuðu niðurstöður Breka inn í umræður á Alþingi í janúar á þessu ári þegar Valdimar L. Friðriksson, þá þingmaður Samfylkingarinnar, vakti máls á miklum fjölda gjaldþrota ungs fólks á aldrinum 20 til 30 ára og fjölgunar á árangurslausum fjárnámum hjá fólki á aldrinum 15–30 ára, en þau jukust um 42 prósent á árunum 2001 til 2005. Þá vitnaði Valdimar til könnunar Breka og spurði Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra í hvaða bekkjum grunnskóla og framhaldsskóla kennsla færi fram í meðferð fjármuna.

Menntamálaráðherra sagði íslensk börn og unglinga hafa almennt meira fé á milli handanna nú en áður og hafa í auknum mæli orðið markhópur sem kaupendur vöru og þjónustu. Af þessum sökum sé fræðsla um fjármál í grunn- og framhaldsskólum afar mikilvæg og brýn. Þorgerður benti á að kennsla í fjármálum færi fram í skyldunámskeiðinu lífsleikni í 8., 9. og 10 bekk í samræmi við Aðalnámskrár grunnskóla og framhaldsskóla og sé markmiðið að nemendur þekki og skilji hvað það sé að vera neytandi í flóknu og margbreytilegu samfélagi að námi loknu.

Lífsleikni hefur verið kennd í grunn- og framhaldsskólum landsins í nokkur ár. Námið hefur ekki skilað sér að fullu út í samfélagið og virðist sem kynslóðaskipti þurfi til að það gerist að einhverju marki.

**LEIÐA LEITAÐ ÚR SKULDAFENI**

Hvað sem öðru líður hafa skuldir heimilanna vaxið ár frá ári. Virðist sem margir loki eyrunum fyrir orðum á borð við sparnað og aðhaldi í fjármálum. Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabanka Íslands námu heildarskuldir heimilanna um áramótin 2004/2005 eitt þúsund milljörðum króna en það er 23,4 prósenta aukning á milli ára. Helmingur skuldanna var við innlánsstofnanir og jukust þær um 76,5 prósent á síðasta ári.

Þeir sem lent hafa í ógöngum í skuldafeninu geta leitað úrlausna sinna mála hjá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, sem aðstoðar einstaklinga og fjölskyldur sem eiga í verulegum greiðsluerfiðleikum og eru komin í þrot með fjármál sín. Þar er aðstoðað við gerð greiðsluáætlunar, leitað hentugra úrræða og höfð milliganga um samninga við lánadrottna í sérstöku tilvikum. Í ársskýrslu Ráðgjafarstofunnar á síðasta ári segir að vert sé að horfa til framtíðar og vinna að því að styrkja enn frekar fræðslu í fjármálum og vinna að því að forða einstaklingum og fjölskyldum frá því að lenda í greiðsluerfiðleikum. Um alvörumál sé að ræða því erfiðleikar sem þessir kosti mikið, jafnt einstaklinginn sem skuldar, kröfuhafann og samfélagið í heild. Sé til mikils að vinna. Þá er það markmið Ráðgjafarstofunnar að vinna að fræðslustarfi fyrir almenning um fjármál heimilanna í því augnamiði að draga úr hættu á greiðsluerfiðleikum.

Í ársskýrslu Ráðgjafarstofunnar kemur fram að helsta ástæða greiðsluerfiðleika eru veikindi einstaklinga, eða í 24,6 prósentum tilvika. Næst á eftir koma offjárfestingar eða í 19,8 prósentum tilvika. Minni tekjur og atvinnuleysi fylgja næst á eftir. Vankunnátta í fjármálum er fimmta ástæðan fyrir greiðsluerfiðleikum einstaklinga.

Meðalskuldir einstaklinga sem leita til Ráðgjafarstofunnar hafa aukist ár frá ári. Árið 2003 námu meðalskuldir einstaklinga 5,8 milljónum króna en voru tæpar 7,5 milljónir króna á síðasta ári. Samkvæmt upplýsingum frá Ráðgjafarstofunni stefnir í hærri meðalskuldir einstaklinga á þessu ári.

Athygli vekur að mestur hluti þeirra lána sem lentu í vanskilum hjá einstaklingum á síðasta ári voru skammtímalán á borð við yfirdráttarheimildir. Fast á hæla þeirra fylgdu ógreidd opinber gjöld og aðrar ótilgreindar skuldir. Meðlags- og kreditkortaskuldir voru í næstu sætum á eftir.

Þetta rímar við þá sem oftast leituðu til Ráðgjafarstofunnar á síðasta ári en meirihluti þeirra voru einhleypir karlar um og yfir fertugt og einstæðar mæður á aldrinum 20 til 30 ára.

**KOMANDI KYNSLÓÐIR**

Samtökin Junior Achievement á Íslandi, eða Ungir frumkvöðlar, hafa haft það að markmiði síðastliðin þrjú skólaár að efla fjármálalæsi og viðskiptalegan hugsunarhátt grunnskólanemenda í 9. bekk á aldrinum 14-15 ára undir heitinu Framtíðarsmiðjan. Um valnámskeið er að ræða einu sinni í viku í 8 vikur þar sem unglingum er meðal annars kennd gerð fjárhagsáætlana bæði fyrir einstaklinga og fjölskyldur, gerð atvinnuumsókna, atvinnuviðtal og þeir vaktir til umhugsunar um framtíðaráform sín og ábyrgð í fjármálum. Þá er hlutabréfamarkaðurinn skoðaður. Sérstakir ráðgjafar, sem koma frá mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins, kenna námsefnið og tengja það atvinnulífinu með beinum hætti.

Junior Achievement eru alþjóðleg félagasamtök sem hafa boðið upp á námskeið sem þetta úti um allan heim. Fyrir þremur árum þótti nauðsynlegt að bjóða upp á fjármálanámið í grunnskólum landsins og var ákveðið að þýða það og laga að íslenskum aðstæðum. Námið hefur notið mikilla vinsælda og stefnir í að 600 nemendur sitji námskeiðið á árinu.

Junior Achievement heldur einnig svipað námskeið fyrir framhaldsskólanemendur, sem heitir Fyrirtækjasmiðjan. Þátttakendur í námskeiðinu stofna fyrirtæki frá grunni og reka það í 13 vikur. Í námskeiðinu ákveða unglingarnir sjálfir hvað fyrirtækið heitir, hvað það framleiðir og gera ítarlega viðskiptaáætlun. Þeir selja síðan hlutabréf í fyrirtækinu fyrir 500 krónur á hlut. Velgengni í hlutabréfasölu í fyrirtækinu líkist að mörgu leyti raunveruleikanum enda verður fyrirtækið að vera vænlegur kostur í augum hluthafa. Þegar þessu er lokið fer varan í framleiðslu og sölu. Að þrettán vikum liðnum er efnahags- og rekstrarreikningur fyrirtækjanna gerður upp og arður greiddur til hluthafa. Arðurinn er raunverulegur og oft hlutfallslega mun hærri en í raunverulegum fyrirtækjum, að sögn Jennýjar Jóakimsdóttur, verkefnastjóra hjá Junior Achievement.

Junior Achievement er með uppskeruhátíð í lok hvers 13 vikna námskeiðs í Fyrirtækjasmiðjunni. Þar kynnar hópar frá öllum framhaldsskólunum sem tóku þátt í námskeiðahaldinu áætlanir sínar og gengi fyrirtækjanna fyrir dómnefnd. Á síðasta ári vann hópur frá Verkmenntaskólanum á Akureyri en hann þróaði hollustudrykkinn Mjús. Norðurmjólk á Akureyri framleiddi drykkinn í þær vikur sem námskeiðið stóð yfir en hefur lýst yfir áhuga á að framleiða hann áfram. Þá náði drykkurinn inn í Evrópukeppni Frumkvöðla á vegum Junior Achievement, sem fram fór í Sviss í ágúst síðastliðnum.

**BLÁSIÐ TIL SÓKNAR**

En það eru fleiri en skólar og stofnanir sem sinna kennslu í fjármálalæsi og kenna fólki meðhöndlun fjármuna og skipulagningu í þeim efnum til framtíðar. Þar koma bankar og fjármálafyrirtæki til skjalanna en þau hafa með ýmsu móti ýtt undir að einstaklingar taki ábyrgð á eigin fjármálum og ávaxti pund sitt fremur en að eyða því.

Samtök fjármálafyrirtækja, sem taka til starfa um næstu áramót, ætla að auka skilning almennings á fjármálastarfsemi. Það felur meðal annars í sér aukið fjármálalæsi landsmanna allt frá fræðslu í skólum til þess að vera með stöðuga upplýsingagjöf í fjölmiðlum og annarri almennri umræðu.

Bjarni Ármannsson, formaður samtakanna, segir gott fjármálalæsi barna og unglinga mikilvægt veganesti út í lífið. „Það skiptir máli þegar börn og unglingar koma út í lífið að þeir kunni að fara með fé,“ segir hann en leggur áherslu á mikilvægi þess að þau hafi þekkingu á eigin fjármálum. Sú þekking sé varanleg og nýtist sem tæki í gegnum lífið, að hans sögn. „Fólk þarf að vera betur meðvitað um þessa þætti fyrr á lífsleiðinni,“ segir Bjarni.

## *Vekur fjármálaáhuga unglinga*

Jenný Jóakimsdóttir, verkefnastjóri hjá Junior Achievement, segir fjármálanámskeið Framtíðarsmiðjunnar hafa verið kennt að mestu á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri en allir skólar á landinu geti óskað eftir því að fá námskeiðið. Mikil eftirspurn eftir námskeiðinu og hefur skólunum fjölgað ört með árunum þar sem námið sé í boði. Í fyrra sátu 400 nemendur námskeiðið en ef heldur sem horfir munu þeir verða 600 á þessu ári.

Jenný segir greinilegt að unglingar leiti eftir því að læra um fjármál auk þess sem foreldrar séu almennt ánægðir yfir því að börn þeirra hafi eftir að námskeiðið farið að hugsa út í hvað krónurnar á heimilinu fari. „Þau fara virkilega að spá í það hvað kostar að reka heimili, hvaða kostnaður fylgir því að taka lán, hvernig eigi að spara og fleira,“ segir hún og bendir á að margt komi unglingunum á óvart. „Þegar þau heyra um tekjur og gjöld og heildarútgjöld er eins og þau hafi aldrei heyrt orðin áður. Þetta eru einfaldlega hugtök sem þau hafa aldrei spáð í,“ segir hún og bendir á að líklega sé það vegna þess að enginn hafi rætt um þau við unglingana áður.

Unglingunum er skipt upp í hópa og þurfa þeir að skipuleggja fjármál fjölskyldunnar í einn mánuð, að sögn Jennýar. „Þau eru alveg steinhissa yfir því ef maður er með 400 þúsund krónur í laun að næstum 200 þúsund krónur fara í skatta,“ segir hún og leggur áherslu á að unglingarnir hrópi upp yfir sig þegar þau átta sig á þessu. Ástæðan fyrir þessari undrun sé sú að unglingar greiði einungis 6 prósenta skatt af vinnu sinni fram að 16 ára aldri. Unglingarnir séu margir hverjir farnir að vinna á þessum aldri og því sé þetta mesta uppgötvunin í tímunum, að hennar sögn.

En fleiri þekkingarmola rekur á fjörur unglinganna í námskeiðinu hjá Junior Achievement, þar á meðal ýmis konar kostnaður, svo sem við hverja færslu á greiðslukorti. „Þau höfðu bara ekkert spáð í þetta,“ segir Jenný.



**JENNÝ JÓAKIMSDÓTTIR** Jenný segir það koma unglingum á óvart hversu hátt hlutfall launa fer í skattgreiðslur. MARKAÐURINN/HÖRÐUR

Undir lok hvers námskeiðs er hlutabréfamarkaðurinn skoðaður. Ráðgjafarnir finna nýjustu upplýsingar um gengi hlutabréfa í skráðum fyrirtækjum í Kauphöll Íslands, ræða við nemendurna um fyrirtækin, hvað það sé sem hafi áhrif á verð hlutabréfa og fleira. Þá eru ákveðin fyrirtæki valin sem nemendurnir kaupa hlutabréf í með ímynduðum peningum og selja í vikunni á eftir ýmis með hagnaði eða tapi. „Margir segja í endurmati á námskeiðinu, að þeim finnist þessi hluti námskeiðsins skemmtilegur,“ segir Jenný en bætir við að öðrum finnist hlutabréfaviðskiptin drepleiðinlegur þáttur. Á móti komi finnist þeim sömu aðrir þættir námskeiðsins áhugaverðari.

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Glitnir fyrst íslenskra fjármálafyrirtækja til að hefja starfsemi í Kína.

# *Fótfesta í efnahags-undri nýrrar aldar*

**Hafliði Helgason**

Athygli fjárfesta heimsins undanfarin ár hefur beinst að Kína. Mikill hagvöxtur og aukin alþjóðaviðskipti munu leiða Kína hratt í áttina að því að verða innan fárra ára stærsta hagkerfi heims.

Sú vegferð verður áreiðanlega ekki án vandamála, en henni munu fylgja gríðarleg tækifæri. Íslensk fyrirtæki hafa um nokkurt skeið verið með starfsemi í Kína. Þau hafa líkt og mörg önnur fyrirtæki á Vesturlöndum leitað til Kína þar sem launakostnaður er miklu lægri. Slíkt umhverfi er upphafshvati fjárfestingar í landinu og án þess að vera sérstaklega göfugur leiðir sú fjárfesting sem af skapast að lokum til þess að lífskjör munu fara batnandi í landinu.

Vöxturinn í Kína er ekki og verður ekki án galla. Orkunotkun þessa 1,3 milljarða jarðarbúa er gríðarleg og kolabrennsla algeng með tilheyrandi mengun. Íslendingar hafa verið í fremstu röð í notkun endurnýjanlegra og mengunarlítilla orkugjafa. Það er því ánægjulegur áfangi að Enex, Orkuveita Reykjavíkur og Glitnir skuli hafa náð að stíga fyrstu skref í húshitun í Kína með jarðvarma. Mjór er mikils vísir og kostir jarðvarmaveitu munu án efa kalla á mikil umsvif í framtíðinni.

Glitnir hefur gengið skrefi lengra og opnað skrifstofu í Sjanghæ til að fylgja eftir stefnu bankans um fjármálaþjónustu við afmarkaðar atvinnugreinar svo sem í matvælaframleiðslu og fjáfestingu í endurnýjanlegri orku. Þetta er mikilvægt skref fyrir íslenskt viðskiptalíf. Reynslan af útrás íslensku bankanna er sú að með þeirri þekkingu sem þeir byggja upp á nýjum mörkuðum verða þeir eins konar pípulögn fyrir íslensk fyrirtæki.

Tækifærin í Kína eru nánast óþrjótandi. Menningin og stjórnarfarið er framandi og því er einnig ánægjulegt til þess að vita að þekking utanríkisþjónustunnar og framlag hennar hafi reynst ómetanlegt í þeim verkefnum sem líta dagsins ljós þessa vikuna. Utanríkisráðherra skrifaði einnig í vikunni undir viljayfirlýsingu um fríverslunarviðræður. Takist að ljúka slíkum viðræðum mun það gefa EFTA-löndunum forskot á Kínamarkaði. Það forskot þarf að nýta og fyrstu skrefin lofa góðu um að íslenskir fjárfestar og fyrirtæki haldi vöku sinni gagnvart efnahagsundri nýhafinnar aldar.

**Tækifærin í Kína eru nánast óþrjótandi. Menningin og stjórnarfarið er framandi og því er einnig ánægjulegt til þess að vita að þekking utanríkisþjónustunnar og framlag hennar hafi reynst ómetanlegt í þeim verkefnum sem líta dagsins ljós þessa vikuna. Utanríkisráðherra skrifaði einnig í vikunni undir viljayfirlýsingu um fríverslunarviðræður.**

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olikr@markadurinn.is

KÍKTU Á CAPACENT.IS

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is.



capacent RÁÐNINGAR

Borgartún 27 Sími 540 1000

# Komum böndum á þá

ORÐ Í BELG

**Gunnar Árnason**
sérfræðingur efnahagsmála hjá Sparisjóði vélstjóra



Undanfarið hefur þeim fjölgað verulega hér á landi sem hafa stóran hluta eða allar tekjur sínar af fjármagni. Þeir greiða 10 prósenta skatt af fjármagnstekjum ef þeir telja fram til skatts hér á landi eins og alkunna er.

Þessi þróun hefur átt sér stað á örfáum árum og ríður ekki við einteyming. Segja má að þjóðfélagið allt hafi tekið stakkaskiptum sl. áratug. Almenn velmegun hefur stóraukist og slagkraftur íslenskra fyrirtækja, ekki síst fjármálastofnana, hefur aukist verulega. Drifkraftur einstaklinga er jafnframt aðdáunarverður og með elju og metnaði hefur mörgum þeirra tekist að lyfta grettistaki á afar skömmum tíma.

Tíu ár í sögu heillar þjóðar eru sem augnablik kunna margir að hugsa en lítum yfir farinn veg. Íslendingar hafa áður gengið í gegnum stórstígar breytingar á þjóðfélagsmynd á tiltölulega skömmum tíma. Nærtækt dæmi eru eftirstríðsárin og uppbygging fiskveiðiflotans. En hvaða hlutverk spilar fjármagnið sem svo margir eru farnir að hafa lifibrauð sitt af ? – Það er vitaskuld í aðalhlutverkinu! En þrátt fyrir þá augljósu staðreynd og þá jákvæðu strauma sem hafa leikið um íslenskt þjóðfélag undanfarin ár, sér löggjafarsamkundan ástæðu til að taka undir efasemda- og úrtöluraddir.

Rætt er um skattlagningu tekna sem rekja má til fjármagnseignar, til jafns við skattlagningu launatekna. Allt á sér sína skýringu; skortir e.t.v á heildarsýn yfir allt umhverfið?; hugsanlega – látum úrtölugengið njóta vafans um sinn.

### VEITTU MÉR AÐHALD, EN VERTU SKYNSAMUR

Allir góðir foreldrar telja sig þurfa að veita börnum sínum aðhald en flestum hættir til að fara of geyst í þeim efnum og sorglega margir fara algjöru offari. Sorglega margir þingmenn misskilja líka hlutverk sitt og leggja ofurtraust á gerð laga og reglugerða, opinbert eftirlit af ýmsum toga, innheimtu og útdeilingu skattteknа og síðast en ekki síst hversu mikið þeir skuli keisaranum gjalda.

Börn og ungt fólk eru rík af sköpunargáfu og sjá hlutina í öðru ljósi og oft á tíðum í mun víðara samhengi en þeir sem eldri eru. Það er að sjálfsögðu ekki nokkur ástæða til að setja bönd á slíkar hugsanir eða takmarka á nokkurn hátt, það sér hver maður.

Að sama skapi er ekki nein ástæða til að hefta eða draga úr þeim drifkrafti sem fylgir fjármagninu og eigendum þess, þvert á móti er full ástæða til að feta áfram ótrauð þann veg sem hefur verið valinn af núverandi stjórnvöldum og hverfa frá skattlagningu af ýmsum toga, lækka skattprósentur og fela einkaaðilum verkefni sem rekast ekki síður vel í þeirra höndum en hins opinbera.

### SKATTLEGGÐU MIG, EN VERTU SANNGJARN

Sanngjörn skattlagning, af hvaða toga sem er, er ekki ákveðin í þingsölum. Það skyldi þó ekki vera að margir stjórnmálamenn hafi hreinlega ekki áttað sig á þessari merkilegu staðreynd. Vöxtur og viðgangur í hverju þjóðfélagi er hins vegar í sterku samhengi við skattlagningu á hverjum tíma.

Einfalt og glöggt dæmi um þetta eru skattalækkanir sem skila sér í raun í auknum tekjum í ríkissjóð; reynslan er besta vitnið í málinu. Fjármagnið leitar í þann farveg sem skilar eigendum þess mestri arðsemi að teknu tilliti til áhættu. Það er í raun í höndum fjármagnseigenda að ákveða hvað er sanngjörn skattlagning á fjármagnstekjur.

Í ljósi þessa er ákaflega mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram að gera rekstrarumhverfi fyrirtækja hérlendis aðlaðandi og einn liður í því og reyndar sérstaklega mikilvægur, er að halda áfram á þeirri braut að lækka tekjuskatt fyrirtækja jafnt og þétt svo í engu muni þegar kemur að samanburði við samkeppnislönd.

Nágrannalönd okkar vildu vafalítið búa yfir því fjármagni og þeim krafti og frumkvæði sem einkennt hefur íslenskt athafnalíf undanfarin misseri. Og það er nákvæmlega ekkert sjálfgefið í þessum efnum nema sú staðreynd að fjármagnið leitar þangað sem mestrar arðsemi er að vænta. Þetta er lykilatriði í allri velmegunarþróun hér á landi næstu áratugi og kynslóðir sem nú eru að vaxa úr grasi munu búa við síst minni sveigjanleika og frelsi til að ákvarða sér stað og stund, þegar kemur að vali á menntunar-, atvinnu- og búsetukostum. Það er þetta frelsi og þessi sveigjanleiki sem má ekki fyrir nokkurn mun fórna fyrir skammtíma hagsmuni – hið opinbera hefur í raun það meginhlutverk að fylgjast grannt með þróun mála, m.a. á fjármagns- og vinnumarkaði, og laga sig að aðstæðum á hverjum tíma og gera það hratt og vel.

### VERTU AÐLAÐANDI, ANNARS FER ÉG ANNAÐ

Sú neikvæða umræða sem átt hefur sér stað meira og minna allt þetta ár um Ísland og íslenskt athafnalíf hefur að mörgu leyti einkennst af eftirsjá og öfund. Eftirsjá vegna glataðra viðskiptatækifæra sem hafa mörg hver þróast með afar jákvæðum hætti í höndum íslenskra fjárfesta og öfund vegna mikillar velgengni íslensks athafnafólks utan landsteinanna.

Greiningin á þessum viðbrögðum og miklum og síendurteknum árásum á íslenskt viðskiptalíf undanfarna mánuði er því sáraeinföld – þetta eru frumviðbrögð, mjög neikvæð reyndar og á margan hátt afar kjánaleg.

En hvað erum við með hérna sem er þess virði að hlúa að og rækta í enn meira mæli til framtíðar?

Rekstrarumhverfi fyrirtækja er mun álitlegra en áður og það er mikilvægasti þátturinn í þróun mála. Mennta- og heilbrigðiskstofnanir á heimsmælikvarða eru einnig þættir sem vega mjög þungt. Af hverju ætti fólk að kjósa að búa hér á landi og ala upp komandi kynslóðir og mennta sig og börn sín? Þetta síðastnefnda snýr ekki bara að þeim sem fæðast inn í þjóðfélagið sem Íslendingar. Við þurfum meira vinnuafl en svo að við stöndum undir því með núverandi fæðingartíðni, sönnun þess er vinnuaflsþörfin sem skapast hefur samhliða þeim mikla hagvexti sem hefur verið ríkjandi hér á landi undanfarin ár.

Að þessu sögðu má vera ljóst að verkefnin eru ærin fyrir hið opinbera, þó ekki felist þau í umsvifum í rekstri og því síður í aukinni skattheimtu til að standa undir honum. Nágrannaþjóðir okkar hafa margar hverjar misstigið sig illilega við samblöndun ólíkra tungumála og trúarbragða, kannski fyrst og fremst vegna andvaraleysis. Þurfum við sjálf að gera mistökin til að geta dregið lærdóm af þeim eða getum við fært okkur reynslu annarra í nyt?

STARFSMANNAMÁL

# Hlutdrægni í viðtölum

Ein helsta gagnrýni á notkun viðtala við val starfsmanna eru þau beinu og óbeinu áhrif sem bæði spyrlar og umsækjendur hafa hver á annan. Þá er meðal annars verið að tala um fordóma í sambandi við kyn og aldur umsækjanda, geislabaugsáhrif, hornáhrif, tilhneigingu til að gefa öllum umsækjendum meðalgóða einkunn eftir viðtöl eða gefa öllum umsækjendum lága einkunn eftir viðtöl.

Fordómar vegna aldurs umsækjenda snúast meðal annars um tilhneigingu til að líta á eldra fólk sem stíft, of varkárt og lítt hrifið af nýjum hugmyndum og yngra fólk sem reynslulausa starfsmenn. Margir sérfræðingar telja að vegna fordómanna þurfi að hvetja og kenna ráðningaraðilum að ráða til sín blandaðan aldurshóp og sannfæra þá um að eldri kynslóðin geti fært fyrirtækjum hæfni, þekkingu, tryggð og góða frammistöðu.

Geislabaugsáhrif lýsa sér á þann hátt að tilhneiging er til að ofmeta manneskju út frá öðrum þáttum í kringum hana svo sem fyrri verkum, klæðnaði, fyrri störfum eða hugsanlegum möguleikum hennar. Hornáhrif eru andstæða geislabaugsáhrifa. Með hornáhrifum er mat umsækjandans minna en hann á skilið. Þá er umsækjandi dæmdur á neikvæðan hátt út frá fyrri störfum, útliti eða öðrum þáttum, til dæmis gæti atvinnurekandi talið sig hafa slæma reynslu af starfsmönnum úr smásölurekstri og þess vegna ákveðið að velja ekki umsækjanda með slíkan bakgrunn.

Mjög algeng mistök við ráðningar eru að ráða umsækjendur sem líkjast spyrlunum á einn eða annan hátt. Margir yfirmenn gera ráð fyrir að þeir byggi upp sterkar deildir eða lið með því að safna saman fólki sem allt hefur sömu styrkleika og persónueinkenni. Nauðsynlegt er að skoða þá hlið að ólíkir persónuleikar, vinnustíll og viðhorf til ákvarðanatöku gerir fyrirtækin ríkari og eykur líkur hópa á að búa til skapandi hugmyndir. Með fjölbreyttum hópi er möguleiki á að hver starfsmaður vinni upp veikleika annars með sínum styrkleika.



**Sif Sigfúsdóttir**

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elínborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Jólaljósin skína skært

ÖRUGG FYRIRTÆKI
Átak Markaðarins og Sjóvá



Á liðnum árum hefur það færst í vöxt að verslanir og veitingahús hafa logandi útikerti við dyrnar hjá sér. Vissulega er þetta fallegt og skapar ákveðna stemningu í mesta skammdeginu en því miður hafa orðið alvarleg slys þegar fólk sem hefur átt leið um hefur rekið sig í kertin og brennt sig illa eða skemmt fötin sín. Það er því afar mikilvægt að koma útikertunum fyrir á sem öruggastan hátt.

Nokkur heilræði um öryggi útikerta:

1. Setjið aldrei kerti í tröppur eða á þrep við inngang. Kerti sem staðsett hafa verið á þessum stöðum hafa valdið flestum slysum. Þeir sem ganga um horfa ekki alltaf niður fyrir sig og reka tána í stjakann og heitt bráðið vaxið slettist upp fótleggi viðkomandi með alvarlegum afleiðingum. Einnig hefur vindur feykt loganum í fatnað með slæmum afleiðingum.
2. Kertastjakar eru stundum hengdir upp á vegg. Mikilvægt er að stjakarnir skagi ekki langt út á göngustíga þannig að fólk rekist í þá þegar það á leið framhjá.
3. Þar sem útikerti innihalda oft mikið magn af vaxi er mikilvægt að þeim sé ekki komið fyrir þar sem hætta er á að snjór eða bleyta geti lekið ofan í stjakann og myndað sprenginu.

Öruggast er að staðsetja kertin í stöðuga stjaka sem ekki velta um koll ef fólk rekur sig í þá. Best er að staðsetja þá vel frá gönguleiðum og byggingum.

**Herdís L. Storgaard**
**forstöðumaður Sjóvár forvarnahúss**

SPÁKAUPMAÐURINN

## Rífur sig upp úr þunglyndi

Aldrei hefði ég trúað því að maður gæti orðið jafn þungur og forn í skapi í byrjun desember. Hef varla getað drattast úr bælinu á morgnana. Hingað til hef ég getað kastað út hvaða neti sem er í desember og fangað óteljandi golþorska í formi hækkandi hlutabréfa. Desember er líka jólamánuðurinn í hlutabréfunum. En nú ber svo við að ég hef aðallega verið að selja hlutabréf síðustu vikurnar og setja þá á hliðarlínuna. Ég fór því að spyrja mig hvort ég kynni að hafa blindast af stemningsleysinu og sólarleysinu í nóvember. Kannski voru menn bara að ná andanum eftir hækkanirnar í september og október?

Já, auðvitað var ég ekki einn um það að vera fullur af bölsýni því það voru bara allir í þunglyndiskasti. Ég ákvað því að rífa mig upp úr volæðinu í gær; keypti mér jólaöl, gott hangilæri og bréf í Icelandair Group.

Það þarf ekki mikla reynslu til að sjá að útboð eru ávísun á skammtímagróða jafnvel þótt Lansinn hafi mælt með kaupum til langtíma. Þetta ætti að vera „safe bet" vegna duldu eignanna í flugvélunum. Halda menn virkilega að Finnur Ingólfsson fari fyrir fjárfestum sem kaupi köttinn í sekknum? Svo kemur líka í ljós að Glitnir (og þar með FL) á bara töluvert í Icelandair eftir allt saman.

Ég keypti í ríkisbönkunum, Kaupþingi, Össuri, Mosaic, Opnum kerfum, Exista, Bakkavör og græddi á öllu nema Íslenska járnblendifélaginu og Talenta-Hátækni en þau bréf runnu til allrar hamingju inn í Íshug og síðar Straum.

En auðvitað verður maður líka að líta yfir farinn veg og muna að þetta ár hefur verið óvenju einkennilegt. Miklar sveiflur og geðshræringar í kringum bankana. Ég slapp reyndar við leiðindin í sumar, enda alltaf í veiði. Og við erum bara að horfa fram á fimmtán prósenta ávöxtun í ár sem hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar.

En auðvitað er bjartsýnin dyggð í spákaupmennsku og lykillinn að góðum árangri mínum í gegnum tíðina. Ég spái því að næsta ár verði betra en þetta og bara spurning hvenær Kaupþing, Exista og hin fjármálafyrirtækin fari almennilega í gang.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR




Kynntu þér kosti Peningamarkaðssjóða KB banka í ISK, USD, EUR og GBP.

ávöxtun í evrum 4,4%*
ávöxtun í dollurum 5,5%*
ávöxtun í krónum 13,4%*

*Nafnávöxtun í EUR, USD og ISK á ársgrundvelli fyrir tímabilið 01/11/06-01/12/06.

Peningamarkaðssjóðir eru fjárfestingarsjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbbanki.is.

KB BANKI

# Pfaff snýr aftur til uppruna síns

Pfaff-Borgarljós hefur breytt um nafn og heitir nú aftur Pfaff eins og fyrirtækið hét allt frá stofnun árið 1929 fram til ársins 2002. **Margrét Kristmannsdóttir**, framkvæmdastjóri og einn af eigendum Pfaff, sagði *Hólmfríði Helgu Sigurðardóttur* sögu eins elsta fjölskyldufyrirtækis landsins.


MARGRÉT KRISTMANNSDÓTTIR, FRAMKVÆMDASTJÓRI PFAFF Lá yfir íslenskri og latneskri orðabók til að finna fyrir

Pfaff er fjölskyldufyrirtæki af bestu gerð og að öllu leyti í eigu fjölskyldu Margrétar Kristmannsdóttur framkvæmdastjóra. Afi hennar, Magnús Þorgeirsson, stofnaði fyrirtækið árið 1929 í því miði að flytja inn saumavélar. Síðar tók pabbi hennar, Kristmann Magnússon, við og loks hún sjálf fyrir um tíu árum síðan. Hún hefur þó ekki lifað og hrærst innan veggja Pfaff alla sína ævi. Það var ekki fyrr en hún var að nálgast þrítugt og hafði lokið viðskiptafræðinámi og MBA-námi erlendis sem hún ákvað að slást í hóp með fjölskyldunni.

**RÁÐIÐ FRÁ NAFNABREYTINGU**

Fyrir rétt um hálfu ári síðan tóku eigendur Pfaff-Borgarljóss ákvörðun um að endurskoða nafn fyrirtækisins með það að leiðarljósi að finna nafn er endurspeglaði betur starfsemi fyrirtækisins. „Við keyptum Borgarljós árið 2002 og við það voru nöfn fyrirtækjanna lögð saman eins og svo oft er gert. Þegar okkur þótti orðið víst að fólk vissi að Borgarljós væri komið hingað fórum við að velta því fyrir okkur að endurskoða nafnið og fengum AP-almannatengsl til liðs við okkur. Mikil vinna var lögð í þetta og ég las meðal annars íslenska og latneska orðabók spjaldanna á milli,“ segir Margrét. Það kom hins vegar ljós að ýmsir álitsgjafar réðu þeim eindregið frá því því að varpa þeirri ímynd sem Pfaff ber með sér fyrir róða. „Við sáum fljótt að fyrirtækið hefur á sér mjög gott orð og að það væri ekki rétt að skipta um nafn. Við ákváðum því að leita aftur til upprunans og halda okkur við það nafn sem við höfum verið að markaðssetja í áttatíu ár og þykir mjög vænt um.“

**ALLT FRÁ SPRENGIEFNI TIL SAUMAVÉLA**

Rekstur Pfaff hefur tekið stakkaskiptum frá stofnun fyrirtækisins. Ýmsar vörur hafa þar verið til sölu og fókusinn í rekstrinum hefur sveiflast með tíðarandanum. Þannig mátti til að mynda um árabil nálgast sprengiefni, barnavagna og marmarasalla hjá Pfaff. Undanfarin ár, eða allt frá því að Borgarljós voru keypt árið 2002, hafa fleiri minni fyrirtæki og umboð verið tekin yfir og þróunin verið hröð upp á við. Í dag eru áherslur í rekstrinum einkum á fimm sviðum; ljósum, raftækjum, saumavélum, hljóðvörum og símabúnaði. Um leið og nafnabreytingin var gerð var hannað nýtt logo fyrir fyrirtækið þar sem þessir fimm meginþættir koma skýrt fram.

Rúmlega tuttugu sérhæfðir starfsmenn vinna hjá Pfaff. „Við leggjum mikið upp úr því að vera með starfsfólk sem hefur mikla fagkunnáttu og sérþekkingu,“ segir Margrét. „Gæfa í þessu fyrirtæki er starfsfólkið – á því er enginn vafi – enda hefur sumt þeirra verið hér áratugum saman. Það skiptir öllu máli að vera með fólk sem hefur áhuga á vinnunni sinni og maður getur treyst á. Þó að yfirbygging á fyrirtækinu sé mjög lítil og flestir þræðir fyrirtækisins fari í gegnum mig tel ég mitt aðalstarf vera að skapa þannig umhverfi að starfsfólkið hafi áhuga á því sem það


*Viðskiptahugbúnaður sem vex með þér!*



*Nú býðst þér einstakt tækifæri til að eignast viðskiptahugbúnað sem getur vaxið með þér og þínu fyrirtæki!*

Fullkominn viðskiptahugbúnaður fyrir aðeins **123.210 kr.*** Tilboðið gildir til 21. des.

Við hjá Landsteinum Streng höfum mikla reynslu af sölu, þjónustu og þróun viðskiptahugbúnaðar fyrir íslenskan markað. Nú höfum við sett saman tilboð sem er sérsniðið að þörfum minni fyrirtækja og tryggir þér viðskiptahugbúnað sem getur vaxið með fyrirtækinu án nokkurra takmarkana.

Tilboðið samanstendur af nokkrum grunneiningum úr Microsoft Dynamics NAV og uppfyllir allar helstu þarfir hvaða fyrirtækis sem er. Þessar einingar eru:

- Fjárhagsbókhald
- Birgðabókhald
- Sölureikningar
- Forðabókhald
- Bankareikningar
- Eignakerfi
- Viðskiptamanna- og sölubókhald
- Starfsmannahald
- Lánardrottna- og innkaupakerfi
- Tengslastjórnun (CRM)

Með þessum grunneiningum er þér tryggður viðskiptahugbúnaður sem hentar sérstaklega vel minni fyrirtækjum sem þurfa að halda utan um viðskipti sín á auðveldan en skipulagðan hátt. Við þennan grunn er síðan hægt að bæta fjölda sérkerfa eftir þörfum.

**Þeim sem nýta sér þetta sérstaka tilboð býðst 50% afsláttur af Innheimtukerfi, Launabókhaldi og Tollakerfi.**

50%** afsláttur af Tollakerfi Launabókhaldi Innheimtukerfi

*Tryggðu þér traustan grunn og hafðu samband við söludeild okkar í síma 550 9000. Tilboðið stendur til 21. desember.*

**Microsoft Business Solutions Global ISV Partner of the Year 2005**

Lausnir frá Landsteinum Streng eru notaðar í fleiri en 11.600 verslunum með yfir 28.000 afgreiðslukössum víðsvegar um heim. Meðal ánægðra viðskiptavina má nefna: IKEA, Adidas, Debenhams, Pizza Hut, Booths stórmarkaðina, Alliance Pharmacy og Concept Sports International (EM 2004, ÓL í Aþenu árið 2004).

Landsteinar Strengur
Ármúla 7 - 108 Reykjavík - Sími 550 9000 - www.ls.is

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

*Verð er án vsk. og vélbúnaðar. **Gildir fyrir fyrirtæki með allt að fimm samtímanotendur.



tækinu nýtt nafn en endaði aftur sátt á upphafsstað.
MARKAÐURINN/GVA

er að gera. Ef starfsfólkið er áhugasamt leitar það uppi nýjar leiðir til að gera hlutina og hefur áhuga á því að sjá fyrirtækið stækka og dafna. Þannig helst fyrirtæki í stöðugri þróun, enda er stöðnun algjört eitur og oft upphafið að endalokunum.“




**EURONEXT** Stjórn Euronext telur miklar líkur á að hluthafar samþykki samruna við NYSE Group.

# Samruni Euronext og NYSE líklegur

Stjórn samevrópska hlutabréfamarkaðarins Euronext segist fullviss um að hluthafar markaðarins muni samþykkja samruna við NYSE Group, sem rekur kauphöllina í New York í Bandaríkjunum. Boðað hefur verið til sérstaks hluthafafundar í Euronext síðar í mánuðinum þar sem kosið verður um samrunann.

Olivier Lefebvre, stjórnarmaður í Euronext, segir stjórnina ekki reikna með að hluthafarnir gangi út af fundinum og bætti við að miklar líkur séu á að samruninn verði samþykktur.

Nokkrar kauphallir í Evrópu hafa horft til þess að sameinast á árinu. Þar á meðal eru Deutsche Börse, kauphöllin í Frankfurt í Þýskalandi og Borsa Italiana, kauphöllin á Ítalíu auk þess sem Euronext hefur horft til samrunakvið LSE, kauphöllina í Lundúnum í Bretlandi. Þá keypti norræni hlutabréfamarkaðurinn OMX Kauphöll Íslands á haustdögum.

Stjórn Euronext ákvað í sumar að taka 10 milljarða dala, eða tæpa 700 milljarða króna, yfirtökutilboði NYSE Group í Euronext. Verði af samruna markaðanna verður til fyrsta kauphöllin sem hefur starfsemi beggja vegna Atlantsála. - jab






# Framtíðin björt að refsingu afstaðinni

**Eftir uppstokkun og endurskipulagningu er Teymi til í slaginn í hörðu samkeppnisumhverfi íslenskra fjarskipta- og upplýsingatæknifyrirtækja. *Óli Kristján Ármannsson* hitti Árna Pétur Jónsson, forstjóra Teymis, að máli í höfuðstöðvum félagsins í Skútuvogi í Reykjavík. Þrátt fyrir góðan rekstur segir Árni skuldastöðu Teymis hafa verið óviðunandi og því hafi verið farið út í aðgerðir vegna þess.**

Fyrir helgina kynnti Teymi margvíslegar aðgerðir til að bæta reksturinn og þá helst með það fyrir augum að létta skuldastöðu félagsins. Teymi er fjarskipta- og upplýsingatæknihluti þess sem áður tilheyrði Dagsbrún. Fjölmiðlahluti Dagsbrúnar er núna undir merkjum 365. Gengi þessara fyrirtækja féll ört á markaði í kjölfar umbreytinga og umróts sem fylgdi fregnum af miklum skuldum og fjárfestingum sem ekki höfðu reynst vænlegar þegar upp var staðið.

Árni Pétur Jónsson, forstjóri Teymis, segir að þar á bæ líti menn ekki svo á að staða félagsins sé erfið enda séu hjá því rótgrónar rekstrareiningar og telur að markaðurinn muni líta til rekstrarsögu þeirra og vaxtarmöguleika. „Þar eru fyrirtæki sem eiga sér langa sögu og góða rekstrarsögu. Þetta eru fyrirtæki með þekkt vörumerki og sterka stöðu á markaði. Við teljum því að fyrirtækin sem saman koma undir heiti Teymis séu sterkar einingar sem saman myndi sterka heild og séu í þannig stöðu að þau eigi að geta gert mjög góða hluti.“ Þannig telur Árni Pétur að lækkun á gengi Teymis sé ákveðin refsing frá markaðnum fyrir fortíðina. „Í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt við það enda ræður markaðurinn, hann metur félög, umbunar þeim og refsar eftir atvikum. Það á jafnt við um okkur og aðra sem á markaðnum eru. Ég held að alveg



**ÁRNI PÉTUR JÓNSSON, FORSTJÓRI TEYMIS**
Fyrirtæki Teymis segir Árni Pétur að séu öll í fararbroddi á sínu sviði og kvíðir ekki framtíðinni því þótt Teymi sé sé ungt félag séu undirstöðurnar traustar og margreyndar.




ljóst sé að slíkur hefur dómur hefur farið fram um okkar starfsemi, en það tel ég ekki að muni elta okkur inn í framtíðina heldur að menn séu búnir að taka þetta út. Niðurstaðan með Dagsbrún liggur fyrir, uppgjörið komið fram, dómur markaðarins er fallinn.“

### AÐGERÐIR TIL AÐ LÉTTA Á

Stjórnendur Teymis töldu skuldastöðu félagsins óviðunandi og því var gengið í að létta á henni. „Um þær aðgerðir höfum við tilkynnt til Kauphallar Íslands. Við höfum tilkynnt um að búið sé að ganga frá sölu á fasteignum félagsins, en þeir peningar fara í að greiða niður skuldir. Við erum líka búin að tilkynna um að félagið hafi verið endurfjármagnað sem bæði léttir á skuldastöðu þess og ekki síður á greiðsluþunganum á félaginu. Í byrjun næsta árs ætlum við svo að fara í hlutafjárútboð. Allar miða þessar aðgerðir að því að laga stöðu félagsins.“

Árni Pétur leggur hins vegar áherslu á að einingar félagsins séu traustar, í góðum rekstri og skili jákvæðri afkomu. „Við munum auðvitað með því að reka félögin okkar vel áfram tryggja að við fáum inn gott fjármagn, bæði til að láta félögin vaxa og dafna og eins til að styrkja stöðuna, bæði í rekstrinum og á efnahagsreikningi okkar.“

Stærstu húseignirnar sem gengið var í að selja segir Árni Pétur vera hús Skýrr í Ármúla, fasteignir Securitas í Síðumúla, fasteignir EJS við Grensásveg og svo húsnæði Kögunar við Lyngháls. Hann segir þessum eignabreytingum ekki fylgja rask fyrir fyrirtækin sem þar starfa því samhliða hafi verið gerður langtímaleigusamningur við kaupanda húsnæðisins, en það sé sjálfstætt fasteignafélag á höfuðborgarsvæðinu óskylt eigendum Teymis, en í eignirnar hafi boðið nokkur fasteignafélög. „Fyrst og fremst er þetta gert til að losa fjármagn og greiða niður skuldir,“ segir hann og vonast til þess að Teymi hafi nú sýnt með verkum sínum góða tilburði í þá átt að laga þá stöðu fljótt og vel. Hann bendir á að um þessar mundir sé Teymi hálfsmánaðargamalt félag þar sem búið sé að endurfjármagna, selja fasteignir og ganga frá hlutafjárloforði.

### VODAFONE STÆSTA EININGIN

Á fjarskiptamarkaði, og þá sérstaklega í símahlutanum þar sem meðal annars er Vodafone telur Teymi sig enn eiga mikið inni. „Í Vodafone erum við til þess að gera með ungt félag sem við höfum verið að styrkja og farið í gegn um stöðugar aðgerðir að því marki. Nú síðast gerðum við stóran samning við Vodafone Group um að fá að nota vörumerki þeirra fyrir okkar starfsemi hér og höfum í gegn um það aðgengi að nýjum vörum sem við höfum verið að kynna fyrir íslenskum neytendum og teljum mjög sterkar, enda hafa þær haft í för með sér bæði aukna þjónustu og lægra verð. Með þetta að vopni tel ég að við eigum enn mikið inni á símamarkaði þar sem vöxtur okkar hefur þó verið mjög mikill,“ segir Árni Pétur og vísar til þess að í sex mánaða uppgjöri félagsins hafi verið kynntur ríflega 22 prósenta vöxtur í GSM þjónustu fyrirtækisins.




**ÁRNI PÉTUR JÓNSSON OG MATHIAS JUNGEMANN FRAMKVÆMDASTJÓRI VODAFONE HANDSALA SAMNING** Fyrr á árinu gaf Vodafone Group heimild til þess að vörumerkið fyrirtækisins yrði notað óbreytt hér á landi og var því hægt að fella niður Og úr nafni Vodafone. Um leið var samið um greiðan aðgang Vodafone hér að nýjungum ytra. MARKAÐURINN/GVA

„Vodafone er stærsta einstaka einingin innan Teymis og gangurinn með Vodafone hér mun skipta Teymi mjög miklu. En auk þess erum við með önnur sterk merki svo sem Securitas sem vaxið hefur hratt hjá okkur líka og þar teljum við mikil sóknarfæri enn, bæði á fyrirtækja- og einstaklingsmarkaði. Svo eru einingarnar í upplýsingatækninni sem einnig hafa vaxtartækifæri.“ Þar bendir Árni Pétur á Skýrr sem sé stærsta hugbúnaðarhús á landinu og EJS sem á hafi að skipa öflugum vörumerkjum á borð við Dell auk þess að vera í samstarfi við Microsoft.

„Síðan eigum við Kögun, sem er stærsta íslenska félagið í sérskrifum á hugbúnaðarlausnum. Öll eru þessi fyrirtæki þekkt og með sterka stöðu, en tækifærin felast kannski fyrst og frest í því að ná að vinna betur úr þessum einingum og sækja fram á nýja markaði. Sum þessara fyrirtækja hafa til dæmis nánast einvörðungu starfað á fyrirtækjamarkaði til þessa.“

### LÍTIL YFIRBYGGING, SNARPAR ÁKVARÐANIR

Árni Pétur kvíðir ekki harðri samkeppni á upplýsingatæknimarkaði hér innanlands og segir hana í raun mikla á öllum mörkuðum sem Teymi starfar á. „Þessi félög hafa hins vegar sýnt að þau eru til alls líkleg. Öll eru þau annaðhvort leiðandi eða í öðru sæti á sínum markaði, vöxtur er í starfsemi þeirra allra og við teljum enn tækifæri til enn frekari vaxtar. Svo er það ekki síst fyrir sakir hörkunnar sem verið hefur í samkeppni bæði á fjarskipta- og upplýsingatæknimarkaði að við leggjum áherslu á létta yfirbygginguna og skjóta ákvarðanatöku þannig að hægt sé að bregðast hratt við.“

Þá segir Árni Pétur ekki verra þótt á einhverjum sviðum kunni að skarast starfsemi þeirra fyrirtækja sem heyra undir Teymi. „Við höfum lagt það þannig upp að við teljum tækifærin fyrst og fremst fólgin í rekstri hverrar einingar fyrir sig. Uppbyggingin er þannig að hver þeirra er sjálfstæð og sér um sinn rekstur, en hjá Teymi erum við svo með skipulag og utanumhald sem styður við mögulegt samstarf þeirra.“ Möguleg tenging eininga segir Árni Pétur hins vegar ekki ráðandi um framgang Teymis. „Við höfum hins vegar sagt að í þessu sé skörun þar sem nokkur þessara félaga eru að veita sambærilega, eða jafnvel sömu þjónustu. Við erum að fara yfir þá mynd með það fyrir augum að hver vara sé framleidd á einum stað þótt hún sé seld á þeim öllum. Þannig komumst við hjá því að margir séu í því að finna upp og þróa sömu vöru eða þjónustu, en um leið forðumst við að stilla því þannig upp að hún verði bara í boði hjá einhverjum einum.“ Þannig segir Árni Pétur hægt að viðhalda samkeppni milli eininganna og telur það heilbrigt fyrir móðurfélagið.

„Við höfum stillt þessu þannig upp að Teymi er í raun lítið félag, en hjá því eru bara fjórir starfsmenn. Uppbyggingin er einföld þar sem byggt er á skilvirkri stjórnun, skjótri ákvarðanatöku og hagkvæmri uppsetningu. Við ætlum ekki að vera með mikla yfirbyggingu heldur halda niðri rekstrarkostnaði og vera tilbúin í slaginn,“ segir Árni Pétur og kveður þegar búið að koma þessari skipan mála á. „Í hverri einingu hjá okkur erum við svo með mjög reynda stjórnendur, metnaðarfulla og árangursdrifna. Saman höfum við sett okkur þau markmið að gera Teymi að stærsta fyrirtæki landsins á sínu sviði og leggjum bjartsýn af stað í þetta ferðalag,“ segir Árni Pétur Jónsson, forstjóri Teymis.




MM

**Góðar hugmyndir selja!** Auglýsingastofan ENNEMM óskar KB banka og Íslenskri getspá til hamingju með Effie verðlaunin. Effie eru virt og eftirsótt alþjóðleg verðlaun sem veitt eru fyrir góðan markaðsárangur auglýsinga. Það voru herferðirnar Nám er lífsstíll og Lýður Oddsson sem hlutu gull- og silfurverðlaun Effie. Þessar herferðir hafa áður unnið Lúðurinn, íslensku auglýsingaverðlaunin. **ENNEMM þakkar KB banka og Íslenskri getspá fyrir frábært samstarf.**

Brautarholti 10, sími 570 8700, ennemm.is

ENNEMM

# Eru með Corbis á sínum snærum

Íslenska ljósmyndaumboðsstofan IPA (Icelandic photo agency) er orðin umboðsaðili Corbis á Íslandi.

Sigurður Jökull Ólafsson ljósmyndari, sem er í forsvari fyrir IPA, segir umboðið þegar tekið að auka hjá ljósmyndaumboðsstofunni viðskiptin, en áður hafi nokkuð verið um að menn keyptu beint af Corbis í útlöndum. „Þeirra hugsun er að betra sé að vera með umboðsskrifstofu í hverju landi, bæði upp á kynningu og þjónustu við viðskiptavini. En frá því við byrjuðum með þetta í október hefur verið umtalsverð söluaukning í hverjum mánuði.“

Sigurður Jökull segir að ljósmyndabankarnir Getty og Corbis, sem eru með þeim stærstu í heimi, séu sérstök áhugamál eigenda sinna, en að öðrum stendur olíuauðjöfurinn Mark Getty, en að hinum sjálfur Bill Gates, stjórnarformaður Microsoft. Corbis var stofnað 1989 og segir í tilkynningu að þar á bæ sé áherslan á gæðamyndefni, góða þjónustu og nálægð við viðskiptavini. „Þess vegna eru starfræktar Corbis-skrifstofur í 20 löndum og umboðsskrifstofur í nánast öllum löndum heims. Corbis fer með umboð fyrir heimsþekkt söfn eins og Andy Warhol-safnið, Ansel Adams-safnið, Bettmansafnið og Christies-safnið, ásamt fjölda samtíma ljósmyndasafna eins og Zefa,“ segir í tilkynningu og bent á að fyrir Corbis starfi jafnframt fjöldi heimsþekktra ljósmyndara á borð við Dimitri Daniloff, Gideon Mendel, Martin Schoeller og Patrick Giardino. - óká



**UMBOÐSMENN CORBIS MYNDABANKANS** Corbis heitir einn af risunum á markaði myndabanka og er í einkaeigu Bill Gates, sem þekktari er fyrir fyrirtæki sitt Microsoft. Sigurður Jökull Ólafsson og Karl Petterson, hér að ofan, eru með umboð fyrir Corbis hér á landi, en þeir eru í forsvari fyrir IPA. (ICELANDIC PHOTO AGENCY).


RENAULT

Leiðtogar verða ekki til fyrir tilviljun





Kangoo



Master

Trafic

Trafic

Við þróun atvinnubíla hefur Renault að leiðarljósi notagildi, þægindi, sparneytni og öryggi. **Notagildi**, svo að atvinnubíllinn þinn nýtist við fjölbreytt verkefni dagsins; **þægindi** vegna þess að atvinnubíllinn er einnig vinnustaðurinn þinn stóran hluta úr degi; **sparneytni** svo að atvinnubíllinn þinn sé hagkvæm rekstrareining og öryggi, vegna þess að þú verður að geta treyst þessu mikilvæga atvinnutæki þínu.

Jafnframt getur skipt miklu máli hvaða þjónusta fylgir atvinnubílnum þínum. **B&L atvinnubílar eru einn stærsti sölu- og þjónustuaðili atvinnubíla á Íslandi, meðal annars vegna þess að við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum okkar trausta þjónustu.**

**Renault er leiðandi merki atvinnubíla í Evrópu.**

Renault Kangoo
Verð frá kr. 1.620.000
**Verð frá kr. 1.301.205 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 24.896
**Fjármögnunarleiga kr. 19.996** án vsk.

Renault Trafic
Verð frá kr. 2.280.000
**Verð frá kr. 1.831.325 án vsk**
Fjármögnunarleiga kr. 35.295
**Fjármögnunarleiga kr. 28.350** án vsk.

Renault Master
Verð frá kr. 2.720.000
**Verð frá kr. 2.184.738** án vsk.
Fjármögnunarleiga kr. 42.024
**Fjármögnunarleiga kr. 33.754** án vsk.

B&L ATVINNUBÍLAR FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

www.renault.is B&L Atvinnubílar - Grjóthálsi 1 - Sími 575 1200 - Ráðgjafasími 575 1224/25 - www.bl.is www.atvinnubilar.is


## FÓLK Á FERLI



**HÓLMGRÍMUR BJARNASON** varð nýverið meðeigandi Deloitte. Hann er fæddur á Akureyri 13. febrúar 1973. Hólmgrímur varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri árið 1993, lauk prófi frá viðskiptadeild Háskóla Íslands árið 1998 og varð löggiltur endurskoðandi árið 2002. Frá árinu 1998 hefur Hólmgrímur starfað við endurskoðun og reikningsskil hjá Deloitte ásamt ýmsum ráðgjafarstörfum. Auk þess hefur hann haldið fjölda námskeiða fyrir samstarfsmenn og viðskiptavini. Hólmgrímur var í ritnefnd Félags löggiltra endurskoðenda árin 2002 til 2003. Hólmgrímur er kvæntur Guðnýju Margréti Sigurðardóttur hjúkrunarfræðingi og eiga þau þrjú börn.



**ANNA BIRGITTA GEIRFINNSDÓTTIR** varð nýverið meðeigandi Deloitte. Hún er fædd í Keflavík 1. janúar árið 1970. Anna Birgitta varð stúdent frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja árið 1989, lauk prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1995 og varð löggiltur endurskoðandi árið 2001. Anna hóf störf hjá Deloitte árið 1990 og hefur einkum starfað við almenn endurskoðunar- og uppgjörsstörf. Einnig hefur hún haft umsjón með uppgjörsnámskeiðum fyrir nýja starfsmenn Deloitte. Anna er nú í forsvari fyrir skrifstofu Deloitte í Reykjanesbæ. Anna er gift Ívari Valbergssyni, kennara og vélstjóra, og eiga þau einn son.



**SELMA RUT ÞORSTEINSDÓTTIR** er nýr hluthafi í auglýsingastofunni Pipar. Selma hóf störf á auglýsingastofunni í byrjun árs 2003 og tók við starfi hönnunarstjóra í byrjun árs 2006. Hún er með BA-próf í grafískri hönnun frá Listaháskóla Íslands. Selma er gift Árna Davíð Skúlasyni, sérfræðingi hjá Símanum, og eiga þau tvö börn. Aðrir eigendur Pipars eru Valgeir Magnússon, Hákon Ísfeld Jónsson, Sigurður Hlöðversson, Halla Guðrún Mixa og Helgi Helgason. Pipar auglýsingastofa er í Samtökum íslenskra auglýsingastofa (SÍA) og veltir um 380 milljónum króna á ári.




**RAGNHILDUR ÁGÚSTSDÓTTIR** hefur tekið við starfi framkvæmdastjóra Ódýra símafélagsins, sem rekur farsímafyrirtækið SKO og netþjónustufyrirtækið BTnet. Ragnhildur, sem er 25 ára, tók þátt í undirbúningi að stofnun Ódýra símafélagsins á síðasta ári og gegndi starfi þjónustu- og vefstjóra þegar það hóf starfsemi 1. apríl á þessu ári. Ragnhildur, sem er viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík, starfaði áður sem markaðsstjóri Skjás eins. Ódýra símafélagið, sem hóf göngu sína 1. apríl 2006, er lággjalda fjarskiptafyrirtæki, en vörumerki þess eru SKO og BTnet. Ódýra símafélagið er hluti af samstæðu upplýsingatækni- og fjarskiptafélagsins Teymis hf.



*Frá Þingvöllum*

# Leiðin að öruggri ávöxtun

## Nýr flokkur óverðtryggðra ríkisbréfa til tveggja ára

Ríkissjóður hefur gefið út nýjan flokk ríkisbréfa til tveggja ára en útgáfufyrirkomulag ríkisbréfa miðar að því að bæta vaxtamyndun á innlendum skuldabréfamarkaði með því að brúa bilið á milli skammtíma- og langtímavaxta. Nýir flokkar ríkisbréfa eru nú gefnir út með sex mánaða millibili og gegna mikilvægu verðmyndandi hlutverki á markaði. Fjárfestar munu geta notað tveggja ára ríkisbréf til að auka enn frekar fjölbreytni í eignasöfnum sínum sem jafnar sveiflur í ávöxtun.

Nýr flokkur ríkisbréfa verður tekinn á skrá Kauphallar Íslands og verður viðskiptavakt með flokkinn í höndum aðalmiðlara ríkisverðbréfa sem mun tryggja seljanleika á eftirmarkaði. Ríkisbréfin bera auðkennið RIKB 08 1212, eru óverðtryggð og bera 8,50% ársvexti sem greiðast eftir á, 12. desember ár hvert. Ávöxtunarkrafan ræðst í útboði.

**Sölufyrirkomulag:**

Fyrsta útboð ríkisbréfa til tveggja ára verður haldið miðvikudaginn 13. desember kl. 14.00. Aðalmiðlarar ríkisverðbréfa hafa einir heimild til að leggja fram tilboð í útboðum en þeir annast miðlun fyrir fjárfesta. Frekari gögn er hægt að nálgast í afgreiðslu og á heimasíðu Lánasýslu ríkisins, www.lanasysla.is.

**Aðalmiðlarar með ríkisverðbréf eru:**

Glitnir
KB Banki
Landsbanki Íslands
MP Fjárfestingarbanki
Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki

LÁNASÝSLA RÍKISINS
Borgartún 21, 150 Reykjavík • Sími 540 7500,
Fax 562 6068 • www.lanasysla.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**3,2** milljarða króna tap Dagsbrúnar á þriðja fjórðungi ársins 2006.

**160%** hagnaðaraukning hjá HB Granda milli þriðju ársfjórðunga 2005 og 2006.

**16,5** milljarðar króna sem Actavis greiðir fyrir bandaríska lyfjafyrirtækið Abrika.

BANKAHÓLFIÐ

ICEBANK

## Upp fyrir SPRON

Miklar breytingar voru kynntar hjá Icebank, áður Sparisjóðabankanum, fyrir skömmu þar sem boðaður var mikill vöxtur bæði innan- og utanlands. Jafnframt verður bankinn skráður í Kauphöllina í síðasta lagi árið 2008. En það hafa einnig orðið breytingar á eignarhaldi í Icebank með samruna SPV og SPH. Nýi sparisjóðurinn heldur nú utan um 28 prósenta hlut sem þýðir að SPRON, sem á 24,5 prósent í Icebank, er ekki lengur stærsti eigandinn í bankanum. Þetta er áhugaverð staða þar sem báðir sparisjóðarisarnir vilja án efa ráða för. Er því allt eins búist við að annar hvor þeirra kaupi hinn út áður en til skráningar kemur.

## Exista í Viðskiptablaðið?

Eins og komið hefur fram á bloggsíðum verður Viðskiptablaðið brátt dagblað sem kemur út fjórum til fimm sinnum í viku. Leitað hefur verið til ýmissa fjárfesta, þar á meðal Baugs og Björgólfsfeðga, um að koma að verkefninu. Þær raddir heyrast nú að Exista, Kaupþing og Síminn ætli að koma að verkefninu með tvö hundruð milljón króna framlagi. Þetta myndu vera nokkur tíðindi, enda hafa stjórnendur Exista lýst því yfir að Síminn muni einbeita sér að dreifingu efnis fremur en beinum fjölmiðlarekstri. Tveir þekktir blaðamenn, þeir Guðmundur Magnússon og Pétur Gunnarsson, munu vinna að þessu og öðrum sérverkefnum fyrir hönd Framtíðarsýnar, útgáfufélags Viðskiptablaðsins.

## Svartur listi FATF tómur

Til eru samtök sem bera heitið The Financial Action Task Force (eða FATF, sem hljómar eins og heimsyfirráðasamtök úr Bond-mynd) og eru samtök um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og að fjármálakerfið sé misnotað í þeim tilgangi.

FATF birtir lista yfir ríki og svæði sem ekki hafa sýnt viðhlítandi samstarfsvilja í alþjóðlegum aðgerðum gegn peningaþvætti og tengdum málum en nú ber nýrra við því listinn er tómur.

Á vef Fjármálaeftirlitsins er nefnilega frá því greint að á fundi FATF í október hafi Myanmar verið tekið af listanum, en landið var eitt eftir á honum. Spurning hvort menn verða ekki í snatri að finna sér eitthvað meira að gera. Áhugasamir um FATF geta hins vegar lesið sér til um starfsemina á vefnum www.fatf-gafi.org, en Ísland er aðili að samtökunum.









Til sölu vel með. VX Land Cruser ssk. árg. '97 einn eig. þjón. bók. dráttarb. 200 þ. km. Verð 1.490 þús. Uppl. í s. 824 2692.



Hyundai Starex, 4x4, árg. 2000, diesel, ekinn 160 þús., 30" dekk., Listaverð 1.280 þús. Sími 846 5848.



Toyota Avensis árg. 1998 ekinn 164.000 km, 2 lítra, sjálfsskiptur, geislaspilari, spoiler og fleira. Myndir á www.bilap-artar.is og uppl. í síma 893 6404.

**Tilboð, tilboð**
MMC Eclipse árg. '95 til sölu á 300-350 þús. Uppl. í s. 820 0547, Bjarki.

VW Vento árg. '95 sk. '07, vetrard. Verð 170 þús. Uppl. í s. 895 8435.

Toyota Yaris árg. '01, gulur, 5 dyra, ek. 84 þús. Verð 690 þús. Skipti möguleg. S. 868 2817.

Til sölu Ford Mondeo '97 mjög gott eintak, selst á góðu verði. Einn eigandi frá upphafi. Uppl. í s. 486 8836.

Suzuki Sidekick árg. '97. Nýskoðaður. Ásett verð 390þ. Tilboð 300þ. Uppl. í s. 896 0740.

## 0-250 þús.



Mjög góður vinnubíll. Ford Escort van 1995 ekinn um 140.000 km. Nýskoður í góðu standi. Verð 225.000 staðgreitt. Garðyrkja ehf sími 564 1860



Til sölu Suzuki Baleno '97, 5 gíra, ný tímareim, 2 nagladekk fylgja. S. 861 6578.

## 250-499 þús.



Toyota Corolla '93, ek. 137 þús. 3 eigendur, mjög vel með farinn og vel við haldið. V. 290 þús. S. 823 5101 & 564 2964.



Til sölu Saab 900 árg. '96, ek. 168þ. Sumar+vetrardekk. Geisla+mp3 spilari. Fallegur bíll í toppstandi, frábær í vetur-inn. S. 892 2533.



**Fæst á yfirtöku + 20 þús**
Til sölu er VW Polo 1.0 árg. '00. Ekinn 80 þús. 3ja dyra. 5 g. CD, samlæsingar, smurbók. Verð 550.000 þús. Áhvílandi 410 þús. Tilboð 20 þús + yfirtaka á láni. Uppl. í s. 659 4269.

## 500-999 þús.



Pasasat stw 4x4 árg 99.ek 97þus akst-urstalva.nyleg nagladekk.cd.skipt um timareim í'87 þús gott eintak er á akureyri.verð 870 þús fæst á 630 þús yfirtaka 24 á mánuði.s:6609116



Dekurbíll, M. Bens '94, sjsk. ek. 224 þ. Viðhaldsbók og reikningar með. Sumar/vetrardekk, CD, samlæsingar, toppbíll. Ásett verð 590 þús. Góður staðgr.afsl. Uppl. í síma 898 5751.

'99 Toyota Avensis 1.6, sk. '07, bsk., sedan, ek. 165 þús., mikið endurnýjað-ur, fæst á 150 þús. út og yfirtaka láni 630 þús., 20 þús. á mán. S. 847 6652.

'02 Opel Astra 1.6, bsk., sk.'07, ek. 95 þús., í toppstandi, fæst á yfirtöku á láni ca. 770 þús. og 21 þús. á mán.

## 1-2 milljónir




Toyota jólatilboð! Heim í flugi með Icelandair. Nýr Toyota jeppi frá Kr. 3.390.000. Tacoma frá Kr. 1.990.000, 4Runner (Amerískur Landcruiser) frá Kr. 3.790.000. Einnig RAV4 og HiLux 3.0 Turbo dísel sjálfskiptur með leðri og hlaðinn aukabúnaði. Lækkun dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. 30 ára traust innflutningsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com.



Mini One 2003 ek. 32 þ. km. Mjög vel með farinn. Verð 1.990.000. Uppl. í s. 897 4583.

## 2 milljónir +



Svartur Benz E-220 dísel 2004 Kompressor Avantgarde ek. 45 þ. km. Leður í sætum , topplúga , xenon ljós ofl .ofl. Ný vetrardekk kominn undir. Söluverð er 5.490.000. Tilboð 4.990.000. Uppl. í síma 897 4583.

Til sölu M. Benz C-30 AMG (eini á land-inu) árg. '03. Ásett verð 5.900 þús., verð nú 4.900 þús. Uppl. í s. 822 4666.

## Jeppar




Jeep jólatilboð! Heim í flugi með Icelandair. Nýlegir Grand Cherokee 2005-2007 með nýja útlitinu frá Kr. 2.450.000. Liberty jeppinn frá kr. 2.190.000 benzín eða dísel. Nýjir Jeep frá verksmiðju frá Kr. 2.790.000. Hagstæður dollar og heildsöluverð islandus.com orsakar verðhrun og þú gerir reyfarakaup! Nýjir og nýlegir bílar frá USA og Evrópu allt að 30% undir markaðsverði. 30 ára traust innflutn-ingsfyrirtæki. Íslensk Ábyrgð. Bílalán. Fáðu betra tilboð í síma 552 2000 eða á www.islandus.com.



Hilux X-cab 2,4 bensín árg. '91 á 33", ek. 205 þús. Í toppstandi. Verð 350 þús. Ath. skipti á Hi-Ace eða svipuðum bíl. S. 698 1838.



MMC Pajero GLX dísel '98, 7 manna, sjálsk., cruise control, rafm. í öllu, ek. 169 þús. skoðaður '07. Toppbíll. Ásett verð 1290 þús. Fæst fyrir 1090 þús. Uppl. í s. 660 8081.



Til sölu 38" Hilux dc árg. '90, 2,8 Disel turbo interc. CB talstöð, loftdæla, gormar og miklu miklu meira. Uppl. í s. 693 9984.



**Til sölu jeppi / húsbíll**
Til sölu Ford Econoline 4x4 árg. 1997 V8 bensín, 38" breyttur, ný 38" negld Mudder og sumardekk á felgum. Bíllinn er nýlega uppgerður og innréttaður sem húsbíll, í honum er svefnpláss fyrir 3-4, gaseldavél, ísskápur gasmiðstöð, vaskur, vatnstankur, vatnsdæla, fortjald, þjófavörn, auka bensíntankur, nmt sími, nýtt hljóðkerfi 1200w. Tilboð óskast. Uppl. í s. 896 5290.



Landcruiser LX 2005, ssk., cruise ctrl, 8 manna, samlitur, álfelgur, handfrjáls búnaður, ek. 58.000, einn eigandi, þjónustubók, verð 4,3 millj. engin skipti. Upplýsingar í s. 699 3309.



Ford Explorer XLT 2006 Ek. 16þ. km, ssk., 7 manna, rafmagn í sætum, ESP, stigbretti, þakbogar, CD magasín, þjófa-vörn, filmur, aksturstölva, hraðast., Glæsilegur bíll í alla staði og vel með farinn. A.t.h. verð aðeins 3.790 þús. Uppl. í s. 821 2066.



Mercedes Benz ML 500 2002 Silfraður, Ek. 57 þ.km. Ssk., leðursæti, topplúga, dráttarbeisli,stigbretti, cd magasín, hiti, minni og rafmagn í sætum, loftkæling, GPS, ESP stöðugleikakerfi, þjónustubók, Ath. síðasta þjónustuskoðun var fyrir 1500 km.. Glæsilegur bíll í toppstandi. Verð 4.190 þús. Ath. Tilboð 3.790 þ. Bílahornið s. 567 2400.



Glæsilegur Mercedes Benz ML 350 Inspiration árg. 2003 3500cc, ek. 90 þ.km. Leður og lúga. Rafmagn í sætum, filmur, cd, magasín, GPS, ESP, o.m.fl. Bíll í toppstandi. Verð 3.990 þ. Ath. Tilboð 3.490 þús. stgr. Bíll.is s. 577 3777.



Til sölu Patrol árg. 10.03, ekinn 54 þ., sjálfsk. 33" dekk, topplúga, dráttark., leðurkl. Uppl. í s. 896 1339.



Toyota Hilux 1992 ek. 230 þ. km. Breyttur fyrir 35" er á 33" nýjum tekkj-um, kastarar að framan, nýr vatskassi og yfirfarin vél. Get látið fylgja með nýja VHS talstöð , nmt síma og dvd m/skjá (er í bílnum). Verð án tækja 590.000 staðgr. Og með tækjum 690.000 staðgr. Uppl. 897 4583.

Til sölu er Galloper 06/98 ssk. Ekinn 180 þús. Sk '07. Verð 330.000 kr. 100% lán mögulegt. Uppl. í s. 822 4167.

## Pallbílar




## TIL SÖLU


# Bátur til sölu:
**Öðlingur SF-165**
(1206)
Með netaúthaldi
tveir niðurleggjarar
og .



**Verð 3,5 miljónir**
Upplýsingar í síma 4781189, 8686294 & 8961743



SG BÍLAR **BÍLASALA**
Sími: 421 4444
Bolafót 1 • 260 Reykjanesbær
www.sgbilar.is



TOYOTA AYGO DISEL Árgerð 2006. Ekinn 2 þ.km. Verð kr. 1590.000.



VÉLSLEÐI SKI-DOO FORMULA DELUXE 700 GS Árgerð 2001. Ekinn 3 þ.km. Verð kr. 650.000. kerran fylgir með!



VW BORA 8VI Árgerð 2003. Ekinn 53 þ.km. Verð kr. 1590.000. lækkað verð 100 % lán!



LEXUS IS200 17" LEÐUR/ESCAINE Árgerð 2003. Ekinn 41 þ.km. Verð kr. 2760.000.



HYUNDAI SANTA FE 4X4 DISEL LUX Árgerð 2005. Ekinn 18 þ.km. Verð kr. 3390.000.



HYUNDAI TRAJET 7 MANNA árgerð 2004. Ekinn 31 þ.km. Verð kr. 1990.000. yfirtaka á láni!



MMC LANCER Árgerð 1991. Ekinn 1 þ.km. Verð kr. 170.000.



HYUNDAI SANTA FE 4X4 Árgerð 2006. Ekinn 8 þ.km Verð kr. 3215.000. yfirtaka á láni!



MAZDA 6 H/B TS Árgerð 2003. Ekinn 57 þ.km. Verð kr. 1690.000. 100% lán 5 gíra



VW PASSAT COMFORT LINE/SEDAN Árgerð 2003. Ekinn 50 þ.km Verð kr. 1690.000. yfirtaka á láni!



DODGE GRAND CARAVAN Árgerð 2003. Ekinn 87 þ.km Verð kr. 2550.000. yfirtaka á láni!



MAZDA RX-8 CHALLENGE Árgerð 2004. Ekinn 20 þ.km Verð kr. 3190.000. 100% lán mögulegt

# HEILSA

## Heilsuvörur

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. Ásta. 891 8902

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Rannveig 862 5920 www.heilsuval.topdiet.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is. S. 896 4662.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Sófasett. Vínrautt 3.1.1 frá GP-húsgögnum. Verð aðeins 40.000 stgr. Uppl. í s. 893 5201.

**Til sölu v. flutninga. Gott verð!**
Leður hornsófi 2+3, pulla og lítið borð. Nýlegur kæliskápur 180cm hár. Lítil sjónvarpshilla. Borðstofuborð + 5stólar 180x80, borðstofuborð 200x90 stækkanlegt um 50cm, stakur skápur m. hringlaga gleri, góður fyrir leirtau ofl. ofl. Til sýnis þriðjud. og miðvikud. milli 19-21 í Suðurhólum 4, neðsta bjalla, Ásta, s. 557 5858.

Til sölu 8 sæta leðursófi með tungu, 2ja ára, selst á 70 þús., rétt verð 190 þús., stór kista úr tekk á 10 þús., borðstofuborð úr Miru á 30 þús. Uppl. í s. 616 6618.

## Gefins

Grábröndótt 8 vikna læða fæst gefins, kassvön. S. 699 8702.

## Dýrahald



English Springer Spaniel hvolpar til sölu. Upplýsingar í s. 661 6892.



Til sölu hreinræktaðir Langhundahvolpar, undan innfluttum foreldrum, móðir Kanadískur meistari, ættbókarfærðir, örmerktir og heilsufarsskoðaðir. Uppl. í s. 863 0474.



**Dýrabær**
Úrval af fallegum hunda- og kattarúmum. Dýrabær Smáralind og Hlíðasmára 9, Kóp.

Tvær útikisur óska eftir nýju heimili v. flutninga. Uppl. í s. 557 5858.

**Labrador**
7 vikna hreinræktaður svartur strákur til sölu. Uppl. í s. 861 3289.

Fallegir hvolpar fást gefins, eru á Eyjafjarðar svæðinu. S. 895 8098.

Ég er sjálfstæð og traust kisa. Óska eftir góðri fjölskyldu til að dvelja hjá. Uppl. í s. 690 4099.

Chihuahua snögghærður karlhundur. M. ættb, frá Íshundum. Uppl. í s. 699 4668.

## Ýmislegt



**Rýmingarsala 50% til 75% afsláttur**
**Af allri glerlist eftir Ellu Rósinkrans. - Opið í des alla daga frá 16- 19 og um helgar. Súðarvog 26, 104 Reykjavík. Opið á Stokkseyri eftir samkomulagi.**
**Frekari upplýsingar í síma og sérpantanir í s. 695 0495.**

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

2ja herb. íbúð til leigu í miðbænum í 1 mánuð, á Leifsgötu. Frá 21.des '06 til 21.jan '07. 80 þús. á mán. Uppl. í síma 898 5329.

Nýleg og falleg 2-3 herb. íbúð í Bryggjuhverfinu til leigu frá 15.des. Verð 95 þús á mán. Áhugasamir hringið í s. 697 8166.

Til leigu 45 fm íbúð í Rvk 101 frá 15 des. Langtímaleiga, 1 mán. fyrirfram. Leiga 86 þ. Allt innifalið. Uppl í s. 893 8959, 893 9746 & 867 4548.

**Íbúð til leigu**
Til leigu mjög góð og rúmgóð 3ja herb. íbúð, ca 100 fm, á rólegum og góðum stað í Rvk. Íbúðin er fullbúin húsgögnum og öllum húsbúnaði. Allt til alls. Leiga 130 þús. pr. mán. S. 861 6660

## Húsnæði óskast

Óskum eftir íbúð til leigu á höfuðborgarsv., verðhugmynd 60-70 þús. Reglusöm, reyklaus og skilvísum greiðslum heitið, 100% traustir leigjendur. Uppl. í s. 690 2725.

Herbergi óskast á stór Reykjavíkur svæðinu, helst í Hafnarfirði. Uppl. í s. 692 8091.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu gott skrifstofuherbergi Akrand 4 Kóp stærð 18,4m2. Upplýsingar í síma 660 6600 eða ksv@vortex.is

**Til leigu**
við Hverfisgötu, ca 240 fm lager og skrifstofu húsnæði, og ca 250 fm lager og skrifstofuhúnæði við Skipholt. Uppl. í s. 821 0700.

## Geymsluhúsnæði




Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is www.geymslaeitt.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kökuhornið í Bæjarlind.**
**Óska eftir að ráða starfsmann, fast starf í verslun okkar. Tvískiptar vaktir. Ekki yngri en 25 ára.**
**Uppl. í síma 897 0702, Sirrý & 861 4545 Guðni.**

**Frístundaheimili**
**Starfsfólk óskast á frístundaheimilin við grunnskóla Reykjavíkurborgar eftir hádegi á virkum dögum.**
**Nánari upplýsingar á www.itr.is og í síma 411 5000.**

**Viljum bæta við okkkur hjálparkokki.**
**Helst með reynslu úr veitingahúsar eldhúsi og bakstri. Kröfur: samviskusemi og stundvísi, heiðarleiki og vinnusemi, þarf að geta hafið störf sem fyrst.**
**Umsóknir á www.kringlukrain.is eða í s. 863 8900.**

**Næturvaktir**
**Óskum eftir að ráða starfsmann á næturvaktir í Select Smáranum og Select Suðurfelli. Um er að ræða almenna afgreiðslu og þjónustu.**
**Nánari upplýsingar fást í síma 444 3000. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is eða á næstu Shell- eða Selectstöð.**

**Vaktstjóri**
**Óskum eftir að ráða vaktstjóra í Select Smáranum. Viðkomandi hefur umsjón með vaktinni og sér m.a. um uppgjör.**
**Nánari upplýsingar fást í síma 444 3000. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is eða á næstu Shell- eða Selectstöð.**

**Gullnesti, Grafarvogi**
**Óskar eftir rösku starfsfólki í kvöld og helgarvinnu.**
**Uppl. í s. 898 9705**

**Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára**
**Óskar eftir að ráða vaktstjóra í fullt starf, um er að ræða vaktavinnu. Ekki yngri enn 23 ára. Áhugasamir geta haft samband í s. 822 8840 eða á www.nings.is**

**Oddur Bakarí Grensásvegi**
**óskar eftir starfsmanni í afgreiðslu virka daga frá kl. 14 - 18.30.**
**Upplýsingar gefur Oddur í s. 699 3677 eða 588 8801.**

**EMINEM** Magnað fyrirbæri og magnaður textahöfundur sem hefur líka valdið miklum deilum.



**EIRÍKUR ÖRN NORÐDHAL** Þýddi bók um Eminem og hefur verið aðdáandi hans lengi.


Dúndurfréttir
Austurbær
Allt það besta
12.desember kl: 20.00 Pink Floyd
kl: 22.30 Led Zeppelin, Deep Purple og Uriah heep
14. desember kl: 20.00 Led Zeppelin, Deep Purple og Uriah Heep
kl: 22.30 Pink Floyd
Miðasala á midi.is og í Austurbæ sími: 551-4700
Miðaverð 3500 kr. ef keypt er á eina tónleika.
Miðaverð 5000 kr. ef keypt er á tvenna tónleika.




Best Pink floyd Led Zeppelin
cover band ever. “Rolling Stone Magazine”

**20.00**
*Ingibjörg Elsa Björnsdóttir ræðir um rithöfundinn Lév Tolstoj á skáldakvöldi MÍR auk þess sem Baldvin Halldórsson leikari les úr nýrri þýðingu Gunnars Dal á smásögum Tolstojs og sýnd verða brot úr kvikmyndum sem gerðar voru í Moskvu á sjöunda áratug síðustu aldar eftir verkum skáldsins. Dagskráin fer fram í MíR-salnum, Hverfisgötu 105.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Hátíðlegur jólaspuni

Félagarnir Sigurður Flosason og Gunnar Gunnarsson leika á vegum Jólatónlistarhátíðar Hallgrímskirkju annað kvöld og spinna tóna sína við þekkt jólalög og sálma á saxófón og orgel. Tónleikarnir marka upphaf viðamikillar sálmadagskrár á 25. afmælisári Listvinafélags Hallgrímskirkju þar sem efnt er til átta tónleika allt afmælisárið með sálmadagskrám margra af fremstu tónlistarmönnum Íslendinga.
Sigurður Flosason og Gunnar Gunnarsson hafa leikið saman síðan 1989. Þeir komu fyrst fram saman á Jazzhátíð Reykjavíkur árið 2000 og sendu frá sér geisladiskinn Sálma lífsins skömmu síðar. Ári síðar komu Sálmar jólanna út, en Draumalandið, safn íslenskra ættjarðarlaga, kom út árið 2004. Hvort heldur er um sálma eða ættjarðarlög að ræða eru útsetningar persónulegar og spuni er þungamiðja í tónlistarnálgun þeirra félaga. Leitast er við að skapa hverju lagi eigin heim og frumlegan farveg, en um leið að sýna



**SIGURÐUR FLOSASON OG GUNNAR GUNNARSSON** Spinna jólatóna í Hallgrímskirkju.

því virðingu og væntumþykju. Diskar Gunnars og Sigurðar hafa hlotið frábæra dóma og notið mikilla vinsælda.
Tónleikarnir hefjast kl. 20 annað kvöld en nánari upplýsingar um hátíðardagskrá Listvinafélagsins má finna á heimasíðunni www.hallgrimskirkja.is.



**> Ekki missa af …**

jólaleikriti Útvarpsleikhússins, **Fjallkirkjunni** eftir **Gunnar Gunnarsson** í leikgerð **Jóns Hjartarsonar.** Upptökurnar má nálgast á netinu á öllum tímum sólarhringsins.



**ANTÓNÍA HEVESÍ OG KURT KOPECKY** Glettilegir hádegistónleikar á morgun.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Fjórhent í Hafnarborg

Hádegistónleikaröð Hafnarborgar verður fram haldið í hádeginu á morgun en þá leika tónlistarmennirnir Kurt Kopechy og Antonía Hevesi leika fjórhent á píanó. Tónleikarnir bera yfirskriftina „Náttúran og fjármál“ en á efnisskránni eru rómantískar útsetningar á verkum eftir Mendelson, Rossini og Hector Berlioz. „Þetta verður hressileg dagskrá en alls ekkert jólastand,“ segir Antonía en hún er jafnframt listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar.
Menningarmiðstöðin Hafnarborg hefur frá því í ágúst 2002 staðið fyrir tónleikum í hádeginu einu sinni í mánuði. Tónleikarnir standa yfir í um hálfa klukkustund og eru sérstaklega hugsaðir sem tækifæri fyrir fólk sem starfar í miðbæ Hafnarfjarðar til að njóta góðrar tónlistar í hádegishléi. Tónleikarnir eru í boði Hafnarborgar.
Kurt Kopecky var ráðinn tónlistarstjóri Íslensku óperunnar árið 2003. Hann hefur nú þegar skipað sér fastan sess í íslensku tónlistarlífi auk þess að vera eftirsóttur undirleikari og söngkennari. Undir stjórn Kurt Kopecky hlaut óperan „Turn of the Screw“ eftir Benjamin Britten íslensku tónlistarverðlaunin 2005.
Antonía Hevesi er fædd í Ungverjalandi en hefur starfað hér lendis um árabil. Hún hefur verið meðleikari við Listaháskóla Íslands og æfingapíanisti við Sumaróperuna en starfar nú sem orgel- og píanómeðleikari á Íslandi og æfingapíanisti Íslensku óperunnar.
Tónleikarnir hefjast kl. 12 á fimmtudaginn. -khh



**TORFBÆRINN ÍSLENSKI - BURSTAFELL Í VOPNAFIRÐI** Fyrirlestur um lifnaðarhætti í torfbæjum verður fluttur í dag og er endapunktur á árs rannsókn í stöðu sem kennd er við Kristján Eldjárn.

# Kristjáns Eldjárns minnst

**Í dag eru 90 ár liðin frá fæðingu dr. Kristjáns Eldjárns, fyrrverandi þjóðminjavarðar og forseta Íslands. Í tilefni af því er efnt til hátíðadagskrár í Þjóðminjasafni Íslands sem hefst á hádegi í fyrirlestrarsal safnsins. Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður flytur þar ávarp og fulltrúi afkomenda dr. Kristjáns Eldjárns færir að gjöf bóka- og skjalasafns hans.**



**KRISTJÁN ELDJÁRN ÞJÓÐMINJAVÖRÐUR AÐ STÖRFUM** Myndin sýnir Kristján vinna við þularstörf en hann var samstarfsmaður margra heimildakvikmyndamanna í gerð handrita þess háttar mynda.

Þá verður tilkynnt hver verður ráðinn til að gegna rannsóknarstöðu sem við Kristján er kennd árið 2007. Staðan hefur undangengin ár gert fræðimönnum kleift að stunda rannsóknir á íslenskum þjóðminjum og öðrum þáttum íslenskrar menningarsögu. Rannsóknarverkefnum sem unnið er að í stöðunni er ætlað að efla rannsóknastarfsemi Þjóðminjasafnsins almennt og við ráðningu skal tekið mið af rannsóknastefnu þess. Þetta ár var tekið sérstaklega fram að áhersla yrði lögð á verkefni tengd ljósmyndasögu Íslands í auglýsingu.
Mikil gróska er í starfi myndasafns Þjóðminjasafnsins. Sífellt berast fréttir af nýjum metnaðarfullum ljósmyndasýningum og að baki hverri sýningar búa miklar rannsóknir. Myndasafnið heitir nú Ljósmyndasafn Íslands samkvæmt reglugerð sem tók gildi 1. nóvember síðastliðinn.
Áherslan í rannsóknarstöðu Kristjáns Eldjárns síðastliðið ár hefur verið á húsasögu Íslands. Í dag verða kynntar rannsóknaniðurstöður ársins 2006: dr. Anna Lísa Rúnarsdóttir mannfræðingur flytur fyrirlestur um verkefnið.
Hvernig skyldi hafa verið að búa í torfbæ um miðja 20. öld? Þetta er meðal þess sem Anna Lísa velti fyrir sér, en hún rannsakaði lífið í torfbæjunum á tímabilinu 1850 til búsetuloka fram yfir 1950. Ótrúlega stutt virðist síðan ný byggingarefni leystu hin gömlu af hólmi og í tengslum við rannsókn sína tók Anna Lísa viðtöl við fjölda fólks sem man búsetu í torfbæjum. Annars staðar var farið að byggja úr timbri og steini mörgum öldum fyrr en íslenski torfbærinn þróaðist á einstæðan hátt alveg fram á 20. öld.
Nokkrir torfbæir eru varðveittir á landinu og eru flestir þeirra í vörslu Þjóðminjasafns Íslands sem annast viðhald ásamt Húsafriðunarnefnd ríkisins. Í framhaldi af erindi Önnu Lísu verður í Forsalnum opnuð sýning sem byggir á rannsóknum hennar: Á tímum torfbæja: híbýlahættir og efnismenning í íslenska torfbænum frá 1850. Myndir og textar ásamt úrvali gripa varpa ljósi á þær miklu breytingar sem urðu á þessu síðasta tímabili torfbæjanna.
Loks verður opið hús milli 13 og 16 í dag í Setbergi, nýju húsi Þjóðminjasafnsins í Suðurgötu 43. Í Setbergi eru skrifstofa þjóðminjavarðar, og fjármála- og þjónustusvið Þjóðminjasafnsins. Þar er einnig stærsta sérfræðibókasafn landsins á sviði forvörslu, safnafræði og fornleifafræði. Bóka- og heimildasafnið er opið almenningi frá 13 til 16 og þar er einnig hægt að leita upplýsinga í Sarpi, rafrænum skráningar- og gagnagrunni safnsins.
Í Sarp eru skráðar upplýsingar um safnkostinn, þjóðhætti, fornleifar, hús, örnefni og ýmsar aðrar menningarsögulegar minjar. Í Setbergi er sá hluti af rannsókna- og varðveislusviði Þjóðminjasafnsins sem snýr að Húsasafni, Þjóðháttasafni og fornleifum og þar hafa einnig aðstöðu fræðimenn sem sinna ýmsum sérverkefnum. Starfsmenn verða á staðnum og gefst gestum tækifæri til að kynnast innri starfsemi Þjóðminjasafnsins ekki síður en sýningum. Starfsmenn Ljósmyndasafnsins hafa komið fyrir í Setbergi ljósmyndum, sérvöldum úr sýningum safnsins frá síðustu árum, og sett þar upp skemmtilegar ljósmyndasýningar.
Geymslur Þjóðminjasafnsins og sá hluti rannsókna- og varðveislusviðsins sem snýr að Ljósmyndasafni, Munasafni, skráningu og forvörslu eru áfram til húsa í Vesturvör 16-20 í Kópavogi.
Kristján Eldjárn var brautryðjandi í fornleifafræði á Íslandi og í framhaldi af afmæli hans stendur Hið íslenzka fornleifafélag fyrir opnum fyrirlestri á aðalfundi í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins á morgun kl. 16. Orri Vésteinsson sagnfræðingur flytur þá erindi um rannsókn á hinni athyglisverðu miðaldakirkju á verslunarstaðnum Gásum við Eyjafjörð. - pbb

# Halldór leikstýrir Flagaranum

Halldór E. Laxness var staddur hér um helgina en hann er ráðinn hjá Íslensku óperunni þar hann mun leikstýra óperunni Flagari í framsókn (The Rake´s Progress) eftir Stravinsky sem verður frumsýnd í Íslensku óperunni í febrúar. Íslenska óperan hlaut íslensku tónlistarverðlaunin sem flytjandi ársins fyrir Tökin hert eftir Britten sem Halldór setti upp haustið 2005.
Halldór, sem er búsettur í Frakklandi, er vel á veg kominn með hugmyndavinnuna fyrir uppsetninguna á Flagara í framsókn og er hann í góðri samvinnu við aðra listræna stjórnendur sýningarinnar sem eru Axel Hallkell Jóhannesson leikmyndahönnuður, Filippía Elísdóttir búningahönnuður og Björn Bergsteinn Guðmundsson ljósahönnuður. Þess má einnig geta að tveir af söngvurunum sem taka þátt í Flagara í framsókn sungu einnig aðalhlutverk í óperunni Tökin hert, en það eru þau Hulda Björk Garðarsdóttir, sópran, og Gunnar Guðbjörnsson, tenór.
Halldór var að vonum brattur um helgina eins og hans er vandi,



**HALLDÓR E. LAXNESS LEIKSTJÓRI** hefur getið sér gott orð við leikstjórn hjá Óperunni og Leikfélagi Akureyrar.

hlakkar til að takast á við verkefnið: „Undirbúningsvinnan er á lokastiginu og ég hlakka mikið til að byrja að vinna með söngvurunum í janúar. Það er alveg ljóst að það eru frábærir söngvarar sem taka þátt í þessari sýningu sem verður allt í senn falleg, skemmtileg og lifandi, enda varla annað hægt með svona listamenn með sér.“ - pbb

# SKÍFAN Í 30 ÁR

## VINSÆLASTA LAG HVERS ÁRS SKÍFUNNAR Á TVÖFALDRI SAFNPLÖTU



**Í TILEFNI AF 30 ÁRA AFMÆLI SKÍFUNNAR SEM ER STÆRSTA HLJÓMPLÖTUVERSLUN LANDSINS HÖFUM VIÐ SETT SAMAN SKEMMTILEGAN AFMÆLISPAKKA FYRIR ALLA**

2.499
2CD




### POPPSKÍFAN

Inniheldur 30 vinsælustu popplög síðustu 30 ára.
Meðal laga eru:

| | |
|---|---|
| KC & The Sunshine Band | **That's The Way (I Like It)** |
| Vilhjálmur Vilhjálmsson | **Lítill Drengur** |
| Brunaliðið | **Ég er á leiðinni** |
| Chic | **Le Freak** |
| Kool & The Gang | **Celebration** |
| Blondie | **The Tide Is High** |
| ABC | **The Look Of Love (Part 1)** |
| Men At Work | **Down Under** |

2.499
2CD




### ROKKSKÍFAN

Inniheldur 30 vinsælustu rokklög síðustu 30 ára.
Meðal laga eru:

| | |
|---|---|
| Queen | **Somebody to Love** |
| Meatloaf | **Your Took The Words** |
| | **Right Out Of My Mouth** |
| The Stranglers | **Nice'N'Sleazy** |
| Hinn ísl. Þursaflokkur | **Brúðkaupsvísur** |
| Utangarðsmenn | **Hiroshima** |
| Start | **Sekur** |
| Egó | **Fjöllin hafa vakað** |
| Yes | **Owner of a Lonely Heart** |

2.499
2CD




### BARNASKÍFAN

Inniheldur 30 vinsælustu barnalög síðustu 30 ára.
Meðal laga eru:

| | |
|---|---|
| Ómar Ragnarsson | **Fugladansinn** |
| Katla María | **Litli Mexíkaninn** |
| Laddi | **Súperman** |
| Eiríkur Fjalar og Skrámur | **Tóti Tölvukall** |
| Egill Ólafsson | **Guttavísur** |
| Fílabandið | **Í grænni lautu** |
| Edda Heiðrún Backman | **Pálína með prikið** |
| Sigga Beinteins | **Snati og Óli** |

# ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI

ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR

# Leysa orðin landfestar?

Óskar Árni hefur ort og sent frá sér ljóðabækur reglulega í 20 ár, en nú eftir nokkurt hlé. Hávaðalaust skáld, yrkir af stakri smekkvísi, öryggi og þekkingu, margræð ljóð en ekki torráðin. Loftskip sver sig í þá ætt; einkar heilsteypt ljóðabók, vönduð og gegnrýnd, gullfallegt líkinga- og myndmál – með orðum bjartsýna skáldsins: „nýjar myndhverfingar, nýtt tungumál sem ljómar eins og sólarupprás“ (bls. 31). En ekki er nóg með að vel sé ort, skáldið á erindi við lesanda sinn og hefur áberandi trú á möguleika ljóðsins til að hreyfa við honum varanlega en orka þó jafnframt á samtímann og samfélagið, trú á að orðið bæti böl en haldi þó gildi sínu þá bölið er bætt. „Stefnumót sem umbreytir dögunum“ (26).

Yrkisefnin eru margslungin en faglega samfléttuð og hverfast um vandriðið æviskeiðið, „ferðalag blekkinga og vona,“ leit í myrkri, ratvillur, draumskrök, óvissu, efa, togstreitu, hringrás holdsins, „eilífð veganna“ (18), „hávær hugarstríðin“ (38). Maðurinn andspænis náttúrunni og eigin hugsanlegri ábyrgð, viðsjál tíð andspænis dauðlegum manni; „allt tekur enda“ (23), hraðfleygur tíminn – „víst er tíminn fugl“ (32), tíðarandinn og fallveltið, örskotið, tilvistarhrollurinn. Vegvilltur maður á ferð í ölvuðum fálmandi nútíma, búinn að glata leiðarljósinu sínu, á „órekjanlegri sporaslóð, götu úr götu, lífið á enda“ (21) – þar sem „skuggar næturinnar teygja sig í ... huga fullan af veglausum draumum“ (39). Þar sem þó er enn von að birtan sigri og „orðin leysi landfestar“ (37) hugans. Allt innan marka veruleikans, innan ramma raunskynjunar lesandans, hér og nú í alvöru og grínlaust, enda höfuðborgin af holdi og blóði höfundi mjög hugstæð: „ráðvillt, hvorki gömul né ung, æðir um allar trissur“ (43), veðrabrigðin, myrkrið „allt deyr nema myrkrið“ (23), nóttin „leggst á hús og menn“ (25) „sér ekki í nóttina fyrir myrkri“ (8), hljóð og tónar „stormur í eyrum“ (19), draumar og dúfur. Borgarmyndin er fersk og ögrandi, engin óskalagarómantík; rík tík, staðleysa, draumórar, sjálfsblekking, sólskinsfíflavík – en undraland tíðarfars og birtu, borg vonar í síkvikri náttúru, óvænt sýn.

Þá er í ljóðum Óskars Árna falin trú á fagurfræðilega forskrift ljóðsins, ljóðrænt ráðrúm jarðlífsins, fegurð skáldskaparins sem vegvísi á lífsleið. Þar sem ljóðið er ekki (bara) vakandi auga, því síður hávær vandlætari – heldur trú á ljóðið sem lífsgildi, trú á ljóðrænt skyn sem ljós í myrkri hugans, leiðabók vegferðar mannsins. Öll fegurstu ljóð bókarinnar bera því vitni – og efla þá trú: Umbreytt andartök, Draumrof, Illa lýst, Þangað, Næturútvarp, Víst gæti maður, Þegar myrkrið situr um húsin, Landfestar og þá ekki síst mesta listasmíð bókarinnar Í bláu myrkri þar sem ljóðið skaparinn og sköpunarverkið renna saman í eitt: „ég er nafnlaus eins og andvarinn sem bærir gluggatjaldið, ljósið sem kviknar um leið og það deyr, blossinn í fingrum myrkursins ... ég breyti syrgjendum í blóm“ (28).

**Sigurður Hróarsson**


**ÓSKAR ÁRNI ÓSKARSSON** rithöfundur og bókavörður.




**BÆKUR**
**Loftskip**
Óskar Árni Óskarsson
Bjartur
★★★★
Niðurstaða: Orð leysa landfestar, loftskipið flýgur.

# Tregafull skáldasíða

Ljóðavefurinn Tíu þúsund tregawött hefur verið starfræktur frá því í byrjun maí. Hann er sæmilega sóttur af ljóðaunnendum og skáldum og nú verða mönnum að vera ljós þau tíðindi að hann hefur flutt sig um set og fengið nýtt veffang: www.tregawott.net.

Á þeim tíma sem vefurinn hefur verið starfræktur hafa birst á honum fjöldamörg íslensk ljóð, bæði eldri skálda og yngri. Þá hafa birst á vefnum ótal umsagnir um ljóðabækur, fundin ljóð, myndbönd af ljóðaupplestrum, ljóðrænar stuttmyndir, ljóðahljóð, upplestrar á mp3, greinar um ljóðlist og fréttir úr ljóðaheimum auk margra ljóðaþýðinga. Stærstur hluti þess efnis sem birst hefur á Tregawöttunum hefur ekki áður komið fyrir almenningssjónir. Landeigendur á netinu ættu því að hrista af sér gamla hlekki og festa sér í minni nýja veffangið. Ljóðskáldum, bókmenntafræðingum, þýðendum og ljóðaunnendum benda lénstjórar á að alltaf er þörf á nýju efni: Netfangið er tiutusundtregawott@gmail.com. Að ritstjórn vefritsins standa Ásgeir H. Ingólfsson bókmenntafræðingur, Eiríkur Örn Norðdahl ljóðskáld, Hildur Lilliendahl, ljóðskáld, Ingi Björn Guðnason bókmenntafræðingur og Ingólfur Gíslason, stærðfræðingur. **-pbb**


**EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL LJÓÐSKÁLD OG SAGNAMAÐUR** Einn þeirra sem standa að vefnum www.tregawott.net.

# Höfundarverki Guðjóns spillt

**Bið er á afgreiðslu byggingarfulltrúans í Reykjavík á nýjum tillögum sem lagðar voru fram hjá embættinu á fundi þann 14. nóvember um breytingar á Ingólfsstræti 1 sem betur er þekkt sem Fiskifélagshúsið. Húsið var reist 1933 eftir teikningum Guðjóns Samúelssonar og hefur notið friðunar að ytra byrði sem 20. aldarbygging. Þar stendur til að koma fyrir hóteli og voru EON arkitektar að vinna við teikningar að húsinu í breyttri mynd frá 1998 til 2003.**


**HÓTEL Á INGÓLFSSTRÆTI** Myndin sýnir hugmyndir EON - arkitekta um hækkun hússins frá vorinu 2005

Stóð til að reisa þrjár hæðir ofan á húsið og var fallist á þær hugmyndir. Var óskað athugasemda nágranna í maí á síðasta ári. Það er verktakafyrirtækið Gamlagagnkvæma sem stendur fyrir framkvæmdunum. Þar verður gistiaðstaða fyrir gesti í 104 herbergjum.

Á fundi byggingarfulltrúa þann 14. nóvember var lögð fram beiðni um leyfi „til breytinga á áður samþykktum uppdráttum af hótelinu á lóðinni nr. 1 við Ingólfsstræti. Breytingarnar fela m. a. í sér að færa inngang úr porti í Ingólfsstræti, þak verður flatt og nýtist að hluta sem svalir, sjöunda hæð verður ekki inndregin, húsið verður klætt með zinklitum málmi í stað hrafntinnu og ýmsar breytingar gerðar á innra skipulagi,“ eins og segir í fundargerð nefndarinnar. Málinu var frestað og vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Það hefur vakið athygli áhugamanna um húsfriðun að hugmyndir verktakans ganga nú þvert gegn áður kynntum hugmyndum um að húsið hækki um þrjár hæðir en haldi svipmóti fyrri byggingar. Horfið er frá upprunalegu klæðningarefni og má ætla að húsið taki verulegum breytingum í útliti.

Að sögn Þorsteins Gunnarssonar formanns Húsafriðunarnefndar ríkisins hefur ekki verið leitað til nefndarinnar vegna þessara áætlana.

Jón Pálsson hjá Gamla gagnkvæma ehf. sagði í viðtali við Fréttablaðið fyrir síðustu helgi: „Við byggjum hús“ en taldi fréttaflutning af breyttu útliti hússins ekki fréttaefni. Hann sagði það hafa verið ætlun manna að klæða húsið með öðru en steini.

Athygli vekur að nýir arkitektar eru komnir að málinu og frágangi hússins. EON arkitektar hafa ekkert lengur með hönnun hússins að gera og sagði Jón að það hefði gerst í góðu; VA arkitektar færu nú með hönnun hússins. Karl Magnús Karlsson þar á bæ sagði í viðtali við Fréttablaðið: „Við teljum okkur halda í stíl hússins, teljum okkur ganga lengra í því en samþykktar teikningar sýna í að halda upprunalegu svipmóti hússins.“

Nú mun það lenda á starfsmönnum skipulagsfulltrúa að vinna umsögn um þær breytingar sem eru áætlaðar á upphaflegri tillögu. Það var ein forsenda fyrir viðamiklum breytingum á húsinu fulltrúa í byggingarnefnd hvort höfundarverk Guðjóns verður alfarið hundsað. Áhugamenn um húsafriðun hafa áhyggjur af niðurstöðu embættismanna og kjörinna fulltrúa sem að málinu koma. Ekki hefur fengist staðfesting á að hluti af breyttum hugmyndum lúti að gluggabúnaði hússins sem er óumræðilega stór hluti af upprunalegu höfundarverki: höfundarréttur á hugverkum í byggingarlist hefur verið umdeildur en fallið hafa dómar í íslensku réttarkerfi sem staðfesta höfundarrétt arkitekta.

**-pbb**

# Skemmtileg dramadrottning

Það er ekki algengt að fá í hendur unglingasögu sem er ekki hægt að leggja frá sér fyrr en hún er fulllesin. En sagan um raunir Emblu er ein af þeim.

Embla, sem hefur rétt lokið 8. bekk, stendur frammi fyrir því að flytja til London, þar sem kærasti móðurinnar er að fara í framhaldsnám í peningum – í eitt ár. Embla bregst ókvæða við þessari áætlun, sér hana sem vasklega framgöngu mömmunnar og kærastans til að rústa allri hennar framtíð. Það sem hangir á spýtunni er auðvitað strákur, GK (Gangandi Kynþokki), sem allir nema Embla sjá að er óttalegur auli. En það er sama hvað hún segir og gerir, til London er haldið. Hjónaband, og í framhaldi af því dauflegt ævikvöld, með hinum tjáningarhefta GK er fyrir bí.

Þótt Embla hunskist á staðinn með sjö pör af skóm, þrjá jakka, tvo kjóla, eina íþróttaskó, eina hæláháa skó – og hlass af neikvæðni, er hún í eðli sínu of lifandi til að hanga heima og hún hefur nægt áreiti... og læra af umhverfi sitt og fjölda. að og nær fýluna í sjálfri sér. Það er of margt sem glepur fjörugt ímyndunaraflið og örvar einstakt skopskynið. Svo eru nú strákar víðar en á Íslandi.

Embla er einstaklega skemmtilegur söguмaður. Eins og flestar unglingsstúlkur, er henni mikið í mun að skera sig ekki úr á nokkurn hátt. Hún reynir að falla í fjöldann og læra af tískublöðum hvernig hún á að vera – en það mistekst aftur og aftur, henni sjálfri til skapraunar og mæðu. Hún er nefnilega langa vegu frá því að átta sig á því sjálf að hún er einstök og mun aldrei falla í neinn fjölda, hvorki á Íslandi, Englandi né í tímaritum. Að sjálfsögðu hefur hún verið nokkuð óheppin með foreldra. Hún hefur fengið svona eintök sem gera henni allt til óþægðar og leggja sig í líma við að vinna gegn henni. En ekki hvað?

Ég er ekki dramadrottning er einhver skemmtilegasta unglingasaga sem ég hef lesið um langa hríð – og höfðar örugglega fremur til stelpna en stráka. Sagan, sem lýsir engri smá gelgju, er lipurlega skrifuð og fyndin. Gelgjan Embla hefur svo frjóa og sérstæða sýn á umhverfi sitt og áhrifavalda (m.a. tískutímarit), að það er hrein unun. Hún er eins hundóánægð með sjálfa sig og hægt er að vera á unglingsárunum og öll hennar framtíð er viðstöðulaust við það að hrynja. Engu að síður er frásögnin öguð, fer aldrei yfir strikið í vitleysu, verður aldrei melódramatísk. Það eru margar persónur í kringum Emblu. Þeim er öllum lýst með hennar augum og þar sem hún er skemmtileg verða allir í kringum hana lifandi og áhugaverðir. Ég bíð spennt eftir næstu Emblu bók.

**Súsanna Svavarsdóttir**




**BÆKUR**
**Ég er ekki dramadrottning**
Raunir Emblu Þorvarðardóttur
Sif Sigmarsdóttir
★★★★
Öguð frásögn um skemmtilega aðalpersónu sem litar allt kringum sig.

# Nýjar bækur frá Uppheimum

UPPHEIMAR

★★★★ **Gerðu kröfu um góðar bókmenntir!**

*Frá einum fremsta glæpasagnahöfundi landsins:*

## Mögnuð saga um glæp




**„ . . . hans besta hingað til. Og telst reyndar til bestu glæpasagna sem íslenskur höfundur hefur sent frá sér.“**
*Jakob Bjarnar Grétarsson, Fréttablaðið* ★★★★

**„Flott flétta . . . Þétt og spennandi morðgáta.“**
*Jón Ingvi Jóhannsson, Kastljós* ★★★½

**„. . . afskaplega spennandi glæpasaga sem auðveldlega heldur lesanda föngnum.“**
*Ingvi Þór Kormáksson, bokmenntir.is*

**Ævar Örn Jósepsson er tilnefndur til Glerlykilsins 2007, norrænu glæpasagnaverðlaunanna, fyrir bók sína, Blóðberg.**

>>>

### Ógæfusama konan

**eftir Richard Brautigan**

Þýðing: Gyrðir Elíasson




„Stíllinn er látlaus, þægilegur og algjörlega áreynslulaus ( . . .) Þýðing Gyrðis Elíassonar er afbragð . . .“
*Ingi Björn Guðnason, bokmenntir.is*

„Síðasta verk meistara Brautigan í glæsilegri þýðingu.“
*Páll Baldvin Baldvinsson Fréttablaðið*
★★★★

<<<

### Galdrastelpan




**eftir Celiu Rees**

Þýðing: Kristín R. Thorlacius

„ . . .sagan er svo sterk að atburðir hennar standa ljóslifandi fyrir hugskotsjónum lengi eftir að lestri lýkur.“
*Úlfhildur Dagsdóttir, bokmenntir.is*




<<<

### Krókaleiðir

Ljóðabók

**eftir Ara Trausta Guðmundsson**

Ari Trausti er löngu landskunnur fyrir bækur sínar um íslenska náttúru og hefur á síðustu árum getið sér gott orð fyrir skáldskap.

>>>

### Ævintýri Edda Dickens

Bækurnar þrjár um Edda Dickens í einum pakka

Ævintýri Edda Dickens – bækurnar **Heljarþröm, Voðaverk** og **Vátíðindi** saman í einum spreng-hlægilegum pakka.

„Blanda af Dickens og Monty Python. Frábært.“
*Guardian*

„Dásamleg . . . bókmenntahefðin fær á baukinn . . . hér verður vitleysan að list!“
*Sunday Telegraph*




**Veftilboð á www.uppheimar.is**

Flagari í framsókn
The Rake's Progress
IGOR STRAVINSKY

**FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress STRAVINSKY**
**Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - nokkur sæti laus**
2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 – 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20

**FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX**
ATH! ALLIR 25 ÁRA OG YNGRI FÁ 50% AFSLÁTT AF MIÐAVERÐI Í SAL

**GJAFAKORT Í ÓPERUNA – jólagjöf sem gleður!** Verð við allra hæfi.

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

„SKYLDI HÆNA HAFA SÁL?“ MEIN KAMPF

**ÓFAGRA VERÖLD**
Fös 29/12 kl. 20 Frumsýning UPPS
Fim 4/1 kl. 20 2. sýning Gul kort
Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort
Fim 18/1 kl. 20 4.sýning Græn kort

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Fös 8/12 kl. 20 Lau 30/12 kl. 20
Fös 5/1 kl. 20 Lau 13/1 kl. 20

**FOOTLOOSE**
Lau 9/12 kl. 20 Lau 6/1 kl. 20
Fim 11/1 kl. 20 Sun 21/1 kl. 20

**BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fös 8/12 kl. 20 Fös 29/12 kl. 20
Lau 30/12 kl. 20 Lau 6/1 kl. 20

**BLÓÐBRÚÐKAUP**
Nemendaleikhúsið sýnir Blóðbrúðkaup
Í kvöld kl. 20 Fim 7/12 kl. 20
Fös 8/12 kl. 20 Miðaverð 1.500

**SÖNGLIST NEMENDASÝNINGAR**
Í dag kl. 17 Í kvöld kl. 20

**BROT AF ÞVÍ BESTA**
Fim 7/12 kl. 20
Rithöfundar lesa úr nýjum bókum.
Jóladjass og upplestur í forsal Borgarleikhússins. Ókeypis aðgangur

**MEIN KAMPF**
Lau 9/12 kl. 20 Sun 7/1 kl. 20 AUKAS.
Síðustu sýningar

**AMADEUS**
Sun 10/12 kl. 20 Sun 7/1 kl. 20
Síðustu sýningar

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 10/12 kl. 14 Lau 30/12 kl.14
Sun 7/1 kl. 14 Sun 14/1 kl. 20

**JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN**
Barna og unglingaleikhúsið Borgarbörn
Í dag kl. 9:30 Fim 7/12 kl. 9:30
Fös 8/12 kl. 9:30 Lau 9/12 kl.. 13:00 UPPS
Lau 9/12 9/12 kl. 15:00
Sun 10/12 kl. 13:00 Sun 10/12 kl. 15:00
Mán 11/12 kl. 9:30 Þri 12/12 kl. 9:30
Mið 13/12 kl. 9:30 Fim 14/12 kl. 9:30
Fös 15/12 kl. 9:30 Lau 16/12 kl. 13:0
Lau 16/12 kl. 15:00 Sun 17/12 kl. 13:00
Sun 17/12 kl. 15:00
Miðaverð 500 virka daga og 1400 um helgar

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar Reykjavíkur og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20 Miðaverð 4.800

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



Gjafakort fyrir alla fjölskylduna!

**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter
Lau. 6/1, lau. 13/1 lau. 20/1, lau. 27/1.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Fös. 29/12 **kl. 20:00** uppselt, lau. 30/12 **kl. 14:00** uppselt og **kl. 17:00** uppselt, lau. 6/1 **kl. 14:00 nokkur sæti laus,** sun. 7/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 20:00,** lau. 13/1 **kl. 14:00,** sun. 14/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus,** lau. 20/1 **kl. 14:00,** sun. 21/1 **kl. 14:00.**

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fös. 8/12 uppselt, lau. 9/12 uppselt. Aukasýning sun. 10/12 **örfá sæti laus.**
Allra síðasta sýning!

**BAKKYNJUR** eftir Evripídes
Frumsýning 26/12 uppselt, 2. sýn. mið. 27/12 **örfá sæti laus,** 3. sýn. fim. 28/12 **örfá sæti laus,** 4. sýn. fim. 4/1 **örfá sæti laus,** 5. sýn. fös. 5/1 **örfá sæti laus,** 6. sýn. fim. 11/1 **örfá sæti laus,** 7. sýn. fös. 12/1 **nokkur sæti laus,** 8. sýn. fim. 18/1.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Lau. 6/1, lau. 13/1 **nokkur sæti laus.**
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 6/1 **kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15** og **kl. 14:00,** sun. 7/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00,** lau. 13/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00,** sun. 14/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00** uppselt.

**Leikhúsloftið**

**LEITIN AÐ JÓLUNUM** eftir Þorvald Þorsteinsson
Mið. 6/12 kl. 9:45 **örfá sæti laus** og kl. 11:00 **örfá sæti laus,** lau. 9/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 uppselt og kl. 16:00 uppselt, sun. 10/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 uppselt og kl. 16:00 uppselt, lau. 16/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 uppselt og kl. 16:00 uppselt, sun. 17/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:30 uppselt og kl. 16:00 uppselt, fös. 22/12 kl. 13:00 uppselt, lau. 23/12 kl. 13:00 **örfá sæti laus.**

**Leikhúskjallarinn**

**JÓLABÓNUS**
Jóladagskrá Hugleiks fim. 7/12 kl. 21:00.
Miðasala í síma 551 2525 og á www. hugleikur.is.

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

## NÝJAR BÆKUR




Um þessar mundir kemur út hljóðbókin „og líf vort aðeins leit“ sem hefur að geyma ljóð og texta frá ýmsum tímum í flutningi Sigurðar Skúlasonar leikara. Tilefni útgáfunnar er 60 ára afmæli Sigurðar þann 10. desember næstkomandi en auk þess fagnar hann hálfrar aldar sviðsafmæli og þeim tímamótum að láta af föstu starfi í Þjóðleikhúsinu. Hljóðbókin varpar ljósi á Sigurð Skúlason sem bókmenntamann og flytjanda ljóða og lausamáls. Sigurður hefur áður gefið út ljóðabókina Á leiðinni: (á hjóli lífsins) hjá forlaginu Sölku. Meðal efnis á diskinum eru ljóð eftir Snorra Hjartarson, Jóhann Jónsson, Hallgrím Pétursson, Jón Helgason, Njörð P. Njarðvík, Elías Mar, Dag Sigurðarson, Walt Whitman, Omar Khayyam og brot úr textum eftir Sigtrygg Magnason, Halldór Laxness og William Shakespeare. Einnig flytur Sigurður tvær nýjar þýðingar Karls Guðmundssonar á ljóðum eftir söngvaskáldið Leonard Cohen og þrjú frumsamin ljóð. Hér er að mestu um að ræða nýjar hljóðritanir en einnig nokkrar eldri upptökur sem sérstakur fengur er að. Diskurinn tekur um klukkustund í flutningi en með honum fylgir lítið textahefti. Útgefandi er forlagið Dimma.

Sýnt í Iðnó

Fim. örfá sæti 7. des.
Fös. örfá sæti 8. des.
Lau. örfá sæti 9. des.
Síðustu sýningar fyrir jól!

Lau. 13. jan.
Fös. 19. jan.
Lau. 20. jan.

Miðasala virka daga frá kl. 11-16 og 2 tímum fyrir sýningar.
Sími 562 9700
idno.is og midi.is
Sýningar kl. 20




“Fólk ætlaði hreint vitlaust að verða úr hlátri.”
S.A. TMM

AUSTURBÆR

**Barnasýningin Jólafárið:**
Lau 9. des kl.13.00 Frumsýning
Lau 9. des kl.15.30
Sun 10.des kl.13.00
Sun 10.des kl.15.30
Lau 16.des kl.13.00
Lau 16.des kl.15.30
Sun 17.des kl.13.00
Sun 17.des kl.15:30
Miðaverð kr. 800

**Miðasala sími : 551 4700**

# Kraftlítið uppgjör




**BÆKUR**
**Berlínaraspirnar**
Anne B. Ragde, þýðandi Pétur Ástvaldsson
Mál og menning
★★★
Niðurstaða: Haglega samin fjölskyldusaga en of fyrirsjáanleg til að vera spennandi til enda.

Saga Önnu B. Ragde vakti stormandi lukku í heimalandi hennar Noregi og er þess getið í káputexta að bókin hafi slegið við Da Vinci lyklinum á sölulistum þar. Enda er hér býsna lunkinn höfundur á ferð með næmt auga fyrir smáatriðum sem kann þá list að skapa áhugaverðar persónur og spennandi aðstæður.

Persónurnar í þessari sögu eiga fátt sameiginlegt nema erfðaefnið. Í forgrunni eru þrír bræður og dóttir eins þeirra. Öldruð móðir mannanna liggur fyrir dauðanum á sjúkrahúsi en á heimilinu er einnig eiginmaður hennar – einrænn vesalingur sem enginn hirðir um. Sundurlaus fjölskylda konunnar þarf að gera upp ýmislegt úr fortíðinni til þess að ná saman á þessum erfiða tíma en sagan gerist á aðventunni, árstíma sem á köflum er þrúgaður af heimilislegri nærverukröfu.

Höfundur nýtir fyrri hluta bókarinnar til þess að kynna sitt óvenjulega persónusafn en þar innanborðs er durgslegur svínabóndi, samkynhneigður gluggaútstillingamaður, lífsleiður útfararstjóri og hundaþjálfi auk litminni aukapersóna. Frásagnir þessar eru nosturslega unnar, lesandinn kemst inn í innstu hugarfylgsni þessa hversdagslega fólks og umhverfið er dregið skýrum dráttum. Aðgreining þessa fólks er einnig skýr, þó söguhöfundur nálgist þau öll með álíka hlýju er augljóst að þetta fólk hrærist í eigin heimi en undir niðri blundar sitthvað órætt og uggvekjandi.

Það er ekki fyrr en eftir miðja bók að einhver núningur verður milli persónanna, þangað til þurfa þær aðeins að glíma við sjálfar sig og þó það sé allrar athygli vert verður manni hugsað til þess hvers vegna öll þessi orka og blek fer í að setja upp aðstæður sem síðan standa vart undir þessum heljarinnar aðdraganda. Sögurnar fjórar sem mætast eru hádramatískar en úrvinnslan á samlífi þeirra á niðurnídda ættaróðalinu olli mér vonbrigðum, sagan leystist upp í skandinavískt „feel-good“ í stað þess að taka á fortíðarvandanum tipluðu persónurnar í kringum hann. Þroski þeirra er ekki afgerandi, þó þau kynnist loksins hvert öðru er það í óraunverulegu jólahúllumhæi og endirinn eftir því ósannfærandi.

Baksvið sögunnar tengist nafni bókarinnar, Berlínaraspirnar eru menjar frá stríðstímum í landinu þegar nasistar ætluðu að reisa stórbrotna byggð á landareigninni. Líkt og trjáplöturnar hefur leyndarmál fjölskyldunnar, móðurinnar og barnsföður hennar, vaxið þrátt fyrir bælingu og þöggun. Synirnir hafa vaxið hver í sína áttina og það verður ekki fyrr en með kraftlitlu uppgjöri um erfðamál fjöskyldunnar að raunverulegt faðerni þeirra kemst á hreint, og þó.

Sagan er nokkuð spennandi framan af en líður fyrir undarlegar áherslur. Púðrið er allt í persónusköpuninni og lítið eftir fyrir lokasprettinn enda fjarar sagan út á of fyrirsjáanlegan hátt.

**Kristrún Heiða Hauksdóttir**

# Fornleifafélagið lifir



ÞÓR MAGNÚSSON FYRRVERANDI ÞJÓÐMINJAVÖRÐUR

Hið íslenzka fornleifafélag er eitt elsta félag á Íslandi, stofnað árið 1879 í framhaldi af stofnun Þjóðminjasafnsins 1863 og hefur starfað í skjóli þess alla tíð síðan. Félagið hefur unnið frumkvöðlastarf tengt fornleifum og öðrum menningarminjum.

Félagið hefur frá árinu 1880 gefið út Árbók hins íslenzka fornleifafélags sem er eitt merkasta fræðirit landsins á sviði fornleifafræði og íslenskrar menningarsögu. Hér er ekki um lokað fagfélag fornleifafræðinga að ræða heldur er öllum velkomið að gerast félagar. Leikir sem lærðir geta þarna fundið farveg fyrir áhugamál sín á þessu sviði.

Félagið gerir nú átak til að afla nýrra félagsmanna og býður öllum sem ganga í félagið Árbókina á ótrúlegu tilboði: Allir árgangarnir frá 1960 til 2001, samtals 40 bækur í pakka, á einungis 5.000 kr. Bækurnar er hægt að panta hjá Þór Magnússyni formanni Hins íslenzka fornleifafélags (thor@thjodminjasafn.is) .

Tilboðspakkinn verður að sjálfsögðu í boði á fundi Hins íslenzka fornleifafélags á morgun þann 7. desember sem haldinn er í tengslum við afmæli Kristjáns Eldjárns, fyrrverandi forseta Íslands. Kristján var fyrsti Íslendingurinn sem hélt utan til náms í fornleifafræði og átti síðan langan og farsælan feril sem fornleifafræðingur og síðarþjóðminjavörður.

Þá verður skipulögð vegleg dagskrá í sal Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu sem opin er öllum áhugasömum gestum. Þar flytur Orri Vésteinsson fornleifafræðingur ennfremur erindi um miðaldakirkjuna á Gásum.

**-pbb**

# Upplestrarkvöld JPV

Forlagið JPV stendur fyrir upplestrardagskrá á kaffihúsinu Súfistanum, 2. hæð í bókabúð Máls og menningar, Laugavegi 18.

Þangað mæta höfundar forlagsins og glugga í bækur sínar, lesa upp valda kafla og spjalla við gesti.

Í kvöld mæta rithöfundarnir Stefán Máni sem les úr spennutryllinum Skipinu, leikskáldið og rithöfundurinn Jón Atli Jónasson les úr bók sinni Ballaðan um Bubba Morthens, Páll Kristinn Pálsson les úr bók sinni og Árna Þórarinssonar, Farþeganum og vinirnir Einar Kárason og Ólafur Gunnarsson lesa úr ferðasögu sinni Úti að aka – á reykspúandi Kadillak yfir Ameríku.

Dagskráin hefst kl. 20 og er hún öllum opin á meðan húsrúm leyfir en áhugasömum skal bent á að oft er þröng á þingi á samkomum sem þessum og því tilvalið að mæta snemma ef ná skal í gott sæti.



**BALLAÐAN UM BUBBA** Jón Atli Jónasson, les úr bók sinni um goðsögnina Bubba Morthens.



**LÉTTSVEIT REYKJAVÍKUR Í JÓLASVEIFLU** Tvennir aðventutónleikar á döfunni.
MYND/ARNALDUR HALLDÓRSSON

# Ljóma aftur ljósin skær

Kvennakórinn Léttsveit Reykjavíkur heldur sína árlegu jólatónleika í Langholtskirkju annað kvöld en þeir verða síðan endurteknir næstkomandi laugardag.

Á dagskrá verða íslensk og erlend jólalög og má búast við hátíðlegri jólastemningu og miklu fjöri að vanda. Meðal annars flytur kórinn kúbverskar útsetningar á þekktum jólalögum sem ekki hafa verið flutt hér áður. Einsöngvari með kórnum er Þorvaldur Þorvaldsson barítonsöngvari en auk þess munu stúlkur úr Stúlkna- og kammerkór Bústaðakirkju syngja með Léttsveitinni á tónleikunum. Einleikari með kórnum er Ásgeir Steingrímsson trompetleikari. Til að tryggja kúbverska taktinn leika þau Kristín Jóna Þorsteinsdóttir bongó-trommuleikari og Tómas R. Einarsson bassaleikari með ásamt píanóleikaranum Aðalheiði Þorsteinsdóttur. Stjórnandi tónleikanna er Jóhanna V. Þórhallsdóttir.

Léttsveit Reykjavíkur átti 10 ára afmæli í fyrra og af því tilefni var gerð kvikmyndin Kórinn. Hún var sýnd í Háskólabíói og sjónvarpinu við frábærar undirtektir. Þá hefur myndin komið út á DVD-diski. Einnig hefur kórinn gefið út geisladisk með úrvali af bestu lögum Léttsveitarinnar sem tekin voru upp á tónleikum. Diskarnir verða til sölu í anddyri fyrir og eftir tónleikana.

Tónleikarnir annað kvöld hefjast kl. 20.

- khh

# Jólatónar í Hafnarfirði

Óperukór Hafnarfjarðar heldur sína árlegu jólatónleika í Víðistaðakirkju í kvöld kl. 20. Stjórnandi er Elín Ósk Óskarsdóttir og píanóleikari Peter Maté. Sérstakir gestir eru Lenka Máteová organisti og Gunnar Gunnarsson flautuleikari. Á efnisskránni eru jólaleg lög og hátíðlegar tónsmíðar.

Elín Ósk Óskarsdóttir óperusöngkona stofnaði Óperukór Hafnarfjarðar árið 2000 og er aðalstjórnandi hans. Hún var valin bæjarlistamaður Hafnarfjarðar árið 2006.



**ELÍN ÓSK ÓSKARSDÓTTIR** Óperukórinn í Hafnarfirði fagnar jólum með hátíðlegum tónleikum í kvöld.




## Útsala, Útsala

30 - 50 % verðlækkun

| Dæmi um verð | áður | | Núna |
|---|---|---|---|
| Velúrjakki | 6.500 | 50% afsl. | **3.250.-** |
| Velúrjakki | 6.900 | 50% afsl. | **3.500.-** |
| Jakki | 7.700 | 50% afsl. | **3.900.-** |
| Buxur | 5.800 | 50% afsl. | **2.900.-** |

Einnig úrval af eldri fatnaði á 990.-

**Opnunartími.**
**Virkadaga 10.00- 18.00**
**Laugardaga 10.00 -16.00**

**www.friendtex.is**

friendtex

Síðumúla 13 • 108 Reykjavík • Sími 568 2870


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

3 4 5 **6** 7 8 9

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 17.30 **Mosfellskórinn** heldur útgáfutónleika og kynnir **Jólaljósin ljóma** í **Ráðhúsinu** við Vonarstræti. Geisladiskurinn inniheldur 18 valin og vinsæl jólalög sem Mosfellskórinn hefur flutt á 20 ára ferli sínum. Stjórnandi er **Páll Helgason**.

☐ 20.00 **Óperukór Hafnarfjarðar** heldur sína árlegu jólatónleika í **Víðistaðakirkju**. Stjórnandi er **Elín Ósk Óskarsdóttir** og píanóleikari **Peter Maté**. Sérstakir gestir eru **Lenka Máteová** organisti og **Gunnar Gunnarsson** flautuleikari.

☐ 20.00 Hljómsveitin **Spaðar** heldur útgáfutónleika í **Iðnó** og kynnir diskinn **Stundaglasaglaumur**.

### SÝNINGAR

☐ 10.00 Á sýningunni **Uncertain States of America í Listasafni Reykjavíkur**, **Hafnarhúsi**, sýna 45 vonarstjörnur bandarískrar samtímalistar það besta sem er að gerast í bandarískri samtímalist í dag. Sýningarstjórar eru **Hans Ulrich Obrist** og **Daniel Birnbaum** en **Gunnar Kvaran**, fyrrverandi safnstjóri Listasafns Reykjavíkur kom einnig að vinnu við sýninguna. Hún stendur til 21. janúar 2007.

☐ 11.00 Yfirlitssýning á verkum **Drafnar Friðfinnsdóttur** stendur yfir í **Listasafni Akureyrar**. Dröfn lét mikið að sér kveða í íslensku listalífi og haslaði hún sér völl í einum erfiðasta geira grafíklistarinnar, tréristunni. Opið alla virka daga nema mánudaga 12-17.

☐ 14.00 **Helga Óskarsdóttir** og **Kristinn Már Pálmason** sýna verk sín í **Galleríi Kling & bang** um þessar mundir. Sýningarnar eru opnar fimmtudaga til sunnudaga milli 14 og 18.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.




> **Klassík**




*Mögnuð áfallasaga suðurríkjamærinnar Scarlett O´Hara í Gone With the Wind stendur enn fyrir sínu. Það gustar af Vivien Leigh í aðalhlutverkinu og harmþrungin ástarsaga hennar og Rhett Butler nær enn að kalla fram tár hjá áhorfendum þó liðin séu 67 ár frá því Clark Gable sagði að sér væri fjandans sama og gekk á dyr. Alvöru stórmynd sem mun ætíð standast tímans tönn.*

**dvd**

bio@frettabladid.is

SAFNARINN ANNA HELGADÓTTIR BLOGGARI Á ANNA.IS

# Clooney er kynþokkafyllstur

**Hverju breytti DVD fyrir þig sem safnara?** Með tilkomu DVD fór augljóslega minna fyrir hverri mynd í hillu og úrvalið af widescreen-myndum jókst til muna.
**Myndirnar sem ég get séð aftur og aftur eru...** The Fisher King og Anchorman.
**Sjónvarpsþættir á DVD eru...** Frasier, Sledge Hammer, Black Adder, Bottom, Arrested Development, Desperate Housewifes, South Park og Family Guy.
**Síðasti mynddiskurinn sem ég keypt mér var...** It's a Wonderful Life, ætla að horfa á hana um jólin. Skilst að þetta sé minnst þriggja vasaklúta mynd. Annars er komin hefð á að ég og krakkarnir horfum saman á National Lampoon's Christmas Vacation um jólin.
**Hvaða myndir vantar þig tilfinnanlega í safnið?** Ég er svo nýkomin frá útlöndum með myndir að ég man ekki eftir neinu í svipinn sem mig beinlínis vantar.
**Eftirminnilegasta atriðið** Í The Three Amigos, þegar þeir finna syngjandi runnann. Hress runni.
**Uppáhalds skúrkurinn** Maleficent úr Sleeping Beauty er alltaf lang flottust.
**Uppáhalds hetjan?** Kevin Spacey í Hostile Hostages. Ég hef alltaf verið svolítið veik fyrir mönnum með hallærislega klippingu sem klæða sig í peysuvesti, menn sem lífið hefur brotið niður. Þeir eru hetjur.
**Kynþokkafyllsta persónan?** George Clooney, bæði í From Dusk Till Dawn og Out of Sight.
**Flottustu slagsmálin?** Patricia Arquette og James Gandolfini í True Romance - uncut. Töff sena.
**Besta kynlífsatriðið?** Jude Law og Rachel Weisz í Enemy At The Gates. Skýrir svo margt.
**Flottasta DVD-hulstrið?** Tim Burton's Corpse Bride.
**Besta DVD aukaefnið?** Additional scenes úr myndinni Best in Show. Sérstaklega Harlan at original cabin og Leslie and Buck.
**Hvaða mynd ætlarðu alls ekki að sjá áður en þú deyrð?** Dirty Dancing 2.



# Jólagjöf hobbitans




The Return of the King, síðasta myndin í Hringadróttinssögu, þríleik Peters Jackson, var sýnd í kvikmyndahúsum árið 2003 og síðan þá hefur þríleikurinn verið gefinn út í þremur mismunandi útgáfum á DVD.

Nýjasta, Limited edition-útgáfan hlýtur fyrst og fremst að höfða til harðra aðdáenda myndabálksins jafnvel þó þeir eigi sjálfsagt eldri útgáfurnar fyrir. Stærsti kosturinn við þessa nýju útgáfu, fyrir LOTR-nördana, er að hér eru tvær útgáfur myndanna saman á einum diski, bíóútgáfan og lengri gerðir með viðbættum atriðum.

Þessi þjónusta við dygga aðdáendur er ekki nýlunda en fyrir skömmu gaf George Lucas út sambærilega útgáfu af gamla Stjörnustríðsþríleik sínum þar sem gömlu myndirnar frá 1977-1983 komu í fyrsta sinn á DVD ásamt endurbættum afmælisútgáfunum.

Lord of the Rings myndirnar eru með því magnaðara sem sést hefur á hvíta tjaldinu það sem af er þessari öld og það þarf því ekki að hafa mörg orð um hversu eigulegar þær eru á DVD, en til þess að tryggja áhuga þeirra sem taka endalaust við efni sem tengt er þessum myndabálki fylgir um fimm klukkustunda heimildarmynd um gerð myndarinnar á þremur diskum.

Costa Botes gerði þessa mynd sérstaklega að beiðni Jacksons og hún er ólík þeim heimildarmyndum sem fylgdu síðustu útgáfu LOTR að hún er frjálslegri í formi og byggir á afslöppuðu spjalli við Jackson og fleiri á tökustað. Þeir sem hafa legið yfir eldra aukaefninu munu þó kannast við ýmislegt sem nú ber fyrir augu en þó tekst enn að bæta við fróðleik fyrir þá áköfustu.



**ARAGORN** Nýtur sín í botn í Lord of the Rings en nú geta aðdáendur bálksins skoðað tvær mislangar útgáfur myndanna þriggja á þremur aðskildum diskum.






# Sakleysinu fórnað fyrst

**Oliver Stone sló í gegn með Platoon fyrir 20 árum þar sem hann gerði upp herþjónustu sína í Víetnam. Myndin er komin út í tveggja diska útgáfu þar sem aukaefninu er fyrst og fremst ætlað að veita innsýn í gerð myndarinnar og gera stríðið áþreifanlegra í hugum áhorfenda.**



**CHARLIE SHEEN OG KEVIN DILLON** Létu ýmislegt yfir sig ganga svo uppgjör Olivers Stone við Víetnamstríðið mætti verða sem raunverulegast. Myndin varð stökkpallur fyrir þá ungu leikara sem fylgdu Stone til Filippseyja en þessir tveir hafa helst úr lestinni.

Oliver Stone eru býsna mislagðar hendur þegar kemur að kvikmyndagerð en árið 1986 hitti þessi umdeildi vandræðagemlingur í mark með Platoon sem skilaði honum Óskarsverðlaunum fyrir leikstjórn. Myndin fékk alls átta tilnefningar og sigraði einnig sem besta myndin, fyrir klippingu og hljóð.

Leikararnir Tom Berenger og Willem Dafoe fengu báðir tilnefningu sem bestu leikarar í aukahlutverki, Stone fyrir handrit og Robert Richardson fyrir kvikmyndatöku.

### Vinir og kunningjar

Stone byggði handritið á eigin upplifun á stríðinu en hann steig á land í Víetnam 21 árs og varð strax heltekinn af óttanum og viðbjóðnum sem þar blasti við honum. Allar helstu persónur myndarinnar eiga sér fyrirmyndir í félögum hans en þar fer mest fyrir hinum unga Cris, sem Charlie Sheen leikur, öðlingnum Elias (Dafoe) og geðsjúklingnum Barnes (Berenger) en Chris, sem er augljós staðgengill Stones, lendir milli steins og sleggju þegar hinum tveimur lendir saman í miðri stríðsgeðveikinni.

Góður hópur ungra og lítt þekktra leikara fékk að spreyta sig í Platoon og má þar á meðal nefna auk Sheen þá Johnny Deep, Forest Whitaker, Kevin Dillon og John C. McGinley, sem hefur verið að gera það gott í hlutverki geðstirða læknisins Perry Cox í sjónvarpsþáttunum Scrubs.

### Saklaus fórnarlömb

Stone var á sínum tíma hrósað í hástert fyrir að draga upp sannfærandi mynd af þessu óhugnanlega stríði sem enn hvílir þungt á bandarískri þjóðarsál. Hann dró með miskunnarlausum efnistökum enga dul á það að sakleysið er fyrsta fórnarlamb stríðsátaka og gildir þá einu hvort átt er við sakleysi þeirra sem vígbúast eða saklausa borgara sem geta enga björg sér veitt þegar blóðþorstinn kviknar hjá hermönnum beggja fylkinga.

Stone sýndi leikurum sínum enga miskunn. Hann flaug með hópinn til Filippseyja þar sem tökur fóru fram og byrjaði á að setja þá í stranga tveggja vikna herþjálfun í umsjón reynds hermanns.

Leikararnir voru sviptir öllum þægindum og máttu þola sprengingar og skothríð þegar síst varði og voru orðnir mátulega taugaveiklaðir þegar tökur loks hófust. Allir voru þeir þó tilbúnir til þess að láta þetta yfir sig ganga fyrir það að fá að taka þátt í verkefninu.

### Horft til baka

Leikararnir rifja upp undirbúninginn og erfiðið við að koma Platoon á filmu í heimildarmyndinni Tour of the Inferno á seinni disknum. Fyrir utan djöfulganginn í Stone unnu leikararnir í skugga skálmaldar á Filippseyjum sem jók en á taugaveiklun þeirra eða eins og McGinley orðar það í heimildarmyndinni þá vildi hann bara „að þeir kláruðu þessa byltingu sína svo við gætum gert sex milljón dollara myndina okkar.“

Það gekk eftir og Stone sannaði sig sem þungaviktarleikstjóri og hefur síðan þá mátt vinna í skugga eigin afreks en ekki náð sömu hæðum síðan. thorarinn@frettabladid.is

# Mölur og ryð granda ekki Reeve

Vinsældir Suerman Returns í sumar hafa haft þær ánægjulegu aukaverkanir að áhugi fólks á gömlumyndunummeðChristopher Reeve vaknaði á ný. Allar myndirnar fjórar hafa verið endurútgefnar á DVD og vitaskuld fer mest fyrir fyrstu myndinni Superman-The Movie frá 1978.

Þessi 28 ára gamla mynd Richards Donner sló á sínum tíma verðskuldað og eftirminnilega í gegn og hún er enn þann dag í dag í einu orði sagt frábær. Það segir sína sögu að eftir áralanga leit að nothæfu handriti að upprisu Supermans í Superman Returns var að lokum ákveðið að byggja nýju myndina á mynd Donners og mynd Bryans Singer er í raun lítt dulbúin endurgerð gömlu myndarinnar.

Þrátt fyrir magnaða framþróun í tæknibrellum síðustu áratugi stendur gamla myndin enn fullkomlega fyrir sínu og yfir henni hvílir einhver óræður sjarmi sem lifir enn góðu lífi.

Reeve er heillandi bæði sem Superman og Clark Kent og sýnir fína kómíska takta sem sá síðarnefndi en þyngst vegur þó framlag Genes Hackman í hlutverki Lex Luthor og Neds Beatty sem leikur vonlausan hjálparkokk skúrksins. Þjófstolnar senur þessara fugla lyfta myndinni á hátt grínplan og gera hana að frábærri skemmtun.

Endurnýjuð kynni við gamla Superman-gengið eru í meira lagi ánægjuleg og þeim foreldrum sem fóru með börn sín á Superman Returns í sumar ber skylda til að kynna Reeve og félaga fyrir þeim.

Myndin vekur upp ljúfar kenndir sem erfitt er að átta sig á en þetta er eitthvað meira en bara nostalgía. Þetta er einfaldlega góð mynd.

Þessari nýju 4 diska útgáfu fylgir haugur af aukaefni, heimildarmyndum, gömlum Superman teiknimyndum og öðru góðgæti sem heldur aðdáendum stálmannsins við efnið tímunum saman.



**DVD**

**Superman – The Movie**
Leikstjóri: Richard Donner
Aðalhlutverk: Christoper Reeve, Gene Hackman, Margot Kidder

★★★★

Niðurstaða: Þessi 28 ára gamla mynd hefur ekki misst neitt af sjarma sínum og skemmtigildi í gegnum árin. Dásamleg skemmtun sem gefur nýju Superman-myndinni ekki þumlung eftir.

# Snillingar velja sjálfir sitt besta efni

Sexmenningarnir sem mynduðu gríngengið sem kennt er við Monty Python brutu á sínum tíma blað í sjónvarpsgríni með Flying Circus þáttum sínum sem eru einn helsti hápunktur bresks sjónvarpsgríns.

Árangur þeirra félaga er ekki síst aðdáunarverður í ljósi þess að Bretar standa öðrum framar í gerð gamanefnis fyrir sjónvarp en samanlagt framlag þessara heiðursmanna, sameinaðra eða í sitt hvoru lagi, með John Cleese í fararbroddi, verður seint ofmetið.

Monty Python hefur verið gjöful gullgæs árum saman og efni hópsins hefur verið gefið ítrekað út á bókum, vinýlplötum, geisladiskum, myndböndum og DVD.

Gæsin er enn að verpa þar sem nú hefur efni frá hópnum verið gefið út á sex diskum en á hverjum diski velur einn meðlimur það sem hann heldur mest upp á af því efni sem hópurinn dældi út á árunum 1969 til 1974.




Graham Chapman lést árið 1989 eða eins og Cleese orðar það á sínum diski: „hann var alltaf fullur en hætti því svo og varð dauður en hirðir enn sinn hluta af gróðanum, bölvaður letinginn.“ Eftirlifandi félagar hans tóku því að sér að velja fyrir Chapman og sverja og sárt við leggja að þeir hafi valið efni sem þeir séu vissir um að Chapman kunni að meta, þó þeir gætu haft rangt fyrir sér.

Einn diskur sker sig nokkuð úr en hann er í nafni Terrys Gilliam, ameríkans í hópnum. Gilliam hefur getið sér gott orð sem leikstjóri í seinni tíð með myndum á borð við Brazil, Fear and Loathing in Las Vegas, Twelve Monkeys og The Fisher King. Innan Python hópsins hafði hann það hlutverk að tengja sýrða leikþætti félaga sinna saman með mögnuðum teiknimyndum. Hann fyllti því eðlilega sinn disk með eigin efni sem óhætt er að segja að hafi farið með Monty Python út í nýjar víddir fáránleika.




## NÝTT Á DVD

### 24

Fimmta serían í spennuþáttunum 24 er komin út á DVD. Hér fer Kiefer Sutherland eina ferðina enn mikinn í hlutverki hryðjuverkamannabanans Jacks Bauer. Bauer berst hér í gegnum magnþrunginn sólarhring þar sem hann fær ekki einu sinni tækifæri til að fara á klósettið þar sem hryðjuverkamenn ganga lausir með eiturgas og ógna bandarískum borgurum. Spennan rígheldur í þessum árgangi sem þykir einna helst jafnast á við fyrstu þáttaröðinna um Bauer sem gerði allt vitlaust fyrir nokkrum árum.



### Sigtið

Gunnar Hansson hefur farið á kostum í Sigtinu á Skjá einum sem þáttastjórnandinn Frímann Gunnarsson. Fyrsta þáttaröðin er komin í tveggja diska útgáfu þar sem ónotað efni fær að njóta sín auk alls kyns bulls frá aðstandendum þáttanna.




### Grettir 2

Þessi feitasti og vinsælasti köttur heims er mættur til leiks í sinni annarri leikinni mynd. Bill Murray talar sem fyrr fyrir kattarkvölina sem heldur nú til London þar sem Grettir hittir tvífara sinn með tilheyrandi ruglingi og vandræðum.




### Superman Returns

Ofurmennið reis upp í ár í þessari mynd Bryans Singer sem byggir á gömlu Súpermannmyndinni frá 1978. Nýliðinn Brandon Routh hefur tekið við af Christopher Reeve og skilar sínu með sóma og stendur uppi í hárkollunni á Kevin Spacey sem lætur öllum illum látum sem erkifjandinn Lex Luthor.



### Family Guy

Þessi fimmta þáttaröð um Griffin-fjölskylduna er komin út í þriggja diska pakka. Þættirnir hafa það helst til síns ágætis að þeir eru drepfyndnir og þó þeir toppi seint The Simpsons bæta þeir það upp með enn groddalegra gríni. Talandi hundurinn Brian og ofurgreinda bleyjubarnið Stewie bera þættina uppi ásamt Peter, fjölskylduföðurnum forheimska.







NYLON ... í Árbænum í dag!

**Nylon** stelpurnar skemmta í útibúum **KB banka** í desember. **Allir velkomnir!**

**7. des.** Kópavogur (Hamraborg) **kl. 17**

**8. des.** Mjódd **kl. 15**

**11. des.** Mosfellsbær **kl. 17**

**12. des.** Grafarvogur **kl. 17**

**Nylon** stelpurnar skemmta í **útibúi KB banka í Árbæ kl. 17 í dag.**

***Skemmtu þér með Nylon í boði KB banka!***

KB BANKI

ENNEMM / SÍA / NM24432




# Fjölnir reyndist sannspár um sambandið

„Það fetar enginn í fótspor íslenska draumsins,“ sagði athafnamaðurinn Fjölnir Þorgeirsson í viðtali við DV í lok nóvember og átti þá við samband leikarans Eddie Murphy við fyrrum ástkonu sína, Mel B. Fjölnir sagðist ekki hafa mikla trú á sambandi þeirra tveggja og að þau yrðu eflaust skilin innan tveggja ára. Spá Fjölnis reyndist rétt, en samkvæmt nýjustu fregnum úr Hollywood er allt komið í bál og brand.

Mel B og Eddie Murphy voru búin að vera saman í hálft ár og sagði Mel í vikugömlu viðtali að hún væri ólétt eftir grínarann og hlakkaði til þess að verja jólunum með honum. Eddie sjálfur vildi þó ekkert kannast við málið þegar hollenskur þáttastjórnandi spurði hann um sambandið síðastliðinn mánudag, en Murphy er staddur þar í landi að kynna nýjustu kvikmynd sína, Dreamgirls. „Við erum ekki saman lengur, ég veit ekki hver á þetta barn fyrr en hægt verður að sanna það með DNA-prufu, þú ættir ekki að hrapa svona að ályktunum,“ sagði Murphy og vildi ekki tjá sig meira um málið. Í september sagði Murphy í fjölmiðlum að hann væri ástfanginn af Mel, þó svo að engin áform um brúðkaup væru á borðinu. En skjótt skipast veður í lofti, fyrrverandi Kryddpían orðin einstæð á ný og Murphy náði greinilega ekki að feta í fótspor íslenska draumsins. - hal



**MEL B** Sagði nýlega í fjölmiðlum að hana hlakkaði til að eignast barn Murphys.

**EDDIE MURPHY** Segist ekki viss um að hann sé faðir barnsins sem Mel gengur með undir belti.



**FJÖLNIR ÞORGEIRSSON** Spáði rétt um samband Mel B og Eddie Murphy.

## Vill fá að leika Bond

Gamanleikarinn Jack Black segist æstur í að fá að leika ofurnjósnarann James Bond. Black segist vera tilbúin til þess að fylla í skarð Daniel Craig, ef eitthvað kemur upp á. „Það yrði frábært, hann myndi leika mig og ég gæti leikið Bond. Ég gæti vel orðið næsti Bond, treystið mér.“ segir Black. Það er þó væntanlega einhver bið þar til hlutverk Bonds losnar, en Craig hefur samþykkt að leika í tveimur Bond-myndum til viðbótar.



**VILL LEIKA JAMES BOND** Bond, Jack Bond. Hljómar vel.

# Blige fékk níu verðlaun

**Söngkonan Mary J. Blige var sigurvegari bandarísku Billboard-tónlistarverðlaunanna sem voru afhent í Las Vegas á mánudagskvöld. Fékk hún alls níu verðlaun.**

Mary J. Blige var meðal annars valinn besti R&B/hiphop-tónlistarmaður ársins og besti kvenkyns R&B listamaðurinn, auk þess sem plata hennar The Breakthrough var valin besta R&B/hiphop-platan.

Platan fór beint á topp Billboard-listans í desember í fyrra og hefur selst í 2,6 milljónum eintaka.

Hinn sautján ára Chris Brown var kjörinn besti nýi tónlistarmaðurinn, besti karlkyns listamaðurinn og tónlistarmaður ársins.

**Rihanna besta söngkonan**

Hin átján ára Rihanna var valin besta söngkonan og sló þar bæði við Blige og Beyonce Knowles. „Ég finn ekki fyrir fótleggjunum, þetta er stórkostlegt,“ sagði Rihanna þegar hún tók á móti verðlaununum. „Ég var í virkilega góðum hópi.“

**Nickelback vann**

Kanadíska rokksveitin Nickelback fékk verðlaun fyrir bestu rokkplötuna, All the Right Reasons, og T.I. var valinn rappari ársins. Að auki fékk fjórða sólóplatan hans, King, verðlaun sem besta rappplatan. Þá fékk Tony Bennet heiðursverðlaun fyrir framlag sitt til tónlistarheimsins.

**Britney og Paris fjarverandi**

Athygli vakti að vinkonurnar Britney Spears og Paris Hilton, sem áttu að vera kynnar kvöldsins, létu ekki sjá sig. Þess í stað hlupu ýmsir aðrir í skarðið fyrir þær.



**MARY J. BLIGE** Blige tekur á móti einum af verðlaununum níu sem hún hlaut. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**RIHANNA** Hin átján ára Rihanna sló við þeim Mary J. Blige og Beyonce Knowles.



**T.I.** Rapparinn T.I. fékk tvenn Billboard-verðlaun.



**JANET** Söngkonan Janet Jackson tók lagið við góðar undirtektir.



**PARIS HILTON** Neitaði að koma fram á Billboard-tónlistarverðlaununum vegna niðrandi brandara um vini hennar.

## Hætti við

Hótelerfinginn og partíljónið Paris Hilton hætti við að koma fram á Billboard-tónlistarverðlaununum vegna þess að henni fannst brandararnir sem voru skrifaðir fyrir hana ekki nógu góðir. „Paris hefur hætt við að koma fram á tónlistarverðlaununum sökum þess að henni fannst brandararnir sem hún átti að segja vera særandi fyrir vini sína,“ sagði Elliot Mintz, fjölmiðlafulltrúi Hilton. Fulltrúar frá Billboard hafa ekki fengist til að tjá sig um málið og ekki er vitað um hvað brandararnir fjölluðu.

## Chan lék í klámmynd

Leikarinn og bardagalistamaðurinn Jackie Chan lék í klámmynd, sem heitir All in the family, þegar hann var 21 árs. Jackie segist ekki skammast sín fyrir að hafa leikið í kvikmyndinni og segir marga aðra leikara hafa þurft að svipta sig klæðum snemma á ferlinum. „Ég varð að gera hvað ég gat til þess að skrimta, þetta er ekkert stórmál, meira að segja Marlon Brando varð að striplast,“ segir Jackie Chan eins og ekkert sé eðlilegra. Tekur hann líka skýrt fram að klámmyndir í dag séu mun grófari en tíðkaðist þá og varla hægt að bera mynd sína við klámmyndir eins og við þekkjum þær nú.






# Skáldaþing hjá Eddu

Edda útgáfa hélt sitt árlega jólaboð á föstudaginn og var glatt á hjalla að venju enda rjóminn af íslenskri rithöfundastétt saman kominn á einum stað.



**MEÐ TVO Í TAKINU** Sigurður Svavarsson, útgáfustjóri rita almenns eðlis, tók þá tvíburabræður Sverri og Ármann Jakobssyni traustataki. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**VIÐ VATNSTANKINN** Rithöfundarnir Auður Jónsdóttir og Halldóra Thoroddsen stungu saman nefjum við vatnstankinn á 4. hæð. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**PRESTURINN OG SKÁLDIÐ** Séra Sigurjón Einarsson skeggræðir við ljóðskáldið Þorstein frá Hamri. Endurminningar Sigurjóns eru nýkomnar út.

# Eggert geimvera frá Íslandi

**Breska blaðið Guardian bað lesendur sína um að útbúa skopmyndir af Eggerti Magnússyni, nýjum stjórnarformanni enska úrvalsdeildarliðsins West Ham, og ekki stóð á Bretanum, yfir tvö þúsund myndir bárust.**

Mest af gríninu gengur út á nafn Eggerts sem Bretarnir hika ekki við að spyrða saman við egg og sýnir fyrsta myndin höfuð stjórnarformannsins sem spælt egg við hlið framkvæmdastjóra liðsins, Alans Pardew. Þarna má einnig sjá fráfarandi formann KSÍ í líki hjartaknúsarans Engilberts Humperdinck auk geimveru sem einn lesandinn útskýrði sem svo að miðað við viðbrögð margra forkólfa í knattspyrnuheiminum mætti ætla að Eggert hygðist notfæra sér heimavöll félagsins, Upton Park, sem lendingarstað fyrir fljúgandi furðuhluti.



**EGGERT SAGÐUR SVÍI** Hér situr Eggert í þekktri sviðsmynd úr breskri sápu og er sagður vera Svíi sem síðan er fljótlega leiðrétt.



**HJARTAKNÚSARI** Eggert í líki Engilberts Humperdinck sem er að vísu mjög vel hærður, ólíkt stjórnarformanninum.



**GEIMVERAN** Sepp Blatter var ekki par hrifinn af kaupum fjárfesta á knattspyrnuliðum en hér sést Eggert í líki hans.



**BJÖRK OG KATONA** Eggert kaupir bæði Björk og Katona en sú síðarnefnda er andlit Iceland-matvörukeðjunnar.



**SPÆLT EGG** Bretarnir grínast mikið með nafn Eggerts og nota egg-ið í myndrænni útgáfu á bröndurunum.

Margir lesendur leika sér með Argentínumennina tvo, Carlos Tevez og Javier Mascherano, sem komu til West Ham fyrir þetta tímabil og hafa verið ákaflega umdeildir enda ekki þótt sýna þá snilldartakta sem vænst hafði verið af þeim og eru þeir sýndir sem breskar sjónvarpsstjörnur frá árum áður með Eggert sér við hlið. Þá er Eggert sagður vera Svíi en það er síðan leiðrétt af einni persónu úr hinni geysivinsælu sápu East Enders og þá er stjórnarformaðurinn einnig sýndur með Björk Guðmundsdóttur og söngkonunni Kerry Katona en sú síðastnefnda er nýjasta andlit matvöruverslunarinnar Iceland. Til gamans má geta að Björgólfur Guðmundsson, heiðursforseti West Ham, sleppur hins vegar alveg við grínið hjá lesendum Guardian. **- fgg**



**ÖLLU VANIR** Eggert Magnússon hefur áður lýst því yfir að hann missi varla svefn yfir ágangi breskra fjölmiðla.



**Á MEÐAN ALLT LÉK Í LYNDI** Britney og Justin voru kærustupar á yngri árum en uppúr slitnaði árið 2002.

# Hunsaði Britney

Söngvarinn Justin Timberlake rakst óvænt á fyrrverandi kærustu sína Britney Spears á skemmtistaðnum Hyde í Los Angeles en hunsaði hana. Þetta atvik kom gestum staðarins í opna skjöldu þar sem þetta mun vera í fyrsta sinn sem fyrrverandi parið hittist síðan Spears skildi við Kevin Federline. „Justin fór bara beint á dansgólfið og leit ekki á Britney. Það var eins og hann væri að reyna að forðast hana,“ segir sjónarvottur á staðnum.

Britney og Justin voru æskuástir hvors annars en upp úr slitnaði árið 2002 og samdi Justin meðal annars lag tileinka' Britney þar sem hann ýjaði að því að hún hefði haldið framhjá honum. Nú er Justin með leikkonunni Cameron Diaz og greininlegt að hann vill ekkert af sinni fyrrverandi vita.









| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | |
|---|---|
| CASINO ROYALE | kl. 5, 8 og 10.30 B.I. 14 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5 og 8 |
| HOLIDAY FORSÝNING | kl. 8 |
| HÁTÍÐ Í BÆ | kl. 3.40, 5.50 og 8 |
| PULSE | kl. 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| SKÓGARSTRÍÐ ÍSL. TAL | kl. 4 |
| OPEN SEASON ENSKT TAL | kl. 3.50 |
| BORAT | kl. 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 5.40 og 8 B.I. 12 ÁRA |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | |
|---|---|
| CASINO ROYALE | kl. 6 og 9 B.I. 14 ÁRA |
| HÁTÍÐ Í BÆ | kl. 5.50, 8, 10.10 |
| THE NATIVITY STORY | kl. 6 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| PULSE | kl. 10.15 B.I. 16 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 6 og 8 B.I. 12 ÁRA |

| Borgarbíó SÍMI 462 3500 | |
|---|---|
| CASINO ROYALE | kl. 10 B.I. 14 ÁRA |
| HOLIDAY FORSÝNING | kl. 8 |
| HÁTÍÐ Í BÆ | kl. 6 og 8 |
| SAW III | kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 6 B.I. 12 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu
midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fjölmiðlar í Bandaríkjunum greina frá því að eiginkona fótboltamannsins **Davids Beckham** og fyrrverandi Krydd-pían **Victoria** hafi sést skoða fasteignir í Los Angeles. Húsið sem Victoria sást skoða er aðeins fimm húsum frá húsi Toms Cruise og Katie Holmes en þau skötuhjú eru miklir vinir Beckhams-hjónanna.



**George Clooney** hefur ekki átt sjö dagana sæla í ár, en bæði gæludýr hans hafa drepist. Snemma á árinu drapst hundur Clooneys og nú er svínið Max líka hrokkið upp af. Max sem var 18 ára vetra var Clooney mikill vinur og svaf meira að segja í rúminu hans þegar leikarinn var kvenmannslaus.



Leikkonan **Gwyneth Paltrow** er fjölmiðlum reið fyrir að hafa sagt hana á móti heimalandi sínu, Bandaríkjunum. „Mér finnst ég heppin að vera Bandaríkjamaður. Þegar maður horfir á umheiminn áttar maður sig á því, það kenndi pabbi minn mér,“ segir Paltrow en hún var sögð hafa kallað Bandaríkjamenn illa og dónalega í viðtali í portúgölsku blaði.

Hin 22 ára gamla **Scarlett Johansson** segist tilbúin til þess að koma fram ber að ofan í kvikmynd, sé það í rétta hlutverkinu. „Ég hef hugsað um þetta mikið og nú veit ég að það yrði að vera í rétta hlutverkinu og í réttri kvikmynd, helst einhverri listrænni evrópskri kvikmynd,“ segir Scarlett.







Bióklúbbur MasterCard
www.kreditkort.is/klubbar

2 fyrir 1

Á sérstakar MasterCard forsýningar
á rómantísku grínmyndinni
THE HOLIDAY
í kvöld, miðvikudaginn 6. des kl. 20:00
í Laugarásbíói, Smárabíói,
Borgarbíói Akureyri, Sambíóunum
Kringlunni og Keflavík.
MIÐASALA ER HAFIN
Tilboðið gildir eingöngu fyrir MasterCard
korthafa, sem fá tvo miða á verði eins,
greiði þeir með kortinu.

Mundu eftir kortinu!

LAUGARÁS BÍÓ · SMÁRABÍÓ · SAMBÍÓIN KRINGLUNNI KEFLAVÍK · Borgarbíó




HAGATORGI • S. 530 1919 — Háskólabíó — www.haskolabio.is




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| NATIVITY STORY | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i.6 | BÖRN | kl. 6 - 8 | B.i.12 |
| MÝRIN | kl. 6 - 8 - 10:10 | B.i. 12 | SCANNER DARKLY | kl. 10:10 | B.i.16 |
| THE DEPARTED | kl. 6 - 9 | B.i. 16 | | | |

Ítalska kvikmyndhátiðin heldur áfram í nokkra daga (4-6 des) vegna fjölda áskorana Misstu ekki af því besta í ítalskri kvikmyndagerð.

SÝNINGARTÍMAR




**Fate come noi**
(gerið eins og við) kl. 5:50

**Posto dell'anima, Il**
(staður sálarinnar) kl. 8

**Uomo in più, L'**
(honum er ofaukið) kl. 10:10

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| SAW 3 | kl. 5:50 - 8 - 10:30 | B.i.16 | THE GRUDGE 2 | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | B.i. 16 |
| SAW 3 VIP | kl. 8 - 10:30 | | JÓNAS M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl | kl. 3:40 - 5:50 | Leyfð | FLY BOYS | kl. 8 - 10:30 | B.i. 12 |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | Leyfð | THE DEPARTED VIP | kl. 5 | |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | Leyfð | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal | kl. 4 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl | kl. 6 | Leyfð | DIGITAL |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | Leyfð | DIGITAL |
| THE HOLIDAY | kl. 8 | B.i. 6 | |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 6 - 8:10 | Leyfð | |
| THE GRUDGE 2 | kl. 10:30 | B.i. 16 | |
| THE DEPARTED | kl. 10:10 | B.i. 16 | DIGITAL |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| THE HOLIDAY | kl. 8 | B.i. 6 |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 8 | Leyfð |
| CASINO ROYALE | kl. 10 | B.i. 14 |
| ADRIFT | kl. 10:30 | B.i. 16 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| STURTAÐ NIÐUR M/- Ísl | kl. 6 | Leyfð |
| FLUSHED AWAY M/-Ensk | kl. 8 -10 | Leyfð |
| SANTA CLAUSE 3 | kl. 8 - 10 | Leyfð |
| NATIVITY STORY | kl. 6 | B.i. 6 |

www.sambioin.is 575 8900 www.sambioin.is


# Góð sýn á merka sveit

DVD-diskur þessi kom áður út á hinu víðfræga VHS-formi árið 1994 og síðan hefur þessi tónleikamynd fengið á sig költ-stimpil meðal aðdáenda Nirvana. Diskurinn sýnir hljómsveitina á nokkrum ólíkum tónleikum þegar sveitin var á hátindi frægðar sinnar. Mörg atriðanna eru í meira lagi kostuleg, meðal annars þegar Kurt er laminn af verði sem var að verja sviðið, þegar sveitin mæmar Smells Like a Teen Spirit í Top of the Pops, framkoma þeirra í þætti Jonathans Ross og fleira í þeim dúr. Á milli tónleikaatriða fær áhorfandinn líka hæfilegan skerf af viðtölum og umfjöllunum um sveitina sem krydda og bragðbæta útgáfuna til muna.

Allt efnið á plötunni verður sjaldnast klisjukennt, til dæmis þegar fjallað er um dauða Cobains eða almennt um ævintýralegan feril hans. Þvert á móti er einblínt á viðhorf Nirvana til tónlistarheimsins, ógnvænlega frægð hljómsveitarinnar og þann kala sem meðlimir sveitarinnar bera til sviðsljóssins. „Hinir gaurarnir" úr Nirvana, svo maður detti niður í klisjuna, Grohl og Novoselic, koma reyndar furðu vel út úr þessum tónleikadiski og maður fær á tilfinninguna að hlutverk þeirra hafi verið meira en menn hafa áður talið. Í flestum atriðunum halda þeir algjörlega uppi rýþmanum í lögunum á meðan Cobain fær að leika lausum hala. Má líkja þeim við trausta varnarmenn á meðan Cobain fær að gera það sem hann vill í framlínunni.




**DVD-TÓNLIST**

**Nirvana**

Live! Tonight! Sold Out!

★★★★

Jafn mikilvæg í safnið og bestu plötur Nirvana.

Nær engan dauðan punkt er að finna á disknum enda farið yfir víðan völl. Lokaatriðið er reyndar á skjön við flest annað í myndinni þar sem manni líður helst eins og á framsækinni myndbandssýningu í Kling & Bang. Kemur þó ágætlega út og er skemmtilegur endir á frábærum tónlistarmynddiski.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Söngkonan **Britney Spears** er í efsta sæti á lista yfir þær persónur eða umræðuefni sem var mest leitað að á þessu ári á bandarísku leitarsíðunni Yahoo. Þetta er í fimmta sinn á undanförnum sex árum sem Britney er í toppsætinu.



Sjónvarpsstöðin WWE, sem sýnir fjölbragðaglímu, varð í öðru sæti. Söngkonurnar Shakira og Jessica Simpson lentu í þriðja og fjórða sæti og Paris Hilton varð númer fimm.

Hasarmyndaleikarinn **Jackie Chan** slasaðist á brjóstkassa við tökur á slagsmálaatriði í kvikmyndinni Rush Hour 3. Meiðslin



eru ekki talin alvarleg. Chan, sem er 52 ára, slasaðist einnig á brjóstkassa í mars þegar áhættuleikari sparkaði í hann í vitlausum skóm við tökur á myndinni Rob-B-Hood.






# Sögulegar sættir á Íslandi

Yoko Ono sýndi boðskap sinn í verki þegar hún var stödd hér á landi í október síðastliðnum, þegar hún samdi frið við frillu eiginmanns síns heitins, Johns Lennon.

Yoko var hér á landi til að staðfesta áform um að reisa í Viðey að ári friðarsúlu sem helguð verður minningu Bítilsins sáluga og var það kunngjört hinn 9. október, á afmælisdegi Lennons. Fyrir aldeilis merkilega tilviljun vildi hins vegar svo til að á hótelinu sem Yoko gisti í Reykjavík dvaldi líka May Pang, sem átti í eins og hálfs árs sambandi við Lennon á sínum tíma. Andað hefur köldu á milli þeirra tveggja undanfarna áratugi en þær stöllur




**YOKO ONO** Sýnir friðarvilja í orði og á borði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ákváðu að slíðra sverðin, ekki síst í ljósi þess að þær hittust á þessum táknræna degi. „Mér fannst ótrúlegt að ég skyldi rekast á Yoko á afmælisdegi Johns á Íslandi af öllum stöðum," sagði May Pang í viðtali við vefmiðilinn PR-Inside „Ég kastaði kveðju á hana og óskaði henni góðs gengis. Stuttu síðar kom hún aftur til mín, veifaði vinalega og heilsaði."

Pang bætti við að sér þætti viðeigandi að þessi sáttafundur hefði átt sér stað á Íslandi. „Þetta er hlutlaust ríki sem stjórnmálamenn nota gjarnan sem fundarstað. Það átti því vel við að við hittumst þarna."

## > Baldur til Noregs

Mývetningurinn Baldur Sigurðsson er farinn til Noregs þar sem hann verður til reynslu hjá Óslóarliðinu Lyn fram á sunnudag. Hjá Lyn hittir Baldur fyrir Stefán Gíslason sem einnig lék með Keflavík. Baldur, sem er U-21 árs landsliðsmaður, lék með Völsungi á Húsavík áður en hann gekk í raðir Keflavíkur þar sem hann hefur slegið rækilega í gegn.




sport

sport@frettab

HÖRKUTÓLIÐ LOGI GEIRSSON: ÆTLAR AÐ SPILA MEÐ LEMGO ELLEFU DÖGUM EFTIR AÐ HANN FÓR ÚR AXLARLIÐ

# *Ég ætla að spila þó læknarnir vilji það ekki*

Íslendingaliðið Lemgo á gríðarlega mikilvægan leik fyrir höndum í kvöld er það mætir franska liðinu Dunkerque í síðari rimmu liðanna í sextán liða úrslitum EHF-keppninnar. Franska liðið vann fyrri leikinn frekar óvænt með fimm marka mun og það er því verk að vinna hjá Loga Geirssyni, Ásgeiri Erni Hallgrímssyni og félögum í Lemgo ætli þeir sér að vera áfram í keppninni sem þeir unnu síðasta vetur.

„Ég ætla að spila þennan leik. Læknarnir vilja ekki að ég spili en þar sem ég er ekki með neina verki vil ég láta reyna á þetta enda erum við líka bara með tíu leikmenn heila," sagði Logi við Fréttablaðið í gær en hann var þá nýbúinn að tala við þjálfara liðsins sem vildi endilega að hann færi betur yfir málið með læknunum enda aðeins tíu dagar í gær síðan hann fór úr axlarlið.

„Þessi leikur er upp á líf og dauða í keppni sem við viljum vinna. Strákarnir voru víst mjög geta betur greina en að slakir í fyrri leiknum og við eigum að en þetta. Það kemur ekkert annað til vinna seinni leikinn með tíu marka mun. Það er krísufundur á eftir og þá verður farið yfir stöðuna," sagði Logi sem ætlaði að kasta bolta í fyrsta skipti eftir meiðslin í gær og athuga hvernig ástandið væri á öxlinni.

Leikurinn verður sýndur í beinni útsendingu á Eurosport 2 sem má finna á Digital Íslandi.






**ENGINN LEIKARASKAPUR** Ferguson segir að Ronaldo hafi ekki fiskað víti með leikaraskap um síðustu helgi.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Sir Alex Ferguson:

## Kemur Ronaldo til varnar

**FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, hefur komið Portúgalanum Cristiano Ronaldo til varnar vegna þeirrar gagnrýni sem hann hefur hlotið fyrir meintan leikaraskap sinn á vellinum.**

**Eftir leik United og Middlesbrough sagði Gareth Southgate stjóri Boro að Ronaldo væri „raðdýfingarmaður".**

**„Hvað er mikilvægara, að koma í veg fyrir að bestu leikmennirnir séu með leikaraskap eða röfla í þrjá daga um dýfu sem var alls engin dýfa. Ég hef séð þetta atvik milljón sinnum og Cristiano missti einfaldlega jafnvægið," sagði Ferguson um umdeilt atvik þegar dæmd var vítaspyrna á Boro fyrir meint brot á Ronaldo.**

Iván Campo:

## Spenntur fyrir Athletic Bilbao

**FÓTBOLTI** Spánverjinn Iván Campo segist vera spenntur fyrir því að fara til Athletic Bilbao sem leikur í spænsku úrvalsdeildinni. Aðeins Baskar eru gjaldgengir í liðið en Campo er fæddur í San Sebastián í Baskalandi og hefur leikið með „landsliði" Baska.

„Ég væri mjög hrifinn af því að fara aftur heim því að í Bilbao yrði ég mjög nálægt fjölskyldu minni. Ég hef spilað á San Mames-vellinum (heimavelli Bilbao) með landsliðinu og fannst það frábært."

Campo kom frá Real Madrid til Bolton árið 2002 og á eitt og hálft ár eftir af samningi sínum. - esá

Kvennalið Breiðabliks:

## Magnús hættur

**KÖRFUBOLTI Magnús Ívar Guðfinnsson er hættur þjálfun kvennaliðs Breiðabliks sem er í botnsæti Iceland Express-deildar kvenna og á enn eftir að vinna sinn fyrsta sigur á tímabilinu þegar sjö umferðum er lokið. Breiðablik mætti svo Grindavík í gærkvöldi undir stjórn annars þjálfara.**

**Breiðablik slapp naumlega við fall í vor en bæði Blikar og KR voru með fjögur stig í lok móts en fyrrnefnda liðið með betri árangur í innbyrðis viðureignum liðanna.** - esá

# Framtíð Stefáns Arnar hjá Keflvíkingum í óvissu

**Sóknarmaðurinn Stefán Örn Arnarsson hefur átt í viðræðum við forráðamenn Keflavíkur síðustu daga um nýjan eins árs samning við félagið. Fyrir síðasta tímabil skrifaði hann undir þriggja ára samning sem „gleymdist" ofan í skúffu.**

**FÓTBOLTI** Stefán Örn Arnarsson á þessa dagana í samningaviðræðum við Keflavík þrátt fyrir að hafa skrifað undir þriggja ára samning við liðið fyrir síðasta tímabil. Mál hans er sérstakt að því leyti að forráðamenn Keflavíkur gleymdu að eigin sögn að senda samninginn inn til KSÍ og er því Stefán strangt til tekið samningslaus leikmaður. Hann hefur ekkert æft með Keflvíkingum í haust en Rúnar V. Arnarsson, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, telur næsta víst að samkomulag um nýjan eins árs samning sé í höfn.

„Ég ætla að halda mínum möguleikum opnum þar til ég fæ samning í hendurnar," sagði Stefán Örn við Fréttablaðið í gær eftir að hann fundaði með Rúnari. Hann segir að hann sé ekki reiðubúinn til að taka ákvörðun á þessu stigi málsins en á honum má heyra að talsvert hafi borið í milli þeirra í samningaviðræðunum.

„Það er ekkert ósætti á milli okkar," sagði Stefán. „Þeir vilja bara fara ákveðið langt og ég verð að taka ákvörðun sem ég sjálfur er sáttur við."

Rúnar sagði að fundurinn hefði verið árangursríkur. „Það á eftir að koma samningnum á blað og senda á Stefán. Ég tel næsta víst að við höfum náð samkomulagi."

Mikil óvissa hefur verið um framtíð Stefáns Arnar eftir að í ljós kom að hann var ekki samningsbundinn Keflavík samkvæmt skráningarkerfi KSÍ. Sem fyrr segir hefur hann ekkert æft með liðinu síðan að tímabilinu lauk og hefur hann þar að auki gengist undir aðgerð vegna meiðsla sinna.



**MARK Í UPPSIGLINGU** Stefán Örn Arnarson skorar annað marka sinna fyrir Keflavík gegn Leikni í 16-liða úrslitum í bikarkeppninni í sumar.

„Endurhæfingin er á lokastigi og hef ég ekki treyst mér til að spila fótbolta af fullum krafti. Ég hef því verið að æfa sjálfur í ræktinni. En það er ljóst að eins og málin standa í dag þá lít ég svo á að ég sé samningslaus." Hann segir að hann hafi þó ekki rætt við önnur félög en Keflavík.

Í síðasta mánuði staðfesti Rúnar við Fréttablaðið að samningur Stefáns hafi gleymst ofan í skúffu á skrifstofu knattspyrnudeildarinnar. Það hafi verið mistök. Engu að síður hefur verið ákveðið að ganga aftur að samningaborðinu þrátt fyrir að gildistími gamla samningsins standi enn.

Stefán gekk til liðs við Keflavík frá Víkingi sumarið 2005 þegar tímabilið var nýhafið það sumar. Með Keflavík hefur hann skorað að meðaltali í öðrum hverjum leik, alls níu mörk í átján leikjum.

Árangur hans í bikarkeppninni er betri, en í henni hefur hann skorað þrjú mörk í fimm leikjum. Hann var á varamannabekk Keflavíkur í úrslitaleik bikarkeppninnar í haust gegn KR og kom inn á í lok leiksins en Keflavík vann leikinn, 2-0.

Í úrvalsdeild karla í sumar var hann í byrjunarliði Keflavíkur í sex leikjum og kom inn á sem varamaður í átta leikjum. Hann skoraði sex mörk í deildinni í sumar og var markahæsti leikmaður liðsins ásamt Guðmundi Steinarssyni fyrirliða.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



**KOBE BRYANT** Snýr aftur eftir nokkra daga.

Kobe Bryant:

## Tognaði á ökkla

**KÖRFUBOLTI** Stórstjarnan Kobe Bryant sneri sig illa á ökkla í leik gegn Indiana Pacers og verður frá einhverja næstu daga vegna tognunar.

„Ég ætti í raun að vera miklu verri í ökklanum miðað við hvernig ég lenti á honum. Vonandi verð ég fljótur að jafna mig," sagði Kobe en Lakers landaði sigri gegn Indiana Pacers, 101-87, þrátt fyrir að vera án Kobes nánast allan síðari hálfleikinn.

Kwame Brown lék vel fyrir Lakers á meðan Kobe var utan vallar. Pacers náði að minnka muninn í fjórða leikhluta en þá kom 11-4 kafli frá Lakers sem gerði út um leikinn. - hbg

Hjörtur Hinriksson:

## Frá í sex til átta vikur

**HANDBOLTI Framarinn Hjörtur Hinriksson lagðist undir hnífinn í lok síðasta mánaðar vegna meiðsla í kálfa og hann er þar með kominn í jólafrí þar sem hann getur ekki byrjað að æfa á ný fyrr en eftir áramót.**

**Hjörtur gekk til liðs við Fram fyrir tímabilið frá FH og hafði staðið sig ágætlega þar til hann meiddist.**

Hið virta íþróttablað Sports Illustrated búið að velja íþróttamann ársins:

# Wade maður ársins hjá Sports Illustrated

**KÖRFUBOLTI** Íþróttablaðið Sports Illustrated hefur útnefnt körfuboltamanninn Dwyane Wade íþróttamann ársins árið 2006 en verðlaunin hlýtur Wade fyrir framlag sitt til samfélagsins sem og fyrir frammistöðu sína með Miami Heat sem varð NBA-meistari en Wade átti ansi stóran þátt í þeim titli.

Wade varð að stórstjörnu á þessu ári þegar hann afrekaði að skora 34,7 stig að meðaltali í leik í úrslitum NBA-deildarinnar. Hann var þar að auki með 7,8 fráköst, 3,8 stoðsendingar og 2,7 stolna bolta að meðaltali í leik í úrslitunum.

Heat lenti 0-2 undir í úrslitunum gegn Dallas og var á góðri leið með að tapa þriðja leiknum þegar Wade tók málið í sínar hendur. Hann skoraði 12 af 42 stigum sínum í leiknum undir lokin þegar Miami skoraði 22 stig gegn 7 stigum Dallas og vann þar með leikinn. Miami leit aldrei til baka eftir þann sigur.

Wade er ekki eingöngu frábær körfuboltamaður heldur er hann mikil og góð fyrirmynd sem hefur látið mikið að sér kveða utan vallar með þátttöku sinni í góðgerðarmálum. Wade er fimmti körfuboltamaðurinn sem fær þessi verðlaun en um leið sá yngsti en hann verður 25 ára í upphafi næsta árs. - hbg

**SIGURVEGARAR SÍÐUSTU ÁRA HJÁ SI**

| | |
|---|---|
| 2001 | Schilling/Johnson |
| 2002 | Lance Armstrong |
| 2003 | Duncan/Robinson |
| 2004 | Boston Red Sox |
| 2005 | Tom Brady |
| 2006 | Dwyane Wade |




**DWYANE WADE** Af mörgum talinn besti körfuboltamaður heims í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Jólin eru komin í Minimal!



FÆST Í 4 LITUM

Hægindastóll áður kr. 79.900

**Nú aðeins kr. 39.900**



## ÓTRÚLEG TILBOÐ

**Hringstóll kr. 59.900**

**Sófasett (3+1+1) kr. 189.900**

**Hægindasófi kr. 79.900**

**Tungusófar frá kr. 129.900**





## Ekta ítalskt leður og húsgögn á miklu lægra verði



minimal

opnunartími:
virka daga 14.00 – 19.00
laugardaga 12.00 – 16.00

minimal • miðhraun 14 • garðabær • sími 517 4008 • (við hliðina á sappos)


**GILBERT ARENAS** Átti stórleik gegn Dallas. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Dallas Mavericks :

## Stöðvað af Wizards

**KÖRFUBOLTI** Heitasta lið NBA-deildarinnar Dallas Mavericks magalenti í Washington er það mætti galdramönnunum frá höfuðborginni. Það var fyrst og fremst stórleikur Gilberts Arenas sem lagði grunninn að 106-97 sigri Wizards en hann skoraði 38 stig og gaf átta stoðsendingar.

„Tilfinningin er góð. Þessi leikur sýnir vel hvað þetta lið getur gert ef það leggur nógu hart að sér. Nú þurfum við að byggja á þennan sigur og reyna að vinna nokkra leiki í röð sjálfir,“ sagði Arenas eftir leikinn en allt byrjunarlið Washington skoraði yfir tíu stig í leiknum.

Dirk Nowitzki var atkvæðamestur í liði gestanna með 27 stig. „Það er hægt að koma til baka eftir að hafa lent 20 stigum undir í leik en það er einfaldlega of mikið að lenda 30 stigum undir. Við gátum ekki grafið okkur upp úr þeirri holu,“ sagði Þjóðverjinn Nowitzki. - hbg

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

3 4 5 **6** 7 8 9

**Miðvikudagur**

**LEIKIR**

- ☐ 19.15 **Tveir leikir** í **Iceland Express deild kvenna.** Grindavík-Breiðablik og Keflavík-ÍS.
- ☐ 19.15 **Akureyri** og **Fram** mætast í SS-bikarkeppni karla í KA-heimilinu.
- ☐ 21.00 **Haukar U** og **ÍR** mætast í SS-bikarkeppni karla á Ásvöllum.

**SJÓNVARP**

- ☐ 19.00 **Meistaradeildarupphitun með Guðna Bergs** á Sýn.
- ☐ 19.30 **Meistaradeildin** á Sýn. Bein útsending frá leik **Manchester United** og **Benfica.**
- ☐ 19.30 **Meistaradeildin** á Sýn Extra. Bein útsending frá leik **Porto** og **Arsenal.** Sýndur á Sýn kl. 22.20
- ☐ 19.30 **Meistaradeildin** á Sýn Extra 2. Bein útsending frá leik **AC Milan** og **Lille.** Sýndur á Sýn kl. 00.10
- ☐ 19.35 **Enski boltinn** á Skjá Sporti. Bein útsending frá leik **Newcastle** og **Reading.**
- ☐ 19.45 **Enski boltinn** á Skjá Sporti 2. Bein útsending frá leik **West Ham** og **Wigan.** Sýndur á Skjá Sporti kl. 22.00
- ☐ 21.40 **Meistaradeildarmörkin með Guðna Bergs** á Sýn.
- ☐ 22.25 **Íþróttakvöld** á Rúv.

Enn eitt hneykslið skekur ítalskan knattspyrnuheim sem varla er búinn að jafna sig á síðasta hneyksli:

# Leikmenn taldir hafa veðjað á knattspyrnuleiki

**FÓTBOLTI** Nýtt hneyksli er í uppsiglingu í ítalska boltanum því í gær var gefinn út listi með nöfnum 21 leikmanns en þeir eru taldir hafa staðið í ólöglegri veðmálastarfsemi og meðal annars veðjað á leiki sem þeir sjálfir tóku þátt í.

Það eru yfirvöld í Udine sem gáfu út listann en rannsókn á málinu af þeirra hálfu er svo gott sem lokið. Málið verður sent áfram til ítalska knattspyrnusambandsins og ákvörðun um framhaldið verður tekin fljótlega.

Rannsóknin beinist fyrst og fremst að veðmálum sem leikmennirnir eiga að hafa tekið þátt í frá árinu 1998 til ársins 2005 en sameiginleg upphæð veðmálanna er í kringum 7 milljónir punda. Fjórir leikir, sem allir enduðu með jafntefli, eru til sérstakrar skoðunar í málinu.

Stærstu nöfnin í málinu eru Vincenzo Iaquinta, markahrókur frá Udinese, David Di Michele og Marek Jankulovski leikmaður AC Milan. Nokkrir leikmannanna á listanum hafa lagt skóna á hilluna en allir sem einn neita sök í málinu.

Lög ítalska knattspyrnusambandsins banna leikmönnum að veðja á leiki og viðurlögin við slíku eru allt að eins árs keppnisbann. - hbg


**MAREK JANKULOVSKI** Leikmaður AC Milan er á meðal þeirra sem eru sakaðir um að veðja á leiki. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Ronaldinho og Eiður fóru á kostum í sigri Barcelona

**Brasilíski snillingurinn Ronaldinho var maðurinn á bak við sigur Evrópumeistara Barcelona á Werder Bremen. Hann skoraði fyrra mark liðsins og var svo arkitektinn að öðru markinu sem Eiður Smári skoraði. Eiður sýndi á köflum snilldartakta.**

**FÓTBOLTI** Evrópumeistarar Barcelona forðuðu sér frá niðurlægingu í gær er liðið sigraði Werder Bremen 2-0 og komst þar með áfram í 16-liða úrslit meistaradeildarinnar.

Eiður Smári Guðjohnsen var að venju í byrjunarliði Barcelona sem hóf leikinn af miklum krafti. Eiður komst strax í ágætt færi en missti naumlega af boltanum. En það var greinilegt á leik Evrópumeistaranna að þeir vildu gera út um leikinn sem allra fyrst og forðast því útilokun úr meistaradeild Evrópu svo snemma á tímabilinu.

Ludcovic Giuly átti svo fast skot að marki á 10. mínútu en Tim Wiese varði vel frá honum. Ronaldinho náði svo í aukaspyrnu á hættulegum stað tveimur mínútum síðar og fyrir menn eins og hann er slíkt færi afar hættulegt. Svo fór einnig að Ronaldinho skoraði úr spyrnunni en þó ekki með föstu skoti í efri markvinkilinn. Hann nýtti sér hins vegar að leikmenn Bremen í varnarveggnum stukku upp þegar spyrnan kom og skaut Ronaldinho hnitmiðaðu skoti undir vegginn og í hornið nær.

Á nítjándu mínútu slokknaði svo neistinn hjá þeim þýsku og var það landsliðsfyrirliðinn Eiður Smári sem var þar að verki. Enn og aftur er það Ronaldinho sem er potturinn og pannan í sóknaraðgerðinni er hann gaf eitraða sendingu á Giuly sem aftur renndi boltanum á Eið sem skoraði með föstu skoti af stuttu færi. Eiður var reyndar rangstæður þegar sendingin kom frá Giuly en aðstoðardómarinn lét það eiga sig og markið var látið standa eins og ný reglugerð kveður á um.

Aðeins tveimur mínútum síðar endurlaunaði Eiður hinum franska Giuly greiðann og gaf góða stungusendingu inn fyrir vörn Bremen. En Giuly missti marks.

Börsungar slökuðu á sóknarkraftinum eftir þetta en gáfu ekki eftir tommu í varnarleiknum. En á 35. mínútu átti sér stað atvik sem hefði hugsanlega getað orðið eitt af merkustu augnablikum íslenskrar íþróttasögu. Deco hljóp fram með boltann úr eigin vörn yfir á vallarhelming Bremen og gaf á Eið Smára sem kom aðvífandi. Hann gerir sér lítið fyrir og lék fjórum sinnum á varnarmenn Bremen áður en hann skaut að marki en því miður fór boltinn í stöng. Boltinn barst svo til Giuly sem þurfti aðeins að renna boltanum í autt markið en skaut ótrúlegt nokk framhjá. Hefði boltinn farið inn hjá Eiði hefði markið staðið sem eitt það besta sem Íslendingur hefur skorað í ekki ómerkari leik.

Staðan 2-0 í hálfleik og í þeim síðari byrjuðu leikmenn Bremen betur en heimamenn. Þeir áttu nokkrar fremur hættulausar tilraunir að marki og varnarmenn Börsunga vel á tánum. Eiður komst svo einn gegn markverði á 57. mínútu eftir langa sendingu frá Ronaldinho en Tim Wiese sá við honum.

Á 61. mínútu fékk Bremen sitt besta færi er hár bolti kom að marki Börsunga og hafnaði boltinn í slánni og fyrir fætur leikmanns Bremen. Valdes markvörður hélt að boltinn hefði farið framhjá en skot Þjóðverjans missti engu að síður marks.

Frank Rijkaard var hætt að lítast á blikuna og skipti Lilian Thuram inn á fyrir Tiago Motta. Þar með styrkti hann varnarleik liðsins enn frekar og greinilegt að stjórinn hollenski vildi enga áhættu taka.

Þjóðverjarnir héldu áfram að sækja en án árangurs. Heimamenn áttu þó sínar sóknir en leikmenn Bremen geta þakkað Wiese fyrir að fleiri mörk voru ekki skoruð.

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is


**EIÐI FAGNAÐ** Eiður Smári skoraði mikilvægt mark fyrir Börsunga NORDIC PHOTOS/AFP

## ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

*SS-bikarkeppni karla*

| | |
|---|---|
| ÍBV-STJARNAN | 17-40 |

*Meistaradeild Evrópu*

**A-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| BARCELONA-WERDER BREMEN | 2-0 |

1-0 Ronaldinho (13.), 2-0 Eiður Smári Guðjohnsen (18.).

| | |
|---|---|
| CHELSEA-LEVSKI SOFIA | 2-0 |

1-0 Andreiy Shevchenko (27.), 2-0 Shaun Wright-Phillips (83.).

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **CHELSEA** | **6** | **4** | **1** | **1** | **10-4** | **13** |
| BARCELONA | 6 | 3 | 2 | 1 | 12-4 | 11 |
| **W. BREMEN** | **6** | **3** | **1** | **2** | **7-5** | **10** |
| LEVSKI | 6 | 0 | 0 | 6 | 1-17 | 0 |

**B-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| BAYERN MÜNCHEN-INTER | 1-1 |

1-0 Roy Makaay (62.), Patrick Vieira (90.).

| | |
|---|---|
| SPORTING LISSABON-STARTAK MOSKVA | 1-3 |

0-1 R. Pavlyuchenko (7.), 0-2 M. Kalynychenko (16.), 1-2 C. Bueno (31.), 1-3 Boyrainstev (89.).

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **BAYERN M.** | **6** | **3** | **3** | **0** | **10-3** | **12** |
| INTER | 6 | 3 | 1 | 2 | 5-5 | 11 |
| **SPARTAK M.** | **6** | **1** | **2** | **3** | **7-11** | **5** |
| SPORTING | 6 | 1 | 2 | 3 | 3-6 | 5 |

**C-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| GALATASARAY-LIVERPOOL | 3-1 |

0-1 Robbie Fowler (22.), 1-1 N. Ates (24.), 2-1 Buruk Okan (28.), 3-1 Sasa Ilic (79.), 3-2 Fowler (90.).

| | |
|---|---|
| PSV EINDHOVEN-BORDEAUX | 1-3 |

0-1 Julien Faubert (7.), 0-2 Stéphane Dalmat (25.), 0-3 Jean-Claude Darcheville (37.), 1-3 Alex (87.).

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **LIVERPOOL** | **6** | **4** | **1** | **1** | **10-5** | **13** |
| PSV | 6 | 3 | 1 | 2 | 6-6 | 10 |
| **BORDEAUX** | **6** | **2** | **1** | **3** | **6-7** | **7** |
| GALATASARAY | 6 | 1 | 1 | 4 | 7-11 | 4 |

**D-RIÐILL**

| | |
|---|---|
| OLYMPIAKOS-SHAKHTAR DONETSK | 1-1 |

0-1 Matuzalem (27.), 1-1 Nery Castillo (54.).

| | |
|---|---|
| ROMA-VALENCIA | 1-0 |

1-0 Christian Panucci (13.).

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **VALENCIA** | **6** | **4** | **1** | **1** | **12-6** | **13** |
| ROMA | 6 | 3 | 1 | 2 | 8-4 | 10 |
| **SHAKHTAR** | **6** | **1** | **3** | **2** | **6-11** | **6** |
| OLYMPIAKOS | 6 | 0 | 3 | 3 | 6-11 | 3 |


**FOWLER MEÐ TVENNU** Robbie Fowler skoraði bæði mörk Liverpool í 3-2 tapi liðsins fyrir Galatasaray. NORDIC PHOTOS/GETTY

Afreksíþróttabrautir í framhaldsskólum

café easy

Hádegisfundur

Föstudaginn 8. desember heldur Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands hádegisfund í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Fundurinn mun fjalla um afreksíþróttabrautir í framhaldsskólum og munu fulltrúar skólanna í Reykjanesbæ, Ísafirði og Selfossi kynna starfsemi sína. Í lok fundar verða opnar umræður. Fundurinn hefst kl. 12:00 og mun standa til kl. 13:00. **Aðgangur er ókeypis.**

Frekari upplýsingar má finna á **www.isi.is**

Hægt er að kaupa hádegisverð hjá café **easy** sem staðsett er á jarðhæð Íþróttamiðstöðvarinnar

Átta tapleikir í röð hjá handboltaliði Fylkis:

# Sigurður hættur hjá Fylki

**HANDBOLTI** Stjórn handknattleiksdeildar Fylkis og Sigurður Valur Sveinsson komust í gær að samkomulagi um að sá síðarnefndi láti af störfum sem þjálfari Fylkisliðsins.

Liðinu hefur gengið illa undanfarið og tapað átta leikjum í röð í öllum keppnum.

Sigurður náði góðum árangri með Fylkisliðið á síðasta tímabili er liðið hafnaði í fjórða sæti DHL-deildarinnar í vor. Sigmundur Lárusson mun stýra Fylki í næstu tveimur leikjum liðsins hið minnsta eða þar til eftirmaður Sigurðar verður ráðinn.


**SIGURÐUR VALUR SVEINSSON**

Fylkir er í næstneðsta sæti DHL-deildar karla. - esá




BAKHJARLAR SÝNAR
Iceland Express
vodafone
Coca-Cola

# Enski boltinn bjargaði golfferlinum

**Bandaríski kylfingurinn Notah Bagay mun á næsta ári spila í Evrópumótaröðinni í golfi. Hann hefur glímt við erfið meiðsli og þunglyndi undanfarin fimm ár en segir að enski boltinn hafi bjargað sér.**



**NOTAH BEGAY** Hlakkar til að spila á Evrópumótaröðinni í golfi. NORDIC PHOTOS/GETTY

**GOLF** Bandaríski kylfingurinn Notah Begay hefur viðurkennt að hafa íhugað að hætta í golfi en hann hefur verið atvinnumaður frá árinu 1995. Hann sagði að það hefði verið enski boltinn sem bjargaði ferli sínum. Hann hefur nú unnið sér þátttökurétt á evrópsku mótaröðinni í golfi þar sem hann mun keppa við hlið Birgis Leifs Hafþórssonar en hann lenti í 6.-9. sæti á lokaúrtökumótinu þar sem Birgir Leifur hafnaði í 24.-29. sæti.

Begay er 34 ára gamall og fyrsti kylfingurinn af indjánaættum sem kemst inn á bandarísku atvinnumótaröðina í golfi. Hann er af hinum fræga navajo ættbálki og ólst upp í Albuquerque í Nýju-Mexíkó. Hann útskrifaðist úr Stanford-háskóla þar sem hann kynntist Tiger Woods og eru þeir enn góðir félagar í dag enda voru þeir herbergisfélagar í háskólanum.

Það var svo árið 1999 sem hann vann sér þátttökurétt á hinni bandarísku PGA-mótaröð, þeirri sterkustu í heimi. Þar vann hann tvo góða sigra á sínu fyrsta ári og fylgdi því eftir með öðrum tveimur sigrum árið 2000. Í kjölfarið þaut hann upp heimslistann.

### Glímdi við þunglyndi

Það var svo frægt á opna breska meistaramótinu árið 2000 er hann fékk þrefaldan skolla á 17. braut á St. Andrews-vellinum. Þá var hann með tveggja högga forystu á næstu menn en glopraði því niður á nokkrum mínútum. Síðan þá hefur leiðin legið niður á við og hann hefur meðal annars mátt glíma við erfitt þunglyndi.

Þá hefur hann einnig átt í erfiðum bakmeiðslum og komist í kast við lögin. Hann var til að mynda fangelsaður í sjö daga árið 2000 fyrir að aka undir áhrifum og klessa á kyrrstæðan bíl fyrir utan strípistað í Albuquerque.

Hann hefur þó náð sér af meiðslum sínum og er farinn að sýna gamalkunna takta á golfvellinum. Hann ákvað að einbeita sér að evrópsku mótaröðinni og eftir góðan árangur á úrtökumótaröðinni mun hann leika á henni allt næsta árið. Það kom mörgum á óvart að hann skyldi ekki reyna við PGA-mótaröðina. „Ég dró umsókn mína (til PGA) til baka í þessari viku þannig að þið losnið ekki við mig,“ sagði hann í léttum dúr þegar hann hafði tryggt sér Evrópukortið. „Við konan mín erum mjög spennt fyrir því að ég keppi í Evrópu.“

### Fótboltinn hjálpaði mér

En það sem er ef til vill athyglisverðast við endurkomu Begay í golfheiminum er að hann segir að enski boltinn hafi endurvakið áhuga hans og ástríðu á íþróttum. „Fótboltinn veitti mér þá ástríðu sem ég þurfti til að spila golf á nýjan leik,“ sagði Begay við fréttastofu BBC. „Ég elska enska boltann. Ástríðan sem stuðningsmenn liðanna sýna hafa endurvakið ástríðu mína á golfi.“

Fyrir stuttu horfði hann á jafnteflisleik Manchester United og Chelsea og hann sá Bolton vinna Arsenal og West Ham sigra Sheffield United. Síðastnefndi leikurinn var einmitt sá fyrsti sem liðið lék eftir að Eggert Magnússon keypti West Ham en Begay horfði á leikina í bandarísku sjónvarpi. En hann mun njóta þess á ferðum sínum í Evrópumótaröðinni að hafa aðgang að enska boltanum í sjónvarpi.

„Ég mun án efa njóta þess að sjá fótbolta í heimsklassa um hverja helgi. Það mun hjálpa mér mikið á mínum ferðalögum.“

### Stofnaði knattspyrnuskóla

Áhugi hans á knattspyrnu gerði það að verkum að hann setti á stofn knattspyrnuskóla fyrir börn og unglinga á heimaslóðum sínum í Albuquerque og hann segir að það verkefni hafi hjálpað sér mikið að komast í gegnum vandamál sín, líkamleg sem og andleg. Bakmeiðsli hans voru af þeirri gerð sem eru einhver verstu meiðsli sem kylfingur getur orðið fyrir.

„Ég lék á Masters-mótinu árið 2001 og gat ekki einu sinni beygt mig niður til að ná í kúluna,“ rifjar hann upp. „Þetta orsakaði mikið þunglyndi hjá mér sem náði svo hámarki sumarið 2005. Þunglyndið og meiðslin gerðu það að verkum að ég gat ekki hlaupið eða spilað golf. Það entist í um þrjá mánuði.

Svo fór ég að byrja á fótboltaskólanum og það veitti mér tækifæri til að verja tíma mínum í eitthvað jákvætt. Í rauninni bjargaði þetta mér frá því að sökkva í enn meira þunglyndi. Ég sá tilhlökkunina og spennuna í augum krakkanna og það minnti mig á mína ástríðu fyrir golfi.“

Hann útskrifaðist með hagfræðigráðu frá Stanford og gat því hætt í golfi og farið út á vinnumarkaðinn en hann ákvað að þrauka. Meðal annars reyndist Tiger vera vinur í raun.

„Ég fékk mikla hjálp frá konu minni, fjölskyldu og vinum. Það notaði ég líka til að keyra mig áfram. Ég get núna ekki beðið eftir fyrsta mótinu í Evróputúrnum.“

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is



**PAVEL NEDVED** Steig á fót dómarans.

Pavel Nedved:

## Traðkaði á fótum dómarans

**FÓTBOLTI Tékkneski miðjumaðurinn hefur verið dæmdur í fimm leikja keppnisbann eftir að hann fékk rauða spjaldið í leik gegn Genoa síðasta föstudag.**

**Nedved traðkaði viljandi á ökkla liggjandi andstæðings og þegar honum var vísað af velli fyrir brotið lét hann fúkyrðaflauminn vaða yfir dómara leiksins og steig síðan á fót dómarans sem meiddist ekki en brotið er engu að síður mjög gróft.**

**Fastlega er búist við því að Juve áfrýi dómnum.**

- hbg

Egill Atlason aftur á fullt:

## Egill samdi við Víkinga

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumaðurinn Egill Atlason hefur samið við Víkinga um að leika með liðinu næstu tvö árin. Hann tók sér frí frá boltanum síðastliðið sumar vegna anna í námi sínu í Bandaríkjunum.

Egill er 24 ára uppalinn KR-ingur en hefur þar að auki leikið með Sindra, Fram og Víkingi. Með síðastnefnda liðinu hefur hann leikið síðan 2003, alls 35 leiki en í þeim hefur hann skorað sex mörk. Hann er sonur Atla Eðvaldssonar, fyrrverandi atvinnumanns í knattspyrnu og landsliðsþjálfara.

- esá



**JERRY SLOAN** Sigursæll með eindæmum.

Jerry Sloan:

## Búinn að vinna 999 leiki

**KÖRFUBOLTI Hinn magnaði þjálfari Utah Jazz, Jerry Sloan, vann sinn 999. leik á ferlinum þegar Jazz lagði Milwaukee Bucks fyrr í vikunni, 101-88.**

**Sloan er búinn að þjálfa fyrir ansi marga leiki á ferlinum en hann er búinn að tapa 662 leikjum á móti sigrunum 999.**

**Það má búast við mikilli athöfn þegar Sloan landar sigri númer 1000 en þessi geðþekki þjálfari hefur staðið við eldlínunni.**

- hbg

Man. Utd má ekki við því að gera mistök gegn Benfica í kvöld:

## Tekst Benfica að slá Man. Utd út úr meistaradeildinni annað árið í röð



**SÚRT** Gary Neville, fyrirliði Man Utd, sést hér svekktur eftir tapið gegn Benfica í fyrra á meðan markvörður Benfica fagnar hreint ógurlega. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

**FÓTBOLTI** Það er mikið í húfi hjá Sir Alex Ferguson og drengjunum hans í Manchester United í kvöld er liðið tekur á móti Benfica í lokaumferð riðlakeppni meistaradeildar Evrópu. Eftir óvænt tap í Glasgow gegn Celtic er Man. Utd ekki öruggt áfram og þarf stig gegn Benfica í kvöld.

Ef Benfica vinnur þá situr United eftir með sárt ennið annað árið í röð en Benfica sló enska liðið einnig úr keppni í fyrra. Það tap sveið illa og þá ekki síður fjárhagslega enda hefur það mikil áhrif á rekstur félaga hversu langt þau komast í meistaradeildinni þar sem hundruð milljóna króna eru í boði.

„Þetta verður ekki auðveldur leikur en ef menn muna að ganga almennilega frá leiknum þá verður þetta í lagi,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, en hann var ekki sérstaklega vinsæll hjá stuðningsmönnum félagsins þegar liðið datt út eftir leikinn við Benfica í fyrra. „Það skiptir öllu máli að nýta færin. Við verðum að klára færin því annars erum við að bjóða hættunni heim. Það má ekki vera í neinu rugli í svona leik því hann skiptir einfaldlega of miklu máli fyrir félagið.“

Fernando Santos, þjálfari Benfica, hefur trú á því að hans menn geti slegið United úr keppni annað árið í röð.

„Við trúum því að við getum unnið og við treystum líka á smá heppni. Við eigum góða möguleika því United hefur ekki verið eins sterkt upp á síðkastið og það var framan af vetri,“ sagði Santos.

- hbg

## MEISTARADEILDIN

### E-RIÐILL:

DYNAMO KIEV - REAL MADRID
LYON - STEAUA BÚKAREST

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **LYON** | **5** | **4** | **1** | **0** | **11-2** | **13** |
| REAL MADRID | 5 | 3 | 1 | 1 | 12-6 | 10 |
| **STEAUA** | **5** | **1** | **1** | **3** | **6-10** | **4** |
| DYNAMO KIEV | 5 | 0 | 1 | 4 | 3-14 | 1 |

### F-RIÐILL:

MAN. UTD - BENFICA ***SÝN***
FC COPENHAGEN - CELTIC

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **CELTIC** | **5** | **3** | **0** | **2** | **7-6** | **9** |
| MAN. UNITED | 5 | 3 | 0 | 2 | 7-4 | 9 |
| **BENFICA** | **5** | **2** | **1** | **2** | **6-5** | **7** |
| FCK | 5 | 1 | 1 | 3 | 2-7 | 4 |

### G-RIÐILL:

PORTO - ARSENAL ***SÝN EXTRA***
HSV - CSKA MOSKVA

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ARSENAL** | **5** | **3** | **1** | **1** | **7-3** | **10** |
| FC PORTO | 5 | 3 | 1 | 1 | 9-4 | 10 |
| **CSKA MOSKVA** | **5** | **2** | **2** | **1** | **2-2** | **8** |
| HSV | 5 | 0 | 0 | 5 | 4-13 | 0 |

### H-RIÐILL:

ANDERLECHT - AEK
AC MILAN - LILLE ***SÝN EXTRA 2***

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **AC MILAN** | **5** | **3** | **1** | **1** | **8-2** | **10** |
| AEK ATHINAI | 5 | 2 | 1 | 2 | 4-7 | 7 |
| **LILLE OSC** | **5** | **1** | **3** | **1** | **6-5** | **6** |
| ANDERLECHT | 5 | 0 | 3 | 2 | 5-9 | 3 |




# *Árleg Pakkajól Bylgjunnar*

## *– Nú í Smáralind*

Gefum eina aukagjöf um jólin og tryggjum þannig öllum börnum gleðileg jól.

Jólapappír er að finna við jólatréð í **Smáralind** ásamt merkimiðum, þar sem þú merkir við gjöf til stráks, stelpu eða til beggja kynja, ásamt þeim aldri sem gjöfin hentar.

**Fjölskylduhjálp Íslands, Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstarf kirkjunnar** koma pökkunum til þeirra sem á að gleðja.

Ef þú býrð úti á landi þá kemur **Pósturinn** gjöfunum endurgjaldslaust til skila. Það eina sem þú þarft að gera er að fara með pakkann á næsta pósthús.

Leggðu góðu málefni lið. Gefðu eina gjöf til og vertu með í Pakkajólum Bylgjunnar.

*Við óskum öllum gleðilegra jóla!*

BYLGJAN 989

## > Ryan Reynolds

Fæddist 23. október 1976 í Vancouver í Kanada og hefur oft verið líkt við grínistann Chevy Chase. Ryan hefur einnig leikið í hrollvekjum eins og „Blade 3“ og núna síðast „Amityville Horror“. Ryan leikur í myndinni „Van Wilder“ sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld og næst getum við séð hann í spennumyndinni „Smokin Aces“ þar sem hann leikur á móti söngkonunni Alicia Keys.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á JONATHAN ROSS FARA Á KOSTUM

# *Listin við að halda andlitinu*

Jonathan Ross er einn vinsælasti spjallþáttastjórnandi Breta. Þykir hann jafnan feta þunna línu í þáttunum sínum er hann spjallar við fræga fólkið. Eiga Bandaríkjamenn oft erfitt með að átta sig á honum og vita ekkert hvernig þeir eiga að haga sér er hann spyr þá út í kynferði þeirra, kynlíf og í raun um allt sem honum dettur í hug.

Bandaríkjamaðurinn Elijah Wood stóð sig aftur á móti vel þegar hann mætti í heimsókn til hans. Hann vissi líka að hverju hann gekk, enda mikill aðdáandi Ross. Wood svaraði öllu með bros á vör og kippti sér ekkert upp við það þegar Ross reyndi að slá hann út af laginu með alls konar spurningum, sem aðrir þáttastjórnendur á borð við Jay Leno myndu aldrei þora að spyrja um eða gefa í skyn.



**JONATHAN ROSS** Breski spjallþáttastjórnandinn Jonathan Ross fer á kostum á BBC.

Aðrir sem komu í heimsókn var írski grínleikarinn Dylan Moran og enska matreiðslukonan Nigella Lawson. Bæði tókst þeim að standast atlögu Ross og halda andliti en stundum fannst manni Ross vera við það að ganga of langt, t.d. þegar hann fór að tala um vaxtarlag Lawson.

Inni á milli var Ross síðan með gamanmál þar sem hann velti m.a. fyrir sér nýjasta kynlífshjálpartækinu sem var nokkurs konar blanda af iPod og titrara.

Það sem upp úr stóð var bráðskemmtilegur þáttur með stjórnanda sem þorir að spyrja að því sem flestir eru að hugsa, án þess að kippa sér nokkuð upp við það. Hann er óhræddur við að vera kaldhæðinn, sem er eitthvað sem vantar svo tilfinnanlega hjá Leno og félögum.

## EKKI MISSA AF



▶ **00.35** Narc STÖÐ 2



▶ **02.00** Cheech and Chong STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **15.50** Venni Páer SKJÁR EINN



▶ **22.40** Boffo SJÓNVARPIÐ



▶ **19.30** Man. Utd-Benfica SÝN

## SJÓNVARPIÐ

**17.00 Jóladagatalið - Stjörnustrákur**
**17.10 Leiðarljós**
**17.55 Táknmálsfréttir**
**18.05 Disneystundin**
**18.06 Sígildar teiknimyndir** (12:42)
**18.15 Herkúles** (12:28)
**18.45 Jóladagatalið - Stjörnustrákur**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Bráðavaktin (16:22)** (ER XII) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Aðalhlutverk Laura Innes, Mekhi Phifer, Goran Visnjic, Maura Tierney, Parminder Nagra, Linda Cardellini, Shane West og Scott Grimes.
**21.00 Nægtaborð Nigellu (2:13)** (Nigella Feasts) Bresk matreiðsluþáttaröð þar sem eldhúsgyðjan Nigella Lawson snarar fram girnilegum krásum.
**21.35 Úlfaþytur í úthverfi (2:8)**
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Íþróttakvöld**
▶**22.40 Smellir og skellir frá Hollywood** (Boffo! Tinseltown's Bombs and Blockbusters) Heimildamynd um kvikmyndaiðnaðinn þar sem margt af þekktasta kvikmyndafólki samtímans veltir því fyrir sér hvað gerir bíómyndir vænlegar til vinsælda eða líklegar til að falla og hvort tilviljun ein geti ráðið þar úrslitum.
**23.55 Kastljós**
**0.35 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 All Dogs Go to Heaven 2**
**8.00 Chasing Beauties** Bönnuð börnum.
**10.00 Blue Sky**
**12.00 Beauty Shop**
**14.00 All Dogs Go to Heaven 2**
**16.00 Chasing Beauties** Bönnuð börnum.
**18.00 Blue Sky**
**20.00 Beauty Shop**
**22.00 In America** Bönnuð börnum.
**0.00 Van Wilder** Stranglega bönnuð börnum.
▶**2.00 Cheech and Chong´s Next Movie** Stranglega bönnuð börnum.
**4.00 In America** Bönnuð börnum.

## STÖÐ 2

**6.58 Ísland í bítið** Fjölbreyttur fréttatengdur dægurmálaþáttur þar sem fjallað er um það sem er efst á baugi hverju sinni. Umsjónarmenn eru Heimir Karlsson og Sigríður Arnardóttir, betur þekkt sem Sirrý.
**9.00 Bold and the Beautiful**
**9.20 Í fínu formi 2005**
**9.35 Oprah** (78:145)
**10.20 Ísland í bítið** (e)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.40 Neighbours**
**13.05 Valentína**
**13.50 Amazing Race**
**14.35 How I Met Your Mother**
**15.00 Osbournes 3** (2:10)
**15.25 Oliver Beene** (9:14) (e)
**15.50 Sabrina - Unglingsnornin**
**16.13 Shoebox Zoo**
**16.38 Cubix**
**17.03 Könnuðurinn Dóra**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Neighbours**
**18.18 Íþróttir og veður**
**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Simpsons (11:21)** (Simpson-fjölskyldan) Sextánda og nýjasta þáttaröðin í þessum langlífasta gamanþætti bandarískrar sjónvarpssögu. Simpson-fjölskyldan er söm við sig og hefur ef eitthvað er aldrei verið uppátækjasamari. (11:21) Bæjarbúum til mikillar gremju er Springfield-jökullinn nánast horfinn og skellir Lisa skuldinni á gróðurhúsaáhrifin.
**20.05 Eldsnöggt með Jóa Fel**
**20.40 Oprah** Spánnýr spjallþáttur með valdamestu og vinsælustu sjónvarpskonu í heimi.
**21.30 Afterlife (1:8)** (Framhaldslíf) Alison Mundy er enn að jafna sig eftir að hafa verið í dái.
**22.20 Strong Medicine (14:22)** (Samkvæmt læknisráði)
**23.05 Grey´s Anatomy** (4:22) **23.50 The Closer - NÝTT** (2:15)
▶**0.35 Narc** (Stranglega bönnuð börnum)
**2.20 Afterlife** (1:6) (Bönnuð börnum)
**3.10 Afterlife** (1:8) (Bönnuð börnum)
**4.00 Ísland í bítið.** e.
**5.35 Fréttir og Ísland í dag**
**6.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**12.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**
**18.00 Insider** (e)
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
▶**20.00 Entertainment Tonight** Í gegnum árin hefur Entertainment Tonight fjallað um allt það sem er að gerast í skemmtanabransanum og átt einkaviðtöl við frægar stjörnur.
**20.30 South Park** Þeir eru komnir aftur á skjáinn. 8.serían um Cartman, Kenny, Kyle, Stan og lífið í South Park en þar er alltaf eitthvað furðulegt í gangi. Ótrúlega vinsælir teiknimyndaþættir eftir þá Trey Parker og Matt Stone sem skrifuðu þættina eftir stuttmynd sem þeir gerðu.
**21.00 Sirkus Rvk** Ásgeir Kolbeinsson er snúinn aftur með nýjan og betri þátt ásamt nýjum þáttastjórnendum. Ásgeir og co. fylgjast með því sem er að gerast í menningarlífi Reykjavíkur. Áhersla er lögð á nýja staði, spennandi uppákomur, opnanir og frumsýningar.
**21.30 Ghost Whisperer** Melinda Gordon er ekki eins og flestir aðrir en hún hefur þá einstöku hæfileika að ná sambandi við þá látnu. Sálirnar sem hún nær sambandi við eiga það sameiginlegt að þurfa á hjálp Melindu að halda. Melinda notar hæfileikana til að fá mikilvægar upplýsingar að handan og kemur skilaboðunum til þeirra sem er ætlað að fá þau, en stundum getur það reynst erfitt þar sem ekki trúa allir því sem þeim er sagt.
**22.20 Pepper Dennis** Pepper Dennis er metnaðarfull fréttakona sem þráir ekkert heitar en að verða fréttaþulur í vinsælasta fréttatíma Chicago borgar.
**23.10 Insider**
**23.35 Rescue Me** (e)
**0.25 Weeds** (8:12) (e)
**0.55 Seinfeld**
**1.20 Entertainment Tonight** e.
**1.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö** (e)
**8.00 Rachael Ray** (e)
**8.50 Dýravinir** (e)
**14.50 Innlit / útlit** (e)
▶**15.50 Venni Páer - NÝTT!** (e)
**16.20 Beverly Hills 90210**
**17.05 Rachael Ray**
**18.00 6 til sjö**
**19.00 Everybody Loves Raymond (e)**
**19.30 The King of Queens (e)**
**20.00 Love, Inc.** Gamanþáttur um stefnumótaþjónustu sem gengur alla leið.
**20.30 Out of Practice** Bráðfyndin gamansería frá framleiðendum Frasier um stórfurðulega fjölskyldu þar sem nánast allir eru læknar en eiga fátt annað sameiginlegt. Ben, Regina og Oliver mæta í þakkargjörðarmáltíð til mömmu sinnar og rifja upp gamla tíma, en það virðist alltaf eitthvað fara úrskeiðis hjá fjölskyldunni á þakkargjörðarhátíðinni.
**21.00 America's Next Top Model VII -** Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Sjöunda fyrirsætuleitin er hafin og stúlkurnar þurfa að taka þátt í djarfri myndatöku. Þær sem komast áfram í úrslitin flytja inn í lúxusvillu í Brentwood.
**22.00 How to Look Good Naked - lokaþáttur** Glæný, bresk þáttaröð þar sem lögulegar línur fá að njóta sín. .
**22.30 The L Word - lokaþáttur** Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angeles. Stelpurnar eru á fullu að undirbúa brúðkaup.
**23.30 Everybody Loves Raymond**
**0.00 Jay Leno**
**0.45 Close to Home** (e)
**1.40 Conviction - lokaþáttur** (e)
**2.30 Beverly Hills 90210** (e)
**3.15 Óstöðvandi tónlist**

## SKJÁR SPORT

**7.00 Að leikslokum** (e)
**13.30 Tottenham - Middlesbrough** (frá 5. des)
**15.30 Man. City - Watford** (frá 4. des)
**17.30 Wigan - Liverpool** (frá 2. des)
**19.35 Newcastle - Reading (b)** Bein útsending frá leik Newcastle og Reading.
**22.00 West Ham - Wigan (frá í kvöld)**
**0.00 Sheff. Utd - Charlton** (frá 2. des)

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

AFTERLIFE – NÝTT!

Í KVÖLD Á STÖÐ 2
Skemmtileg og fjölbreytt dagskrá









## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.05.**

### ELDSNÖGGT MEÐ JÓA FEL



Aðventan er hafin og þá eru bakarameistarar eins og Jói Fel sannarlega farnir að leiða hugann að jólabakstrinum og þá einkum og sér í lagi jólakonfektinu. Í þætti kvöldsins ætlar hann að kenna okkur að búa til einn af sínum eftirlætiskonfektmolum. Og ekki nóg með það heldur ætlar hann einnig að fá annan konfektgerðarmeistara sér til aðstoðar, Hafliða úr Mosfellsbakaríi, og saman ætla þeir að búa til gómsætan jólalegan eftirrétt; en þess má geta að báðir lögðu þeir til uppskriftir fyrir nýju Eftirréttabók Hagkaupa.

**VIÐ MÆLUM MEÐ "The Simpsons" Á STÖÐ 2 KL. 19.40.**

Stöð 2 sýnir núna sextándu seríuna um ævintýri Simpsons-fjölskyldunnar og er það alveg hreint ótrúlegt hvað hún er búin að vera lengi í sjónvarpi. Enda eru þetta langlífustu grínþættir sögunnar. Í þættinum í kvöld komast íbúar Springfield að því að Springfield-jökullinn er nánast horfinn og Lisa kennir gróðurhúsaáhrifum um það. Við lofum sprenghlægilegum og stórskemmtilegum þætti. Þess má geta að The Simpsons Movie kemur í bíó 27. júlí á næsta ári.Við bíðum spennt.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **08.00** Fréttir **09.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Pipar og salt **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Sonurinn
**14.35** Miðdegistónar
**15.00** Fréttir
**15.03** Hið ómótstæðilega jólabragð
**16.00** Fréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn
**20.10** Stelpulitir
**21.00** Út um græna grundu
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.15** Glæta
**23.05** Fallegast á fóninn
**00.00** Fréttir **00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**7.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
**17.50 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
**18.30 Ensku mörkin**
**19.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs - Upphitun** Heimir Karls og Guðni Bergs hita upp fyrir alla leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu. Sýn verður með þrjá leiki í beinni útsendingu í kvöld á Sýn, Sýn Extra og Sýn Extra 2. Heimir og Guðni fá góða gesti í heimsókn, bæði þrautreynda knattspyrnumenn sem og íþróttafréttamenn Sýnar sem tilkynna byrjunarliðin í sjónvarpsleikjum kvöldsins.
**19.30 Meistaradeild Evrópu** (Man. Utd. - Benfica) Útsending frá leik í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu.
**21.40 Meistaradeildin með Guðna Bergs** Knattspyrnusérfræðingarnir Guðni Bergsson og Heimir Karlsson fara ítarlega yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu. Mörkin, tilþrifin, brotin umdeild atvik og margt fleira. Álitsgjafar segja sína skoðun á atburðum kvöldsins þar á meðal reyndir millirikjadómarar.
**22.20 Meistaradeild Evrópu** (Porto - Arsenal) Útsending frá leik í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í knattspyrnu.
**0.10 Meistaradeild Evrópu** (AC Milan - Lille)
**2.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs**

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms skilaboð

## DR 1

**11.35** Dagens Danmark **12.00** Smagsdommerne **12.45** OBS **12.50** Fantastiske fortællinger **13.20** Genbrugsguld **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Svada **15.30** Pigebandet Frank **16.00** Snurre Snup **16.05** Juniper Lee **16.30** Junior **17.00** Turen går til byen **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.55** Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Lægens bord **19.00** Sporløs **19.30** Cyklus **20.00** TV Avisen **20.25** Profilen **20.50** SportNyt **21.00** Velkommen hos familien Rozes **22.25** Onsdags Lotto **22.30** Attention Mobning **23.30** Et forbudt talent

## NRK 1

**11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Aust- og Vest-Agder **12.40** Fra Buskerud, Telemark og Vestfold **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Østfold **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien **14.30** Kim Possible **15.00** Siste nytt **15.03** Amigo **15.30** Fabrikken **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Grenseløs kjærlighet **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Fiffi og blomsterbarna **17.15** Den lille blå dragen **17.20** Magnus og Myggen **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Berulfsens fargerike **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.10** Lydverket **22.45** Den tredje vakten **23.25** Det skjulte landet

## SVT 1

**11.05** Doobidoo **13.30** Det våras för Sheriffen **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Plus **16.30** Krokodill **17.00** Meg och Mog **17.10** Det är tur att jag ser ut... **17.15** Dra mig baklänges **17.30** Evas funkarprogram **17.45** Tracey McBean **18.00** Kärleksagenterna **18.30** Rapport **19.00** Packat & klart **19.30** Mitt i naturen **20.00** Entourage **20.30** Far From Heaven **22.15** Rapport **22.25** Kulturnyheterna **22.35** En uppstoppad hund **23.35** Sändning från SVT24





HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 7480

**Við kynnum nýjan alvörujeppa, KIA Sorento**

*– fullbúinn jeppi með ríkulegum staðalbúnaði*

- hátt og lágt drif
- ESP stöðugleikastýring
- ný og glæsileg innrétting
- 16" álfelgur
- vindskeið
- 5 þrepa sjálfskipting
- öflug 170 hestafla dísilvél
- hraðastillir (Cruise Control)
- þakbogar
- þokuljós

Sorento hefur slegið í gegn um allan heim og eignast dygga fylgismenn á Íslandi. Það er ekki að ástæðulausu að Sorento er orðinn einn vinsælasti jeppi landsins, enda líklega bestu jeppakaupin í dag.

**KIA** er sá bílaframleiðandi sem er í mestum vexti í heiminum í dag.
Það er ekkert skrítið þegar hægt er að bjóða þessi gæði á svona verði.

KIA MOTORS
The Power to Surprise™

HEKLA KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu HEKLU.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700 • www.kia.is

## HRÓSIÐ ...



*...fær söngvarinn Ólafur Kjartan Sigurðarson, sem fór svo vel með hlutverk Rigoletto hjá Opera Holland Park og Opera North að áhorfendur og gagnrýnendur ytra keppast nú við að lofsyngja frammistöðu hans.*

# Veikindi herjuðu á Vesturport í Þýskalandi

„Þetta var mjög skrautlegt því annar hver maður lá með ælupest," segir Gísli Örn Garðarsson en leikhópurinn Vesturport er nýkominn heim frá leikferð um Þýskaland og Noreg. Þegar Fréttablaðið náði tali af Gísla Erni var hann nýlentur og sagði farir sínar ekki sléttar frá þýsku borginni Ludwigshafen þar sem hópurinn setti upp Woyzeck. Borgin er þekkt fyrir efnaframleiðslu sínu og þar er ein stærsta efnaverksmiðja Þýskalands en þetta umhverfi hefur að öllum líkindum haft slæm áhrif á heilsufar Íslendinganna.

„Ólafur Egill var sprautaður með saltvatni fyrir hverja sýningu þannig að þetta setti smá strik í reikninginn," segir Gísli en bætti svo við að leikhópurinn hefði ekki látið neinn bilbug á sér finna því eina afsökunin fyrir fjarveru leikara á sviði væri dauði. „The show must go on," segir Gísli og hlær. Hópurinn hélt síðan til Noregs, setti upp Rómeó og Júlíu og náði sér af pestinni.

Gísla Erni og félögum gefst lítill tími til afslöppunar því hópurinn hefur núna æfingar á nýju leikriti sem Gísli er að skrifa ásamt Víkingi Kristjánssyni. Gísli viðurkennir hins vegar að ekki sé búið að festa niður frumsýningardag en hann verði þegar leikritið er tilbúið. Þá bíða margir spenntir eftir kvikmyndinni Foreldrar sem er sjálfstætt framhald Barna en hún verður frumsýnd um miðjan janúar. Myndin Börn hlaut einmitt Eddu-verðlaunin fyrir besta handritið en fékk ekki alveg þá aðsókn sem margir bjuggust við. Segist Gísli vona að það jákvæða umtal sem Börn hefur fengið að undanförnu skapi smá stemningu fyrir framhaldið.

- fgg



**GÍSLI ÖRN** Annar hver leikari lagðist í rúmið með ælupest í ferð Vesturports til Þýskalands.

**VEIKUR Í ÞÝSKALANDI** Ólafur Egill var sprautaður með saltvatni fyrir hverja sýningu á Woyzeck sem Vesturport setti upp í þýsku borginni Ludvigshafen.

| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
2 mats 6 samanburðartenging 8 besti árangur 9 belja 11 kusk 12 hreyfast 14 vera í vafa 16 frú 17 yfirgaf 18 farfa 20 þreyta 21 fyrr.

**LÓÐRÉTT**
1 viðartegund 3 hljóm 4 planta 5 arinn 7 nýlega 10 bein 13 kóf 15 tryggur 16 hamfletta 19 í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 döms, 6 en, 8 met, 9 kýr, 11 ló, 12 kvika, 14 efast, 16 fr, 17 fór, 18 lít, 20 lú, 21 áður.
**LÓÐRÉTT:** 1 tekk, 3 óm, 4 melasól, 5 stó, 7 nýverið, 10 rif, 13 kaf, 15 trúr, 16 flá, 19 tu.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Óvinir ríkisins.
2. Hugo Chavez.
3. Suðurlandsvegur.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

ALDA BJÖRK ÓLAFSDÓTTIR: KEPPIR Í ROCKSTARLOTTERY

# Vantar aðstoð frá Íslandi

Tónlistarkonan Alda Björk Ólafsdóttir er á meðal fimmtíu efstu í keppninni Rockstarlottery sem hefur staðið yfir á netinu síðan í maí. Í verðlaun er plötusamningur upp á 200 milljónir króna.

Átta hundruð hljómsveitir hófu keppni og jafnt og þétt hafa þær dottið úr keppni í atkvæðagreiðslu á síðunni. Alda Björk, sem keppir undir nafninu The Viking Queen, hefur þó ávallt haldið velli. Næsta kosning hefst þann 7. janúar og þá munu fimm hljómsveitir detta út.

„Ég tók þessu ekki mjög alvarlega til að byrja með en fyrst ég komst á topp fimmtíu þá hugsaði ég að ég ætti kannski séns í þetta," segir Alda, sem hefur verið búsett í London undanfarin sautján ár. „Þarna eru til dæmis hljómsveitir frá Bretlandi, Bandaríkjunum og Suður-Afríku. Ég er byrjuð að láta fólk á Íslandi vita af þessu svo ég eigi einhvern séns."

Alda segir að Rockstarlottery sé töluvert öðruvísi keppni en t.d Idol og X-Factor. „Venjulega er þetta fólk sem syngur gamla slagara en þú mátt bara vera með í þessari keppni ef þú semur þína eigin tónlist, sem er miklu skemmtilegra."

Það sem er einnig frábrugðið hinum keppnunum er það að allt verðlaunaféð rennur til sigurvegarans án milliliða og ekkert fer því til plötuframleiðenda. Sigurvegarinn heldur jafnframt sjálfur öllum lagaréttindum.

Hingað til hefur einungis verið hægt að kjósa í gegnum heimasíðuna, Rockstarlottery.com, en nú eru líkur á því að einnig verði hægt að kjósa með SMS víðs vegar um heiminn. Jafnframt er líklegt að byrjað verði að sjónvarpa frá keppninni þegar nær dregur úrslitunum.



**GERIR ÞAÐ GOTT** Alda Björk Ólafsdóttir er á meðal fimmtíu efstu í keppninni Rockstarlottery sem hefur verið í gangi síðan í maí. Margir muna enn eftir henni frá því hún söng lagið Real Good Time árið 1998.

Alda hefur framfleytt sér í gegnum árin með því að semja tónlist fyrir aðra tónlistarmenn víða um Evrópu. Einnig samdi hún og söng lagið Real Good Time árið 1998 sem naut mikilla vinsælda og komst m.a. í sjöunda sæti breska smáskífulistans. Seldist það gríðarlega vel og vekur enn athygli. Til að mynda hafa fimm til sex tónlistarmenn tekið það upp á sína arma og gefið út, þar með talinn þátttakandi í Pop Idol í Suður-Afríku.

Alda er um þessar mundir að vinna að sólóplötu sem hún ætlar að taka upp með tveimur íslenskum frændum sínum sem eru búsettir í London, rétt eins og öll fjölskyldan hennar.

freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Dómsmálaráðherrann **Björn Bjarnason** var ákaflega hrifinn af nýjustu Bond-myndinni, Casino Royale, þar sem leyniþjónustumaðurinn snjalli bjargar heiminum frá óþokkanum Le Chiffre. „Þeir Kristófer Helgason og Þorgeir Ástvaldsson á Bylgjunni hringdu í mig síðdegis og ræddu við mig um nýjustu James Bond-myndina, sem ég gaf þrjár og hálfa stjörnu," skrifar Björn á heimasíðu sinni á mánudaginn. Fyrir ekki margt löngu var því fleygt fram að Björn væri mikill aðdáandi Bruce Willis og Die Hard-myndanna og hafa gárungarnir sagt að þarna hafi Willis verið velt úr sessi af fyrsta ljóshærða Bondinum.



Mikil spenna er að myndast í tengslum við Gullmiðann sem afhentur verður á morgun. Höfundar hringja nú lumskir mjög í **Kristján B. Jónasson** formann Félags íslenskra bókaútgefenda og spyrja hvort þeir eigi að strauja smókinginn – þeir þurfi fyrirvara verði þeir tilnefndir til hinna íslensku bókmenntaverðlauna. Og víst er að margir eru kallaðir í flokki fræðibóka en aðeins fimm fá hinn gyllta miða: Ævisögur á borð við Ólöfu, Skáldalíf og Upp á Sigurhæðir hljóta allar að koma til greina sem og myndskreyttir doðrantar á borð við Hellabók, Fiska og Ísland í aldanna rás. Svo eru þeir galvösku umræðubrettimenn á borð við **Andra Snæ Magnason** og **Guðna Th. Jóhannesson** sem horfa líklega vongláðir til miðans góða auk aðstandenda Íslensku bókmenntasögunnar.



- fgg/jbg

AÐALFUNDUR

Stjórn Parspro.com ehf. boðar hér með til aðalfundar skv. 12. gr. samþykkta félagsins.

Fundurinn verður haldinn í húsnæði félagsins að Sóltúni 26, 105 Reykjavík, þann 6. desember nk. kl. 16:00.

Á dagskrá aðalfundarins verða eftirtalin málefni:

1. Kjör fundarstjóra.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Staðfesting ársreiknings félagsins. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins og framlög í varasjóði. Tillaga um greiðslu arðs.
4. Kosning stjórnar félagsins.
5. Kosning endurskoðanda félagsins.
6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
7. Nýjar samþykktir félagsins.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Framangreind dagskrá verður afgreidd í þeirri röð sem að ofan greinir.

parspro.com
ONLINE BETTING SOLUTIONS

# Selma og Rúnar leikstýra saman

„Já, það er rétt, ég er að setjast í leikstjórnarstólinn í fyrsta sinn," segir Selma Björnsdóttir leikkona. Selma hefur tekið að sér að leikstýra nýju verki Verslunarskóla Íslands í samvinnu við eiginmann sinn, Rúnar Frey Gíslason. Það er einvalalið af fólki sem kemur að menntaskólasýningunni þetta árið en Verslunarskólinn er þekktur fyrir að hafa sett upp glæsilegar leiksýningar í gegnum tíðina.

Það er gamanleikarinn Gísli Rúnar Jónsson sem skrifar handritið en leikstjórninni ætla hjónin að skipta bróðurlega á milli sín. „Ég er komin langt á leið með okkar annað barn þannig að Rúnar mun taka við af mér eftir áramót því þá á ég von á mér," segir Selma en hún hefur verið að vinna með krökkunum í Versló síðan í haust við undirbúning sýningarinnar.

Sýningin kallast „Sextán" og fjallar um unglinga í nútímanum. Það hefur skapast mikil hefð hjá Verslunarskólnum að hafa eitthvað þema í sýningunum sínum og í þetta sinn er þemað íslensk tónlist. Verkið verður sett upp í Austurbæ og er frumsýnt þann 1. febrúar. Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson og Vignir Snær Vigfússon munu sjá um að útsetja tónlistina og því má eiginlega segja að hið farsæla Eurovision-teymi hafi sameinast á ný. Selma, Rúnar, Þorvaldur og Vignir Snær hafa unnið saman að mörgum af landsins farsælustu Eurovision-lögum. - áp



**SELMA BJÖRNSDÓTTIR** Þreytir frumraun sína sem leikstjóri ásamt eiginmanni sínum í sýningu Verslunarskóla Íslands.



**RÚNAR FREYR GÍSLASON** Tekur við leikstjórnarstólnum af Selmu eftir áramót því þá mun hún fæða þeirra annað barn.

„... lætur engan ósnortinn ... mögnuð ... saga hennar er aðdáunarverð.“
Auðbjörg Ólafsdóttir / Viðskiptablaðið

„Skilaboð í sögu Immaculée ná til allra ... það gerir bókina enn dýrmætari í augum þeirra sem ekki eru sokknir í tómhyggju og sinnuleysi.“
Olga Markelova / kistan.is

„Ein til frásagnar á áreiðanlega eftir að hreyfa við öllum lesendum ... opinská og grípandi.“
Þórdís Gísladóttir / Morgunblaðið

„Holl lesning, afar áhrifamikil og vel skrifuð bók sem óhætt er að mæla með.“
GH / Vikan

# 91 dagur í víti

Friðsæl veröld Immaculée Ilibagiza hrundi til grunna þegar hryllilegt blóðbað brast á í Rúanda.

Fjölskylda hennar var miskunnarlaust brytjuð niður í morðæði sem kostaði nærri eina milljón landsmanna lífið.

Í 91 dag sat hún þögul í hnipri í þröngri baðherbergiskytru ásamt sjö öðrum konum meðan hundruð morðingja með sveðjur á lofti leituðu þeirra.

Þessi ótrúlega saga um reynslu ungrar konu af helvíti helfararinnar mun ekki láta nokkurn mann ósnortinn.




JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



BAKÞANKAR
GUÐRÚNAR ÁSMUNDSDÓTTUR

# *Pólitísk umhyggja*

Ég skil ekkert í henni Margréti dóttur hans Sverris að láta svona,“ sagði Silla frænka. „Getur hún ekki unað því að það er af umhyggju fyrir heilsufari hennar sem Guðjón og félagar hans eru búnir að segja henni upp sem framkvæmdastjóra hjá Frjálslyndum?“

**SILLA** hafði kallað mig til aðstoðar upp á hjúkrunarheimili til sín því hún vildi endilega komast niður á Austurvöll og horfa á þegar kveikt yrði á jólatrénu. Hún hlustaði ekki á mótbárur mínar og ábendingar um að það væri mikið bras að koma henni í hjólastólnum niður í miðbæ af ekki stærra tilefni. Hún sagðist ekki ansa slíku væli, ég hlyti að geta gert henni þetta smá viðvik, fyrst Ómar Ragnarsson hefði komið sér upp á hálendi Íslands til að berja augum fegurð landsins áður en búið var að drekkja öllu.

**OG** þarna sat hún eins og drottning í hjólastólnum með englana sína í kringum sig. En englarnir hennar eru þrír. Tvær stúlkur frá Litháen sem hún kallar perigeri eitt og perigeri tvö (perigeri er kaka á litháísku, og þessir englar sem sinna Sillu á hjúkrunarheimilinu eru sífellt að baka handa henni kökur eftir uppskriftum frá heimalandi sínu). Þriðju stúlkuna hafði ég ekki séð áður, en hún var í óða önn að mála andlit gömlu konunnar og ég gat ekki betur séð en hún væri að setja gloss á varir hennar.

**„ÞETTA** er Dúsenka,“ sagði Silla. „Hún kemur frá Rússlandi. Svo kossarík og gæskufull þetta yndi, þess vegna kalla ég hana Dúsenku, en það þýðir „góð sál“ á rússnesku.“

**„HVERNIG** veistu það?“ spurði ég.

**„ÉG** er að læra rússnesku,“ sagði Silla. „Við erum öll komin í tungumálakennslu hér á hjúkrunarheimilinu. Ætlum að fyrirbyggja það að þetta indæla útlenska fólk sem er að hlúa að okkur hér, verði orðið svo klárt í íslensku að það freistist til að ráða sig á Ísafold í rannsóknarblaðamennsku og við förum að fá lyktnæm sýnishorn í umönnunina. Við viljum hafa þetta eins og það er,“ sagði Silla þegar ég rúllaði henni inn í lyftu á leið í jólafagnaðinn. Ég fann þessa djúpu gleði yfir því að vera að fara í bæinn með henni. Auðvitað hafði ég vissar efasemdir um glossið en skítt með slíka smámuni.




SHARP
Í FREMSTU RÖÐ FRUMKVÖÐLA LCD-VEGGSJÓNVARPANNA
Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU Í PLASMA-SJÓNVARPSTÆKJUM
VEGGSJÓNVÖRP
Glæsilegt úrval!
SAMSUNG
EINN FRAMSÆKNASTI RAFTÆKJAFRAMLEIÐANDI HEIMS Í DAG
LOEWE.
MARGVERÐLAUNUÐ OG AFAR GLÆSILEG HÖNNUN
ORMSSON
SÍÐUMÚLA · SMÁRALIND · AKUREYRI · KEFLAVÍK · ÍSAFIRÐI